

Frístundir og fagmennska

Rit um málefni frítímans

Ritstjórar:

Alfa Aradóttir

Eygló Rúnarsdóttir

Hulda Valdís Valdimarsdóttir

Frístundir og fagmennska

Rit um málefni frítímans

Ritstjórar:

Alfa Aradóttir

Eygló Rúnarsdóttir

Hulda Valdís Valdimarsdóttir

Útgefendur: Félag fagfólks í frítímaþjónustu, Félag íþróttá-, æskulýðs- og tómstundafulltrúa á Íslandi og Rannsóknarstofa í tómstundafræðum.

Ritstjórn: Alfa Aradóttir, Eygló Rúnarsdóttir og Hulda Valdís Valdimarsdóttir.

Útgáfan er styrkt af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Æskulýðsráði.

Hönnun og umbrot: Ingibjörg Hinriksdóttir

Prófarkalestur: Sigríður Inga Sturludóttir

Höfundar efnis: Alfa Aradóttir, Árni Guðmundsson, Eygló Rúnarsdóttir, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Hulda Valdís Valdimarsdóttir, Jakob Frímann Þorsteinsson, Kolbrún Þorbjörg Pálsdóttir, Sigríður Kristín Hrafnkelsdóttir, Steingerður Kristjánsdóttir, Steingerður Ólafsdóttir og Vanda Sigurgeirsdóttir.

Afritun og endurprentun er heimil svo fremi að heimildar sé getið.

Frístundir og fagmennska (rafræn útgáfa) – 2017

ISBN 978-9935-24-264-8

Frístundir og fagmennska (prentuð útgáfa)

ISBN 978-9935-24-265-5

Formáli

Í lýðræðissamfélaginu sem við erum svo heppin að búa í er mikilvægt að nýta alla krafta við að knýja samfélagið áfram og alveg sérstaklega að virkja ungt fólk til hvers konar þátttöku. Í síðustu tvennum sveitarstjórnarkosningum hefur þeim fækkað sem mæta á kjörstað. Það er áhyggjuefni að mati undirritaðs og fleiri sem hafa rætt þessa staðreynd.

Í gegnum frístundastarf er hægt að efla lýðræðislega vitund barna og unglunga og þannig hafa áhrif til lengri tíma á virka þátttöku. Börn og unglingar verða sjálf virkari einstaklingar og svo hafa þau mikil áhrif á foreldra, systkini og vinahóp.

Breytingar á samfélagsgerðinni kalla á að byggð sé upp skipulögð þjónusta fyrir börn og ungmenni í frítímanum. Þar á að vera vettvangur tómsunda, menntunar, menningar og uppeldis undir handleiðslu hæfs starfsfólks. Til að koma til móts við þetta hefur sífellt meiri áhersla verið lögð á frístundastarf fyrir börn og ungmenni í sveitarfélögum landsins á undanförunum árum og með tilkomu háskólanáms í tómsunda- og félagsmálafræði hafa sérmenntaðir einstaklingar verið ráðnir til margra sveitarfélaga til að sinna frístundastarfi og um leið aukið fagmennsku á þessum vettvangi.

Við þekkjum það í gegnum kannanir og rannsóknir að unglingar sem stunda skipulagt frístundastarf undir leiðsögn ábyrgra aðila eru ólíklegri til að leiðast út í áfengis- eða vímuefnaneyslu eða aðra óæskilega hegðun. Sveitarfélögin í landinu reka umfangsmikið frístundastarf, ýmist á eigin vegum eða með styrkjum, t.d. til æskulýðs- og íþróttafélaga.

Útgáfa þessa rits er þarft framtak enda mikilvægt að fjalla um æskulýðs- og frístundastarf sveitarfélaganna í landinu sem er rekið af miklum metnaði um allt land. Fagþekkingin í þessum geira er sífellt að aukast og mikilvægt að breiða hana út.

*Halldór Halldórsson
formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga*

Efnisyfirlit

Formáli	3
Inngangur	7
Frístundastarf í fræðilegu ljósi.....	13
Félagsuppeldi og frítíminn – <i>Árni Guðmundsson</i>	15
Lýðræði og frístundastarf – <i>Eygló Rúnarsdóttir</i>	25
Barnasáttmálinn og æskulýðsstarf – Erum við að hlusta? – <i>Alfa Aradóttir</i>	39
Tómstundir og menntun – <i>Jakob Frímann Þorsteinsson</i>	47
Einelti, leiðir og lausnir – <i>Vanda Sigurgeirsdóttir</i>	63
Lýðheilsa og frístundir – <i>Sigríður Kristín Hrafnkelsdóttir og Steingerður Ólafsdóttir</i>	85
Frístundastarf sveitarfélaga	97
Frístundaheimili – Vettvangur barnanna – <i>Steingerður Kristjánsdóttir og Kolbrún Þ. Pálsdóttir</i>	99
Félagsmiðstöðvar barna og unglinga – <i>Eygló Rúnarsdóttir og Hulda Valdís Valdimarsdóttir</i>	109
Ungmennahús – <i>Guðmundur Ari Sigurjónsson</i>	123
Félagsstarf og félagsmiðstöðvar eldri borgara – <i>Árni Guðmundsson</i>	135

Inngangur

Á síðustu áratugum hefur frístundastarf fengið aukið vægi í daglegu lífi Íslendinga á öllum aldri. Með tilkomu háskólanáms í tómsunda- og félagsmálafræðum, auknum kröfum um innihald og gæði í félags – og tómsundastarfi og aukinni meðvitund um mikilvægi frítímans hefur eftirspurn jafnframt aukist eftir útgefnu efni um frítíma og frístundir í íslensku samhengi. Ritinu Frístundir og fagmennska er ætlað að mæta þeirri þörf og lítur nú dagsins ljós þótt nokkur ár séu liðin frá fyrstu skrefum verkefnisins. Ritið er einungis fyrsta skref af vonandi mörgum í þá átt að auka faglega og fræðilega umfjöllun um frítíma og frístundastarf á Íslandi.

Hugmyndin um frítíma og frístundir

Í iðnvæddum samfélögum um allan heim á hugmyndin um frítíma og tómsundir nokkuð skýran sess. Frítími byggir á því að hluti af daglegum tíma einstaklings sé bundinn, helgaður skyldum eins og vinnu, skóla eða umönnun hvers konar. Í samfélögum þar sem dagleg viðfangsefni einstaklinga snúast fyrst og fremst um að lifa af, afla fæðu og tryggja lífsviðurværi óháð klukku, stað og stund, á hugmyndin um frítíma ekki jafnsterka skírskotun eða jafnvel enga.

Hugmyndir um frítíma og tómsundir hafa þróast meðfram og í kjölfar samfélagsbreytinga (sjá t.d. McLean og Hurd, 2015 og Turcot, án árs). Allt frá tímum Grikkja og Rómverja til forna, og jafnvel fyrr, hafa einhvers konar hugmyndir um viðfangsefni í daglegu lífi sem byggja á leik, frelsi til athafna, sköpun og listum verið hluti af daglegu lífi einstaklinga. Á tímum Grikkja og Rómverja voru þó nær eingöngu frjálsir karlmenn sem höfðu forræði yfir tíma sínum og þannig var það fram eftir öldum. Með iðnbyltingunni fékk tíminn nýja merkingu, vinnustundir voru skilgreindur hluti daglegs lífs og voru söluvara fólks til atvinnurekenda. Að þeim tíma loknum voru einhverjar stundir eftir sem einstaklingurinn hafði forræði yfir.

Þjóðfélagsbreytingar í kjölfar iðnbyltingar hreyfðu jafnframt við hugmyndum fólks um menntun og þroska og hvernig best væri að

vinna að bættu samfélagi fólks. Samhliða jókst fólksfjöldi í þéttbýli og borgum. Hjá kirkjum og trúfélögum hvers konar bar mest á áhyggjum af dvínandi siðferði og auknu frelsi á meðan aðrir trúðu á menntun sem vopn í baráttu gegn fátækt og neikvæðum fylgifiskum hennar. Sjónum var í síauknu mæli beint að viðfangsefnum fólks í daglegu lífi, einkum barna og unglunga og þá sérstaklega í frítímanum. Menntandi viðfangsefni, leikur og þroskandi aðstæður undir handleiðslu áreiðanlegs fólks varð meginsteff í þróun skipulagðs félags- og tómsundastarfs í hinum vestræna heimi og er enn.

Ísland hefur að mestu leyti fylgt grönnum sínum í Skandinavíu þegar kemur að þróun skipulagðs félags- og tómsundastarfs og hugmyndin um frítíma og tómsundir í Skandinavíu byggja á hugmyndum um norræna velferð, því hvernig grunnstoðir samfélagsins mæta borgurum á öllum aldri. Á Norðurlöndum hefur félags- og tómsundastarf verið einn af lykilþáttum í forvarnarstarfi, einkum meðal barna og unglunga, en einnig hjá öðrum aldurshópum.

Hugtakanotkun

Fræðilegur grunnur og starfsaðferðir í félags- og tómsundastarfi á Íslandi hafa að mestu verið sótt erlendis frá, mestmegnis til Norðurlandanna en einnig til Evrópu og á seinni árum Bandaríkjanna, enda hafa tómsundir og frítími ekki fengið mikið rými í rannsóknum og ritum á Íslandi. Hugtakanotkun hefur því að mestu þróast í daglegu máli á vettvangi starfsins og þýðingum einstaklinga á erlendum hugtökum á vettvangi eða í kennslu í tómsunda- og félagsmálafræðum. Það hefur m.a. leitt til þess að hugmyndum fólks og notkun lykilhugtaka ber ekki alltaf saman. Frítími, tómsundir og frístundir eru þau hugtök sem oft eru notuð með ólíkum hætti. Algengast er að vísað sé til þessara hugtaka með tvennum hætti, annars vegar sem innihalds, þ.e. viðfangsefni eða athafnir, og hins vegar sem tíma. Það sama á reyndar við um ensku hugtökin leisure og recreation.

Hugtakið tómsundir hefur ekki alltaf fallið í kramið hjá þeim sem vinna á vettvangi. Á tíunda áratug síðustu aldar var hópur fólks ekki

sáttur við hugtakið í tengslum við tómsundastarf. Að þeirra mati var neikvætt að nota hugtak sem vísaði til „tómra stunda“ (í merkingunni dauður tími) sem þyrfti að fylla. Aðrir færðu fyrir því rök að hugtakið merkti í raun að tómsundir væru þær stundir sem fólk hefði „tóm“ (í merkingunni rými) til að sinna viðfangsefnum að eigin vali. Í kjölfarið fór að bera á notkun hugtakanna frístundir og frístundastarf í stað tómsunda og tómsundastarfs.

Í grein Amalíu Björnsdóttur, Baldurs Kristjánssonar og Barkar Hansen, Tíminn eftir skólann skiptir líka máli (2009), eru hugtökin tómsundir og frístundir til umfjöllunar. Þar skilgreina þau hugtakið frístundir sem afþreyingu og vísa til viðfangsefna sem börn og unglingar fást við á eigin vegum í frítíma sínum, s.s. að horfa á sjónvarp eða vera í tölvunni. Jafnframt skilgreina þau hugtakið tómsundir sem skipulagt starf á vegum félaga eða samtaka utan skólatíma, s.s. íþróttir, listir og aðrar tómsundir. Í frekari umfjöllun er þátttaka í starfi félagsmiðstöðva flokkuð sem þátttaka í tómsundastarfi á vegum skóla.

Hugtakið frítími vísar hjá þeim til þess tíma sem börn og unglingar hafa eftir skóla (og skyldur) og þar er samhlómur með umfjöllun Vöndu Sigurgeirsdóttur (2010) um frítímamann. Í sinni umfjöllun skilgreinir Vanda hugtökin tómsundir og frístundir (og tómsundastarf og frístundastarf) sem samheiti, ólíkt því sem Amalía, Baldur og Börkur gera í sinni umfjöllun. Vanda gengur lengra í sinni skilgreiningu á hugtakinu tómsundir (og þá um leið frístundir) og segir þær vera athöfn, hegðun eða starfsemi sem séu frjálst val, eigi sér stað í frítíma og færi einstaklingi vellíðan og aukin lífsgæði. Í því samhengi skiptir ekki máli hvort um skipulagt starf er að ræða.

Í íslensku samhengi hefur hugtakið tómsundir jákvæða merkingu og fæstir hérlendis myndu samþykkja að hugtakið innibæri neikvæð viðfangsefni í frítíma, s.s. ofdrykkju og fíkniefnanotkun (e. recreational drug use), afbrot og andfélagslega hegðun í samfélaginu, eins og einstaka fræðimenn hafa aðhyllst (sjá t.d. Rojek, 1995). Umræða er þó ekki alltaf skýr og spurningar í daglegu lífi eins og hvað gerir þú í tómsundum þínum og hvaða tómsundum sinnir þú vísa annars vegar til tíma (frítíma) og hins vegar til viðfangsefna eða athafna. Í þeim íslensku lögum þar sem hugtakið tómsundir

kemur fyrir er þessi tvíþætta merking jafnframt áberandi. Annars vegar er vísað til tíma í daglegu lífi einstaklinga og hins vegar til einhvers konar viðfangsefna eða athafna. Þar er hugtakið frístundir einnig notað yfir tíma, sem samheiti hugtaksins frítíma.

Þessu tengt er einnig hugtakið afþreying sem að mörgu leyti samrýmist skilgreiningu Amalíu, Baldurs og Barkar á frístundum, óskipulögð viðfangsefni í frítíma. Afþreying í hugum Íslendinga virðist hafa nokkuð léttvæga merkingu, eitthvað sem skiptir minna máli fyrir þroska og heilbrigði. Bóklestur, göngutúrar og önnur óskipulögð viðfangsefni í frítíma sem að sumra mati er afþreying geta þó haft mikla þýðingu fyrir einstaklinga og stutt við menntun og þroska. Slíkt gæti því auðveldlega flokkast sem óskipulagðar tómsundir ef vísað er til skilgreiningar Vöndu.

Að lokum er vert að minnast á hugtakið æskulýðsstarf sem er eitt af lykilhugtökum í íslensku máli á sviði frítíma og tómsunda. Hugtakið er gamalgroíð í íslensku máli og vísar til skipulagðs tómsundastarfs sem fyrst og fremst er ætlað börnum og unglingum, oft undir merkjum félagasamtaka. Í Æskulýðslögum frá 2007 er jafnframt ítrekað að í æskulýðsstarfi vinni börn og ungmenni saman „í frístundum sínum að hugsjónum, markmiðum og áhugamálum sem þau sjálf meta að verðleikum.“ Skipulagt tómsundastarf opinberra aðila, s.s. sveitarfélaga, fellur einnig undir Æskulýðslög. Æskulýðsstarf fellur að flestu leyti að því sem á ensku er kallað youth work sem m.a. er til umfjöllunar í köflum um félagsmiðstöðvar og ungmennahús hér á eftir.

Umfjöllun í Frítíma og fagmennsku ber þess merki að blæbrigðamunur er á notkun hugtaka á vettvangi fags og fræða. Höfundar efnis fengu frjálsar hendur með hugtakanotkun og hún getur því verið ólík milli kafla. Útgáfa ritsins gefur því innsýn í þróun hugtakanotkunar í ungrí fræðigrein. Frá 2013 hefur orðanefnd í tómsundafræðum starfað undir merkjum Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Verkefni orðanefndar er að vinna að skilgreiningu lykilhugtaka, líkt og þeirra sem hér hafa verið til umfjöllunar, og vinna um leið að sameiginlegum skilningi og hugtakanotkun. Framlag orðanefndar og frekari þróun fræðasviðsins sem og fagstarfs á vettvangi mun svo móta hugtakanotkun til framtíðar.

Frítími á Íslandi og tómstundaiðkun

Á Íslandi hefur þróun og framboð á skipulögðu félags- og tómstundastarfi haldist í hendur við samfélagsþróun á hverjum tíma. Félagasamtök eiga stóran þátt í skipulögðu félags- og tómstundastarfi almennings á öllum aldri, sem og æskulýðsstarfi, og sögu margra þeirra má rekja allt til 19. aldar. Bindindishreyfingin (IOGT) stóð fyrir því um allt land að stofnaðar væru stúkur, bæði fyrir fullorðna og börn, þar sem áhersla var lögð á samveru og félagsskap án áfengis. Ungmennafélögin voru, og eru víða enn, lykilaðilar í íþróttum – og félagsstarfi, sem og skemmtanahaldi. Kristilegar hreyfingar, svo sem KFUM og KFUK, settu einnig mark sitt á félags- og tómstundastarf fram eftir 20. öldinni og hófu m.a. brautryðjendastarf með sumar- búðum fyrir ungt fólk. Skátahreyfingin tók til starfa á Íslandi um svipað leyti og hefur verið farvegur fólks á öllum aldri fyrir félagsstarf, tengt útiveru og bættu samfélagi á fjölbreyttan hátt. Á síðustu áratugum hafa víða sprottið upp nýjar hreyfingar, félög og grasrótarsamtök sem mæta þörfum fólks á ólíkum aldri til þátttöku í frítíma sínum, oft tengd sérstökum málefnum eða málaflokkum. Þessi félög eru gjarnan hluti af alþjóðlegum hreyfingum. Íslandsdeild Amnesty International berst fyrir mannréttindum um allan heim og Breytendur (Changemakers) er vettvangur ungs fólks sem vill leggja sitt af mörkum til umhverfis- og samfélagsmála.

Upp úr miðri 20. öld fóru sveitarfélög að standa fyrir tómstundastarfi fyrir ungt fólk. Félagsmiðstöðvar fyrir unglinga hófu fyrst starfsemi sína í Reykjavík og á Akureyri og svo víðar (Árni Guðmundsson, 2007). Nú reka flest sveitarfélög á Íslandi félagsmiðstöð og flestar eru þær aðilar að SAMFÉS, Samtökum félagsmiðstöðva á Íslandi. Á síðustu áratugum síðustu aldar fóru opinberir aðilar jafnframt að mæta aukinni þörf fyrir samastað ungs fólks sem lokið hafði grunnskólagöngu (16-25 ára) og hins vegar eldra fólks sem var að yfirgefa vinnumarkaðinn. Ungmennahús og félagsmiðstöðvar eldri borgara hófu því starfsemi sína í kjölfar breyttra þarfa samfélagsins. Á vettvangi sveitarfélaga hefur hin síðari ár jafnframt verið hugað að aðstöðu fyrir almenning til að sinna viðfangsefnum í frítíma og sundlaugar, göngu- og hjólastígar, íþróttaaðstaða, græn svæði ætluð til

ræktunar og útiveru og útivistarsvæði hvers konar mæta þeirri þörf að einhverju leyti.

Skiptar skoðanir eru um hvort og þá hversu mikið frítími fólks hefur breyst undanfarna áratugi. Því sjónarmiði hefur verið haldið á lofti að í vestrænum samfélögum hafi bæði skóladagur barna lengst sem og vinnudagur fullorðinna og jafnframt hafi skipulögðum viðfangsefnum í daglegu lífi fólks, þ.e. þátttaka í skipulögðu tómstunda- og félagsstarfi, aukist til muna. Því séu dagleg viðfangsefni fólks að taka mikinn tíma af deginum á kostnað hins eiginlega frítíma. Rannsókn Amalíu, Baldurs og Barkar (2009) bendir til að íslenskir foreldrar telji það mikilvægan hluta af lífi og þroska- umhverfi barna sinna að þau séu þátttakendur í skipulögðu tómstundastarfi. Innihaldsríkar tómstundir og félagsstörf eru jafnframt töluvert til umræðu í tengslum við farsæla öldrun, þriðja æviskeiðið og eftirlaunaaldur.

Tómstundir og félagsstarf hvers konar á vettvangi frítímans hefur tekið miklum breytingum á síðustu öld og með vissu má segja að svo muni verða áfram á þeirri öld sem nú er gengin í garð. Fólksfjölgun í þéttbýli á kostnað dreifbýlis, aukin notkun netsins og samfélagsmiðla, aðgangur að afþreyingu, fjölbreyttara samfélag og fjöldi einkaaðila sem býður þjónustu sína í frítíma fólks eru þegar orðnir stórir áhrifaþættir. Að auki lúta félagasamtök og opinberir aðilar sífellt þeirri kröfu að „gera meira fyrir minna“. Á sama tíma er á Íslandi að verða til sífellt stærri hópur fólks sem hefur sérmenntað sig til starfa á vettvangi frítímans, í skipulögðu félags- og tómstundastarfi hjá félagasamtökum og opinberum aðilum sem og hjá einkaaðilum. Áhrifa þessa hóps er þegar farið að gæta með auknum kröfum um inntak og framkvæmd tómstunda- og félagsstarfs. Samhliða þessari þróun heyja félagasamtök varnarbaráttu fyrir framlagi og þátttöku sjálfboðaliða, hóps sem lungann úr öldinni byggði upp starf rótgróinna félaga og samtaka og bar hita og þunga af starfseminni.

Frístundir og fagmennska – Yfirlitsrit

Á vettvangi frítímans og tómstunda hefur oft komið til tals mikilvægi þess að gefa gott yfirlit yfir tómstundastarf á Íslandi. Það á einkum við um starfsemi sveitarfélaga á vettvangi frítímans þar sem félagasamtök hafa í mun meira mæli staðið að útgáfu á alls kyns efni sem tengist þeirra starfsemi, s.s. söguleg yfirlit og

handbækur. Ritið Frístundir og fagmennska á grundvöll í þeirri hugmynd. Þegar vinna við ritið hófst af alvöru var það hins vegar mat ritstjórnar að hafa ritið tvískipt í samræmi við markmið þess. Annars vegar er ætlunin að fylgja upphaflegri hugmynd að baki ritinu um heildaryfirlit yfir skipulagt tómsundastarf sveitarfélaga á einum stað og hins vegar viðtækari umfjöllun um frítíma- og tómsundatengd viðfangsefni sem hefðu víðari skírskotun og breiðari markhóp.

Fyrri hlutinn ritsins inniheldur umfjöllun um frítímamann í tengslum við ákveðin þemu. Í fyrsta kafla er fjallað um frístundastarf sem vettvang félagsuppeldisfræðinnar og þar er sjónum einkum beint að möguleikum skipulagðs félags- og tómsundastarfs sem vettvangs uppeldis, þroska og menntunar. Í öðrum kafla er sjónum beint að lýðræði í tengslum við starf og þátttöku á vettvangi frítímans. Umfjöllun þar snýr bæði að lýðræði í framkvæmd sem og að viðfangsefnum í frítíma sem vettvangs þess að þroska og þjálfra lýðræðislega færni og hugsun. Barnasáttmálinn og birtingarmynd hans í starfi á vettvangi frítímans er viðfangsefni þriðja kafla og eðli málsins samkvæmt tekur kaflinn að mestu mið af starfi með börnum og unglingum, æskulýðsstarfi. Fjórði kafla þemahlutans fjallar svo um óformlega menntun og órjúfanlegan þátt hennar í frístundastarfi. Í fimmta kafla er fjallað um einelti og möguleika á vettvangi frístundastarfs til að vinna með og gegn einelti. Í lokakaflanum er svo hugað að tengslum lýðheilsu og frístundastarfs og sjónum einkum beint að þeim þáttum í frítíma fólks sem styðja við og efla heilsu.

Seinni hluti ritsins er helgaður frístundaþjónustu sveitarfélaga og inniheldur fjóra kafla þar sem fjallað er um frístundaheimili, félagsmiðstöðvar, ungmennahús og félagsstarf og félagsmiðstöðvar eldri borgara. Köflunum er ætlað að gefa yfirlit yfir starfsemina og lýsa upphafi og þróun starfsins, grunnhugmyndafræði, gefa yfirlit yfir stöðu mála í dag, helstu áskoranir og framtíðarsýn.

Ljóst er að mun fleiri þematengd viðfangsefni eiga erindi í rit sem þetta. Niðurstaðan á viðfangsefnum þematengdrar umfjöllunar er ákvörðun ritnefndar í kjölfarið á yfirlegu á efnisþáttum sem voru efst á baugi í umræðu um málefni á vettvangi frítímans og kortlagningu á mögulegum efnishöfundum. Á vettvangi sveitarfélaga er jafnframt önnur starfsemi sem snýr að frítíma fólks sem einhverjir munu sakna, svo sem rekstur skíðasvæða, íþróttamannvirkja, sundlauga og annarrar aðstöðu fyrir fólk í frítíma en línan var dregin við þá starfsemi sem miðar að skipulagðri frístundastarfsemi þar sem þátttaka og virkni er útgangspunktur. Önnur viðfangsefni líta vonandi dagsins ljós á prenti áður en langt um líður, hvort sem verður í riti sem þessu eða á öðrum vettvangi.

Það er einlæg ósk ritstjórnar að verkið nýtist þeim sem starfa á vettvangi, nemendum á sviði tómsunda- og félagsmálafræða, stefnumótandi aðilum sem og öðrum þeim sem áhugasamir eru um frítíma og tómsundir á Íslandi.

Sérstakar þakkir fá Félag fagfólks í frítímaþjónustu, Félag íþrótt-, æskulýðs- og tómsundafulltrúa, Samband íslenskra sveitarfélaga og Æskulýðsráð fyrir stuðning við verkefnið.

*F.h. ritstjórnar,
Eygló Rúnarsdóttir*

Heimildir

Amalía Björnsdóttir, Baldur Kristjánsson og Börkur Hansen. (2009). Tíminn eftir skóla skiptir líka máli: Um tómstundir og frítíma nemenda í 1., 3. og 9. bekk grunnskóla. *Netla. Vef tímarit um uppeldi og menntun*. <http://netla.khi.is/greinar/2009/010/index.htm>

Árni Guðmundsson. (2007). *Saga félagsmiðstöðva í Reykjavík 1942 – 1992*. Hafnarfjörður: Höfundur.

McLean, D.D. og Hurd, A. R. (2015). *Recreation and leisure in modern society*. Burlington, MA: Jones & Bartlett Learning.

Rojek, C. (1995). *Decentering Leisure. Rethinking leisure theory*. London: Sage Publications.

Turcot, L. (án árs). The origins of leisure. *International Innovation*.
https://www.academia.edu/24771137/The_Origins_of_Leisure

Vanda Sigurgeirsdóttir. (2010). Skilgreining á hugtakinu tómstundir. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af <http://netla.khi.is/menntakvika2010/025.pdf>

Æskulýðslög nr. 70/2007.

Frístundastarf
í fræðilegu ljósi

Félagsuppeldi og frítíminn

Árni Guðmundsson

Inngangur

Í þessum kafla er fjallað um félagsuppeldi og frítímamann. Kaflinn er tvískiptur og í fyrri hluta er fjallað um félagsuppeldi í þeim skilningi að vera aðferð og/eða fræðilegur grunnur á starfsemi á fræðasviði er ég kýs að nefna félagsuppeldisfræði. Sviði sem er kenninga- og hugmyndafræðilegur bakgrunnur starfsemi eins og þeirrar sem fer fram á vettvangi frítímans og/eða í félagsstarfi almennt. Í seinni hluta kaflans er fjallað um frítímamann sem hugtak og fyrirbæri og í lokin dregið saman hvernig hin félagsuppeldisfræðilega nálgun og verklag á vettvangi frítímans fer saman.

Félagsuppeldi er eins og áður sagði rammað inn með hugtakinu félagsuppeldisfræði, fræðunum um að allt hið félagslega umhverfi manneskjunnar nýtist til uppeldis. Hugtakið er óháð aldri og í skilningi þýska hugtaksins Bildung sem þýðir að mannast eða „mennskast“ og sem slíkt viðfangsefni manneskjunnar á öllum æviskeiðum sínum. En áður en kemur að frekari umfjöllun um frítímamann er fjallað um félagsuppeldisfræðina. Frítíminn er einn mikilvægasti vettvangur félagsuppeldisfræðinnar. Hinar fríu stundir bjóða upp á óteljandi möguleika í starfi og starfsháttum með aðferðum og kenningum félagsuppeldisfræðinnar.

Félagsuppeldisfræðin

Umfjöllun um félagsuppeldisfræðina er tvíþætt. Fyrri hlutinn er út frá sagnfræðilegu sjónarhorni um þróun félagsuppeldisfræðinnar og í seinni hlutanum umfjöllun um helstu kenningar.

Sagnfræðin og sagan kennir okkur margt. Tíminn markar þróun og myndar samhengi. Félagsuppeldisfræðin (þ. Sozialpädagogik) á sér langa sögu. Danski fræðimaðurinn Madsen (2001) telur að hún eigi sér þegar rætur í þeim samfélagsbreytingum sem áttu sér stað í upphafi sextándu aldar þegar að afnám lénskerfisins hófst í Evrópu. Samfélagsbreytingarnar tóku langan tíma. Þær voru í upphafi hægar en gríðarlega hraðar á níttjándu öldinni þegar að aukin þekking og tækni varð upphaf iðnbyltingarinnar, hinna kapítalísku framleiðsluhátta. Hinir nýju tímar höfðu allt aðrar

kröfur í för með sér en þeir gömlu. Að einhverju leyti hafði hið nýja samfélag í för með sér aukið frelsi frá kröfum gamla samfélagsins. Hið nýja samfélag gerði einnig kröfur til fólks. Gildi og gildismat breyttist. Agi hinnar nýju samfélagsgerðar, iðnaðarsamfélagsins, gerði það að verkum að manneskjan varð að setta sig við og aðlaga sig að sameiginlegum tíma, bæði hvað varðaði vinnu og ekki síður hvað varðaði takmörkuð lífsgæði. Bæjarmenning, nánd og samstaða hins gamla samfélags hvarf og í hennar stað komu ákvarðanir að ofan. Einangrun og samstöðu- og áhrifaleysi var hinn napri veruleiki. Uppeldi hinna fyrstu kynslóða í hinu nýja samfélagi bar keim af nýrri samfélagsgerð og þörfinni fyrir vinnuafli og einkenndist af þáttum eins og valdi, þvingun, eftirliti, útilokunum, aga og kúgun. Í þessum tilgangi kom samfélagið sér upp stofnunum til þess að siðmennta og aðlaga almenning að gildum hins nýja samfélags. Verksmiðjan, sjúkrahúsið, skólinn, fangelsið og húsakofarnir var hinn sýnilegi hluti af hinni nýju menningu sem byggði á miklum aga og hafði það að meginmarkmiði að ala upp fólk sem eingöngu fékkst við launavinnu. Madsen bendir á að í hinni nýju þjóðfélagsskipan hafi þá þegar myndast jaðar, þ.e.a.s. fólk sem passaði ekki inn í þetta kerfi (Madsen, 2001).

Madsen (2001) telur að markmiðið hafi náðst hvað varðaði uppeldi og aga í hinu nýja samfélagi iðntækninnar og framleiðslunnar. Aðlögun að nýrri samfélagsgerð hafi tekist sem sýndi sig með tilkomu verkalýðsstéttarinnar sem var á forsendum æðri stétta samfélagsins. Slíkar einhliða forsendur leiði hins vegar til vandkvæða. Fjöldi fólks er og var ekki í stakk búið til þess að takast á við þann aga og það vinnulag sem iðnframleiðslan krafðist, sumir andlega og aðrir líkamlega. Viðkomandi urðu afgangsstærð og fyrir utan eða á jaðri samfélagsins. Hin nýja samfélagsgerð gat ekki aðlagað alla þegna landsins að breyttu fyrirkomulagi samfélagsins og framleiðsluháttum þess. Að mati Madsen er þetta rótin að því fræðasviði sem við í dag nefnum oftast félagsuppeldisfræði og nýtum til þess að freista þess


að leysa vandkvæði þeirra hópa sem ekki aðlagast sem skildi ríkjandi samfélagsgerð hverju sinni. Hann nefnir dæmi um hvernig iðnaðarsamfélagið kom fram við „jaðarinn“ á átjándu og níttjándu öld, framkoma sem einkenndist af útilokun eða innlokun. Útilokun þýddi að jaðarhópar bjuggu við ótta og fyrirlitningu annarra á sama tíma og það leiddi í mörgum tilfellum til innlokunar eða vistunar á lokuðum stofnunum út frá þeirri einu ástæðu að einstaklingar aðlöguðust ekki ríkjandi normum viðkomandi samfélags. Um var að ræða ólíka einstaklinga, ólíkar aðstæður og ólíkar ástæður en í einhverjum skilningi jaðarsettar samkvæmt skilgreiningum þess tíma. Um miðja sauttjándu öldina voru um 1 % af Parísarbúum, að mati franska heimspekingsins Foucault, ekki bara útilokaður heldur læstir inni á stofnunum. Um var að ræða bannfærða presta, fólk með kynsjúkdóma, atvinnuleysingja, vændiskonur, fátæklinga, fólk með þroska-frávik, fatlaða, þjófa, eldra fólk og betlara. Allt voru þetta einstaklingar sem höfðu truflandi áhrif á „kerfið“. Þetta var þróun sem átti sér stað út um alla Evrópu og verkefnið var ekki að meðhöndla, fremur að útiloka frá allri þátttöku í samfélaginu.

Viðbrögð samfélagsins gagnvart jaðrinum sagði margt um það fólk og þá hópa sem lentu á jaðrinum. En aðallega var útilokunin táknað staðfesting á því breytta gildismati sem fylgdi iðnbyltingunni og þeim gildum sem áttu rót sína í vinnuskyldu og vinnuaga. Með vinnuskyldunni voru þeir útilokuðu minntir á synd sína sem fólst í því að vera ekki virkur í framleiðslunni, lausamennskan varð synd allra synda og jafnvel glæpur. Vinnuskyldan var bæði hegning og ekki síður siðferðilegt stjórnæki í samfélagi sem byggði á skyldu hvers einstaklings til þess að leggja sitt af mörkum til þjóðarframleiðslunnar og stuðla að auknum efnislegum gæðum og hagsæld. Jaðarinn átti það eitt sameiginlegt að undirgangast ekki þetta fyrirkomulag, hvort sem það var að vilja ekki taka þátt eða geta ekki tekið þátt. Á níttjándu öld urðu nokkrar breytingar því jaðarinn var að einhverju leyti sjúkdómsvæddur með tilstilli og aðstoð lækna-vísindanna. Nú voru viðkomandi taldir sjúkir. Þroskafrávik, glæpamenn, fátækir og geðveikir voru aðgreindir samkvæmt læknisfræðilegum viðmiðum og sendir á viðeigandi stofnanir allt eftir greiningu og þess freistað að meðhöndla viðkomandi veikindi eða sjúkdóma samkvæmt því. Þessi þróun nær hámarki um 1960 þar sem

velferðarsamfélagið hafði komið sér upp miklum fjölda sérhæfðra stofnana þar sem sérfræðingar af margvísindalegum toga freistuðu þess að „lækna“ jaðarinn og aðlaga að samfélaginu.

Kenningar samtímans taka mið af þeirri þróun sem átt hefur sér stað. Það var ekki fyrir en um 1970 sem dregur úr þessari nálgun og þess í stað komu fram hugmyndir um forvarnir. Hið „venjulega líf“ verður fyrirmynd í öllu starfi er miðar að því að laga að ríkjandi gildum í samfélagi hvers tíma. Þrátt fyrir nýja nálgun þá stendur eftir sem áður sú grundvallarspurning um hvert sé ráðandi gildismat og kröfur og hvort þær séu í einhverju ólíkar þeim sem verið hafa frá upphafi iðnaðarsamfélagsins. Getan til að selja vinnu sína sér til framfæriss er grunnþáttur. Á meðan að slíkt breytist ekki mun samfélagið viðhafa kerfi sem tryggir eftirlit og „meðferð“ þeirra einstaklinga og hópa sem geta ekki framfleytt sér með það að markmiði að aðlaga þá ríkjandi samfélagi. Samfélagið hefur því að mati Madsen (2001) komið sér upp hugmyndum um hver jaðarinn er og á hverju hann byggir og ekki síst í þeim tilgangi að tryggja viðgang ríkjandi kerfis. Þetta megi útskýra með því að samfélagið sé að verja sig gegn innri og ytri óreiðu, ógn jaðarsins gegn ríkjandi normum og þeirri einsleitni er samfélagið byggir á.

Félagsuppeldisfræðin á rætur sínar í þeirri viðleitni og væntingum samfélagsins til að allir geti aðlagast. Í því sambandi er átt við að sameina kerfi með þeim hætti að allir þegnar samfélagsins finni sér stað í viðkomandi kerfi og á hvern veg samfélagið getur komið til móts við hópa fremur en að hópar aðlagi sig í flestu að þröngum ramma þess. Í samfélagi án aðgreiningar er sífellt samspil milli einstaklings og samfélags er byggir á gagnkvæmum skilningi hvors til annars. Sé slíku ekki á að skipa þá myndast gjá sem erfitt reynist að brúa. Þarfir einstaklingsins og möguleikar viðkomandi til þess að þrífast innan þess ramma er samfélagið setur þegnunum sínum rekast á. Í þessu sögulega ljósi telur Madsen (2001) að félagsuppeldisfræðin komi fram sem sérstök aðferð, vinnulag, leið samfélagsins sem hafði það að markmiðið að aðlaga jaðarinn að samfélaginu. Þetta eigi ekki við um alla hópa því félagsuppeldisfræðin beinist í miklu mæli



Mynd 1- B. Madsen (2001) – Socialpedagogikk (Íslenskuð af Árna Guðmundssyni)

að bráðum aðlögunarvanda á sviði uppeldis- og félagsmála og hún sé sem slík margbreytileg eftir mismunandi vanda á sviði uppeldis, menningar og félagsmála er upp kemur í samfélögum hverju sinni.

Mynd 1 byggir á kenningum Madsen um „normaliseringu“ annars vegar út frá getu og hæfi viðkomandi sem í þessu tilfelli getur átti við um einstaklinga með líkamlegar eða þroskahamlanir, vinstri helmingur, og hinn helmingurinn hægra megin sem fæst við félagsmótun og félagslega aðlögun sem er viðfang félags- æskulýðs – og uppeldisstarfsemi.

Sá sem oftast er nefndur faðir félagsuppeldisfræðinnar var Paul Natorp sem fæddist árið 1854 í Þýskalandi. Hann var prófessor í heimspæki við Háskólann í Marburg frá 1885 til ársins 1924 er hann lést. Bók hans Sozialpädagogik er eitt af grundvallarritum félagsuppeldisfræðinnar en þar segir Natorp að uppeldisfræðin eigi að vera félagsfræðileg og sem fræðigreinin beri að skoða hana í nánum tengslum við samfélagsfræði og þá aðallega í tengslum við félagsfræðina (Natorp, 1922).

„Empería án hugtaka er hulin þekking og hugtök án emperíu eru innihaldslaus“ er haft eftir heimspekingnum Kant en hann velti upp spurningunum; hvernig er þekking möguleg og hvað á ég að gera? Grundvallaratriðið er hugmyndin, kenningin sem vex fram samhliða reynslunni og vex og dafnar í því samhengi, verður að nýrri kenningu sem fer áfram í sama ferli. Natorp leggur grunn hugmynda sinna út frá þankagangi Kants og heldur því fram að manneskja geti einungis orðið manneskja í gegnum hina mannlegu samveru (s. gameskap/þ. gemeinschaft). Manneskjan lifir í flóknu víxlverkandi samspili við aðrar manneskjur og því sé einstaklingurinn óhlutbundin (þ. abstraktion). Manneskjan verði fyrst manneskja þegar hún er í tengslum við og í samfélagi við annað fólk. Þetta samhengi eflir einstaklinga og samfélagið við aðrar manneskjur, eflir sjálfsmýndina. Félagsuppeldisfræðin eflir einstaklinga í átt til hins félagslega og þess sameiginlega, þess sem nefna mætti félagslega aðlögun. Endurtekningin og reynslan eru lykilþættir í þessu ferli. Uppeldi sem leggur áherslu á hinn meðvitaða vilja og ekki síst verknaðinn eða framkvæmdina við að koma hugsun og skoðun í verk er lykilatriði. Einstaklingsbundin munur hefur gildi hvað gæði

mannlegrar samveru varðar. Samveran, samskiptin eiga rætur sínar í meðvitundum og sjálfstæðum ákvörðunum og vilja einstaklingsins til þátttöku. Góð samskipti og samvera afmá einkenni einstaklinga í samhenginu. Markmiðið með hinni sífelliðu mannlegu samveru er að þroska, þróa og efla siðferðisvitund út allt lífið. Samfélag og uppeldi verður ekki aðskilið og er í raun forsenda þess að uppeldi takist (Eriksson og Markström, 2007).

Hugtakið *félagsuppeldisfræði* skilgreinir Natorp í bók sinni *Sozialpädagogik*. Hann segir félagsuppeldisfræðina í grunninn fjalla um skilninginn á að uppeldi einstaklingsins og tilvera hans að öllu leyti byggji á félagslegum skilyrðum og aðstæðum. Allt sem fram fer í samfélaginu kemur fram og myndgervist í hinum margvíslegu félagslegu athöfnum mannsins sem er grundvöllur og samnefni fyrir þroska einstaklingsins í samfélagi við aðra. Samfélagið og félagslegar athafnir þess eru grundvöllur uppeldis og á þessari þekkingu hvílir fræðigreinin félagsuppeldisfræði (Natorp, 1922).

Varðandi samveruna þá taldi Natorp einstaklinginn eða hópinn ekki hafa neitt sérstakt gildi hvort fyrir sig. Mikilvægið liggur ávallt í samspilinu, ekki síst hinu stóra samhengi mannlegrar samveru, samskipta, sem felur í sér alla þætti mannlegrar tilveru. Í þessu samspili felst drifkraftur mannlegs þroska (Natorp, 1922; Eriksson og Markström, 2007).

Natorp taldi að samfélagið eða hin samfélagslega samvera hefði þrenns konar megintilgang. Í fyrsta lagi samvinnu, í öðru lagi þróun hugsana og eflingu viljans, t.d með sameiginlegum skoðunum, hugmyndum og reglum, og í þriðja lagi gagnrýnum skoðunum á þróun samfélagsins. Natorp taldi að einstaklingurinn í samspili við samfélag annarra yrði til þess að eyða stéttamun og myndi leiða til samfélags þar sem allir ættu sömu möguleika. Heimspekileg félagshyggja fremur en marxísk að hans mati. Skilningur á víxlverkandi samskiptum einstaklingsins og samfélags grundvallaði hugmyndir Natorps, þekking er að hans mati samansafn hugmynda sem eru í stöðugri þróun og mynda heild. Þetta er því aðeins kleift svo fremi að það séu einstaklingar sem skilja mikilvægi þess að nálgast annarra hugmyndir eða skilning sem allir í samfélaginu búa við, hvaðan sá skilningur kemur og á hverju hann byggir og eru til í að koma hugmynd í fram-


kvæmd. Natorp taldi frelsi liggja í þeirri þekkingu að vita að hugmyndir einstaklinga eru þær hugmyndir sem samfélagið hefur miðlað til viðkomandi. Það er í virkri þátttöku í samfélaginu sem þroskinn eða uppeldið (þ. Bildung) á sér stað. Sjálfsskilning öðlist einstaklingurinn fyrst þegar að hann ber sig saman við aðra. Einstaklingurinn öðlast eigið ég þegar að hann sér sig í samhengi við annan, Þig og viðurkennir eða samþykkir *Þig-ið* sem annars *Ég*. Hin mannlega samvera er mikið meira og merkilegra en að manneskjur nemi með óvirkum hætti hver af annarri, samfélagið býr að sameiginlegum auði sem til verður með virkum hætti og samspili (Eriksson og Markström, 2007).

Natorp taldi að fræðileg þekking byggji fyrst og fremst á vilja viðkomandi til þess að öðlast hana. Manneskjur nemi fyrst þegar að þær vilji nema. Uppeldismarkmið nást ekki nema ef viðkomandi hefur þróað eða þroskað með sér vilja til að öðlast tiltekna þekkingu. Vilji annarra er lykilatriði í því að vekja áhuga einstaklings á því að efla eigin vilja og samkvæmt hugmyndum Natorps um víxlverkan milli einstaklings og samfélags þá mun það eiga sér stað, þ.e. að annarra vilji verður fyrirmynd eigin vilja. Þetta er ein af grunnhugmyndum Natorp, samspilið, reynslan af samskiptum við aðra. Félaguppeldisfræðin og hlutverk hennar og þýðing sem fræði- og vísindagreinar er því fólgin í því að styrkja manneskjuna, einstaklinginn, til þess að þróa með sér sinn eigin vilja. Í þeim efnum eru óendalegir möguleikar sem að einstaklingurinn gerir sér ekki grein fyrir fyrr en hann skynjar óendalega möguleika annarra. Með þessum skilningi og samstöðu með öðrum öðlast einstaklingurinn þroska á eigin forsendum, lærir að þekkja og greina sig sem öðruvísi í samanburði við aðra. Víxlverkan milli einstaklings og hóps/samfélags er grundvallarþáttur í þessu ferli (Eriksson og Markström, 2007).

Táknbundin samskipti (e. *symbolic interaction*) og hugmyndaheimur Mead er af sama meiddi (Mead, 1976). Einstaklingurinn eða samfélag hafa ekkert gildi í sjálfu sér eins og áður sagði. Það er samspilið og hið stóra samhengi, samfélagið og menningin í öllu sínu veldi sem hefur grundvallarþýðingu. Í gegnum þetta flókna spilverk samfélagsins þroskast einstaklingar, ekki endilega meðvitaðir um það. Í raun

„dialektiskt“ ferli (samspil gagnvirka krafta) að hætti Hegels (Eriksson og Markström, 2007).

Svæðið




Mynd 2

Svæði eða vettvangur félagsuppeldisfræðinnar er víðfeðmur. Á mynd 2 gefur að líta mynd af starfssvæðum. Þar má sjá vettvang frá hinu formlega til hins formlosa og allt þar á milli. Dæmi um skipulagt starf er klúbbastarf í félagsmiðstöð eða skátafundur. Dæmi um hið frjálsa og óskipulagða og óformlega er opið hús í félagsmiðstöð. Hvað varðar hið óæskilega, bannaða og formlosa má nefna óknytti ýmiskonar. Það er einnig hægt að varpa fram mun flóknari skilgreiningu af þeim víðfeðmu

svæðum sem félagsuppeldisfræðingurinn vinnur á og að.

Hermann Giesecke segir að nútíma uppeldisaðstæður séu þess eðlis og það flóknar að þær hamli eðlilegu uppeldi. Það hafi engin ein stofnun samfélagsins burði til þess að annast uppeldi æskunnar, slíkt eigi sér stað á mörgum plönnum. Hið hamlandi uppeldi getur falist í því að stjórnvísla og opinber stefnumótum hefur tilhneigingu til þess að raða öllum viðfangs-efnum samfélagsins í þau hölf sem þegar eru fyrir hendi. Í lífi ýmissa ungmenna getur skólinn verið hluti vandans og því óæskilegt að útiloka ungmenni frá þátttöku á vettvangi félagsmiðstöðva og/eða félagsstarfs vegna stjórnkerfis- legra þátta eins og skipulags og/eða forræðis skólans yfir óskyldum málaflökki. Að mati Giesecke er félagsuppeldisfræðin mikilvæg og vinnur fyrirbyggjandi á þann hátt að hún freistar þess að styrkja og efla með inngrípum uppbyggjandi þætti í almennu uppeldi barna og unglunga. Sókn þessa hugmyndaheims á áttunda og níunda áratug síðustu aldar kom meðal annars fram í starfsþáttum eins og leitarstarfi (útideildir), umhverfismeðferð og starfi í nær- samfélaginu (Giesecke, 1981).



Mynd 3 sýnir teikningu norska fræðimannsins Gjertsen af þeim fjölmörgu víddum sem félagsuppeldisfræðin sækir viðföng (Gjertsen, 2010). Myndin er íslenskuð af Árna Guðmundssyni.

Félagsuppeldisfræðin stendur fyrir heildarsýn á manneskjuna og beinir augum að heildaradstæðum viðkomandi. Félagsuppeldisfræðingurinn byggir ekki samskipti sín við skjólstaðinga sína á tiltekinni kennslugrein eða fagi eins og kennari. Og þrátt fyrir ramma eins og opinber markmið með starfseminni, kröfur um árangur o.fl. þá ræður félagsuppeldisfræðingurinn rýminu eða vettvangi og ekki síst innihaldinu. Þetta gerir miklar kröfur um þekkingu og fagmennsku. Aðferðir, samskiptamáti og samspil eru dæmi um slíkt.

Félagsuppeldisfræði skapar:

- Dýpri sjálfsskilning þar sem reynslan eða upplifunin breytir þeim hugmyndum sem viðkomandi hafði um sjálfan sig.
- Dýpri félagslegan skilning því reynslan og upplifunin eykur skilning okkar á öðru fólki og gerðum þess.
- Dýpri þekkingu á umhverfinu því reynslan og upplifunin skapar skilning sem gefur nýjar forsendur, túlkunarmöguleika og samsömun með hinu raunverulega samfélagi.

(Giesecke, 1981)

Frítíminn

Frítíminn er merkilegt hugtak og margslungið. Kjarna þess má sækja til hugmyndarinnar um hinn frjálsa einstakling, að geta ráðið sér sjálfur eins og Sókrates (470-399 f.Kr) orðaði það: „Frír tími er markmið í sjálfum sér og er sem slíkur kjarni þess að vera frjáls manneskja”.

Frítími eða tími til eigin afnota hefur því verið háður félagslegri stöðu manneskjunnar í gegnum tíðina. Í Rómarríkinu hinu forna bjó almenningur við takmarkað frelsi á meðan keisarinn, hirðin og efsta lag samfélagsins, hin ráðandi öfl, höfðu nægan tíma til eigin nota. Afþreying hirðarinnar sem m.a. fólst í því að fylgjast með þrælum berjast til ólífis sýnir með eins skýrum hætti og unnt er muninn á frelsi og eigin forræði og þrældómi. Með kristninni komu helgidagar og fram eftir öldum voru þessir dagar eini frítími almennings. Alla aðra daga var unnið. Verktíðir höfðu áhrif, mörg verk áttu sína árstíð. Í landbúnaði skipta árstíðir starfinu niður í mismunandi verkefni. Á meðan sumrin voru annasöm þá gat veturinn verið rólegri og þá var reynt að fylla vinnutímamann með vinnu sem ekki var komist yfir á öðrum tímum

árs eða kröfðust ekki sama forgangs og árstíðabundin verk. Á milli verktíða skapaðist oft rof eða skil í vinnunni sem voru oft nýtt til hátíðarbrigða, s.s. uppskeruhátíðir o.fl. Sama átti við um fiskveiðar þar sem fyrirkomulag er árstíðabundið. Ef litið er til almennra hátíðarhalda í dag þá hafa þau flest tilvísanir í verktíðaskil og ef ekki þá tilvísun í merka áfanga þjóðar eða samfélags (Meeuwisse, Sunesson og Swärd, 2000).

Frelsi, jafnrétti, bræðralag voru kjörorð frönsku byltingarinnar sem hófst í kjölfar *upplýsingarinnar* (e. *enlightenment*). Frítíminn á dögum iðnbyltingarinnar var takmarkaður. Vinnutími almennings, þ.m.t. ungra barna, var langur. Örbirgð og fátækt var almenn meðal lægstu stétta samfélagsins, frelsi og/eða frjáls tími var enginn (Soydan, 1993). Sama átti við um hið gamla íslenska samfélag vistarbanda þar sem vinnuhjú gátu keypti frelsi sitt í formi þess að fá úthlutað heiðarbylí eða landskika eftir áratuga langt vinnuframlag fyrir húsbændur sína (Gísli Ágúst Gunnlaugsson, 1997).

Það er ekki fyrr en með víðtækum félagslegum úrbótum í upphafi tuttugustu aldar og fram eftir öldinni sem almenningur á Vesturlöndum fer að búa að einhverju sem kallast getur frítími. Með auknum félagslegum réttindum og ekki síst velferðarsjónarmiðum þá verður fyrirbærið unglíngur til. Hið fyrra fyrirkomulag barn sem varð fullorðið þegar að það tók fullan þátt í framleiðslunni vék fyrir því nýja sem fólst í millibilsástandinu unglíngur, þ.e. bilið á milli bernskunnar og þess að verða fullgildur fullorðinn og sem slíkur virkur í framleiðslunni, oft nefnd *vegferðarfræði* (Gestur Guðmundsson, 1992). Unglingsárin voru því eðli málsins samkvæmt breytileg og háð viðkomandi samfélagi. Þau náðu yfir allt frá nokkrum árum í upphafi síðustu aldar, og jafnvel í sumum samfélögum í dag, yfir í áratug og jafnvel á annan áratug eins og dæmi eru um í vestrænum samfélögum dagsins í dag. Bilið milli bernskunnar og fullorðinsáranna eykst vegna lengri undirbúnings undir þátttöku í samfélaginu, m.a. vegna náms og/eða vegna atvinnumöguleika. Langtímaatvinnuleysi felur það í sér að viðkomandi er ekki virkur í hinni eiginlegu framleiðslu. Það þýðir ekki að viðkomandi sé unglíngur. Aðrir þættir svo sem félagsleg staða, lífaldur o.fl. hafa þar áhrif en eitt er víst að sá sem býr við takmarkað frelsi, m.a. vegna fátæktar, ræður ekki sínum frítíma þó svo að viðkomandi kunni að eiga nóg af honum. Illa

nýttur frítími og iðjuleysi er oft rót mikils vanda hjá fólki. Að hafa það á tilfinningunni að vera ofaukið eða óþarfur er hlutskipti sem flest öllum einstaklingum reynist þungbært og getur hæglega leitt til andstöðu og átaka viðkomandi við umhverfi sitt.

Áhugi samfélagsins á frítímanum jókst sífellt fram eftir tuttugustu öldinni m.a. vegna aukinnar velferðar, sérstaklega hvað varðaði æskufólk sem lengi var afgangstærð og bjó við mikið aðstöðuleysi hvað frístundastarfsemi og félagsaðstöðu varðaði. Þetta átti ekki síður við um aðra hópa samfélagsins, eins og foreldrasamfélagið. Margþætt aðstaða s.s. tilkoma félagsheimila víða um land, sundstaða o.fl. í þeim dúr um miðbik tuttugustu aldarinnar var liður í því að bæta þetta ófremdarástand. Stofnun félagsshreyfinga, s.s. ungmennahreyfingarinnar, í upphafi tuttugasta aldar var leið samfélagsins til þess að brúa samfélagsgerðir og ekki síst finna hinum „tómu stundum“ innihald við sem flestra hæfi. Fram eftir öldinni var slík starfsemi miðuð að mestu við æskufólk. Um og eftir miðja tuttugustu öldina verður hinn svokallaði afþreyingariðnaður sífellt fyrirferðarmeiri eftir því sem hagur almennings batnaði. Í dag eru tómsundur og frítíminn iðnaður sem veltir gríðarlegum fjármunum.

Samfélagið styður í verki starf og starfsemi á þessum vettvangi. Sundstaðir, íþróttahús, menningarmiðstöðvar, félagsmiðstöðvar og leikhús eru dæmi um slíkt. Þar fer fram starfsemi sem byggir á virkri þátttöku einstaklinga í einhverri mynd. Tómsundur og frístundastarfi má því gróflega skipta í tvennt; annars vegar starfsemi sem byggir á virkri þátttöku og frumkvæði þess er hana stundar og hins vegar því sem hér verður nefnt „neyslutómsundur“, þ.e. afþreying sem gerir engar sérstakar kröfur til viðkomandi þátttakanda um virkni. Frítíminn er margslungið hugtak eins og áður sagði. Hann er félagslegt fyrirbæri. Frítíminn er einnig tímahugtak sem snýst um frelsi til að vera laus við skyldur. Hann snýst um virkni, er upplifun og skapar reynslu. Frítíminn skiptir verulegu mál fyrir einstaklinginn og eykur lífsgæði viðkomandi. Í virkum frítíma og tómsundum felast áskoranir sem leiða til aukinnar færni. Slíkt hefur áhrif á sjálfsmynd viðkomandi. Tómsundur undirstrika menningarlegt sjálfstæði, þær geta verið leið viðkomandi til þess að aðgreina sig frá fjöldanum. Tómsundastarf er fjárfesting í félagslegri hæfni og skapar

mannauð í skilning Bourdieu. Tómsundastarf er leið til samfélagslegrar virkni svo sem með þátttöku í alls kyns samtökum og félögum. Af þessu má ljóst vera að frítími og frístundastarf gegna gríðarlega mikilvægu hlutverki í nútíma samfélagi (Bjurström, 2011).

Allt tal um frítíma gengur út frá samhengi hans eða andstæðum, hugtakið er einungis hægt að skilgreina sem samhengi í andstæðu við eitthvað annað. Vinnan er að sjálfsgöðu slík andstæða í þessu samhengi og ekki síður út frá sögulegu sjónarhorni. Vinna er meginþáttur hvað varðar nútíma skilgreiningar á frítímahugtakinu. Frítíminn er ekki í þessum skilningi mótvægi við vinnuna heldur vinnutímamann. Frítími nútímans mótast af iðnvæðingunni og launavinnu sem samanstendur af reglulegum vinnutíma sem er hið ríkjandi vinnufyrirkomulag. Út frá því sjónarhorni þá eru iðnaðarsamfélög fyrsta þjóðfélagsgerðin sem aðskilur frían tíma frá launavinnu. Þetta fyrirkomulag um skiptingu tímans er hið ríkjandi fyrirkomulag í nútímasamfélagi. Það er þó spurning hvort þessi mörk séu mjög ljós þar sem hin launaða vinna hefur ávallt haft forgang. Gagnvart mati vinnutímans til launa þá er hinn fríi tími afgangstærð. Sá tími sem var afgang var samansafn af athöfnum og iðju sem ekki gáfu tekjur (Bjurström, 2011).

Vanda Sigurgeirsdóttir skilgreinir hugtökin tómsundur og frítími í grein sinni *Skilgreining á hugtakinu tómsundur* (e. leisure) með eftirfarandi hætti:

Í grundvallaratriðum má segja að tómsundur eigi sér stað í frítíma. Tómsundur eru því athöfn, hegðun eða starfsemi sem á sér stað í frítímanum og flokkast sem tómsundur að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Þau skilyrði eru að einstaklingurinn líti sjálfur á að um tómsundur sé að ræða.

Að athöfnin, hegðunin eða starfsemin sé frjálst val og hafi í för með sér ánægju og jákvæð áhrif. Kjarni tómsunda má segja að felist í vellíðan og aukningu á lífsgæðum.

Vanda gerir eins og áður sagði skýran greinarmun á tómsundum og frítíma er hún ritar:

Tómsundur eiga sér yfirleitt stað í frítíma en ekki allur frítími er tómsundur. Afstaða er því tekin gegn þeim sem líta á glæpi og ýmsa niður-

brjótandi hegðun sem tómsundur en með þeim sem líta svo á að tómsundur séu jákvæðar og uppbyggjandi.

(Vanda Sigurgeirsdóttir, 2010)

Hugtakið frítími er margþætt, en þó ekki. Ein leið er að skilgreina það með eftirfarandi hætti: „Frítíminn er frelsi, frelsi til þessa að gera það sem þú vilt gera hverju sinni án nokkurra kvaða og á þeim forsendum sem þú kýst“. Ástæðan fyrir þessari skilgreiningu er sú að tómsunda- og félagsmálafræðingurinn og þekking hans á sviði félagsuppeldisfræði er með þeim hætti að verksvið hans er innan ramma frítímans í víðasta skilning þess orðs. Margt sem manneskja tekur sér fyrir hendur innan frítímans er bæði innan og utan „rammans“ sbr. umfjöllun um svæði hér að framan og á þeim lendum eru margvísleg verkefni fyrir tómsunda- og félagsmálafræðinga eins og bent hefur verið á í umfjöllun um félagsuppeldisfræðina hér að framan.

Félagsuppeldi og frítíminn

Og hvernig kemur þetta allt heim og saman? Ef við gefum okkur að helstu og dýpstu markmið tómsundafræðinnar séu að stuðla að uppeldi hins gegna og góða borgara þá eru *borgaravitund* (e. *citizenship*) og *sjálfsefning* (e. *empowerment*) stundum einnig þýtt valdefling, lykilatriði. Hin fjölþættu verkfæri félagsuppeldisfræðinnar, óháð þeim aldurshópum sem unnið er með hverju sinni, styrkja og styðja þá þætti einstaklings sem stuðla að þessum markmiðum. Félaguppeldisfræðin vinnur einnig að aðlögun (e. *socialisation*) og endur-aðlögun (e. *resocialisation*) m.a. með markvissu hópastarfi.

Í markvissu hópastarfi er hópurinn tæki og verkefni hópsins ekki endilega markmið hópastarfsins nema að hluta til. Hópur er sniðinn að viðkomandi verkefni. Til dæmis er kvikmyndaklúbbur leið til að ná utan um ákveðinn hóp. Tími, lengd, fjöldi og viðfangsefni fer allt eftir hinum uppeldislegu markmiðum viðkomandi hópastarfs. Sam-sömun jákvæðra gilda og norma tiltekens hóps af hálfu einstaklings sem af einhverjum ástæðum hefur átt erfitt með slíkt er meðal starfsaðferða félagsuppeldisfræðings, t.d. í félagsmiðstöð eða öðru æskulýðsstarfi (Árni Guðmundsson, 2007).

Fagið og fagleg hæfni félagsuppeldisfræðingsins er ekki fólgin í því að starfa eins og kennari, sérkennari, félagsráðgjafi, lögregla og sálfræðingur. Hæfnin og mikilvægi starfsins liggur í því að leiða saman fólk og byggja upp virk samskipti milli fólks og gefa ungu fólki kost á að vinna undir merkjum lýðræðis að margvíslegum verkefnum, gefa fólki aukinn kost á því að öðlast félagslegan þroska og félagslega hæfni í gegnum hin ýmsu viðfangsefni, gefa fólki kost á að menntast í víðtækasta skilning þess orðs (Árni Guðmundsson, 2007).

Félagsuppeldisfræðin er því menntandi í skilningi hugtaksins *Bildung*. Nýyrðið mennskandi mætti hugsanlega nota þessi í stað, það nær yfir markmið og tilgang félagsuppeldisfræðinnar. Hugtakið snýst ekki um aldur, viðfang eða vettvang þó svo að vettvangur frítímans sé mest nýttur. Hugtakið snýr fyrst og fremst að því að þroska manneskjur í samspili við umhverfi sitt hverju sinni. Sjálfsefning, borgaravitund og félagsleg aðlögun eru grunnatriði mennskunnar í öllum sínum fjölbreytileika. Í þessu liggur mikilvægi þeirrar þekkingar og þau raunverulegu verðmæti sem félagsuppeldisfræðin skapar í nútíma samfélagi.

Heimildir

- Árni Guðmundsson. (2007). *Saga félagsmiðstöðva í Reykjavík 1942-1992*. Hafnarfjörður: Höfundur.
- Bjurström, E. (2011). Fritidens rum - Topografiska perspektiv på ungdomars fritidssocialisation och ungdomspolitiken. *Ungdomsstyrelsen artikelserie: Perspektiv på ungdomspolitik*.
- Eriksson, L. og Markström, A.-M. (2007). *Den svårfångade socialpedagogiken*. Lund: Studentlitteratur.
- Gestur Guðmundsson. (1992). *Ungdomskultur - som overgang til lønarbejde*. København: Forlaget SOCIOLOGI.
- Giesecke, H. (1981). *Indføring i pædagogik*. København: Nyt Nordisk Forlag Arnold Busck.
- Gísli Ágúst Gunnlaugsson. (1997). *Saga og samfélag - Mannfjölda- og byggðapróun milli heimstjórnar og fullveldis, bls 153 - 159*. Reykjavík: Sagnfræðistofunun Háskóla Íslands Sögufélag.
- Gjertsen, P. Å. (2010). *Sosial - pedagogikk*. Bergen: Fagbokforlaget.
- Madsen, B. (2001). *Socialpedagogik*. Lund: Studentlitteratur.
- Mead, G. (1976). Leikur, regluleikur og "hinn alhæfði annar" (The generalized other) (L. Guttormsson þýddi). Í *Mind Self and Society. From the standpoint of a social behaviorist* (bls. 8). Reykjavík: Handrit - fengið að láni hjá þýðanda.
- Meeuwisse, A., Sunesson, S. og Swärd, H. (2000). *Socialt arbete : en grundbok*. Stockholm: Natur och kultur.
- Natorp, P. (1922). *Sozialpädagogik : Theorie der Willenserziehung auf der Grundlage der Gemeinschaft*. Stuttgart, Germany: 5te Aufl.
- Soydan, H. (1993). *Det sociala arbetets idéhistoria*. Lund: Studentlitteratur.
- Vanda Sigurgeirsdóttir. (2010). Skilgreining á hugtakinu tómstundir. *Ráðstefnurit Netlu -Menntakvika 2010*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Lýðræði og frístundastarf

Eygló Rúnarsdóttir

Inngangur

Á undanförunum árum hefur umræða um lýðræði aukist á flestum sviðum samfélagsins. Áhyggjur af dvínandi kosningaþátttöku ungs fólks á Íslandi til ríkis- og sveitastjórna á samhljóm í Evrópu sem og víðar í vestrænum heimi og enn eru ófyrirséð áhrif netvæðingar og tilkoma samfélagsmiðla á umræðu og þátttöku í samfélaginu. Félagasamtök sem byggja sitt starf á þátttöku sjálfbodaliða eiga í varnarbaráttu. Á sama tíma hefur lýðræði orðið einn af grunnþáttum í Aðalnámskrá grunnskóla (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2016), áhrifa Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins gætir sífellt víðar og verkefni sem hafa aukna lýðræðislega þátttöku að leiðarljósi spretta upp á vegum félagasamtaka og opinberra aðila.

Í þessum kafla verður sjónum beint að lýðræði og frístundastarfi, þá einkum skipulögðu félags- og tómstundastarfi. Fjallað verður um starfið sem vettvang til að efla lýðræðisvitund og þroskast sem manneskja í lýðræðissamfélagi þar sem lýðræðisleg þátttaka er lykilforsenda. Megináhersla verður á börn, unglinga og ungt fólk en þó verður einnig fjallað um skipulagt félags- og tómstundastarf í víðari skilningi óháð aldri.

Helstu hugtök og tengsl

Umfjöllun hér um skipulagt félags- og tómstundastarf byggir á skilgreiningu Vöndu Sigurgeirsdóttur (2010) á tómstundum sem viðfangsefni, athöfn eða hegðun í frítíma þar sem þátttaka er valfrjáls og henni fylgja jákvæð áhrif og vellíðan. Jafnframt er mikilvægt að skoða lýðræðishugtakið áður en lengra er haldið sem og hugtökin þátttöku og borgaravitund sem jafnframt eru algeng í umræðu um lýðræði.

Lýðræði

Lýðræði er flókið og yfirgripsmikið hugtak og merking þess er ekki endilega sú sama í hugum allra. Ýmis hugtök tengjast hugtakinu lýðræði, s.s. réttlæti, jafnrétti, borgaravitund, kosningar og svo mætti telja áfram. Í bandarískri umræðu eru *frelsi og réttindi*, *borgaralegt jafnrétti*, *fulltrúaræði* og *sjálfsákvörðunarréttur* inntak

lýðræðis að mati margra fræðimanna (Flanagan, Gallay, Gill, Gallay og Nti, 2005). Kenningar um lýðræði eru fjölmargar en þær má gróflega flokka eftir tveimur meginsjónarhornum (Ólafur Páll Jónsson, 2011). Annað sjónarhornið eru svokallaðar formlegar kenningar um lýðræði þar sem fjallað er um lýðræði sem skipulag, svo sem skipulag ríkisins, félagsamtaka eða annarra eininga. Skipulag vísar til þess hvernig unnið er með viðfangsefni og ákvarðanir eru teknar. Hitt sjónarhornið eru hinar efnislegu kenningar um lýðræði en þær fjalla um inntakið í lýðræðishugtakinu þar sem réttlæti er útgangspunktur. „Við verðum ekki lýðræðislegar manneskjur nema við lærum að sjá okkar eigin hagsmuni sem brot af almannahag“ (Ólafur Páll Jónsson, 2011:4).

Í umræðu um skipulagt félags- og tómstundastarf birtist lýðræði sem skipulag alla jafna með tvennskona hætti, sem þáttökulýðræði annars vegar og fulltrúalýðræði hins vegar. Þar sem skipulagt félags- og tómstundastarf er undir merkjum þáttökulýðræðis er megin áhersla lögð á að sem flestir komi að vinnu og ákvarðanatöku. Það gerir ríkari kröfur til einstaklingsins, bæði þátttakenda og þeirra sem leiða starfið, og megináhersla er á ferla eða verklag og samskipti. Þar sem fulltrúalýðræði er ríkjandi sjónarmið er megináhersla á að færa ákvarðanatöku til fámennari hóps sem sérstaklega hefur verið til þess valinn af meginþorra almennra þátttakenda. Meiri áhersla verður því á vinnu með hópa, s.s. stjórn, vinnuhópa, hagsmunahópa, og niðurstöður eða útkomu en minni áhersla á einstaklinga (Hemingway, 1999). Alla jafna er þó ekki svo í skipulögðu félags- og tómstundastarfi að aðeins sé unnið á annan veginn en verklag fulltrúalýðræðisins hefur þó verið töluvert ríkjandi í félagsstarfi á Íslandi og jafnframt verið hluti af skipulögðu tómstundastarfi á vegum opinberra aðila.

Sterkar vísbendingar eru um að merking lýðræðis, hvað lýðræði er og hvað það þýðir í samfélagi og hugum fólks, lærist með tímanum

og í gegnum reynslu. Ungmennni á aldrinum 17-18 ára eru t.d. mun líklegri en 13-14 ára unglingar til að geta skilgreint hugtakið lýðræði á merkingarbæran hátt (Flanagan o.fl., 2005; Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2011; Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2015). Það ætti ekki að koma á óvart enda eitt helsta þroskaviðfangsefni unglingsáranna að móta sjálfmynd sína í tengslum við samfélagið. Hvað reynsluna varðar virðist þátttaka í skipulögðu félags- og tómstundastarfi (e. extracurricular activities og community based groups/organisations) hafa töluverð áhrif enda oft ríkari tækifæri þar en annars staðar fyrir ungt fólk til að taka þátt í umræðum um málefni líðandi stundar og stjórnmál. Unglingar sem nýta frítíma sinn til þátttöku í slíku starfi, og þá sérstaklega þeir sem eru þátttakendur hjá félagasamtökum eða öðrum stofnunum samfélagsins, eru mun líklegri til að geta skilgreint lýðræði á merkingarbæran hátt (Flanagan o.fl., 2005).

Skipulagt félags- og tómstundastarf er því vettvangur óformlegrar menntunar (e. informal education) þar sem þátttaka gefur tækifæri til menntandi reynslu sem getur eflt og þroskað lýðræðisvitund.

Þátttaka

Þátttaka er eitt af þeim hugtökum sem tengjast mjög umfjöllun um lýðræði. Í skipulögðu félags- og tómstundastarfi er sterk hefð fyrir því að horfa á mikilvægi þátttökunnar sem lið í að efla lýðræði. Huga þarf að þátttöku allra í samfélaginu. Einkum þarf að huga að því að börn og unglingar eru ekki bara tilvonandi fullorðnir. Þau eru fullgildir einstaklingar í samfélagi fólks með sjálfstæð réttindi og eiga að hafa slíka stöðu í skipulögðu félags- og tómstundastarfi. Það sama gildir um fólk á öllum aldri, óháð andlegri eða líkamlegri getu, því allir eiga að fá tækifæri til að vera virkir þátttakendur og þroska um leið lýðræðishæfni sína. Rétturinn til þátttöku er tryggður í alþjóðasáttmálum eins og Sáttamála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (Lög nr. 19/2013) og Sáttamála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (2013).

Í almennri umræðu er oft sett sama sem merki á milli þátttöku og lýðræðis en þátttaka er ekki endilega alltaf lýðræðisleg. Lýðræðisleg þátttaka og félagsleg þátttaka byggja í eðli sínu á sama grunni en þó er grundvallarmunur á inntakinu (Ólafur Páll Jónsson, 2008). Félagsleg þátttaka á t.d. við þegar einstaklingar ganga

til liðs við félagasamtök, kór eða skátafélag og verja frítíma sínum í að fást við áhugaverð og skemmtileg viðfangsefni. Félagsleg þátttaka er alla jafna einstaklingsmiðuð og miðar að því að fullnægja einstaklingsmiðuðum markmiðum. Lýðræðisleg þátttaka felur aftur á móti í sér ríkari áherslu á markmið sem snúa að samfélaginu og almenningi, að þátttakan hafi áhrif út fyrir eigin hagsmuni eða markmið. Slík þátttaka getur verið hluti af þátttöku í félagsstörfum, s.s. með þátttöku í baráttusamtökum og góðgerðarfélögum eins og Amnesty eða Hringnum, en hún getur jafnframt verið á einstaklingsgrunni, t.d. greinaskrif í fjölmiðla um samfélagsmál. Lýðræðisleg þátttaka snýr ekki síður að mikilvægi umræðunnar fyrir samfélagið en aðkomu að ákvörðunum.

Í skipulögðu félags- og tómstundastarfi eru forsendur fyrir hvoru tveggja, félagslegri þátttöku og lýðræðislegri þátttöku. Þátttakendur á félagslegum forsendum sinna eigin markmiðum um innihaldsríkan frítíma en geta á sama tíma gefið kost á sér í ráð og nefndir og sinnt lýðræðislegri þátttöku þar sem markmiðið er að starfa í þágu félagsins, félagsmanna eða þeirra sem sækja skipulagt félags- og tómstundastarf og hafa jafnvel áhrif út í samfélagið. Það er þó mikilvægt að hafa í huga að mikil áhersla á þátttöku ungs fólks í formlegum ferlum og skipulagi, áhrifavaldi og ákvarðanatöku, getur veikt eða grafið undan merkingu hversdagslegrar þátttöku unga fólksins í eigin samfélagi og reynsluheimi (Head, 2011). Það á sérstaklega við um ungt fólk sem á einhvern hátt stendur á jaðrinum. Ungt fólk sem hefur sterka sjálfmynd og sterka félagslega og efnahagslega stöðu, sem er í raun mikill minnihluti ungs fólks, er mun líklegri til þátttöku í formlegum ferlum (Checkoway, 2011). Þau sem á einhvern hátt standa hallari fæti eða á jaðrinum eru líklegri til að sniðganga þátttöku á þeim forsendum og vinna frekar að hvers kyns réttindamálum í nærumhverfi sínu. Því er mikilvægt að í starfi fyrir og með börnum og unglungum séu forsendur og möguleikar til þátttöku fjölbreyttar og gefi ríkuleg tækifæri á hvoru tveggja, án þess að á annan þáttinn sé hallað.

Rannsóknir á þátttöku barna og unglinga í skipulögðu félags- og tómstundastarfi hafa fyrst og fremst snúið að því **hvort** þau eru þátttakendur í slíku starfi og **áhrif** slíkrar þátttöku. Minni áhersla hefur verið á að skoða **eðli þátttökunnar**, hvað átt er við þegar fjallað er um þátttöku. Þátttaka getur verið með ólíku

formi (Weiss o.fl., 2005). Lágmarkspátttaka felur í sér einhvers konar skráningu (e. enrollement) í félag eða skipulagt tómsundastarf þar sem einstaklingar ákveða að vera þátttakendur í frístundastarfi en leggja jafnvel ekki mikið af mörkum né tengjast viðfangsefninu frekar. Margir eru til dæmis félagar í félagasamtökum án þess að koma á fundi eða leggja nokkuð annað til félagsins en að greiða félagsgjöld. Skrefinu lengra nær þátttaka sem byggir á einhvers konar viðveru (e. attendance) sem vísar til tíðni þátttöku og fjölda viðfangsefna. Þetta á meðal annars við um einstaklinga sem mæta á fundi skátafélagsins og einstaka viðburði. Öflugasta birtingarmynd þátttöku er svo skuldbindingin (e. engagement) sem byggir á innri hvatningu þeirra sem eru tilbúnir að helga sig þátttöku, setja mark sitt á starfið og láta til sín taka á vitrænum og félagslegum forsendum. Einstaklingar sem helga sig viðfangsefninu gefa jafnan færi á sér til leiðtogastarfa og eru öflugir sjálfboðaliðar. Þegar ungt fólk velur sér sjálft viðfangsefni að vinna að eða málefni að berjast fyrir í frítíma sínum er það mun líklegra til að skuldbinda sig og helga sig viðfangsefninu (Checkoway, 2011).

Þegar unnið er að því að efla þátttöku ungs fólks, einkum með lýðræðislegum starfsháttum (e. democratic processes), getur verið hætt á svokallaðri fullorðinsvæðingu, þ.e. að forsendur hinna fullorðnu ráði ferðinni (Bessant, 2004; Checkoway, 2011; Head, 2011). Það birtist í því að ungu fólki er skapað svigrúm til athafna innan viðurkenndra marka af hálfu fullorðinna. Ungu fólkinu er því ætlað að berjast fyrir þeim málefnum og nýta þær leiðir sem fullorðnir og samfélagið hefur viðurkennt sem ásættanlegar og æskilegar. Umræðan um lýðræðislega starfshætti og virka þátttöku gerir sjaldnast ráð fyrir þeim hindrunum sem ungt fólk mætir þegar það lætur til skarar skriða. Ungt fólk mætir því oft forræðishyggju fullorðinna og stofnana samfélagsins þegar það lætur til sín taka og jafnvel unglíngahræðslu (e. epebiphobia) sem lýsir sér í hræðslu við og fyrirlitningu gagnvart ungu fólki. Slíkt getur kallað fram þá tilfinningu ungs fólks að það sé jaðarhópur, vanmáttugir þiggjendur sem þarf að laga og vinna með en ekki megnugir og virkir borgarar. Það skiptir því miklu að skilgreina með einhverjum hætti hvað átt er við með lýðræðislegum starfsháttum og hvað þarf að liggja til grundvallar. Í mörgum tilfellum virðast þær hugmyndir og leiðir sem settar eru fram í

stefnumótun á opinberum vettvangi, oft af fullorðnum, stangast á við grundvallarhugmyndir um lýðræði og þátttöku allra.

Ungt fólk er nær alltaf tekið út fyrir sviga í almennri umræðu um þátttöku og lýðræði í samfélaginu, sérstaklega börn og unglingar undir 18 ára aldri sem ekki hafa kosningarétt. Umræða um þátttöku og lýðræði þarf jafnframt að taka mið af ólíkum hugmyndum fólks um lýðræði, þátttöku og skylda þætti, s.s. réttindi og ábyrgð. Hugmyndir flestra þegar umræða um lýðræði og þátttöku á sér stað tekur útgangspunkt í hugmyndum, starfsháttum og leikreglum fulltrúalýðræðisins. Að sumra mati er það grundvallarforsenda umræðunnar um lýðræðislega þátttöku ungs fólks að fjalla um kosningarétt þeirra – eða skort á honum fram til 18 ára aldurs.

Á heildina litið virðist þó ríkja það viðhorf að lýðræðisleg þátttaka ungs fólks miði að því ferli að virkja það með í stofnunum samfélagsins og efla möguleika ungs fólks til að hafa áhrif á eigið líf og annarra. Þar er grunnurinn félagsleg þátttaka og viðfangsefni sem ungt fólk velur sér sjálft. Það er jafnframt trú flestra sem fjalla um lýðræði og þátttöku ungs fólks að fjölbreytt viðfangsefni, stuðningur og efling hafi áhrif, bæði á einstaklinga í átt til aukins þroska og í átt til betra samfélags þótt hið síðarnefnda sé erfitt rannsóknarefni.

Borgaravitund og borgaraleg þátttaka

Hugtakið borgaravitund (e. citizenship) er nátengt umræðu um lýðræði. Hugtakið vísar til einstaklingsins í samfélagi við aðra, þekkingu hans á innviðum og málefnum samfélagsins, skilnings hans á því hvað það þýði að vera hluti af samfélagi með réttindum og skyldum, og þátttöku hans í samfélaginu þar sem skilningurinn og þekkingin birtast í því hvernig hann hagar lífi sínu (Ragný Þóra Guðjohnsen og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2016). Borgaravitund birtist jafnframt í samskiptum og framkomu okkar (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2015; 2007). Borgaraleg þátttaka (e. civic engagement) er skylt hugtak í fræðilegri umræðu en vísar frekar til virkni sem borgari á meðan borgaravitund hefur víðtækari merkingu. Áður fyrr virtist borgaravitund einungis birtast í fræðilegri umræðu með vísan í stjórnmálalega þátttöku, s.s. kosningaþátttöku og virkni í stjórnmalahreyfingum, en í fræðilegri umræðu í dag hefur hugtakið víðari skírskotun og vísar m.a. til

umræðu um samfélagsmál og virkni í sjálfboda-liðastarfi.

Borgaravitund lærist eða eflist yfir tíma eins og merking lýðræðis (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2015). Félagssproski er mikilvægur grunnur þess að geta tileinkað sér þekkingu á innviðum samfélagsins, skilning á hlutverki sínu í samfélagi við aðra og hegðun eða breytni í samræmi við það. Samskiptahæfni, tilfinningaþroski og siðferðiskennd eru þar lykilþættir sem hægt er að efla ef næg tækifæri eru til umræðna. Skipulagt félags- og tómstundastarf fyrir börn og unglinga hefur alla jafna töluverðan sveigjanleika við val á viðfangsefnum og er því kjörinn vettvangur fyrir samræður og umræður. Það sama gildir reyndar um þá sem eldri eru. Þátttaka í félags- og tómstundastarfi þar sem umræður eru ríkar er ekki síður lærdómsríkt og mikilvægt fyrir fólk á öllum aldri.

Það er eðlismunur á borgaralegri og stjórn mála- legri þátttöku ungs fólks (Banaji, 2008). Alla jafna er það talið jákvætt að ungt fólk sé hvatt til að helga sig alls kyns verkefnum sem talin eru jákvæð og styrkjandi fyrir borgaravitund. Skiptari skoðanir eru um hvort hvetja eigi ungt fólk til að fara þær leiðir sem ekki eru eins viðurkenndar í samfélaginu, s.s. að beita borgaralegri óhlýðni, mótmælum gegn stjórn- völdum og að sniðganga kosningar. Slíkar leiðir geta þó haft sterkari tengingar við lýðræði í hugum ungs fólks en hinar viðurkenndu leiðir. Það getur verið varasamt að viðurkenna ekki öfgafullar skoðanir sem hluta af samfélagi fólks og því má velta upp hvort það sé betra fyrir lýðræðið og þróun þess að ungt fólk grípi til ólíkra aðgerða, líka þeirra sem ekki teljast æskilegar. Ungt fólk fær misvísandi skilaboð ef það er hvatt til að vera virkt en aðeins að nota þær leiðir sem samfélag hinna fullorðnu samþykkir að séu notaðar. Ef ungt fólk hættir að velja óhefðbundnar leiðir er kannski fyrst ástæða til að hafa áhyggjur af þróun lýðræðisins.

Skipulagt félags- og tómstundastarf og lýðræði

Almennt viðhorf í hinum vestræna heimi virðist vera að skipulagt félags- og tómstundastarf og tómstundir almennt (með vísan í skilgreiningu Vöndu Sigurgeirsdóttur í inngangskafli) hafi góð áhrif á einstaklinga og samfélög.

Ein mikilvægasta áskorun félags- og tómstundastarfs er að styðja við aukið lýðræði í samfélaginu en tómstundir og þátttaka í félagsstarfi getur verið kjörinn vettvangur til eflingar á félagsauði. Félagsauður er yfirleitt bundinn í einhvers konar kerfum félagslegra tengsla, s.s. innan fjölskyldu, skólakerfis, félagasamtaka eða annars konar sambærilegum tengslakerfum. Slíkur auður virðist efla einstaklinga til að láta til sín taka á fjölbreyttan hátt innan þeirra félagskerfa sem þeir hrærast í daglega. Hver einstaklingur er svo í nokkrum kerfum og jafnvel ólíkum hlutverkum, er hluti af fjölskyldu, nemandi í skóla eða starfsmaður á vinnustað og félagi í skátaflokki eða Soroptimistum. Eftir því sem einstaklingar eflast í einu hlutverki magnar það möguleika á öflugri félagsauði sem fylgir öðrum hlutverkum og kerfum þessa einstaklings.

Félagsauður er mikilvægur grundvöllur lýðræðis og borgaravitundar (Hemingway, 1999). Í skipulögðu félags- og tómstundastarfi fá einstaklingar tækifæri til að sinna ólíkum hlutverkum, efla tengsl og hafa áhrif og ólíkar tómstundir styðja við ólíka þróun borgara- vitundar. Þær tómstundir (e. leisure) sem krefjast meiri tíma og virkni, einkum þar sem þátttökulýðræði er aðalsmerki, virðast styrkja borgaravitund. Dæmi um slíkar tómstundir er virk þátttaka í félagsstarfi og sjálfboda-liðastarf. Óvirkar tómstundir aftur á móti, oft einnig nefndar neikvæðar tómstundir (e. negative leisure), eru taldar geta grafið undan lýðræði og öflugri borgaravitund og oft er vísað til mikils sjónvarpsáhorfs sem dæmis um slíkt. Óvirkar tómstundir draga úr þeim tíma sem varið er í samveru og tengsl við annað fólk og draga samhliða úr trausti til stofnana, samfélagsins og annarra einstaklinga. Vísbendingar eru um að þær tómstundir sem tengja má við sterka borgaravitund séu á undanhaldi í Bandaríkjun- um en þó er sú fullyrðing umdeild (Hemingway, 1999) og bent hefur verið á þann aukna fjölda fólks sem starfar í grasrótárhópum sem helga sig ákveðnum málefnum. Ungt fólk á Íslandi virðist einnig taka í meira mæli þátt í samfélagslegum verkefnum (Ragný Þóra Guðjohnsen, 2016). Slík þátttaka virðist vera að einhverju marki að leysa af hólmi þátttöku í almennum pólitískum hreyfingum.

Ólíkir aðilar koma að félags- og tómstundastarfi fólks á öllum aldri. Félagasamtök, opinberir aðilar og einkaaðilar hafa ólíka nálgun þótt flestir fylgi alla jafna markmiðum sem sett eru í

þágu fólks og þátttakenda. Í Bandaríkjunum virðist *eðli* opinberrar frístundþjónustu tengjast upplifun fólks af þátttöku í samfélaginu (Glover, 2002). Þeir sem sækja starfsemi sem skipulögð er í nærumhverfi á vegum opinberra aðila í samstarfi sjálfbodaliða og einhvers konar frístundamiðstöðvar í hverfinu sýna sterkari merki um félagslega borgaravitund (e. social citizenship) og stjórn málalega borgaravitund (e. political citizenship) en þeir sem sækja starfsemi sem rekin er af einkaaðilum með þjónustusamningi við opinbera aðila eða eingöngu af opinberu starfsfólki. Þessar vísbendingar hnykkja á mikilvægi þess að hlúa að ólíkum viðfangsefnum og ólíkri starfsemi á vettvangi frítímans og jafnvel hlúa að aðkomu og samstarfi ólíkra aðila.

Töluverður fjöldi fólks á öllum aldri ver frítíma sínum til þátttöku í félagasamtökum og sjálfbodaliðahreyfingum. Á árunum 2009-2010 voru um 75% Íslendinga 18 ára eða eldri í einhvers konar félögum sem er sambærilegt hlutfall þjóðarinnar og árið 1990. Félagssáðild er mest í íþrótt- og tómsundafélögum (Steinunn Hrafnadóttir, Guðbjörg Andrea Jónsdóttir og Ómar H. Kristmundsson, 2014). Slík þátttaka er borgaraleg þátttaka og liður íþrótt- og tómsundafélaga á Íslandi í eflingu félagsauðs með starfsemi sinni er því óumdeild. Lýðræðislegir starfshættir eru leiðarljós félagasamtaka og víða erlendis lúta félagasamtök sem einbeita sér að líknar- og velferðarmálum (e. charities) sérstakri löggjöf¹.

Félög og samtök starfa alla jafna eftir hugmyndum um fulltrúalýðræði. Þó er aðkoma almennra félagsmanna að umræðu og ákvörðunum tryggð með opnum vettvangi, s.s. með félagsfundum og aðalfundum, en aðalfundur er alla jafna æðsta vald hvers félags enda ætlunin að þar fari fram veigamestu þættir í ákvarðanatöku (Ómar H. Kristmundsson og Steinunn Harðardóttir, 2013). Slíkt fyrirkomulag greinir almenn félög frá rekstri fyrirtækja og stofnana. Þróunin virðist þó vera í átt til aukins „lýðræðishalla“ hjá mörgum félögum og samtökum þar sem stjórnir verði óvirkari og ákvarðanir framkvæmdastjóra og annaðs launaðs starfsfólks félagsins vegi sífellt þyngra þegar á hólminn er komið. Aukin áhersla á fagvæðingu og sérhæfingu á viðfangsefnum

félagasamtaka, s.s. íþróttþjálfun og að leiða félagsstarf með börnum og unglingum, kallar á aukinn fjölda launaðs starfsfólks hjá félagasamtökum sem aftur dregur úr lýðræðislegri aðkomu félagsmanna, eins og sjálfbodaliðastarfi og virkni almennt. Almennt virðast slíkar breytingar einkenna félög í Bandaríkjunum og velferðarfélög á Íslandi.

Mikilvægi félagasamtaka á sviði lýðræðislegrar þátttöku felst í möguleikum félagsmanna til virkar þátttöku, að geta gefið af sér til félagsins í þágu málefnis og tekið virkan þátt í ákvörðunum, stefnumótun og annarri vinnu. Að því þarf að hlúa því almenningur þarf, líkt og börn og unglingar, tækifæri til að taka þátt í umræðum, efla samskiptahæfni sína og samræðuvilja (Ólafur Páll Jónsson, 2011). Með því móti geta félagasamtök verið góður og uppbyggjandi grundvöllur í lýðræðissamfélagi til eflingar og virkni.

Uppeldis- og menntunarsýn forystufólks og starfsfólks getur haft áhrif á það hvernig skipuleggjendur félags- og tómsundastarfs, einkum með börnum og unglingum, nálgast starf sitt (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2015; 2007). Börn og unglingar mega aldrei efast um að það sé fyrst og fremst vegna hagsmuna þeirra sem starfsfólk á vettvangi frítímans hvetur þau til aukinnar þátttöku í skipulögðu félags- og tómsundastarfi sem og lýðræðislegum ferlum samfélagsins. Það þarf sérstaklega að huga að því að hagsmunir unga fólksins séu leiðarljós í starfinu en ekki hagsmunir ríkjandi valdahafa á hverjum tíma (Bessant, 2004).

Ábyrgð þeirra sem starfa að skipulögðu félags- og tómsundastarfi á vegum opinberra aðila eða félagasamtaka er því mikil. Þátttakendur á öllum aldri þurfa vettvang til að kanna og móta sitt eigið gildismat sem hluta af þroskaferli sínum og sem hluti af samfélagi. Það er verkefni þeirra sem starfa að skipulögðu félags- og tómsundastarfi að skapa þennan vettvang.

Leiðir að lýðræði í skipulögðu félags- og tómsundastarfi

Ábyrgð fjölskyldu og skólakerfis á að styðja við þroska og menntun barna og unglunga er óumdeild. Ábyrgð þeirra sem standa fyrir skipulögðu félags- og tómsundastarfi eða

¹ Slík lög hafa ekki verið í gildi á Íslandi en unnið hefur verið í slíkri löggjöf undir merkjum Laga um félagasamtök til almannaheilla: (<https://www.atvinnuvegaraduneyti.is/media/frumvarpsdrog/Frumvarp-til-laga-um-felagasamtok-til-almannaheilla.pdf>)

annars konar formlegri eða óformlegri menntun á vettvangi frítímans er einnig mikil og oft ekki nægilega tíunduð í ræðu og riti. Frístundastarf, sérstaklega skipulagt félags- og tómstundastarf, er dýrmætur þroska- og námsvettvangur og þar er efling borgaravitundar og lýðræðis eitt af því mikilvægasta í átt til öflugra og betra samfélags. Enginn sem helgar sig starfi með börnum og unglingum, yngstu borgurum landsins, getur skorast undan því að skapa aðstæður sem efla og styrkja borgara- og lýðræðisvitund þeirra.

Helstu einkenni skipulagðs félags- og tómstundastarfs og annars starfs á vettvangi frítímans er val þeirra sem þar eru þátttakendur. Þar er átt við algjört val um þátttöku og alla jafna töluvert val um viðfangsefni. Sá rammi sem slíkt umhverfi skapar er víður og kjörinn fyrir aukna aðkomu þátttakenda að innviðum og áhrifum á innihald og framgang í starfinu, að læra um lýðræði til lýðræðis í lýðræði (Wolfgang Edelstein, 2010).

Leiðbeinendur, tómstundaráðgjafar, þjálfarar, leiðtogar og aðrir þeir sem starfa á vettvangi þurfa fyrst og fremst stuðning til að þróa og vinna með sjálfsefandi aðferðir í starfinu sem og svigrúm til að vinna með þær aðferðir sem styðja við þætti sem efla borgaravitund og um leið lýðræði. Þar eru þær leiðir helstar að efla samskiptahæfni, skapa vettvang til umræðna, auka möguleika til ábyrgðar og sjálfsefningar og vinna með eigið gildismat og starfsaðferðir.

Skipulagt félags- og tómstundastarf sem vettvangur umræðna

Nemendur í grunnskólum sem upplifa svigrúm til umræðna í bekknum sínum sýna jákvæðari viðhorf til samborgara sinna, m.a. til innflytjenda (Sigrún Aðalbjarnardóttir og Eva Harðardóttir, 2012). Það gefur vísbendingar um að umræður séu þáttur sem skipti máli í umhverfi barna og unglunga til að vinna í átt til aukinnar lýðræðisvitundar. Það þarf því að skapa rými fyrir umræður í frístundastarfi og þannig skapa aðstæður og vettvang fyrir þátttakendur til að efla samræðuhæfni sína. Það má jafnt gera með formlegum og óformlegum hætti. Í félagsmiðstöðvum, á skátafundum, á æskulýðsfundum, í skólahljómsveitum sem og annars staðar í skipulögðu félags- og tómstundastarfi, gefast mýmörg tækifæri til að grípa á lofti umræðuefni sem koma upp í spjalli með skipulögðum eða óskipulögðum hætti og gefa þátttakendum færi á og svigrúm til að staldra við og eiga uppbyggjandi umræður. Það

má jafnframt standa fyrir skipulögðum umræðufundum eða „spjallhorni“ þar sem tekin eru fyrir ýmis málefni sem lið í því að skapa vettvang fyrir þátttakendur til að efla samræðuhæfni sína.

Svo vel takist til þarf starfsfólk að leiða umræður með börnum og unglingum með ábyrgum hætti. Starfsfólk ætti ekki að vera feimið við að leyfa umræður um hitamál úr daglegu lífi barna og unglunga, fréttum eða því sem efst er á baugi í samfélagsumræðum. Að leiða umræður um fréttir getur verið vandasamt, sérstaklega um fréttir sem geta valdið óhug og ótta hjá börnum og unglingum (Hjördís Eva Þórðardóttir, án árs) og því mikilvægt að huga að því að upplýsa foreldra í kjölfar slíkra umræðna. Umræður þarf jafnframt að leiða af virðingu við þá sem eru þátttakendur og tryggja að öll sjónarmið viðstaddir hafi möguleika á að heyrast, jafnvel að fá fram hugmyndir um sjónarmið þeirra sem ekki eiga rödd í umræðunum. Enga rödd ætti að þagga, ekki einu sinni þeirra sem hafa óþægilegar skoðanir eða skoðanir sem stangast á við ríkjandi gildi. Miklu skiptir að gefa þátttakendum færi á að þjálfast í samræðu og spyrja spurninga af virðingu (sjá t.d. Jón Thoroddsen, 2016) fyrir einstaklingsmun og ólíkum sjónarmiðum.

Starfsfólk þarf því að búa yfir hæfni til að leiða umræður svo að umræður verði uppbyggilegar, öllum þátttakendum líði vel og eigi hlutdeild á eigin forsendum. Óþarfi er að krefja alla um þátttöku eða að taka til máls. Sumir læra og njóta einnig af því að fylgjast með og vega og meta orð, hugmyndir og framgöngu annarra. Jeffs og Smith (2005) telja grundvallarforsendur þess að skapa uppbyggjandi og menntandi aðstæður í frístundastarfi að starfsfólk tileinki sér virðingu fyrir einstaklingum og persónu hvers og eins, stuðli að velferð allra og hafi sannleiksgildi alltaf að leiðarljósi. Þá sé mikilvægt að hlúa að lýðræði og gæta jafnréttis og sanngirni í allri framgöngu. Þessum gildum er mikilvægt að hlúa að í umræðum.

Til að leiða umræður í skipulögðu félags- og tómstundastarfi þarf starfsfólk að vera opið fyrir því sem fram fer í umræðum, leyfa umræðum að flæða en vera viðbúið breytingum því frjálsar umræður leiðast oft í ólíklegustu áttir. Það er jafnframt mikilvægt að nýta öll viðfangsefni og tækifæri sem gefast sem uppsprettu fyrir umræður, spyrja spurninga (sjá dæmi um spurningar hér í lok kaflans) og læra eins og

kostur er á þann hóp einstaklinga sem unnið er með til að geta leitt umræður á uppbyggilegan og merkingarbæran hátt (Smith, 2010). Stærsta áskorun þess sem leiðir umræður getur falist í því að grípa ekki of snemma inn í, leyfa þögn að lifa og gefa þannig svigrúm til að umræður þróist á forsendum þátttakenda.

Umræður ættu einnig að snúast um verklag og undirbúning fyrir ákvarðanatöku. Í skipulögðu félags- og tómsundastarfi standa þátttakendur, þá sérstaklega börn og unglingar, oft frammi fyrir því að greiða atkvæði við afgreiðslu mála eða ákvarðanatöku. Mikilvægt er að leyfa þátttakendum að ræða málin í aðdraganda ákvarðanatöku, t.d. í hópastarfi eða í starfi ráða og nefnda. Góðar umræður tryggja að allir séu upplýstir eins og frekast er kostur, að ólík sjónarmið hafi komið fram og jafnvel tillögur að lausnum. Þá er jafnframt mikilvægt að gefa færi á umræðu um ákvarðanatökufæri (sjá dæmi um spurningar í lok kaflans), hvernig eigi að standa að ákvörðun eða ljúka málum, og hvaða áhrif það geti haft á framvindu mála.

Sömu lögmál gilda í öllu félags- og tómsundastarfi ólíkra aldurshópa. Áhersla á umræður og að efla færni í uppbyggilegum samræðum með virðingu að leiðarljósi eru mikilvægir þættir í stórum hreyfingum og félagsamtökum fólks á öllum aldri. Þar sem fullorðnir eru þátttakendur má þó ætla að ábyrgð á þeim gildum og verklagi sem viðhaft er í umræðum sé á ábyrgð allra. Mál geta þó þróast þannig að einstaklingar og hópar fólks upplifi ekki stöðu sína og möguleika með þeim hætti að það treysti sér til að deila skoðunum sínum og vangaveltum, t.d. á opnum fundum. Það getur átt við fólk sem upplifir sig jafnarsett í samfélaginu, s.s. vegna fötlunar, tungumála-örðugleika eða félagslegrar stöðu. Á sama hátt getur fólk sem upplifir stöðu sína sterka oft tekið mikið pláss með skoðanir sínar og vangaveltur í samræðum án þess að gera sér grein fyrir sterkri stöðu sinni gagnvart öðrum. Því hvílir ábyrgð á þeim sem leiða starfið að tryggja aðkomu og möguleika allra, hvetja til virðingar og umburðarlyndis þegar við á, skapa reglulega vettvang fyrir þátttakendur til að þjálfra samskiptafærni og efla trú fólks á eigin getu.

Viðhorf og sýn starfsfólks á lýðræði og eigin starfsaðferðir

Hugmyndir og sýn starfsfólks í skipulögðu félags- og tómsundastarfi á lýðræði og


merkingu þess í lífi og starfi hafa áhrif inn í starfið. Því er mikilvægt að fólk geri sér grein fyrir eigin hugmyndum og sýn og fái reglulega tækifæri til að ígrunda hana í tengslum við starfið. Það er grundvöllur þess að geta starfað í lýðræði, með lýðræði og að lýðræði, hvort sem er hjá félagsamtökum eða sveitarfélögum. Starfsfólk í ólíkum fagstéttum er oft á tíðum óöruggt þegar kemur að vinnu með lýðræði og lýðræðislega starfshætti (Anna Magnea Hreinsdóttir, 2013). Með því að skapa svigrúm fyrir starfsfólk eflist það til góðra verka. Svigrúmið getur falist í reglulegum fundum þar sem starfshættir og sýn á starfið er til umræðu, í námskeiðum þar sem unnið er með lýðræði og starfsaðferðir og þróunarverkefni sem sérstaklega eru sett upp til að skapa starfsfólki grundvöll til að þjálfra sínar aðferðir og starfshætti á hverjum stað. Það ýtir undir möguleika starfsfólks til að efla lýðræðislega starfshætti í umhverfi barna og unglunga og vinna markvissara að því að efla lýðræðisþekkingu þeirra, færni þeirra til að starfa á grunni lýðræðislegra gilda og á sama tíma virkja þau með til þátttöku á forsendum lýðræðis í starfinu, m.a. í ákvarðanatöku sem og á öðrum sviðum starfsins. Einn af mikilvægum þáttum er meðvitund starfsfólks um sig sjálft sem fyrirmyndir í starfi, bæði hvað varðar framgöngu í starfi en líka þegar kemur að skoðunum, gildum og lífssýn.

Ein leið er að skoða með markvissum hætti mögulega aðkomu barna og unglunga í skipulögðu félags- og tómsundastarfi að ákvarðanatöku. Í slíkri vinnu mætti nýta greiningarlíkan Shiers (2001) sem sjá má á mynd 1 til að kalla fram áherslupætti í starfsemi félagsamtaka eða stofnana varðandi aðkomu barna og unglunga að ákvörðunartöku í samræmi við 12. grein Sáttamála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Einstaklingar geta jafnframt nýtt líkanið til að skoða sín eigin störf innan félagsamtaka eða stofnana.

Líkanið byggir á grundvallarspurningum í fimm þrepum, allt frá því að hlustað er á börn í 1. þrepi þar til börn deila ábyrgð og valdi með fullorðnum við ákvarðanatöku í 5. þrepi. Greiningin er dýpkuð með þremur víddum þar sem greind er staða mála, möguleg tækifæri og skyldur til að tryggja aðkomu barna og unglunga. Fyrsta víddin, grundvöllur, snýst um viðhorf sem birtast í starfsemi. Önnur víddin, tækifæri, snýr að þeim tækifærum sem eru til aðgerða á meðan þriðja víddin, skyldur,

kortleggur stefnur og starfsskyldur. Í notkun líkansins er mikilvægt að hafa í huga að starfsaðferðir og leiðir innan félags eða stofnunar geta komið mismunandi út úr slíkri greiningu. Í félagsmiðstöð gæti það átt við að börn og unglingar séu sannarlega virkjuð með og deili valdi með fullorðnum við ákvarðanatöku í dagskrárgerð (á 4. og 5. stigi) enda eru unglingaráð, barnafundir og opnir umræðufundir fastur liður í starfi félagsmiðstöðva og þeirra getið í starfsáætlunum,

starfskrám eða öðrum stefnuskjölum. Í sömu félagsmiðstöð gæti það átt við að ákvörðun um þróunarverkefni innan hennar byggi á því sem komið hefur fram í máli, hugmyndum eða óskum barna og unglinga (1. stig) án þess að þau komi að nokkru öðru leyti að ákvörðuninni. Líkanið gerir því þeim sem það nota kleift að huga að ólíkum þáttum starfseminnar og gefur jafnframt til kynna að hægt er að staðsetja aðkomu barna að ákvarðanatöku á ólíkum stað eftir viðfangsefnum.



Mynd 1. Greiningarlíkan um aðkomu barna að ákvörðunum

(Shier, 2001; 2006)

Dæmi

Í félagsmiðstöð hefur hópur starfsfólks velt fyrir sér með hvaða hætti unglingar eru virkjaðir í ákvarðanatöku. Á stigi 3 þar sem tekið er tillit til sjónarmiða barna við ákvarðanir hefur hópurinn svarað þeirri spurning játandi að allir séu tilbúnir til þess að taka mið af skoðunum og viðhorfum barna þegar dagskrá félagsmiðstöðvarinnar er undirbúin. Jafnframt hefur hópurinn svarað því játandi að ákvarðanaferlið sjálft geri þeim kleift að taka tillit til sjónarmiða barnanna og sú staðhæfing er rökstudd með því að vísa til verklags sem unnið er eftir í félagsmiðstöðinni. Verklagið felur í sér að kallað er eftir hugmyndum barna að viðfangsefnum á dagskrá eftir skýrum leiðum sem allir þekkja, svokölluðum hugmyndabanka á netinu sem allir geta sett inn í sem og hugarflugsfundum tvisvar sinnum á önn. Þau geta jafnframt svarað þriðju spurningunni játandi um að í gildi sé frístundastefna sveitarfélagsins þar sem kveði skýrt á um að tillit sé tekið til sjónarmiða og áhuga barnanna varðandi innihald og framkvæmd starfsins.

Að sama skapi hefur starfsmannahópurinn svarað því játandi að þau séu tilbúin til að virkja börnin með í ákvarðanatökuférlinu sjálfu þegar kemur að því að setja niður dagskrá félagsmiðstöðvarinnar. Það kemur hins vegar í ljós að það er ekkert verklag eða leiðir ennþá sem notaðar eru í starfinu sem gerir þeim kleift að virkja börnin með þegar ákvarðanir eru teknar um hvað fer á dagskrána og hvað ekki. Og jafnframt kemur það í ljós að stefna sveitarfélagsins kveður ekki á um það né er það skýrt í starfsáætlun félagsmiðstöðvarinnar. Þar sér fólk tækifæri til að setja sér markmið um að skapa tækifæri til að bæta þar úr og jafnframt setja inn í starfsáætlun félagsmiðstöðvarinnar.

Þegar kemur að því að taka ákvarðanir um útteilingu fjármagns og gerð fjárhagsáætlunar félagsmiðstöðvarinnar þá greinir hópurinn viðhorf sín þannig að þau séu tilbúin til að hlusta á börn varðandi áherslupætti í útteilingu fjármagns (1. þrep) en á sama tíma kemst hópurinn að því að það er ekkert verklag eða tækifæri enn í starfinu sem gera þeim það kleift og ekki er komið inn á slíkt í stefnu sveitarfélagsins né starfsáætlun starfsstaðarins. Þar sér hópurinn jafnframt tækifæri til að setja sér markmið um að vinna að þeim þáttum.

Starfsmaður eða leiðbeinandi sem kallar eftir sjónarmiðum annarra og sýnir skoðunum og hugmyndum virðingu og áhuga, er mikilvæg fyrirmynd um samskipti sem einkennast af umhyggju og virðingu. Slíkur starfsmaður hlúir um leið að lýðræðisvitund og ræktar uppeldis- og leiðtogahlutverk sitt af kostgæfni.

Starfsumhverfi stofnana og félagasamtaka, sem og viðhorf starfsfólks, þarf að einkennast af vilja til að hlúa að þessum þáttum starfsins og setja á dagskrá með formlegum hætti. Orð eru til alls fyrst. Þar sem lýðræðisáherslur er að finna í stefnum, starfsáætlunum og starfsreglum á merkingarbæran og skýran hátt er árangurs að vænta.

Skipulagt félags- og tómstundstarf sem vettvangur ábyrgðar og sjálfsefingar

Að læra til lýðræðis í lýðræði, þ.e. í umhverfi og umgjörð sem einkennist af lýðræðislegri skipan og starfsháttum, er mikilvæg reynsla fyrir

frekari þátttöku í samfélaginu. Það á jafnt við um börn, unglinga og fullorðið fólk.

Skipulagt félags- og tómstundstarf er fyrst og fremst vettvangur þeirra sem þar taka þátt af fúsum og frjálsum vilja og ætti alltaf að gefa færi á umræðum um starfsemina og aðkomu þátttakenda á fjölbreyttan hátt. Mikilvægasta hlutverk leiðtoga, leiðbeinenda eða starfsfólks er að skapa vettvang fyrir þátttakendur og aðstæður til að hafa sem víðtækust áhrif á inntak og framkvæmd starfsins. Starfsfólk og leiðbeinendur sem ná hvað mestum árangri í slíkri umgjörð bera alla jafna einkenni samvinnuleiðtogans (e. collaborative leadership) og fylgja hugmyndafræði þjónandi forystu (e. servant leadership), hvort sem það er meðvitað eður ei (sjá t.d. Fitzsimons, Hope, Cooper og Russel, 2011).

Þar sem samvinna og þjónandi forysta eru í fyrirrúmi í skipulögðu félags- og tómstundstarfi hafa starfshættir þróast í lýðræðisátt. Í félagsmiðstöðvum á Íslandi er sterk hefð fyrir

starfsemi unglingaráða og að þeirri fyrirmynd einnig barnaráð í frístundaheimilum. Hlutverk þessara ráða er aðkoma að inntaki dagskrár og viðfangsefna eftir verklagi sem þróast hefur á undanförunum áratugum. Á sérstökum barnafundum í frístundaheimilum (sjá t.d. Winswold og Solberg, 2010 og Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, 2015-a og 2015-b) eru skapaðar aðstæður fyrir þau börn sem sækja frístundaheimilið til að segja frá, ræða áhugamál sín og koma með tillögur að viðfangsefnum í daglegu starfi frístundaheimilisins. Í mörgum tilfellum hafa þau svo tækifæri til að aðstoða við undirbúning og framkvæmd. Þátttaka í hugmyndavinnu, undirbúningi verkefna, framkvæmd þeirra og frágangi og uppgjöri í lokin skapa þátttakendum fjölmörg tækifæri til umræðna og annars konar samskipta. Þar geta skoðanir verið ólíkar, margar hugmyndir á borðinu og mögulegar leiðir ólíkar, allt eftir forsendum hverju sinni. Ef stuðningur og leiðsögn eru fyrir hendi er samstarf barna og fullorðinna um dagleg viðfangsefni í skipulögðu félags- og tómstundastarfi á jafnréttisgrundvelli hafsjór tækifæra til sjálfseflingar.

Það ætti að vera eitt af leiðarljósum í öllum fundarhöldum og hugmyndavinnu með börnum og unglimum að þau fái eins mikla ábyrgð og frekast er kostur. Það er jafnframt mikilvægt að þau séu meðvituð um framgang þeirra mála sem rædd eru á slíkum fundum, viti hvað tekur við þegar tillögur hafa verið settar fram og hvernig málin verða afgreidd ef þau hafa ekki aðkomu að ákvarðanatökuferlinu sjálfu eða framkvæmd verkefna. Að öðrum kosti dregur verulega úr menntunar- og þroskagildi þátttökunar og upplifun barna getur orðið á þá leið að þau missi trúna á að raunverulega sé tekið tillit til skoðana þeirra og viðhorfa sem aftur dregur úr vilja til þátttöku í slíku ferli.

Félagasamtök hafa sömu möguleika. Oft starfa félagasamtök með sterk gildi að leiðarljósi og markmið félaganna eru oft á tíðum skýr forsenda þess starfs sem þar er unnið. Hins vegar þarf það ekki endilega að vera meitlað í stein hvaða leiðir eru færar að settu marki og því kjörinn sjálfseflingarleið að þátttakendur komi að því að ræða og móta þær leiðir sem mögulegar eru til að vinna að markmiðum félagsins sem og að koma að undirbúningi, framkvæmd og eftirfylgd eftir því sem frekast er kostur. Huga þarf sterklega að meðvitund um

fagvæðingu félagsstarfa og lýðræðishalla sem fjallað var um framar í þessum kafla.

Sérstaklega er mikilvægt að félagasamtök með barna- og unglिंगastarf leggi áherslu á aðkomu þeirra að heildarsamtökunum, ekki bara innan sinna deilda eða hóps. Það er liður í því að efla þau og virkja til framtíðaráhrifa innan félagsins og ábyrgðar. Leið sem fjölmörg félög hafa farið er að stofna sérstök ungmennaráð eða sambærilegar einingar ungs fólks innan stórra félaga eða félagasamtaka. Slík ráð eiga að tryggja ungu fólki boðleiðir innan félagsins og getur jafnframt verið stökkpallur fyrir frekari aðkomu að starfi félaga og samtaka. Það ber þó að varast að slíkt ráð verði ekki hópur sérvalinna einstaklinga, nokkurs konar aukavald, á milli stjórnar og ungs fólks innan félagasamtakanna.

Að lokum er vert að minna á mikilvægi þess að standa fyrir fjölbreyttum leiðum til þátttöku í skipulögðu félags- og tómstundastarfi, hvort sem er á vegum félagasamtaka eða opinberra aðila. Áhersla á ráð og nefndir, unglingaráð og ungmennaráð, framkvæmdaráð eða aðra hópa sem starfa á forsendum fulltrúalýðræðis geta dregið úr tækifærum þeirra sem standa utan þeirra og dregið úr upplifun þeirra um möguleika á aðkomu að starfseminni. Á sama tíma þarf að huga að því að það eru ekki allir sem upplifa jöfn tækifæri til slíkrar þátttöku og seta í ráðum og nefndum hentar alls ekki öllum. Því þarf skipulagt félags- og tómstundastarf að skapa vettvang og hlúa að ólíkum leiðum til þátttöku og virkni allra.

Lokaorð

Lýðræði er flókið og vítt hugtak en notkun þess hefur sótt á í allri umræðu um frístundastarf, þá sérstaklega skipulagt félags- og tómstundastarf. Hvort sem um er að ræða starfsemi og kerfi eða hugmyndir um inntak er ljóst að umræða um lýðræði mótast alltaf af þeirri merkingu sem hver og einn leggur í hugtakið. Í gegnum skipulagt félags- og tómstundastarf eru mörg tækifæri til lýðræðislegrar þátttöku sem og tækifæri til að efla lýðræðisvitund. Ábyrgð þeirra sem starfa á slíkum vettvangi er því mikil í að skapa aðstæður svo allir geti nýtt þessi dýrmætu tækifæri, hvort sem um er að ræða börn og unglina, fullorðna, fólk sem telur sig hafa sterka stöðu í samfélaginu sem og fólk sem upplifir sig á einhvern hátt jaðarsett. Viðhorf og gildi þeirra sem starfa á vettvangi skipta

sköpum sem og þær aðferðir sem nýttar eru í daglegu starfi.

Það er von mín að það efni sem hér hefur verið sett fram varpi ljósi á mikilvægi lýðræðis í skipulögðu félags- og tómstundastarfi, auki skilning þeirra sem starfa á vettvangi á

áhrifaþáttum á lýðræði í starfinu og veiti jafnframt innblástur til að leggja aukinni lýðræðisvitund og sjálfeflingu fólks á öllum aldri lið – í átt til betra og lýðræðislegra samfélags.

*Spurningar fyrir
leiðbeinanda í umræðum –
Dæmi*

Það er mikilvægt að þeir sem eru þátttakendur í umræðum, sérstaklega börn og unglingar, finni fyrir öryggi. Hlutverk leiðbeinanda eða starfsfólks er því afar mikilvægt, bæði við að skapa aðstæður fyrir uppbyggilegar umræður, sem og til að dýpka reynslu þátttakenda. Ein leiðin er að vera vakandi fyrir umræðuefninu og spyrja spurninga sem kalla á dýpri skilning, bæði þess sem talar og eins hinna sem hlusta. Þar gildir að orða spurningar á þann veg að þær kafi dýpra. Slíkar spurningar eru oft nefndar hv-spurningar og hefjast á orðum eins og hvað, hvers vegna, hvernig og gefa þar af leiðandi ekki færi á svörum já eða nei.

Dæmi um spurningar sem hægt er að styðjast við

- Útskýrðu aðeins nánar fyrir okkur hvað þú átt við með.... ?
- Hvers vegna heldurðu að það sé þannig að....?
- Hvernig gætu aðrir séð þetta mál?
- Hvað myndu aðrir segja ef þeir væru hér að ræða málið með okkur?
- Hvers vegna gætu einhverjir verið ósammála þessu?
- Hvaða afleiðingar getur þetta haft fyrir.... ?

*Spurningar fyrir
leiðbeinanda í hópastarfi –
Dæmi*

Það getur verið dýrmætt í skipulögðu félags- og tómstundastarfi að ganga ekki út frá því í upphafi að allir séu þátttakendur á sömu forsendum. Einn liður í góðum undirbúningi og farsælu starfi ráða, nefnda eða einstakra hópa er að hefja starfið með góðri umræðu. Það er jafnframt mikilvægt þegar endurnýjun á sér stað, t.d. í ungmennaráðum, unglingaráðum eða öðrum hópum sem starfað hafa lengi svo allir þátttakendur upplifi sig sem jafngilda þátttakendur frá upphafi.

Dæmi um spurningar sem geta stutt við starfið í upphafi:

- Hvað einkennir þennan hóp? Hvers vegna?
- Hverju viljum við breyta í okkar hópi? Hvers vegna?
- Hvernig viljum við vinna saman sem hópur? Hvers vegna?
- Hvaða leiðir aðrar væri hægt að fara til að vinna að þessu viðfangsefni?
- Hvernig viljum við að samskiptum okkar sé háttáð? Hvers vegna?
- Hvernig viljum við taka ákvarðanir í okkar hópi? Um einstök mál? Um verkefni?
- Hvað viljum við alls ekki að gerist í okkar hópi/ þessu verkefni? Hvers vegna?

Heimildir

- Anna Magnea Hreinsdóttir. (2013). „Hversu lýðræðisleg á ég að vera?“ Þróunarstarf um lýðræði og mannréttindi í leikskólanum Árbæ. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2013/ryn/009.pdf>
- Banaji, S. (2008). The trouble with civic: A snapshot of young people's civic and political engagements in twenty-first-century democracies. *Journal of Youth Studies*, 11(5):543-560.
- Bessant, J. (2004). Mixed Messages: Youth Participation and Democratic Practice. *Australian Journal of Political Science*, 39(2):387-404.
- Checkoway, B. (2011). What is youth participation? *Children and Youth Services Review* 33:340-345.
- Fitzsimons, A., Hope, M., Cooper, C. og Russel, K. (2011). *Empowering and Participation in Youth Work*. Exeter: Learning Matters.
- Flanagan, C.A., Gallay, L.S., Gill, S., Gallay, E. og Nti, N. (2005). What does Democracy Mean? Correlates of Adolescents' View. *Journal of Adolescent Research*, 20(2):193-218.
- Frumvarp til laga um félagasamtök til almannaheilla – Drög. (án árs). Sótt af <https://www.atvinnuvegaraduneyti.is/media/frumvarpsdrog/Frumvarp-til-laga-um-felagasamtok-til-almannaheilla.pdf>
- Glover, T.D. (2002). Citizenship and the Production of Public Recreation: Is there an Empirical Relationship? *Journal of Leisure Research*, 34(2):204-231.
- Head, B.W. (2011). Why not ask them? Mapping and promoting youth participation. *Children and Youth Service Review* 33:541-547.
- Hemingway, J.L. (1999). Leisure, Social Capital, and Democratic Citizenship. *Journal of Leisure Research*, 31(2): 150-165.
- Hjördís Eva Þórðardóttir. (án árs). *Að tala við börn um stríð*. Sótt af <https://unicef.is/a%C3%B0-tala-vi%C3%B0-b%C3%B6rn-um-str%C3%AD%C3%B0>
- Jón Thoroddsen. (2016). *Gagnrýni og gaman: samræður og spurningalist*. Reykjavík: Iðnú.
- Jeffs, T. og Smith, M. K. (2005). *Informal education: Conversation, democracy and learning*. (Endurskoðuð útgáfa). Nottingham: Educational Heretics Press
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2016). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011: Greinasvið 2013 – 3. útgáfa*. Reykjavík: Höfundur.
- Ólafur Páll Jónsson. (2008). Lýðræði, menntun og þátttaka. *Netla: Vef tímarit um uppeldi og menntun* (30. desember 2008). Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2008/013/>
- Ólafur Páll Jónsson. (2011). *Lýðræði, réttlæti og menntun. Hugleiðingar um skilyrði mennskunnar*. Reykjavík, Háskólaútgáfan.
- Ómar H. Kristmundsson og Steinunn Hrafnadóttir. (2013). *Hverju skipta sjálfboðaliðar fyrir íslensk félagasamtök?* *Stjórnsmál & stjórnsýsla* 9(2):567-584.
- Ragný Þóra Guðjohnsen. (2016). *Young people's ideas of what it means to be a good citizen. The role of empathy, volunteering and parental styles* (doktorsritgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík. Sótt af <https://opinvisindi.is/bitstream/handle/20.500.11815/198/Ragny%20Thora%20Gudjohnsen.pdf?sequence=1>
- Samningur sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013.*
- Samningur sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks í íslenskri þýðingu* (2013) http://www.althingi.is/alttext/pdf/145/fylgiskjol/s0183-f_I.pdf

- Shier, H. (2001). Pathways to Participation: Openings, Opportunities and Obligations. A New Model for Enhancing Children's Participation in Decision-making, in line with Article 12.1 of the United Nations Convention on the Rights of the Child. *Children and Society*, 15:107-117. DOI:10.1002/CHI.617
- Shier, H. (2006). Pathways to Participation Revisited: Nicaragua Perspective. *Middle Schooling Review* (New Zealand) 2:14-19. http://www.harryshier.net/docs/Shier-pathways_to_Participation_Revisited_NZ2006.pdf
- Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2007). *Virðing og umhyggja – Ákall 21. aldar*. Reykjavík: Heimskringla
- Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2011). *Borgaravitund ungs fólks í Lýðræðisþjóðfélagi*. Reykjavík, Rannsóknarsetrið Lífshættir barna og ungmenna, Félagsvísindastofnun og Menntavísindastofnun Háskóla Íslands.
- Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2015). Ákall og áskoranir: Vegsemd og virðing í skólastarfi. *Netla – Vef tímarit um uppleði og menntun*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2015/alm/005.pdf>
- Sigrún Aðalbjarnardóttir og Eva Harðardóttir. (2012) Lýðræðislegar bekkjarumræður og viðhorf til réttinda innflytjenda: Sýn nemenda. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2012*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2012/013.pdf>
- Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. (2015-a). *Starfskrá frístundamiðstöðva*. Reykjavík: Höfundur.
- Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. (2015-b). *Viðmið og vísbendingar fyrir innra og ytra mat á gæðum frístundastarfs*. Reykjavík: Höfundur.
- Smith, H. (2010). Engaging in conversation. Í Jeffs, T. og Smith, M.K. (ritstjórar) *Youth work Practice*. Hampshire: Palgrave Macmillan.
- Steinunn Hrafnisdóttir, Guðbjörg Andrea Jónsdóttir og Ómar H. Kristmundsson. (2014). Þátttaka í sjálfbæðastarfi á Íslandi. *Stjórnmal & stjórnsýsla* 10(2):425-442. <http://skemman.is/stream/get/1946/23394/53190/1/a.2014.10.2.12.pdf>
- Vanda Sigurgeirsdóttir. (2010). Skilgreining á hugtakinu tómsundur. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af <http://netla.khi.is/menntakvika2010/025.pdf>
- Winswold, A. og Solberg, A. (2010). *Leiðir til að virkja börn til þátttöku – nokkur dæmi*. Norrænt rit í tilefni 20 ára afmælis Barnasáttmála SP. Kaupmannahöfn: Norræna ráðherranefndin.
- Wolfgang Edelstein. (2010). Lýðræði verður að læra! *Netla – Vef tímarit um uppleði og menntun*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. <http://netla.hi.is/greinar/2010/005/prent/index.htm>

Barnasáttmálinn og æskulýðsstarf

Er um við að hlusta?

Alfa Aradóttir

Inngangur

Í kjölfar þess að íslenska ríkið lögfesti Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (hér eftir nefndur Barnasáttmálinn) liggur fyrir að innleiða þarf réttindi barna í verkferla og regluverk hjá sveitarfélögum og öðrum þeim sem starfa með börnum. Í þeirri vinnu þurfa margar raddir að heyrast og mikilvægast að búa þannig um að raddir barna fái að heyrast og ekki síður að tryggja að réttmætt tillit sé tekið til þeirra. Börn eru viðkvæmur hópur sem samfélagið þarf að styðja vel við og gæta þess að þeirra réttindi séu virt. Skoðanir barna eiga svo sannarlega rétt á því að heyrast og verða fullgildar í samfélagi fullorðinna. Frá fæðingu hafa börn réttindi og því betur sem tekst að virða þau og búa börnum mannsæmandi líf má búast við betri framtíð fyrir alla. Barnasáttmálinn var fullgiltur á Íslandi árið 1992 en hann var ekki lögfestur fyrr en árið 2013. Það var í raun ekki fyrr en að hann var lögfestur að Íslendingar fóru að velta honum fyrir sér af alvöru og þeim áhrifum sem hann hefur.

Í þessum kafla er ætlunin að skoða umhverfi æskulýðsmála eins og það er nú við upphaf innleiðingar Barnasáttmálans. Barnasáttmálinn sjálfur er skoðaður og hvernig honum er fylgt eftir, einnig er ætlunin að segja frá leið til innleiðingar hans hjá sveitarfélögum landsins sem kallast Barnvæn sveitarfélög.

Um Barnasáttmálann

Barnasáttmálinn er alþjóðlegur samningur sem segir til um réttindi barna og lögfestir skyldu aðildarríkja til að tryggja öllum börnum vernd og umönnun. Sáttmálinn inniheldur ákvæði um verndun grundvallarmannréttinda barna. Hann tekur meðal annars á réttindum barna til lífs, friðhelgi, fjölskyldu- og einkalífs. Sáttmálinn leggur þær skyldur á aðildarríkin að tryggja börnum velferð. Samningurinn nýtur mikils stuðnings alþjóðasamfélagsins.

Þrátt fyrir að Barnasáttmálinn hafi verið fullgiltur á Íslandi árið 1992 hafði hann lítil sýnileg áhrif þá, enda gátu börn ekki byggt beinan rétt sinn á sáttmálanum fyrr en með lögfestingu. Því var það mikilvægt skref að lögfesta sáttmálann en það var gert 20. febrúar 2013. Lögfesting sáttmálans þýðir að ekki er undan því vikist að hafa Barnasáttmálann til grundvallar ákvarðanatöku um öll mál sem snerta börn. Samkvæmt íslenskum rétti fá fullgiltir alþjóðlegir samningar eins og Barnasáttmálinn ekki sjálfkrafa lagalegt gildi framyfir landslög en stangist íslensk lög á við alþjóðalög skulu þau íslensku gilda nema í þeim tilfellum sem alþjóðasamningar ganga lengra en íslensk lög.

Barnasáttmálinn er yfirgripsmikill alþjóðasamningur og hefur hann verið leiðarljós þeirra sem unnið hafa að því að bæta hag barna (Umboðsmaður barna, e.d.-a) Sérstaða Barnasáttmálans liggur meðal annars í því að í honum eru réttindi barna í fyrsta sinn sett í alþjóðalög en hann felur í sér skuldbindandi samkomulag milli þjóða heimsins. Sáttmálinn er fyrsti alþjóðlegi samningurinn sem tekur til allra einstaklinga sem ekki hafa náð 18 ára aldri. Það er sérstakt við samninginn að hann lýtur upplýsingaskyldu aðildarríkja sáttmálans um framkvæmd hans gagnvart alþjóðlegum eftirlitsaðila, barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna. Sú nefnd er alþjóðlega kjörin og í henni sitja sérfræðingar sem hafa viðurkennda þekkingu á þeim málum sem sáttmálinn tekur yfir. Nefndin hefur það hlutverk að fylgjast með því hvernig sáttmálanum er fylgt eftir í hverju aðildarríki fyrir sig og kemur með tillögum til úrbóta fyrir hlutaðeigandi ríki (Umboðsmaður barna, e.d.-b).

Hér á landi er það embætti Umboðsmanns barna sem hefur upplýsingaskyldu til barnaréttarnefndarinnar. Embættið var stofnað árið 1995 að norskri fyrirmynd. Megin tilgangurinn með

stofnuninni var að tryggja enn betur réttindi og velferð barna. Sjálf eru börn ekki þess megnug að hafa áhrif á löggjöf eða aðra ákvarðanatöku í samfélaginu sem snerta hag barna beint eða óbeint. Umboðsmaður barna hefur það hlutverk að stuðla að framgangi Barnasáttmálans á Íslandi. Tekur embættið saman gögn á fimm ára fresti að beiðni barnaréttarnefndar og skilar til nefndarinnar. Barnaréttarnefndin leggur mat á stöðu barna út frá þeim gögnum sem Umboðsmaður aflar. Hann skilar svo af sér athugasemdum byggðum á þeim gögnum sem íslensk stjórnvöld eiga að vinna með (Umboðsmaður barna, e.d.-b).

Barnasáttmálinn samanstendur af 54 greinum sem tilgreina ólík réttindi barna. Þessar 54 greinar skiptast í þrjá hluta. Fyrsti hluti sáttmálans (1. - 41. gr.) fjallar um rétt barna og skyldur aðildarríkja gagnvart börnum. Annar hluti (42. - 45. gr.) kveður á um upplýsingaskyldu aðildarríkjanna gagnvart barnaréttarnefndinni og almenningi og starfshætti nefndarinnar. Þriðji hlutinn (46. - 54. gr.) fjallar svo um formsatriði sáttmálans svo sem fullgildinguna og uppsögn hans.

Þegar kemur að tengingu við fræðilega umfjöllun í fyrsta hluta sáttmálans, greinum 1-41, er honum skipt í þrjú svið, umhyggju, vernd og þátttöku. Flokkuninni er ætlað að vera verkfæri til að lýsa betur innbyrðis tengslum greina sáttmálans.

- *Vernd. Barnasáttmálinn kveður á um vernd grundvallarmannréttinda barna s.s. rétturinn til lífs, friðhelgi fjölskyldu- og einkalífs, félagas-, skoðana-, tjáningar- og trúfrelsis.*
- *Umönnun. Barnasáttmálinn leggur skyldur á aðildarríkin að grípa til aðgerða til að tryggja velferð barna, m.a. á sviði heilbrigðis-, mennta- og félagsmála.*
- *Þátttaka. Barnasáttmálinn tryggir börnum rétt til þess að láta í ljós skoðanir sínar á öllum málum er þau varða með einum eða öðrum hætti. Taka ber tillit til skoðana barna í samræmi við aldur þeirra og þroska.*

(Barnasáttmálinn, e.d.)

Hægt er að nálgast Barnasáttmálann út frá nokkrum hliðum. Þessar hliðar eru hin pólitíska hlið, uppeldislega hlið, siðferðilega hlið og svo hin lögfræðilega hlið. Umræður um barnasáttmálann eru jafnan á lögfræðilegum nótum

en það gleymist gjarnan að sáttmálinn hefur uppeldisleg markmið sem miða að því að undirbúa börn fyrir þátttöku í lýðræðis-samfélagi. Í sáttmálanum kemur fram að börn eru viðkvæmur hópur sem þarf að vernda sérstaklega og að þau eiga sinn rétt sem fullgildir þátttakendur í samfélaginu (Umboðsmaður barna, e.d.-a).

Ungmennaráðum hefur farið fjölgandi bæði hjá frjálsum félagasamtökum og hjá sveitarfélögum. Gæta þarf sérstaklega að umhverfi ungmennaráða og taka tillit til allra þessara hliða Barnasáttmálans þegar kemur að því að búa til umgjörð fyrir ungmennaráð.

Æskulýðsstarf og réttindi barna

Til að átta sig á hvernig Barnasáttmálinn vinnur er nauðsynlegt að skoða nokkrar greinar hans og setja í samhengi við frístundapjónustu. Einnig er mikilvægt að þekkja og átta sig á hvernig barnaréttarnefndin vinnur og skoða dæmi um þær athugasemdir sem hún hefur gert við íslensk stjórnvöld.

Grundvallarákvæðin fjögur

Fjórar greinar kallast grundvallarákvæði þó svo öll ákvæði sáttmálans séu jafn mikilvæg. Þetta eru greinar nr. 2, 3, 6 og 12 og eru þær flokkaðar sem grundvallarreglur. Þessar greinar standa frammar öðrum greinum sáttmálans og tengja ólíkar greinar hans saman (Umboðsmaður barna (e.d.-a).

2. grein. Jafnræði — bann við mismunun

Öll börn skulu njóta réttinda barnasáttmálans án tillits til kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúar, stjórnmálaskoðana, ætternis, fötlunar, félagslegrar stöðu eða annarra aðstæðna þeirra eða stöðu eða athafna foreldra þeirra.

Til að setja þessa grein í samhengi við æskulýðsstarf má sem dæmi nefna að öll börn eiga rétt á upplýsingum um það sem í boði er og mæta þarf stöðu þeirra svo að ekki séu hindranir á veginum sem koma í veg fyrir þátttöku barna. Þannig má til dæmis kom í veg fyrir að hópar barna af erlendum uppruna missi af tækifærum til þátttöku vegna tungumálaörðugleika. Einnig ber samfélaginu skylda til að grípa til aðgerða til að jafna tækifæri til þátttöku út frá félagslegri stöðu barna. Þannig þurfa ábyrgðaraðilar að gera ráðstafanir til að mæta ójafnræði með viðeigandi aðgerðum.

3. grein. Það sem barninu er fyrir bestu

Allar ákvarðanir eða ráðstafanir yfirvalda er varða börn skulu byggðar á því sem er börnum fyrir bestu. Setja á lög og reglur sem tryggja börnum þá vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst. Aðildarríki eiga að sjá til þess að stofnanir og þjónustuaðilar sem annast börn uppfylli reglur sem stjórnvöld hafa sett, sérstaklega um öryggi, heilsuvernd, fjölda og hæfni starfsmanna og yfirumsjón.

Til að setja þessa grein í samhengi við æskulýðsstarf má nefna til dæmis atriði sem snúa að þeim aðilum sem stýra starfi fyrir börn. Eru til reglur um menntunarviðmið fyrir starfsfólk eða gæðaviðmið um starfsemina? Er gætt að atriðum eins og nauðsynlegri mönnun og menntun starfsfólks þegar opinberir aðilar fela hinum ýmsu aðilum þjónustu við börn?

Samkvæmt þriðju greininni eiga börn rétt á því að stofnanir og þjónusta við börn uppfylli skilyrði um vernd og stuðning en einnig er í sáttmálanum bent á að þjónustan þurfi að vera aðgengileg fyrir börn og veitt á þeirra forsendum (Umboðsmaður barna, e.d.-a). En Barnaréttarnefndin gerði athugasemdir út frá þessari grein varðandi það að staða geðheilbrigðismála barna á Íslandi sé ekki nægjanlega góð. Þessi athugasemd á sér snertiflöt við æskulýðsstarf eða mögulegan skort á framboði á slíkri þjónustu fyrir börn sem eiga við andleg veikindi að stríða.

6. grein. Réttur til lífs og þroska

Sérhvert barn á meðfæddan rétt til lífs og skulu aðildarríkin tryggja að það megi lifa og þroskast.

Hér er um um grundvallaratriði að ræða og þessi réttindi eru vel þekkt hér á landi.

12. grein. Réttur til að láta skoðanir sínar í ljós og til að hafa áhrif

Börn eiga rétt á að láta í ljós skoðanir sínar í öllum málum er varða þau og að tekið sé réttmætt tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur þeirra og þroska. Börnum skal veitt tækifæri til að tjá sig um eigin málefni við málsmeðferð fyrir dómi eða stjórnvaldi.

Tólfta grein sáttmálans fjallar um rétt barna til að tjá skoðanir sínar og að bera eigi virðingu fyrir þeim. Meðal annars eiga þau rétt á því að

tjá skoðanir sínar á málefnum sveitarfélaga og ber sveitarfélögum skylda til að tryggja þennan rétt (Umboðsmaður barna, e.d.-a).

Athugasemdir Barnaréttarnefndarinnar

Barnaréttarnefndin hefur gert athugasemdir við framkvæmd Barnasáttmálans til íslenska ríkisins, nú síðast árið 2011 (Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna, 2011). M.a. hafa komið athugasemdir varðandi rétt barna til að tjá skoðanir sínar.

Ýmsar leiðir eru til svo tryggja megi þennan rétt barna en mörg sveitarfélög hafa t.d. stofnað ungmennaráð. Í æskulýðslögum frá 2007 er hvatt til stofnunar slíkra ráða (Æskulýðslög, 2007). Áhyggjur barnaréttarnefndar snéru m.a. að því hve lítið væri vitað um hvort ungmennaráð væru raunverulegur vettvangur fyrir börn til að tjá skoðanir sínar. Því má til dæmis velja upp hvort aldursmörk eigi að vera í ungmennaráðum, hvort þeir sem eiga þar sæti endurspegli fjölbreyttan hópa ungmenna og eins hvort fötluð börn eigi þar sæti. Mikilvæg viðmið og leiðbeiningar vantar fyrir þá aðila sem bera ábyrgð á því að halda utanum ungmennaráð en eins og vitað er eru börn viðkvæmur hópur og aðrar kröfur gerðar til utanumhalds á ungmennaráðum en til ráða sem eingöngu eru skipuð fullorðnu fólki.

Önnur athugasemd frá Barnaréttarnefndinni tengist æskulýðsstarfi og tómsendum barna. En hún lýtur að því að mismunur er á þjónustu milli sveitarfélaga. Þessi mismunur getur meðal annars haft áhrif á búsetu fólks en ekkert eftirlit er með því hvaða þjónustu sveitarfélög eru að bjóða börnum með sérþarfir. Skortur á slíkri þjónustu getur haft þau áhrif að fólk neyðist til að flytja á milli sveitarfélaga svo börn þeirra fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á (Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna, 2011).

Þannig hafa fjölmargar greinar sáttmálans áhrif á þau verkefni sem liggja hjá stofnunum sveitarfélaga og teygja sig inn til félagasamtaka sem sinna þjónustu við ungt fólk. Barnaréttarnefnd sér um að fylgja því eftir að aðildarríkin uppfylli skyldur sínar gagnvart sáttmálanum og sendir þeim athugasemdir reglulega eftir því sem við á. Í athugasemdum nefndarinnar til íslenska ríkisins frá árinu 2011 kemur meðal annars fram að skortur er á gagnasöfnunarkerfi um stöðu barna í samfélaginu. Það þýðir m.a. að ekki er til heildstætt yfirlit um stóran hóp barna í

sveitarfélögum. Það er því hætt á að hagsmunir þess hóps séu ekki metnir eins og þyrfti.

Ein athugasemd enn sem barnaréttarnefndin gerði í skýrslu sinni frá 2011 tengist 28. grein Barnasáttmálans. Hún fjallar um aðgerðir til að vinna gegn brottfalli barna úr námi en barnaréttarnefnd gerði athugasemdir við þennan vanda á Íslandi og nefnir sérstaklega brottfall nemenda af erlendum uppruna (Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna, 2011). Margt er gert til þess að vinna gegn brottfalli en ljóst er að gera þarf betur þar sem brottfall barna úr námi er hátt á Íslandi. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur því látið gera úttektir á brottfalli úr framhaldsskólum reglubundið síðustu ár og þannig hefur orðið til töluvert af upplýsingum um stöðuna (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2003). Í tengslum við þetta kemur berlega í ljós ákveðið flækjustig þar sem þjónusta er ýmist veitt af ríki, sveitarfélögum eða með samningum við þriðja aðila. Framhaldsskólar tilheyra ríkinu, sveitarfélagið sér um nærþjónustuna, s.s. félagsþjónustu og ýmis tilboð til ungmenna sem eru án virkni. Allir þessir aðilar hafa tengingu við ungmenni sem detta úr skóla. Er þetta dæmi um að bæta þarf samtal milli ábyrgðaraðila og undirstrikar þörfina fyrir heildarendurskoðun á stöðu barna.

Barnaréttarnefndin hefur endurtekið lýst yfir áhyggjum sínum af stöðu réttindamála barna. Hefur nefndin mælt til þess að aðildarríki geri ráðstafanir til að koma á skilvirku og varanlegu kerfi til samræmingar á framkvæmd stefnumála um réttindi barnanna milli allra hlutaðeigandi aðila og stofnana á öllum stigum. Einnig hefur nefndin mælt til þess að kerfinu skuli séð fyrir viðeigandi verkfærum og fjármagni til að sjá til þess að stefnumáli um réttindi barna séu heildstæð, samfelld og samræmd á lands- og svæðisvísu sem og á sveitarstjórnarstigi (Umboðsmaður barna, e.d.-a).

Af þessu má sjá að verk er að vinna í því að endurskoða og bæta samvinnu og verklag milli aðila, ekki síst ríkis og sveitarfélaga, sem veita börnum þjónustu.

Miklar breytingar hafa orðið á síðustu árum í umhverfi barna á Íslandi. Sem dæmi má nefna að skóladagurinn hefur lengst, vinna foreldra utan heimilis hefur aukist, tilkomu netsins og mikla notkun barna á snjalltækjum. Mikið framboð er af íþrótt- og tómstundatilboðum í sveitarfélögum landsins og mikill fjöldi barna er

virkur í ýmiskonar frístundastarfi. Skráningu um þátttöku barna er þó víða ábótavant. Sem dæmi er ekki hægt að skoða þátttöku og virkni barna nema að litlu leyti út frá aldri, hvort sum börn taki aldrei þátt eða hvort þátttaka einhverra barna sé jafnvel óæskilega mikil. Öll börn eiga rétt á tómstundum við hæfi en ef gæta á þess að öll börn geti notað þennan rétt sinn þarf að vera hægt að fylgjast með í gegnum skráningu hvort börn fái raunverulegt tækifæri til að nýta þennan rétt.

Í 31. grein sáttmálans er tryggður réttur barna til hvíldar og tómstunda, til að stunda leiki og skemmtanir sem hæfa aldri þeirra og til frjálsrar þátttöku í menningu og listum. Aðildarríki skulu stuðla að því að jöfn og viðeigandi tækifæri séu veitt til að stunda menningarlíf, listir og tómstundaiðju (Umboðsmaður barna, e.d.-a). Þessi grein er ágætt dæmi um þau tækifæri sem skapast til þess að endurskoða gamalt verklag og uppfæra starfsaðferðir með það að leiðarljósi að jafna möguleika barna til þátttöku og áhrifa. Meðal annars þegar kemur að aldri, kyni og ólíkum þörfum. Hér á landi er fjölbreytt frístundaþjónusta í boði en þörf er á að skoða og greina framboðið heildstætt. Eins þarf að skoða út frá réttindum barna hvort jafnræðis sé gætt þegar kemur að útteilingu á fjármagni til þessa málaflökks. Hvernig og hvaða tækifæri hafa börn og ungmenni til þess að hafa áhrif á framboð menningar? Fá þau tækifæri til að skapa sitt eigið menningarstarf?

Fyrir þá sem sinna frístundaþjónustu við börn eða halda úti starfsemi fyrir eða með börnum þá er þörf á að horfa sérstaklega til þess að leita eftir röddum barna þegar kemur að því að skipuleggja þjónustuna eða starfsemina. Ekki síður er nauðsynlegt að gæta jafnræðis við útteilingu fjármagns til frístundastarfs alls hjá sveitarfélögum. Hjá sveitarfélögum eru einnig mörg verkefni sem snerta börn og félagsþjónustu. Þar þarf að skoða vel hvort réttur barna til tjáningar sé virtur. Velta má því fyrir sér hvort aðgengi bara að málssvara sé raunverulega aðgengilegt. Einnig er þörf á að skoða betur jaðarhópa barna og leita sérstaklega eftir þeirra rödd þegar kemur að því að grípa til aðgerða sem snerta þeirra stöðu og þá þjónustu sem nauðsynleg er.

Með tilkomu Barnasáttmálans og þeim kröfum sem hann gerir til aðildarríkja um að tryggja réttindi barna þarf að skýra betur þann grunn sem æskulýðsmál sveitarfélaga hvíla á sem og

skyldur félagasamtaka sem sinna æskulýðsstarfi. Samfélagið þarf að tryggja að rödd barna heyrist þegar verið er að skipuleggja æskulýðsstarf og tryggja börnum vernd og jöfn tækifæri til þátttöku í slíku starfi.

Æskulýðsstarf sveitarfélaga á Íslandi hefur marga snertifleti og margar birtingarmyndir. Þar má nefna listir og menningu, atvinnu ungs fólks, samstarf við félagsþjónustu, lýðheilsu, forvarnir, óformlegt nám, lýðræði og samstarf við skóla. Þegar æskulýðsmál sveitarfélaga eru krufin má sjá að málaflokkurinn á tengingu við mörg ráðuneyti og margar deildir sveitarfélaga. Upplýsingar um rétt barna og stöðu þeirra liggja víða sem hefur áhrif á ákvarðanatöku um málefni barna og draga úr líkum á að unnið sé með markvissum og uppbyggjandi hætti. Jafnframt aukast líkur á að viðkvæmir hópar barna fái ekki sín réttindi uppfyllt. Réttindi barna hafa enn ekki verið skoðuð heildstætt hér á landi. Það er löngu tímabært og full þörf á.

Æskulýðs- og íþróttafélög eiga það sameiginlegt að þar hópast fólk saman í kringum eitt lykílahugamál. Þau félög starfa sjálfstætt og lúta sínum eigin lögmálum að mestu leyti. Þannig er ýmislegt sem skilur á milli æskulýðs- og íþróttastarfs frjálsra félagasamtaka og reksturs æskulýðsstarfs á vegum sveitarfélaganna. Mörg æskulýðs- og íþróttafélög fá stuðning frá sveitarfélögum og ríki, ýmist með fjárframlögum og/eða í formi aðstöðu. Misjafnt er milli sveitarfélaga hvort einhverjar og þá hvaða kröfur eru gerðar til félagasamtaka um þá þjónustu sem þau veita. Mörg félagasamtök sinna gæðastarfi þar sem m.a. er unnið eftir jafnréttisstefnu, eineltisstefnu og forvarnarstefnu svo eitthvað sé nefnt (Knattspyrnufélag Reykjavíkur, 2017). En innan ólíkra deilda hjá íþrótt- og æskulýðsfélögum er þetta misjafnt. Þrátt fyrir að fyrir hendi sé eineltisstefna hjá knattspyrnudeild er ekki víst að eineltisstefna sé hjá handboltadeild innan sama íþróttafélags. Þannig glatast tækifæri til að hafa yfirsýn yfir hvort unnið sé markvissst, t.d. að fyrirbyggjandi vinnu gegn einelti. Ungmennaráð hjá félagasamtökum hafa verið að festa sig í sessi og tryggja þannig möguleika á því að raddir barna heyrist. Þó er engin úttekt til á því hvernig unnið er með skoðanir barna innan félaganna. Ungmennaráð hjá samtökum félagsmiðstöðva Samfés (Samtök félagsmiðstöðva á Íslandi, 2017) hefur verið starfandi sem og ráðgjafahópur barna hjá Umboðsmanni barna (Umboðsmaður barna, e.d.-c) og hefur vinna

þeirra skilað mikilvægu framlagi inn í starfsemi viðkomandi aðila.

Frístundaheimili, félagsmiðstöðvar og ungmennahús eru hins vegar þjónustustofnanir á vegum sveitarfélaga og er aukin krafa frá samfélaginu um að sveitarfélög veiti þessa þjónustu. Það er þó mismunandi milli sveitarfélaga hve mikil þjónustan er á hverjum stað. Engin viðmið eru til af hálfu hins opinbera um lágmarksþjónustu eða hvaða kröfur eru gerðar nákvæmlega til innihalds þjónustunnar en komið er inn á þetta meðal annars í stefnumótun ríkisins um æskulýðsmál (Æskulýðsráð ríkisins, 2017). Sameiginlegt er þó hjá þessum stofnunum sem sinna æskulýðsstarfi hjá sveitarfélögum landsins að þar er unnið með einstaklinginn sjálfan, virkni og þátttöku, félagsþroska, samvinnu, umhverfi, lýðræði og samfélagsvitund. Starfsemin hefur afþreyingargildi, menntunargildi og forvarnargildi (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2014).

Í seinni tíð hafa sveitarfélögin lagt áherslu á að fagfólk á vettvangi frítímans sjái um að skipuleggja og veita þessa þjónustu. Háskóli Íslands hefur frá árinu 2001 boðið upp á nám í tómtunda- og félagsmálafæðum. Það hefur haft mikil áhrif á gæði og þróun starfseminnar.

Starfsemi frístundaheimila, félagsmiðstöðva og ungmennahúsa er gjarnan hluti af eða í samvinnu við skóla og félagsþjónustu sveitarfélaga. Þar er boðið upp á ýmskonar stuðning, svo sem inngríp og úrræði vegna eineltismála, félagslegrar einangrunar, áhættuhegðunar hverskonar og barna í viðkvæmri stöðu. Starfsfólk þessara miðstöðva skima eftir áhættuhegðun og leita leiða til að vinna með hana. Sú aðstoð getur m.a. falið í sér samstarf við allar tegundir félagasamtaka s.s. íþróttafélög, skáta eða dansskóla, allt eftir þörfum og áhuga barnsins. Það er þó misjafnt milli sveitarfélaga hvaða úrræði eða tilboð eru í boði fyrir börn sem þurfa stuðning. Í starfseminni er lögð áhersla á að veita börnum og ungu fólki fjölbreytt tækifæri til þátttöku í síbreytilegu starfi á þeirra eigin forsendum. Þessar starfsstöðvar hafa góð tækifæri til að hafa yfirsýn yfir félagslega stöðu og tækifæri til að styðja við börn og ungt fólk sem þarf á aðstoð að halda af ýmsum ástæðum. Þannig getur starfsfólkið orðið mikilvægur hlekkur milli barnsins, heimilis, skóla, æskulýðsstarfs og félagsþjónustu eða vinnu. Æskilegt er að stofnanir

sveitarfélaga og félagasamtök vinni saman að því að gæta réttinda og hagsmuna barna. Það er þó alveg ljóst að mjög mismunandi er hve burðug sveitarfélög eru til að standa að þessari þjónustu. Ekki er heldur til heildstæð skráning yfir hvaða þjónusta er í boði hjá sveitarfélögum.

Lög og regluverk sem snýr að æskulýðsstarfi sveitarfélaganna hefur fram til þessa ekki verið skýrt hvað varðar framkvæmd þjónustunnar eða ábyrgð. Ríkið setur lög en sveitarfélög landsins sjá um framkvæmdina. Þegar lög um æskulýðsmál frá 2007 eru skoðuð má segja að þau séu fremur haldlítill þegar kemur að því að þjónusta börn og ungmenni (Æskulýðslög, 2007).

Æskulýðsráð ríkisins fyrir hönd mennta- og menningamálaráðuneytis vann stefnumótun í æskulýðsmálum sem gefin var út 2014. Þar er fjölmargt sem styður við lýðræði og þátttöku og einnig er skýr áhersla lögð á að veita faglega þjónustu (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2014). Í stefnumótuninni eru fjölmörg atriði sem kalla á endurskoðun og skilgreiningar en ljóst er að þörf er á aðgerðaáætlun til að stefnan skili sér inn í starfsemi á vegum íþrótt- og æskulýðsfélaga sem og sveitarfélaga.

Ekki hefur verið tekin nein stefnumarkandi ákvörðun á vettvangi Sambands íslenskra sveitarfélaga um hvaða þjónustu eigi að veita þegar kemur að æskulýðsstarfi. Né heldur hvað hún eigi nákvæmlega að innihalda. Í Æskulýðslögum (2007) er eins og áður hefur verið bent á, heldur ekkert sem segir til um framkvæmd eða viðmið fyrir æskulýðsstarf. Með aukinni fagmenntun fólks í æskulýðsgeiranum hafa þeir sem vinna með börnum komið auga á ótal tækifæri til að vinna með ungu fólki að réttindum þeirra, þátttöku og félagslegum stuðningi. Líklegt má telja að stærð sveitarfélaga hafi mikil áhrif á möguleika þeirra til að veita faglega þjónustu í æskulýðsstarfi.

Það er því ýmislegt óljóst þegar kemur að stöðu æskulýðsmála á Íslandi og þeim viðmiðum sem eiga þar að liggja til grundvallar og mikil vinna fyrirbyggjandi í því að bæta þar úr. Í slíkri stöðu felast líka ótal tækifæri til að byggja upp og móta faglegt og gott æskulýðsstarf fyrir börn og fjölskyldur. Með því að innleiða barnasáttmálann inn í regluverk sveitarfélaga og starfsemi æskulýðs- og íþróttfélaga þarf að skýra hvaða þjónustu á að veita og með hvaða hætti. Við innleiðinguna gefst því gott tækifæri til að fara rækilega í saumana á hvernig

frístundaþjónustu við börn skuli vera háttáð og einnig til þess að ná betri heildarsýn yfir stöðu allra barna.

Barnvæn sveitarfélög

Eftir lögfestingu Barnasáttmálans á Íslandi í ársbyrjun 2013 fóru af stað hjá starfsfólki sveitarfélaga vangaveltur um hvernig best væri að vinna með Barnasáttmálann og koma áherslum hans inn í verklag og regluverk sveitarfélaga og hvernig best væri að standa að ferlinu. Þessi umræða hefur einnig orðið til þess að beina sjónum að því hvernig við stöndum í dag. Miklar samfélagsbreytingar hafa átt sér stað sem m.a. lýsa sér í kröfum fólks til meiri og betri þjónustu við börn og umgjörð utan um þá þjónustu. Fljótlega lá það þó fyrir að samræming væri eitthvað sem þyrfti að hafa í huga, að endurskoðunin yrði að vera heildstæð og skrefin sem stigin yrðu þyrftu að vera í takt. Mikilvægt er að æðstu stjórnvöld og ábyrgðaradilar málefna barna vinni saman að því að treysta stöðu barna í samfélaginu.

Ýmsar leiðir eru mögulegar í því að innleiða Barnasáttmálann í regluverk sveitarfélaga og er aðferðin til þess valfrjáls. Til þess að leiða sveitarfélög í gegnum þessa yfirgripsmiklu vinnu hafa Unicef og Umboðsmaður barna unnið líkan til að styðjast við. Líkanið kallast Barnvæn sveitarfélög (e. *Child friendly cities*) og er byggt á alþjóðlegri fyrirmynd sem Unicef og Umboðsmaður barna hafa látið aðlaga að íslensku samfélagi. Líkanið byggir m.a. á efni frá Noregi, Svíþjóð og Unicef í Finnlandi.

Akureyrarbær hóf fyrst sveitarfélaga tilrauna- verkefni um innleiðingu Barnasáttmálans undir formerkjum Barnvæns sveitarfélags þar sem bærinn mun innleiða þetta líkan. Vonir standa til að í kjölfar innleiðingarinnar verði staða barna betri og samfélagið betur í stakk búið til að veita heildstæða þjónustu þar sem réttindi barna verða í fyrirrúmi.

Að sveitarfélag innleiði Barnasáttmálann þýðir að það samþykkir að nota sáttmálann sem viðmið í starfi sínu og að forsendur sáttmálans gangi sem rauður þráður í gegnum starfsemi þess þegar kemur að ákvarðanatöku í málefnum er varða börn. Sáttmálinn er þannig nýttur sem gæðastjórnunartæki í stefnumótun og þjónustu með tilliti til barna.

Hugmyndafræði Barnvænna sveitarfélaga byggist á fimm grunnþáttum sem eru leiðbein-

andi við innleiðingu Barnasáttmálans. Þættirnir fimm byggja á grundvallarforsendum barnasáttmálans og gera kröfu til stjórnvalda um breytt verklag, ákvarðanaferla og viðhorf til barna. Grunnþættir Barnvænna sveitarfélaga eru eftirfarandi:

1. Að réttindi barna séu vel þekkt.
2. Að horft sé til réttinda allra barna.
3. Þátttaka barnsins.
4. Barnvænt samfélag.
5. Það sem barninu er fyrir bestu.

Innleiðingarferlið tekur tvö ár og skiptist í átta skref (sjá mynd 1).



Mynd 1 – Innleiðingarferli barnvænna sveitarfélaga (UNICEF, 2016)

1. Staðfestingin er þegar ákvörðun liggur fyrir hjá sveitarfélagi að fara í innleiðinguna.
2. Kortlagningin felur í sér ítarlega greiningu á stöðu málefna barna innan sveitarfélagsins.
3. Fræðsla. Fræðsluhlutinn er mikilvægur en þar er áhersla lögð á að skilningur sé í samfélaginu og sér-staklega er horft til barna, að þau þekki réttindi sín og einnig að starfsfólk þekki réttindi barna og geti sett þau í samhengi við sitt verksvið.
4. Vinna við aðgerðaáætlun þar sem sem sý þekking og sý gagnasöfnun sem átt

hefur sér stað á fyrstu stigum er aðgerðabundin.

5. Framkvæmd á verkefnum eða aðgerðum sem samþykkt er að fara í er svo komið inn í verklag og verkferla sveitarfélagsins. Áhersla er lögð á kynningu á áætluninni og eftirfylgni með því að hún skili sér í raun í framkvæmd.
6. Skýrslan. Að tveimur árum liðnum skal sveitarfélagið skila skýrslu um framgang verkefnisins ætli sveitarfélagið að sækja formlega um viðurkenninguna „Barnvænt sveitarfélag“.
7. Mat og viðurkenning. Unicef metur hvort verkefnið hafi náð tilgangi sínum og að réttindi barna séu virt. Einnig hvort sveitarfélagið standi með fullnægjandi hætti undir því sem Barnvænu sveitarfélagi er ætlað að gera. Sé svo fær sveitarfélagið viðurkenningu Barnvænna sveitarfélaga.
8. Endurmat og ný markmið. Að þremur árum liðnum hefst svo nýtt ferli þar sem sveitarfélagið setur sér nýja aðgerðaráætlun og getur í kjölfarið sótt um endurnýjun á viðurkenningunni. Loka takmarkið er að réttindi barna séu innleidd heildstætt í verklag sveitarfélagsins.

(Unicef, 2016)

Þó svo að hér sé verið að vinna með innleiðingu sáttmálans hjá sveitarfélögum má sjá mörg tækifæri fyrir félagasamtök að styðjast við þetta verklag við innleiðingu á réttinum barna í sitt starf.

Lokaorð

Margir kunna að spyrja sig hvort íslensk börn hafi það ekki nógu gott og hvort það þurfi nokkuð að bæta stöðu þeirra. En margt má gera betur bæði hvað varðar stöðu barna í samfélaginu og ekki síður varðandi það að bæta verklag sveitarfélaga og ríkis sem og félagasamtaka til að raddir barna fái meira vægi. Líkt og bent hefur verið á hér eru athugasemdir Barnaréttarnefndar margskonar og það á að vera þeim sem starfa með börnum bæði ljúft og skylt að vinna með þær og gera viðeigandi úrbætur. Ljóst er þó að flækjustigið þegar kemur að þjónustu við börn er töluvert og mikil þörf á að skoða vinnulag heildstætt.

Mikil þróun hefur átt sér stað í því að byggja upp faglegt æskulýðsstarf samhliða auknum kröfum á að sveitarfélög veiti góða þjónustu á því sviði. Tímabært er að greina hvaða þjónusta er veitt og flétta hana betur saman þannig að hlutverk allra sé skýrt og myndi heildstætt net. Með því móti starfar samfélagið saman að málefnum barna og má leiða líkum að því að samfélagið allt verði heilbrigðara með jákvæðum áhrifum á þjóðina alla.

Innleiðing Barnasáttmálans felur í sér tækifæri til heildarendurskoðunar sem er löngu orðin tímabær. Til þess að sú endurskoðun leiði til framfara þurfa ábyrgðaraðilar í sveitarfélögum og ríki að leggja vinnu í innleiðingu sáttmálans. Með því eru ekki einungis börnum tryggð réttindi og vernd heldur stöndum við sem samfélag sterkari eftir og betur í stakk búin til að byggja til framtíðar.

Heimildaskrá

Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna. (2011). Sótt frá

<http://barn.is/barnasattmalinn/barnarettarnefndin-i-genf/>: Sótt 29.júlí 2016 á

<http://barn.is/media/296636/Lokaathugasemdir-Barnarettarnefndar-um-framkvaemd-BSSth-2011-droeg-ad-thydingu-innanrikisraduneyti.pdf>

Barnasáttmálinn. (e.d.).Sótt 4. ágúst 2016 á

<http://www.barnasattmali.is/barnasattmalinn/umbarnasattmalann.html>

Knattspyrnufélag Reykjavíkur (27. júní 2017). *kr.is*. Sótt frá [kr.is: https://www.kr.is/wp-](https://www.kr.is/wp-content/uploads/2014/11/handbok_ver1.2.pdf)

[content/uploads/2014/11/handbok_ver1.2.pdf](https://www.kr.is/wp-content/uploads/2014/11/handbok_ver1.2.pdf)

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2003). Reykjavík: *Brotthvarf úr framhaldsskólum*. Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2014). *Stefnumótun í æskulýðsmálum*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Æskulýðsráð ríkisins. (27. júní 2017). *Menntamálaráðuneyti*. Sótt frá <http://brunnur.stjr.is>:

<http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/SearchResult.xsp?documentId=3172A0596AC52CC000257D9400571DE6&action=openDocument>

Samtök félagsmiðstöðva á Íslandi. (27. júní 2017). *samfes.is*. Sótt frá [samfes.is](https://www.samfes.is):

<https://www.samfes.is/ungmennarad/um-ungmennarad.html>

Umboðsmaður barna (e.d.-a). Sótt 29. júlí 2016 á <http://barn.is/barnasattmalinn/grundvallarakvaedi-barnasattmalans/>

Umboðsmaður barna (e.d.-b). Sótt 19. júlí 2016 á <https://www.barn.is/barnasattmalinn/kyning-a-barnasattmalanum/>

Umboðsmaður barna. (e.d.-c). Sótt 27. júní 2017 frá [barn.is: https://www.barn.is/boern-og-unglingar/radgjafarhopur/](https://www.barn.is/boern-og-unglingar/radgjafarhopur/)

Unicef og Umboðsmaður barna. (2016). *Óbirt handbók um barnvæn sveitarfélög*. Reykjavík: Unicef.

Æskulýðslög nr. 70/2007

Tómstundir og menntun

Jakob Frímann Þorsteinsson

Inngangur

Hér verður fjallað um inntak og eðli tómsunda og kastljósínu sérstaklega beint að stöðu þeirra í samhengi við skólakerfið og menntun almennt. Markmiðið er tvíþætt, annars vegar að fjalla um þá menntun sem felst í tómsundarstarfi og skiptir máli fyrir þá sem taka þátt í því og fyrir allt samfélagið. Hins vegar verður rakið hvernig flokkun menntunar innan og utan skólakerfisins hefur áhrif á stöðu tómsundastarfs. Vegna þess hve afdrifarík þessi flokkun er verður dvalið við hugtök úr alþjóðlegri umræðu um menntamál, þ.e. hugtökin formal, non-formal og informal education eða learning og tengsl þeirra við menntun á Íslandi.

Í lögum, reglugerðum og námskrám fyrir skólustarf er rækilega fjallað um þá menntun sem skal fara fram innan skólakerfisins en eðli málsins samkvæmt ekki fjallað um menntun utan skólans. Það virðist almennt litið svo á að skólinn sjái um þá menntun sem samfélagið ber ábyrgð á. Ætlunin er að rökstyðja menntunargildi tómsunda og benda með því á að fleira sé menntandi en það sem fer fram innan skólans. Þessi rökstuðningur er einnig mikilvæg forsenda þess að hægt sé að standa vörð um réttindi fólks til þátttöku í tómsundastarfi og skilgreina skyldur opinberra aðila. Þessar skyldur byggjast á jafnrétti til menntunar – jafnrétti til náms. Það jafnrétti verður að ná til alls mikilvægs náms, meðal annars þess sem felst í þátttöku í fjölbreyttu og góðu tómsundastarfi.

Hér er tómsundastarf og frístundastarf lagt að jöfnu. Kosið er að nota hugtakið tómsundastarf vegna þess að það tengist skilgreindu fræðasviði – tómsundafræði – og vísar til þess að hafa tóm til að vera til og vaxa sem einstaklingur. Hins vegar felst hvorki í því aga- eða metnaðarleysi. Þvert á móti einkennir tómsundastarf hvort tveggja, agi og metnaður.

Tengt þessum hugtökum er æskulýðsstarf sem hefur þá afmörkun að vísa til ákveðins aldurs hóps. Efni kaflans hefur einna sterkustu tengingu við æskulýðsstarf en tengist einnig tómsundastarfi fyrir aðra aldurs hópa, sem og fullorðinsfræðslu.

Fagfólk² sem starfar við tómsunda- og æskulýðsstarf hefur fært fyrir því rök að þátttaka í slíku starfi hafi menntandi áhrif, einkum vegna þess að hún skiptir máli fyrir þroska þeirra sem taka þátt. Rökin vísa í rannsóknir sem styðja þessar niðurstöður. Þær fjalla um fjölþætt áhrif félags- og tómsundastarfs, m.a. á lífsgæði, heilsu, námsárangur og sem forvörn gegn ýmsum áhættuþáttum (Þórólfur Þórlindsson o.fl. 1998; Þórólfur Þórlindsson og Jón Gunnar Bernburg 2006; Vanda Sigurgeirsdóttir og Jakob Frímann Þorsteinsson, 2014).

Mikilvægi þessa náms á sér einnig tilvistarlegar forsendur sem eru að hver einstaklingur er hugsandi sjálfsvera sem mótar og býr til eigin merkingu. Við þessa mótun beitir einstaklingurinn fjölþættum námsleiðum við að vera til og ná tókum á tilverunni. Þessar námsleiðir hafa ekkert endilega með hið skipulagða skólakerfi að gera (Kolbrún Pálsdóttir, 2016). Að þessu sögðu er ekki verið að leggja dóm á þá menntun sem fer fram innan skólakerfisins en bent á að mikilvæg menntun fer einnig fram utan þess, m.a. í tómsundastarfi, og hún kann að vera mikilvæg ekki síður en sú sem fer fram innan skólakerfisins.

Með því að gaumgæfa inntak og eðli tómsunda- og félagsstarfs kemur í ljós að hægt er að renna stöðum undir þá skoðun að slíkt starf eigi að hafa miklu hærri sess innan umræðu um menntamál en það hefur nú. Sérstaklega ætti vægi þess að vega þyngra í þeim áherslum sem lagðar eru á menntun og þar af leiðandi á hlut

² Í þessari umfjöllun er hugtakið *fagfólk* notað sem samheiti um þá sem sótt hafa sér viðurkennda menntun og starfa sem launað starfsfólk og þá sem hafa helgað sig sjálfbodastarfi hvort sem það er hjá félagasamtökum, sveitarfélögum eða einkaaðilum. Hafa ber í huga að það að verða fagmaður gerist ekki yfir nótt heldur er það áunnið á verulegum tíma. Viðurkennd menntun veitir viðkomandi mikilvægan grunn en sjálfbodaliðar geta einnig orðið fagfólk með helgun og áralöngu sjálfbodastarfi.

Þess í skólastarfi. Það er mikilvægt bæði fyrir þá sem starfa innan skólanna og þeirra sem starfa við menntun annars staðar en í skólum að meta slíkar staðhæfingar út frá ólíkum sjónarhornum. Færð verða rök fyrir því að það sé ómálefnalegt gagnvart báðum aðilum að jaðarsetja bitastæða menntun sem á sér stað annars staðar en í skólum.

Hér verður fjallað um tómstundafræðina í tengslum við menntun og aðgreinandi lykilþáttum sem tengjast formgerðum náms er lýst. Einnig verður dregin upp mynd af hinu fjölbreytta sviði menntunar sem er virkt í nútíma samfélagi og í framhaldinu fjallað um ólíkar víddir sem einkenna þetta svið. Í því samhengi er fjallað um alþjóðleg hugtök sem einkennt hafa umræðu um formgerðir náms og sögulegu ljósi varpað á þau. Að lokum er umræðan tengd við æskulýðsmál og mikilvægi þeirra í menntun.

Áður en lengra er haldið er vert að spyrja sig hvaða tilgangi það þjónar að fjalla um ólík form menntunar og náms. Hvað gagn er að slíkri umræðu? Í fyrsta lagi er mikilvægt að greina það sem fagfólk sem starfar að tómstunda- og æskulýðsstarfi á sameiginlegt og einnig hvað aðgreinir það frá öðrum faghópum sem starfa að uppeldis- og menntamálum. Það sem aðgreinir og sameinar getur m.a. tengst markmiðum starfsins, því umhverfi sem starfað er í og þeim aðferðum sem beitt er. Í öðru lagi felst gagnsemin í því að hafa áhrif á hvernig talað er og skrifað um starfið, þ.e. að hafa áhrif á þá orðræðu sem á sér stað á meðal fagfólks sem starfar við tómstundastarf – hvort sem það er á vettvangi félagasamtaka, hjá sveitarfélögum, einkaaðilum eða í fræðasamfélaginu. Með því að skýra orðræðuna aukast líkur á því að fagfólk sem starfar við tómstundastarf skilji hvert annað betur og einnig að aðrir sem starfa t.d. við skólastarf hafi betri skilning á fagumhverfi tómstundastarfsins.

Megin niðurstöður eru að tómstundir og fræðin sem um þær fjalla, tómstundafræðin, hafa mikilvægu hlutverki að gegna varðandi nám og menntun. Mikilvægið tengist allt í senn kerfislægum þáttum, inntaki, vinnulagi og hvenær á ævinni við menntun okkur. Að lokum er fjallað um víddir í umræðunni um menntun til að skýra þá flóknu mynd sem um ræðir og rökstyðja að grunnhugtök um formgerðir náms komi að takmörkuðum notum í fræðilegri umræðu um menntun utan skólans. Lögð er rík

áhersla á skýrari stefnumótun og aðgerðir opinberra aðila varðandi tómstundir, einkum æskulýðsmál, og rök færð fyrir sjálfstæði þeirrar menntunar sem fram fer utan skólans.

Tómstundafræði

Grísku og latnesku orðin fyrir „skóla“ (schola og ludus) merkja það sem menn gera í frítíma sínum (Hamilton, 1993) og vísa e.t.v. til þess að skólastarf til forna var fyrir þá sem áttu frítíma. Tengslin á milli þess sem við gerum í frítíma okkar og menntunar eru því ævaforð og varpa ljósi á það að í frítímanum, þegar við erum laus frá skyldum okkar, gefst tóm til að hugsa og skilja heiminn.

Umfjöllun og skilgreining á tómstundafræði (e. leisure studies) er hér út frá félags- og uppeldislegu sjónarhorni. Víða erlendis er fjallað um hugtakið „leisure studies“ í ríkara samhengi við íþróttir, ferðaþjónustu og viðburðastjórnun og því áherslur nokkuð ólíkar. Árni Guðmundsson (2014) vekur athygli á hinum félagsuppeldisfræðilegu forsendum fagsviðsins og telur því réttara að ræða um fagið sem félagsuppeldisfræði en hér höldum við okkur við tómstundafræði sem grunnhugtök þar sem sviðið tekur einnig til fleiri þátta eins og afþreyingar.

Vanda Sigurgeirsdóttir (2010) fjallar um hugtakið tómstundir og nálgast skilgreiningu á því frá fimm hliðum; tíma, athöfnum, gæðum, viðhorfum og hlutverkum. Hver hlið ber með sér ákveðin en ólík sjónarhorn á hugtakið og hverri nálgun fylgja bæði kostir og takmarkanir. Vanda nýtir þessar fimm nálganir og telur að tómstundir séu „athöfn, hegðun eða starfsemi sem á sér stað í frítímanum“ (bls. 8) og til að flokkast sem tómstundir þurfi þessar athafnir að uppfylla þau skilyrði að „einstaklingurinn líti sjálfur á að um tómstundir sé að ræða. Að athöfnin, hegðunin eða starfsemin sé frjálst val og hafi í för með sér ánægju og jákvæð áhrif. Kjarni tómstunda má segja að felist í vellíðan og aukningu á lífsgæðum“ (bls. 8).

Vert er að spyrja sig hvort nægjanlegt sé að skilgreina tómstundafræði sem fræði sem fjalli um tómstundir. Í íðorðafræðum myndi slík skilgreining kallast hringskilgreining og það kallar á að skilgreina og skýra um hvað tómstundafræði fjallar og hver sé merking orðsins tómstundir. Nám í tómstunda- og félagsmálafræði hefur verið í boði við háskóla hér á landi frá 2001 (Jakob F. Þorsteinsson, 2014) og

þar er, eins og nafnið ber með sér, fræðileg umræða um tómsundur. Hugtakið er því notað sem heiti á námsbraut en einnig um afmarkað fræðasvið. Nauðsynlegt er að afmarka fræðasviðið með afgerandi hætti og því er lögð fram eftirfarandi skilgreining:

Tómsundur eru meðvituð athöfn í frítíma sem byggir á frjálsu vali einstaklingsins, skapar reynslu og hefur áhrif á velferð og lífsgæði. Tómsundafræði kallast sú fræðigrein sem fjallar um og greinir tómsundur sem persónulegan og félagslegan farveg menntunar, menningar, velferðar, afþreyingar, uppeldis og lýðræðislegrar þátttöku einstaklinga.

Út frá þessari skilgreiningu og sjónarhorni miðast umræðan hér. Í þessari skilgreiningu kemur glöggt fram að tómsundafræðin fjallar um menntun og ýmsa kjarnaþætti hennar eins og lýðræði og menningu sem fer að öllu jöfnu fram í félagslegum samskiptum. Hamilton (1993) og einnig Dewey (2000) draga athygli okkar að félagsmótun og menningarmótun. Hamilton segir að þó svo að þetta tvennt eigi sér stað á saman tíma, sé hér um ólíka þætti að ræða. Menn mótast félagslega í samskiptum við aðra, „en þeir menntast - tileinka sér menningu - vegna þess að samskiptahættir eru breytilegir frá einni félagsheild til annarrar“ (bls. 32). Félagsmótunin vísar einkum til þeirra eiginleika sem einkenna alla menn en þegar talað er um menningarmótun er átt við það sem er ólíkt í lífsháttum manna.

Hugtökin menntun og nám eru lykilhugtök þessa kafla. Þessi hugtök skarast og stundum er ekki alveg ljóst hvort hugtakið er viðeigandi að nota í því samhengi sem hér er rætt. Til viðmiðunar hér er skilgreining úr Orðabanka íslenskrar málstöðvar á námi: „Ferli sem felur í sér að breyting verður á þekkingu, hugsun, hegðun, viðhorfum og færni einstaklinga. Breytingarnar verða vegna virkni einstaklingsins, reynslu, áhrifa eða samskipta við umhverfið.“ Litið er á menntun sem afleiðingu þessa ferlis og hún felur í sér „alhliða þroska einstaklings sem byggist á fræðslu, reynslu, skilningi og virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfinu“ (ordabanki.hi.is). Nám og menntun eru því samofin grunnforsendum tómsundafræðinnar. Við skulum næst skoða tómsundafræðina í samhengi við íslenska orðræðu um menntun.

Menntun og tómsundastarf

Menntun er kjarnaviðfangsefni í þessari umfjöllun. Þegar dregin er upp mynd af menntun eins og hún er skipulögð af samfélaginu þá birtist flókið kerfi. Hugmyndir um skipulag menntunar og inntak hennar birtast m.a. í lögum, reglum, námskrám og námstefnum og er þar nær eingöngu fjallað um skólustarf, þ.e. starf innan þeirra stofnana sem hafa verið mótaðar til að sinna þeim þáttum menntunar sem samfélagið hefur ákveðið að skipti máli.

Hugmyndin um skóla er aldagömul og byggir á mjög gömlum hefðum um grunngreinar skólans og skipulag. Íslenski skólinn mótaðist að talsverðu leyti á 19. öld þótt hann eigi eldri rætur hér á landi. Fyrstu heildstæðu lögin um íslenska barnaskólann voru sett 1907 og áttu sér ýmsar fyrirmyndir í íslensku (eða dönsku) regluverki. Það er nokkuð ljóst að hugmyndin um skólaskyldu er byggð á jafnréttishugsjón, þ.e. að tryggt verði að allir eigi rétt á vissum undirbúning undir lífið. Jafnframt er áréttað hvaða færni er skynsamlegt að tryggja öllum þjóðfélagsþegnum. Þegar skólinn er skoðaður út frá sögulegu sjónarhorni sést að hann hefur þróast hvað formið varðar og inntak og hlutverk hans hefur líka breyst. Áhersla hefur verið lögð á að skólinn eigi að móta góða þegna, tryggja félagslegan jöfnuð, en hugmyndin um að mennta fólk fyrir þátttöku í atvinnulífinu verður sífellt sýnilegri. Þrátt fyrir alla þessa þróun er hefðbundinn skóli í grunninn, ekki síst þegar litið er til inntaksins – námskrárinnar, æði líkur hinni rúmlega aldargömlu frumgerð.

Þótt deila megi um hvað sé líkt og hvað ekki, verður ekki um villst að samfélagið hefur þróast mikið. Hinn ytri veruleiki skólans hefur breyst gríðarlega og við hlið hans hafa smám saman vaxið nýir aðilar, jafnvel orðið til nýjar „stofnanir“, sem einnig sinna menntun í þeim víða skilningi sem nefnd er hér að ofan. Sem dæmi um þessa þróun er íþróttahreyfingin sem hefur fest sig í sessi og fjölbreyttar íþróttagreinar orðið til. Tónlistarnám er stundað í tónlistarskólum og ýmsar keppnir eru haldnar til að gefa fólk kost á að stíga fram í sviðsljósið og tómsundastarf hefur formgerst í sjálfbodaðahreyfingum og stofnavæðst í opinberri þjónustu eins og félagsmiðstöðvum og ungmennahúsum. Umfang þessarar starfsemi er mikið bæði frá sjónarhóli þátttakenda og sem starfsvettvangur fagfólks.

Erfitt getur verið að meta þátttöku í tómstundum m.a. vegna eðlis þeirra. Viðfangsefnin eru fjölbreytt, skráning er takmörkuð, þær eru oft sjálfsprottnar og einstaklingurinn sjálfur er stundum sá eini sem veit um þessa virkni og þátttöku sem og ávinning. Full þörf er á að rannsaka nánar þátttöku fólks í tómstundastarfi og virkni þess í frístundum.

Einna mest er líklega vitað um þátttöku barna og ungs fólks í tómstundum. Þátttaka barna og ungmenna í 8. - 10. bekk í skipulögðu félags- og tómstundastarfi hefur verið rannsökuð frá 1992. Benda niðurstöður til þess að árið 2014 sé hlutfallsleg þátttaka í skipulögðu félags- og tómstundastarfi vikulega eða oftar um 46%. Þessi þátttaka er mjög mismunandi, og svo dæmi séu tekin þá var þátttaka stráka og stelpna árið 2014 einu sinni í viku eða oftar í tónlistarnámi um 17%, skátastarfi 2,6%, myndlistarnámi 3,3%, hestamennsku 4,7% og ungliðastarfi björgunarsveita 4,2%. Starfsemi félagsmiðstöðva er dæmi um opið æskulýðsstarf og rannsóknir benda til þess að þær nái til um 75% unglunga. Í klúbbastarfi í félagsmiðstöðvum taka 12% þátt og 24,4% stunda opið hús einu sinni í viku eða oftar (Hrefna Pálsdóttir o.fl., 2014).

Árið 2017 voru 118 félagsmiðstöðvar um allt land og er hlutverk þeirra að „stuðla að jákvæðum þroska unglunga og gera þau sjálfstæðari, bæði í verki og félagslegum samskiptum og gera þau hæfari til að takast á við lífið“ (Samfés 2016). Allt frá sjötta áratugnum hafa félagsmiðstöðvar haft mikil áhrif á tómstundastarf ungs fólks og verið vettvangur fyrir fjölbreytt menntandi starf, m.a. á sviði ungmennalýðræðis, menningar- og félagsstarfs, samkomuhalds og klúbbastarfs. Ýmsar aðrar birtingarmyndir um viðtæk áhrif menntandi starfs utan formlega skólakerfisins má greina í gróskumiklu menningar- og tónlistarlífi ungs fólks. Músíktílaunir eru gott dæmi en þær hafa í gegnum árin átt ómetanlegan þátt í að stuðla að nýsköpun og þróun í tónlistarlífi ungs fólks og verið einn aðalvettvangur fyrir ungt fólk til að koma tónlist sinni á framfæri. Músíktílaunir hafa gefið ungu tónlistarfólki tækifæri til þess að sýna við bestu aðstæður ríkulega tónlistarmenningu ungs fólks og gefið samfélaginu góða mynd af jákvæðu og uppbyggilegu menningar- og æskulýðsstarfi.

Margt af okkar fremsta tónlistarfólki eiga Músíktílaunum frama sinn og velgengni að þakka.

Þegar þessi mynd er dregin upp sést að vettvangur menntunar er mjög fjölbreyttur og ætla má að verulegur hluti hennar fari fram „utan skólastofunnar“. Persónurnar á hinu nýja víðfeðma leiksviði, sem í upphafi voru kennarar og lærifeður, eru nú fjölbreytt flóra af bæði faglærðu og ófaglærðu fólki sem kallar sig t.d. leiðbeinendur, skólaliða, þjálfara, sjálfboðaliða, náms- og starfsráðgjafa, iðjuþjálfra, þroskaþjálfra og tómstunda- og félagsmálafræðinga.

Sviðið sem menntun fer fram á er því mjög stórt og fjölbætt og skólinn, eins og hann hefur mótast, leggur aðeins til hluta þeirrar menntunar sem nútíma samfélag leggur til, þarfnast og krefst. Áður en við skoðum nánar þær víddir sem greina má á þessu sviði menntunar hugum við að nokkrum hugtökum um formgerðir náms.

Margþætt merking og lykilþættir

Ensku hugtökin *formal, non-formal og informal education* eða *learning* hafa haft mikil áhrif á hvernig rætt er um nám og menntun í erlendri umræðu. Þessi hugtök eru um margt mjög gölluð, eins og fjallað verður um síðar í kaflanum. Eigi að síður eru þessi hugtök hluti af alþjóðlegri umræðu um menntamál og skipta verulegu máli, einkum í kerfislægri umræðu. Sú umræða snýst m.a. um viðurkenningu á námi sem öðlast má með fjölbreyttum námsleiðum og námsformum, útteilingu fjármagns og samstarfi ólíkra menntakerfa.

Ýmsir hafa glímt við að þýða fyrrgreinda hugtakaprennu og lagt fram ólíkar tillögur³. Almenn ríkir sátt um þýðingu á formal education/learning sem formleg menntun/nám. Þýðingar á non-formal og informal hafa reynst flóknari, m.a. vegna þess að notkun hugtakanna er ruglingsleg í engilssaxneski umræðu (Werquin, 2008). Hugtökin hafa við nánari skoðun margþætta merkingu og ýmis rök (sem nánar er fjallað um síðar) benda til þess að vænlegt sé að forðast að nota þau og þess í stað að nota hugtök eða orðasambönd sem betur ná að lýsa því viðfangsefni sem er til umfjöllunar hverju sinni.

³ Sjá m.a. í Gunnar E. Finnbogason (2009) og hugtakanotkun á vettvangi t.d. í efni frá [Evrópu unga fólksins](#), [Skátunum](#), [Viðmiðum hjá Reykjavíkurborg um frístundastarf](#) og [Starfsskrá frístundamiðstöðva](#).

Informal education/learning hefur verið þýtt sem formlaust nám en einnig sem tilviljanakennt, óformbundið, sjálfssprottið og óformleg menntun/nám. *Non-formal education/learning* hefur oftast verið þýtt sem óformlegt nám/menntun en einnig sem ekki-formlegt menntun/nám. Þessu til viðbótar virðist stundum látið nægja í faglegri umræðu að tala um formlegt og óformlegt nám og er það ekki til þess fallið að einfalda umræðuna.

Sú hugtakanotkun sem virðist verið að festa sig í sessi er að nota forskeytin formleg, óformleg og formlaus en þessi hugtök eru verulega gölluð. Óformlegt nám/menntun er ekki óformleg þó svo að það taki til náms utan skóla því námið sem þar fer fram er skipulagt og formgert með ýmsum hætti. Auðvelt er að taka hugtakið formlaust nám sem frekar neikvæðu og það gefur takmarkaða lýsingu á eðli þess náms sem þar fer fram. Ein leið út úr þessum vanda gæti verið að taka upp hugtakið *hálf-formleg menntun*⁴ um non-formal education því það felur í sér viðurkenningu á að þessi vettvangur náms sé formgerður og skipulagður. Þá opnast möguleikinn á að nota hugtakið óformleg menntun/nám yfir informal

education/learning sem er raunverulega óformlegt nám og tilviljanakennt í eðli sínu. Þessi leið við að þýða hugtökin er reynd hér til að sjá hvernig henni er tekið og hvernig hún gagnast í reynd. Ítarlega skilgreiningu á þessum hugtökum má finna í orðabanka.hi.is sem íðorðanefnd í tómstundafræði⁵ hefur unnið að. Við skilgreiningu og skýringu á þessum hugtökum í orðabankanum var leitast við að gera greinarmun á notkun hugtakanna í tengslum við kerfi, menntun og nám í þeirri viðleitni að skýra hina óskýru notkun hugtakanna í erlendri umræðu.

Ætla má að fyrrgreind hugtök séu sett fram til að draga fram aðgreinandi þætti sem tengjast menntun. Í töflu 1 er leitað í smiðju Stuart, Maynard og Rouncefield en í bók þeirra *Evaluation practice for projects with young people* (2015) eru aðgreindir sjö þættir sem draga fram hvað er ólíkt með formgerðum náms. Vert er að taka það skýrt fram að greining sem þessi er einföldun á veruleikanum en hún gefur kost á rýni í ákveðna lykilþætti sem virðast vera aðgreinandi þættir. Þrír þættir úr töflunni verða hér athugaðir nánar; *hlutverk, umgjörð og námskrá*.

Tafla 1: Lykilþættir sem aðgreina formlegt, hálf-formlegt og óformlegt nám

	Formlegt nám (formal learning)	Hálf-formlegt nám (non-formal learning)	Óformlegt nám (informal learning)
Hlutverk kennara/ fræðara/lóðs¹	Kennari	Lóðs / leiðbeinandi	Fullorðnir ekki með hlutverk
Hlutverk þess sem lærir	Nemandi	Ungmenni	Sjálfsmiðaður nemandi ²
Tegund áætlana	Námskrá og kennsluáætlun	Sveigjanleg dagskrá	Engin áætlun
Ábyrgð á gerð áætlana	Kennari ber ábyrgð á námi	Sameiginleg ábyrgð á námi	Nemendastýrt ³
Tegund náms	Óvirkur, miðlun	Virkur	Virkur
Umgjörð	Skóli eða formleg umgjörð	Utan skóla	Engin, getur gerst hvar sem er
Vottun um árangur	Einkunn og hæfnisvottun	Byggt á útkomu	Engin

¹ Role of the teacher/educator/facilitator ² Self-directed learner ³ Learner directed

(Stuart, Maynard og Rouncefield 2015:12)

⁴ Unnur Gísladóttir (2015) og Kolbrún Pálsdóttir (2016) hafa notað þetta hugtak í tengslum við umfjöllun um formgerðir náms.

⁵ Allt frá árinu 2014 hefur orðanefnd í tómstundafræði verið að störfum. Á vettvangi hennar hefur umræða um hugtök sem fjalla um kjarna tómstundafræða átt sér stað, sem og þau hugtök sem tengjast því sem greinir tómstundafræði frá öðrum fagsviðum.

Hlutverk þess sem stýrir og þess sem lærir birtast í ólíkum nöfnum eða starfsheitum. Munur er á því að vera þátttakandi eða nemandi, eins og það er munur á því að vera kennari og að vera leiðbeinandi eða lóðs (e. facilitator). Þessi munur getur rist mjög djúpt og getur til að mynda tengst sjálfsmynd fagmannsins. Kennurum er annt um starfsheiti sitt, það er lögvarið og tengist sterkt fagmennsku stéttarinnar. Hið sama gildir um þá sem starfa á vettvangi tólstundastarfs, og þó svo að starfsheiti þeirra séu mörg og fjölbreytt, tengjast þau faglegru sjálfsmynd starfsfólksins sterkt hvort sem það starfar sem sjálfboðaliðar eða þiggja laun fyrir starf sitt.


Jeffs og Smith (2005) telja að hægt sé að vinna sem menntandi aðili í óformlegu námi (e. informal education) og byggja það á hugmynd um að fóstora nám við þær aðstæður sem starfað er við hverju sinni. Það felur í sér að skapa umgjörð þar sem fólk getur reynt nýja hluti og eignast eftirminnilega upplifun og reynslu. Fagfólk þarf alltaf að huga að umhverfi og **umgjörð** náms en hafa mismikla stjórn á því. Í formlegu námi geta kennarar betur stjórnað aðstæðum (t.d. hvaða fag er kennt, hver er í hverjum bekk og hvaða reglur gilda) en í námi utan skólans þarf hinn menntandi aðli að vinna við þær aðstæður sem þátttakandinn er í hverju sinni. Umgjörð og samhengi eru því gjarnan mjög ólík og í námi utan skólans er sérstök áhersla lögð á annað hvort að færa námsaðstæður nær daglegu lífi þátttakandans eða nýta það að dvelja að heiman og öðlast þannig mögulega meira ráðrúm eða tóm til náms. Margir fræðimenn (Edwards, 2009; Edwards, Biesta og Thorp, 2009; Sefton-Green, 2013) hafa rannsakað áhrif samhengis (e. context) á nám. Nám utan skólans fer gjarnan fram á stöðum þar sem kennsla og nám eru ekki

meginhlutverk staðanna. Dæmi um það eru vinnustaðir, kaffihús, útilífsmiðstöð eða náttúran. Samhengi lítur ekki aðeins að staðsetningu og búnaði heldur einnig að hinu félagslega umhverfi, afstöðu og hegðun fólks og því er námið á félagslegum grunni.

Námskrá er þriðja atriðið sem hér verður skoðað. Þó svo að þróunin sé sú að í menntun utan skólans sé í vaxandi mæli farið að setja fram námskrá og viðmið (t.d. Viðmið og vísbendingar fyrir innra og ytra mat á gæðum frístundastarfs (2015) og Kjarni skátastarfs (2013)) er námskrágerð og bein áhrif hennar á formlega menntun miklu meiri. Námskrá í formlega menntakerfinu er á ábyrgð stjórnvalda og gerð nákvæmari, t.d. í formi skólanámskrár og af fagfólki á vettvangi. Námskrá, ásamt samræmdu námsmati, hafa verið mikilvægar leiðir fyrir stjórnvöld víða um heim til að hafa bein áhrif á menntun.

Að mati Fordham (1993) eru tvö endurtekin stef algeng í fræðilegri umræðu um skipulagða menntun utan skólans. Annars vegar að menntunin eigi að vera á áhugasviði þátttakenda og hins vegar að skipulag og innihald (öðru nafni námskrá) eigi að vera mótuð af þátttakendunum sjálfum. Þannig er lögð áhersla á að menntunin sé mótuð „að neðan“ og eigi að valdefla þátttakendur og skapa tilfinningu fyrir raunverulegu eignarhaldi þeirra.

Þeir sem vinna við óformlegt nám nota fyrst og fremst samtalið sem verkfæri og áhugasvið þeirra sem taka þátt er oft nýtt sem afgangi náms. Jeffs og Smith (1999) vekja athygli á hlutverki samtals og námskrár sem að mynd 1 lýsir.



Mynd 1. Námskrá og samtali sem grunnstef í aðgreiningu mismunandi formgerða

(Jeffs og Smith, 1999)

Í formlegri menntun (c) er námskrá skilgreind og fastsett af stjórnvöldum, í hálf-formlegri menntun (b) á hún að vera umsamin en í óformlegri menntun (a) er námið án námskrár og byggt á samtali. Þeir félagar Jeffs og Smith (1999) leggja ríka áherslu á að fagfólk sem vinnur að námi og menntun utan og innan skólans eigi í raun fleira sameiginlegt en það sem skilur það að. Umhverfið sem það vinnur innan er ólíkt og starfsaðferðirnar mismunandi en allir aðilar eiga það sameiginlegt að stuðla að menntun og þroska í starfi sínu.

Til viðbótar við fyrrgreinda þrjá lykilkætti er **styrkur þess valds** sem þátttakendur (t.d. ungmenni) hafa mikilvægur meginmunur þegar kemur að formgerðum náms (Stuart o.fl., 2015). Í formlegri menntun hefur ungmennið mjög takmörkuð áhrif á áætlanir (t.d. námskrá), framkvæmd og námsmat. Í óformlegu námi hefur ungmennið allt vald. Í hálf-formlegri menntun er valdinu aftur á móti deilt með ungmennum og mið tekið af þroska ungmennanna sjálfra og veruleika þeirra. Fyrir fagfólk sem vinnur með námsferla utan skólans er mikilvægt að vera mjög meðvitað um það vald sem það hefur og vinna markvisst með lýðræðislegum aðferðum að því að virkja ungt fólk og deila í raun valdi með því. Þar liggur ein meginstoð fagmennsku hins óformlega fræðara.

Þær **aðferðir** sem beitt er í námi í skóla og námi utan skóla eru um margt ólíkar en það er ekki hægt að hugsa um þær sem aðgreinandi einkenni því að líklega eru all flestar þær aðferðir sem beitt er í námi utan skóla einnig þekktar sem kennsluáðferðir í formlegri menntun. Í skipulögðu námi utan skóla er oft rík áhersla lögð á reynslumiðað nám, þátttöku og lýðræði⁶ og það er mun skýrara að lýsa starfsaðferðunum í stað þess að nefna þær óskýrum hugtökum eins og að kalla starfsaðferðir „óformlegar“, sem gefur óljósa hugmynd við hvað er átt.

Aðgreining sú sem lýst er í töflu 1 er eins og áður segir einföldun á veruleikanum og hún vekur upp ýmsar áleitnar spurningar. Víða í skólum er til að mynda lögð rík áherslu á sameiginlega ábyrgð nemenda og kennara á námi og sveigjanlega dagskrá. Í því samhengi má spyrja hvort að form náms breytist við það eitt að auka t.d. ábyrgð þátttakenda eða sveigjanleika í dagskránni? Einnig má greina blönduð form eins og frístundaheimili fyrir börn í yngstu bekkjum grunnskóla sem ekki er einfalt að greina í einn flokk. Getur verið að greining á þremur formgerðum menntunar sé ekki gagnleg því hún er óskýr og misvísandi? Hér er sett spurningarmerki við hugtakaprennuna formlegt, hálf-formlegt og óformlegt sem nánar verður rakið síðar.

Í alþjóðlegu samhengi eru þessi hugtök eigi að síður notuð, m.a. við mat á námi og menntun. Í greiningu á hugtökum og líkönum við mat á formgerðum náms (Werquin, 2007) er lögð til einfölduð forsenda á aðgreiningu og að greina formgerðir í fjóra flokka í stað þriggja. Aðgreiningin byggir einungis á mati á því hvort að námið sé *af ásettu ráði* (viljandi) og hvort að *náminu* séu sett *námsmarkmið*. Fyrrgreindir þrír flokkar eru áfram hafðir með en bætt er við *semi-formal learning*. Þeim flokki tilheyrir nám þar sem þátttakendur hafa þann ásetning að læra eitthvað, en án þess að vera þess meðvitaðir, læra þeir eitthvað annað⁷. Hér er vakin athygli á þessari fjórflokkun en dregið í efa að hún leysi þann vanda að hugtökin eru notuð í margþættri fræðilegri umræðu sem nær til kerfa, inntaks, vinnulags og afurða. Víkjum nánar að því eftir umfjöllun um víddir menntunar.

⁶ Margar handbækur um hentugar reynslumiðaðar aðferðir hafa verið gefnar út. Á vef Evrópu unga fólksins www.euf.is eru margar þeirra aðgengilegar. Þar má nefna Kompás og Litla-Kompás en þar er að finna fjölmörg reynslumiðuð verkefni sem stuðla að auknum mannréttindum.

⁷ „They may learn during activities with learning objectives but they learn beyond the learning objectives; this is semi-formal learning. Individuals have the intention of learning about something and, without knowing it, learn also about something else“ (Werquin, 2007, bls 5).



Mynd 2. Víddir menntunar

Víddir menntunar

Hér að framan hefur verið vakin athygli á því að greining á formgerðum menntunar í formlega, hálf-formlega og óformlega menntun leysir ekki allan vanda í umræðu um staðsetningu viðfangsefna innan kerfa eða utan vegna þess að ekki er ljóst hvaða viðmið ráða ferðinni hverju sinni. Til að skilja það betur skulum við leitast við að nota önnur viðmið, sem líka eru vel þekkt, og nota þau til að greina *svið menntunar* sem lýst var í umfjölluninni um menntun og tómstundir.

Í umræðu um menntun, má greina fjórar lykilvíddir; kerfið, inntak, aðferðir eða verklag og síðan tíminn á æviskeiðinu, sem tengist menntun í gegnum skólastig.

Fyrsta víddin dregur fram **kerfið** sem hýsir allt það sem leggur til menntun. Þetta kerfi er skipulagt með ýmsum hætti og það skipulag hefur sjálft þrjá undirþætti, sem allir gætu komið við sögu; *lagarammi*, *skipulagsrammi* og *afrakstur*. Sá fyrsti, *lagarammi* (og reglugerðir), skilgreinir hvað tilheyrir þeirri starfsemi sem greidd er af almannafé til menntunar í skjóli ásetnings að veita öllum tiltekinn grunn. Annar þátturinn er *skipulagsramminn*, sem ræðst alfarið af skipulagi, sem ræðst ekki síður af hefðum og margvíslegri hagkvæmni, en af lagarammanum sjálfum. Í öðrum pól

skipulagsrammans er skólakerfið sjálft, með sínar skyldur fyrir tíu árganga í grunnskóla, en jafnframt með skipulag, bekkir og inntak fyrir bæði yngri og eldri og á öllum skólastigum. Þarna er átt við allt skólastarf þ.e. leik-, grunn-, framhalds- og háskóla, að þessir aðilar fá fjárveitingar frá ríki og sveitarfélögum. Það ber þó að hafa í huga að sú skilgreining er mjög ónákvæm þegar grannt er skoðað og ekki ljóst hvaða viðmið eru notuð. Leikskólar eru t.d. innan þessa kerfis, þótt ekki sé skylda að sækja þá. En þegar við fjarlægjumst þennan pól finnum við tónlistarskóla á næsta bæ sem gætu verið innan eða utan kerfisins, eftir því hvernig það er skilgreint, en íþróttafélög, ungmenna- og skátafélög, félagsmiðstöðvar og frístundaheimili væru öll utan kerfisins, þótt starfið sé iðulega mjög skipulagt og þannig kerfisbundið. Síðasti þátturinn er *afraksturinn*, þ.e. námslokinn, sem eru varla til fyrir leikskóla, sem almennt brautskrá ekki nemendur sína, og þau eru aðeins mæld í árum í grunnskóla en með formlegri námslokum og yfirlýsingum þegar ofar dregur. Fjöldi skipulagseininga utan skólans hafa ýmsar formlegar viðurkenningar, sbr. stig tónlistarskólanna, flokkar og gráður íþróttafélaga, stig innan skátahreyfingarinnar svo nokkuð sé nefnt. Á öðrum málum, t.d. ensku, er átt við þennan kerfisþátt þegar talað er um hið formlega kerfi (e. formal education). En

sannast sagna er íslenska skilgreiningin nokkuð opin og þá ekki síður sú enska.

Önnur víddin sem kemur við sögu þegar talað er um menntun lýtur að **inntakinu**, námskránni. Stundum þegar talað er um skóla er átt við viðfangsefni þeirra, námsgreinarnar sem þar skulu kenndar. Þótt námskrár skóla hafi verið í nokkurri þróun má með sanni segja að námsgreinarnar hafi verið nokkuð fast skorðaðar. Þetta breyttist að vissu marki með íslensku námskrá grunnskóla sem gefin var út 2011, þegar sex grunnþáttum menntunar var gefið talsvert vægi. Þegar talað er um nám í skóla er sennilega oft verið að hugsa um námið í tengslum við ákveðnar námsgreinar. Hugmyndin um formlegt nám, eða á ensku *formal education*, gæti þá verið notuð í allt annarri merkingu en fyrr, þ.e. vísað til þeirra námsgreina sem skólakerfið rúmar eða hleður undir. Með tilvísun í fyrri námskrár var nokkuð ljóst hvað átti heima í skólum og hvað ekki, en það er síður þannig með námskránni sem kom út árið 2011, sem opnar á fjölmargar nýjar áherslur á öllum skólastigum. Margt af því sem fengist er við í tómskundastarfi hefur ekki átt heima innan námskrárrammans eins og hann hefur verið skilgreindur fram að námskránni 2011. Sú námskrá opnar formlega fyrir fjölmarga þætti tómskundastarfs en ekki er ljóst hvort hún gerir það í hugum þeirra sem starfa í skólunum og er gefið talsvert sjálfðæmi við gerð skólanámskrár hvers skóla.

Þriðja víddin snýst um **verklagið**, þ.e. hvernig skal menntunin, námið, starfið eða þjálfunin skipulögð. Þegar talað er um skólastarf þá hefur fólk oft svonefndan hefðbundinn skóla í huga; þar sem kennt er samkvæmt tiltölulega stöðluðum aðferðum og einstefna kennarans ræður ferðinni. En þetta er auðvitað mjög misjafnt og mikið háð skólastigum, en fer einnig eftir starfsfólki og staðarbrag, kennurum og skólamenningu. Þótt tiltekið verklag af þessu tagi hafi iðulega tíðkast þá er ekkert (eða fátt) í laga- eða skipulagsrammanum sem kallar á slíkt og áberandi undantekningar hafa lengi verið vel þekktar. Það er þó einn þáttur verklagsins sem minnkar verulega þennan sveigjanleika og það er krafan um einkunnir eða formlegt mat. Stundum kallar það á tiltekið, niðurnjörvað verklag (a.m.k. í hugum margra) og stýrir þannig ferðinni. Þetta er það eina í verklagsvíddinni sem gæti hamlað því að margir af þeim starfsháttum sem tíðkast á fagvettvangi tómskundastarfs eigi greiða leið

inn í skólana. Þegar talað er um hefðbundin skóla, þá gæti verið að sumir hafi í huga verklagið, og þá einkum það sem tengist námsmati. Enska hugtakið *formal education* gæti þá vísað til matskerfisins en varla til annarra þátta kennslunnar þar sem kennslu-hættir í skólakerfinu geta verið æði misjafnir.

Fjórða víddin lýtur að **tímabættinum**, þ.e. *hvenær* námið, menntunin, þroskinn og þátttakan fer fram. Þessi vídd tengist beinlínis aldri þátttakenda og skólastigum. Megin áhersla hefur verið á að mennta börn, unglinga og ungt fólk og litið er á menntun sem undirbúning fyrir lífið. Áleitin spurning er hvort sú hugmyndin sé löngu úrelt að mest af því sem lýtur að menntun eigi að fara fram áður en lífið eiginlega hefst. Hin viðurkennda hugmynd um ævinám (e. *lifelong learning*) gerir ráð fyrir nauðsyn þess að læra allt lífið, ætti í raun að hafa mun meiri áhrif á forsendur grunnmenntunar. Við verðum aldrei endanlega undirbúin heldur þarf menntun að mæta þörfum okkar í dag og gefa okkur verkfæri og viðhorf til að halda áfram að mennta okkur allt lífið. Hér kemur einnig upp önnur spurningin um aldur eða skólastig. Margt af því sem sagt er einkenna skóla á samt ekki endilega við um leikskóla og oft ekki heldur um háskóla þótt það eigi að talsverðu leyti við um grunn- og framhaldsskóla.

Því er hér haldið fram að allar þessar víddir, ásamt undirvæddum, verði að vera inni í myndinni þegar talað er um menntun og engin ein þeirra megi ráða ferðinni. Aðalatriðið er að ljóst sé hver þeirra, eða hvort þær allar, komi við sögu þegar verið er að lýsa ólíkum þáttum menntaverkefna samfélagsins. **Kerfið** hefur verið allt of ráðríkt í umfjöllun um þróun menntunar. Þá er spurt um hvernig kerfi eigi að þróa og þá helst fyrir ungt fólk eins og hefðin býður. Sá þáttur menntunar sem næst mest hefur borið á er um **aðferðir**; kennsluaðferðir, námsaðferðir eða starfsaðferðir. Þeim hefur hugsanlega verið ruglað saman við umræðu um kerfið, m.a. í engilsaxneskri umræðu, þegar talað er um „formal“ og „non-formal learning“. Umræða um **tímabættinn** hefur næstum orðið útundan, einkum þegar umræða um menntun tengd skóla hefur verið í brennidepli og það er brýnt að flétta hana inn í umræðuna. Það þýðir að allir þættir menntunar eigi erindi fyrir alla aldurshópa.

Mestu skiptir umræða um **inntakið** sem vísað er til í inngangi þessa kafla. Hvað á heima í

nútímamenntun? Hvað gagnast einstaklingum og samfélagi best til þess að byggja upp einstaklinga sem hafa hæfni og möguleika til að taka þátt í mótun heilbrigðs samfélags þar sem þeir og allir aðrir þrífast vel?

Spurning sem er vakin með þessari umfjöllun er hvort eitthvað af víddunum fjórum, eða a.m.k. þeim þremur fyrstu, hamli því að viðfangsefni og áherslur tómsundafræðinnar eigi erindi inn í almennt skólastarf.

Svarið við því er flókið, því það fer eftir því hvaða hluta skólakerfisins er til umfjöllunar en ræðst þó fyrst og fremst af þrennu. (a) Það fyrsta vekur upp spurninguna um hvað skólinn eigi að snúast. Því er svarað með því að athuga námskrá hvers skólastigs fyrir sig og svara spurningunni með samanburði hennar og tómsundaefnisins. Þetta lýtur að vídd tvö hér að framan, inntaksspurningunni. Nú gæti verið að sá samanburður væri ekki ávalt hagstæður tómsundafræðinni sem námsgrein, eða ekki sumum víddum hennar, en það gæti leitt til gagnrýni á námskrána eða umræðu um endurmótun hennar frekar en að hallað sé í nokkru á tómsundafræðina. (b) Annar vandinn er hvort matskerfið (sbr. vídd þrjú og afrakstursviðmið í vídd eitt) gerði viðfangsefnum og starfsháttum tómsundafræði erfitt fyrir. Sá vandi væri þó ekki grundvallarvandi, heldur snerist um kunnáttu kerfisins til þess að taka á þeirri áskorun sem í þessu felst. (c) Þriðji vandinn er sá að oft er viss tregða í kerfinu, þegar á heildina er litið, að feta nýjar slóðir. Væri það tilfellið, að einhverju marki, þá væri ekki við neina vídd kerfisins að sakast heldur eðlileg og metnaðarfull gæsla þeirra hagsmuna sem fyrir væru í kerfinu, sem samt þyrfti að taka til umfjöllunar. Það væri þá verkefni stjórnenda að tryggja að eðlileg endurnýjun gæti átt sér stað, án þess að brjóta niður það sem áður hefur verið vel gert. Dæmi um þessa tregðu er almenn íhaldssemi, sterk staða eldri greina og gæsla atvinnuhagsmuna eins og að eiga á hættu að missa vinnuna vegna breytinga.

Það sem gerir þýðingu og notkun hugtakanna formal, non-formal og informal, sem tíðkast í erlendra umræðu, erfiða eru þessar ólíku víddir sem skipta máli í umfjöllun og greiningu á menntun. Hugtökin eru oft á tíðum notuð um allar víddirnar og þá beitt í umfjöllun um kerfi, inntak og aðferðir og hugtakanotkunin er einnig algeng í fullorðinsfræðslu (sem tengist tíma-víddinni). Orðin formal og non-formal vísa fyrst

og fremst til víddar eitt - **kerfisins** - en þó er ekki alltaf ljóst til hvaða undirþátta þau vísa helst, þó oft sé verið að ræða um afraksturinn (sbr. vottun á óformlegu námi og reynslu). Viðbótarvandi er að stundum eru þessi hugtök látin vísa til víddar þrjú, verklagsins, sem ætti alls ekki að gera en sjaldnar til víddar tvö, **inntaksins**.

Umrót í menntamálum

Til þess að öðlast dýpri skilning á hugtökum um formgerðir náms er gagnlegt að skoða þau í sögulegu samhengi. Hugtakið hálf-formleg menntun er hluti af alþjóðlegri orðræðu um stefnumörkun í menntamálum á áttunda áratugi síðustu aldar og tengist endurmenntun og ævinámi. Notkun hugtaksins felst í því að „viðurkenna mikilvægi þeirrar menntunar og náms sem fer fram utan hinna formlegu viðurkenndu menntastofnana“ (Tight, 1996:68). Hugtakið kemur fram í miklu umróti í menntamálum á þeim tíma þar sem skólakerfið hafði aðlagð sig of hægt að samfélagslegum breytingum á sama tíma og stefna í menntamálum fólst frekar í því að fylgja samfélagsstraumum en að hafa áhrif á straumana og viðurkenna að leita þyrfti aflvaka breytinga víðar í samfélaginu, þ.e. í öðrum geirum þess (Fordham, 1993). Við þessar aðstæður settu hagfræðingar og aðrir sérfræðingar hjá Alþjóðabankanum sem og innan UNESCO fram þrískiptan greinarmun á menntun í formlega, hálf-formlega og óformlega (formal, non-formal og informal education).

Skilgreiningar UNESCO eru einkum stjórnkerfislegs eðlis þar sem formleg menntun er tengd skólum og þjálfunarstofnunum, hálf-formleg menntun við samfélagshópa, félög og stofnanir og óformlegt nám snýr að því sem eftir er og tengist samskiptum við vini, fjölskyldu og vinnufélaga (Coombs og Ahmed, 1974) eða það sem oft er kallað „skóli lífsins.“ Þessi þrískipting menntunar getur verið gagnleg þegar rætt er um fjármögnun og í stjórn mála- legri umræðu enda kemur hugtakið fram í umróti þar sem leitað er nýrra leiða. Þá snýst hún einkum um hver eigi að fjármagna hvað.

Í umfjöllun um þessa þrískiptingu kemur m.a. fram sterk gagnrýni þar sem bent er á skörun og jafnvel rugling á skilum, t.d. á milli hálf-formlegrar menntunar og óformlegs náms. Jeffs og Smith (1999) færa einnig rök fyrir því að

takmarkað gagn sé að hugtakinu hálf-formleg menntun þegar hugað er að ferli náms og eru talsmenn tvískiptingar í „formal og informal“. Í sama streng tekur Sefton-Green (2013) en tvískipting hans felst í „námi í skóla“ og „námi í ekki-skóla“ (e. not-school). Þessa tvískiptingu setur hann fram til einföldunar en í samantekt sinni á námi í ekki-skóla (e. learning at not-school) kafar hann djúpt í ýmsa þá ferla sem lýsa þessum greinarmun betur. Malcolm, Hodgkinson og Colley (2003) gagnrýna einnig þessa hugtakapönnu og segja að önnur nálgun sé gagnlegri og frekar eigi að nota hugtökin *ferli, staðsetning og umhverfi, tilgangur og innihald* til að aðgreina og lýsa námi.

Á Norðurlöndunum hafa önnur hugtök en hálf-formleg menntun verið meira áberandi í opinberri umræðu um menntun utan skóla. Þar eru notuð hugtök svo sem félagsuppeldisfræði, æskulýðsmál og frístundafræði (sjá t.d. í Berglund, 2007).

Af framangreindu sést að umræða um formgerðir náms er fjölbreytt og mögulegt er að skilja merkingu hugtakanna á ólíkan hátt. Vegna ruglings í merkingu þessara erlendu hugtaka er eðlilegt að spyrja hvort þau hafi í reynd hamlað framþróun í umræðu um menntamál?

Eigi að síður er hugtakið „non-formal education“ eða hálf-formleg menntun sett fram sem aflgjafi til framþróunar og breytinga og hefur róttæka forsögu í farteskinu. Við skulum aðeins skoða þá sögu út frá sjónarhóli æskulýðsmála.

Menntun og æskulýðsmál

Í upphafi var þess getið að æskulýðsmálin eru eitt af megin sviðum tómstundastarfs vegna mikilvægis þeirra í þroska og vexti æsku landsins. Þess vegna er ástæða til að tengja æskulýðsmál með mun skýrari hætti við menntamál.

Í stefnumörkum hjá Evrópusambandinu er rík áhersla lögð á að auka vægi hálf-formlegrar og óformlegrar menntunar sem leiða, m.a. til að efla samfélagsþátttöku, virkni og framleiðni. „Non-formal og informal education/learning“ eru kjarnahugtök í stefnumótandi gögnum frá Evrópusambandinu í æskulýðsmálum og rík áhersla er lögð á margháttað samstarf milli þeirra sem standa að þessum mismunandi formgerðum náms. Ennfremur hefur verið

unnið markvisst síðan 1998 að því að þróa leiðir til að viðurkenna hálf-formlega menntun og æskulýðsstarf (Council of Europe, 2001).

Í ljósi þeirrar gagnrýni á hugtökin sem sett er hér fram er eðlilegt að spyrja sig við hvað er átt? Ef stuðst er við greiningu á víddum menntunar hér að framan má spyrja hvort verið sé að fjalla um aukið samstarf og viðurkenningu ólíkra menntakerfa, um annað inntak eða verklag eða hvenær á ævinni námið fer fram? Til að svara skoðum við tvennt; (1) hvað er átt við með viðurkenningu og (2) hvaða verkfæri eru nýtt við viðurkenningu.

Í stefnumótandi skjölum er lúta að viðurkenningu hálf-formlegs og óformlegs náms er fjallað um *formlegar viðurkenningar*, eins og skírteini og viðurkenningarskjöl, *pólítískar viðurkenningar*, oft í formi laga eða stefnumótunar, *félagslegar viðurkenningar*, í formi samfélagslegs samþykkis á að færni í hálf-formlegu námi sé virt og þeir aðilar sem veita hana njóti sannmælis og *sjálfsviðurkenningar*, til að mynda að sjálfsmat þátttakenda á eigin færniþáttum sé viðurkennt (Partnership between the Council of Europe and the European Commission in the field of Youth, 2011c). *Evrópa unga fólksins*, sem er verkefni undir hatti Erasmus+ áætlunarinnar, hefur unnið ágætt starf við að kynna leiðir til sjálfsmats með svokölluðum „Youthpass“. Þetta er meginverkfærið til viðurkenningar á hálf-formlegu námi eins og æskulýðsstarfi. Um er að ræða sjálfsmat þar sem þátttakendur meta sinn eigin lærdóm og skrá matið inn í „Youthpass“. Matinu er skipt niður í átta færniþætti sem eru: (1) samskipti á móðurmáli, (2) samskipti á erlendum málum, (3) stærðfræðifærni og grunnfærni í vísindum, (4) stafræn færni, (5) að læra að læra og skipuleggja sitt eigið nám, (6) félagsleg færni og samfélagsvitund, (7) frumkvæði og frumkvöðlastarf og (8) menningarleg tjáning (Evrópa unga fólksins, e.d.). Hér má glögg sjá að leitast er við að leggja mat á þá breiðu menntun sem þátttaka í starfi utan skólakerfisins getur falið í sér.

Þau dæmi sem hér er vísað til virðast einkum fela í sér viðurkenningu á *kerfis* víddinni. Aðallega er verið að fjalla um *afraksturinn*, þ.e. að sú færni og þekking sem þátttakendur öðlist sé viðurkennd. Einnig er vísað til þess að fjallað sé um þennan þátt menntunar í lögum og stefnumótandi skjölum og sem hér hefur verið tengt við undirþátt kerfisvíddar, þ.e. laga-

rammann og að nokkru leyti skipulagsrammann.

Í reynd er líklegt að mikilvægasti hluti af viðurkenningu stjórnvalda felist í því að starf ýmissa aðila utan kerfisins sé viðurkennt, líklega með sams konar matstækjum og notuð eru í skólakerfinu. Það starf sé síðan sett inn í lög eða reglugerðir sem feli í sér skyldur hins opinbera um fjármögnun eða stuðning. En þessi viðurkenning er vandasöm og í henni felst ákveðin klemma. Skýrt er tekið fram í stefnumótun Evrópusambandsins að vettvangur æskulýðsmála sé ekki einsleitur heldur mjög fjölbreytt svið félaga, stofnana og einkaaðila. Tryggja þurfi sjálfstæði vettvangsins og varast að formgera hann of mikið; aðeins á þann hátt geta einstaklingar og stofnanir notið ávinnings af æskulýðsstarfi. Og hvað þýðir þetta? Í fyrsta lagi má viðurkenningin ekki njörva og takmarka starfið um of. Í öðru lagi felst gildi æskulýðsstarf ekki bara í því að læra eitthvað gagnlegt heldur hefur æskulýðsstarf í raun gildi í sjálfu sér. Í þriðja lagi stendur æskulýðsstarf staðfastlega vörð um réttinn til að leika sér og hafa gaman (Partnership between the Council of Europe and the European Commission in the field of Youth 2011c).

Fjölpætt stefnumótun Evrópusambandsins og stofnana þess virðist hafa haft takmörkuð áhrif á formlega og pólitíska viðurkenningu æskulýðsstarfs, hálf-formlegrar menntunar og óformlegs náms í menntamálum á Íslandi. Þrátt fyrir samþykkt á Stefnumótun í æskulýðsmálum 2014-2018 hefur henni ekki verið hrundið markvisst í framkvæmd. Á vef Mennta- og menningarmálaráðuneytisins er hún í maí árið 2017 kynnt sem „tillögur“ um stefnumótun og á vefnum „Youth Policies at a Glance“ kemur fram að Ísland er ekki með formlega stefnu í æskulýðsmálum⁸. Það má því segja að stefnuleysi ríki í æskulýðsmálum á Íslandi.

Það hjálpar ekki til að stefnumörkun Evrópusambandsins er ekki mjög skýr. En meira máli skiptir líklega tregða hjá yfirvöldum menntamála að vinna að túlkun hennar, ásamt almennu áhugaleysi um þennan þátt menntamála. Við framþróun í menntamálum á Íslandi er rík þörf fyrir markvissa stefnumótun og aðgerðir á þessu sviði því það felur í sér fleiri og jafnari tækifæri fyrir ungt fólk á Íslandi til menntunar.

Af hálfu Evrópusambandsins hafa verið settar fram markvissar leiðir til að viðurkenna með skýrari hætti hálf-formlegt nám og æskulýðsstarf. Þessar leiðir fela meðal annars í sér að styðja við samstarf og samvinnu á vettvangi, gera hlutverk æskulýðssamtaka sýnilegra, auka gæði og þjálfun á sviði óformlegrar menntunar, auka þekkingu á óformlegum námsháttum í æskulýðsstarfi, efla tengsl við ævimenntun, virkja hagsmunaaðila og tengja æskulýðsmál við stefnumótun á öðrum sviðum menntamála (Partnership between the Council of Europe and the European Commission in the field of Youth 2011c). Þetta eru á meðal þeirra leiða sem íslensk stjórnvöld gætu tekið mið af við að efla þennan þátt menntunar og þær eru í ágætum samhljómi við Stefnumótun í æskulýðsmálum 2014-2018.

Niðurlag

Niðurstaðan er sú að hugtökin formleg, hálf-formleg og óformleg menntun eru flóknari og óljósari en þau virðast við fyrstu sýn. Vert er að hafa í huga að áhersla á hálf-formlegt nám kom fram í umróti í menntamálum fyrir um fjórum áratugum og á því nokkuð róttæka forsögu. Hafa þessar áherslur haft mikil áhrif í orðræðu og stefnu í fullorðinsfræðslu og æskulýðsmálum. Í ljósi þeirrar umfjöllunar sem hér er sett fram er full ástæða til að spyrja sig hvort að hugtakþrennan gagnist nægilega til að öðlast betri skilning á menntun almennt og sérstaklega á sviði tólmstunda. Er e.t.v. gagnlegra að taka svipaðan pól og Sefton-Green (2013) og Jeffs og Smith (2005) og tala um menntun innan skólakerfis og menntun utan skólakerfis? Menntun með eða án skírteina, o.s.frv.? Hættan er sú að hin óskýru hugtök um formgerðir náms séu til þess fallin að flækja málum um of og við missum sjónar af mikilvægum þáttum, t.d. þeim sem tengjast inntaki menntunar. Mótrökkin eru m.a. þau að þessi hugtakþrenna gegnir lykilhlutverki í alþjóðlegri stefnumörkun í menntamálum sem við á Íslandi erum hluti af og getum ekki leitt hjá okkur.

Við erum þannig skilin eftir með þá áleitnu spurningu hvort hugtökin um formgerðir náms séu í raun gagnleg til að öðlast dýpri skilning á þeirri menntun sem fram fer í mismunandi námsumhverfi og betri skilning á því sem skynsamlegt væri að breyta.

⁸ www.youthpolicy.org birtir yfirlit um stöðu ungs fólks og æskulýðsstefnu í 200 löndum.

Umfjöllunin í þessum kafla ber þess merki að fleira en eitt menntakerfi er virkt. Ef við viðurkennum það ætti stefnumörkun og stjórn mála­leg umræða – sem nær alltaf er afmörkuð umræða um skólamá­l – að fjalla um menntakerfi en ekki menntakerfið.

Í megin atriðum eru tvær leiðir sem við getum farið til að bregðast við þessu og hvorug útilokar hina. Annars vegar er sú leið að *skólinn opnist*. Hann verði opin fyrir nýju inntaki, nýjum starfsháttum og fjölbreyttara mati á því starfi sem þar fer fram. Hafa ber í huga að skólinn er rötgróinn og breytingar á skólastarfi eru oft hægar og varðgæsla ýmissa vídda menntunar sterk. Jón Torfi Jónasson (2016) fjallar um tregðu við breytingar varðandi menntun og greinir mismunandi áhrifavalda, s.s. almenna íhaldssemi, stöðuleika kerfisins, opinber viðmið, óskýrar nýjar hugmyndir, sterka stöðu eldri greina, gæslu hagsmuna, starfsmenntun kennara og of litla hvatningu til breytinga. Rík þörf er eigi að síður fyrir breytingar í menntamá­lum til þess að geta mætt þeim áskorunum sem samfélagið tekst á við. Það kann að vera of örðugt að takast á við slíkar breytingar á skólastarfi fyrir tó­mstundafræðina sem unga faggrein þar sem fagmennska og fræðasvið er enn í mótun. Hættan er að menning skólans muni smám saman taka yfir hina nýju strauma sem eiga að vera aflgjafi breytinga.

Hins vegar, og líklega vænlegri leið, er að leggja höfuðáherslu á að setja önnur kerfi, utan skólans, á svipaðan stall lagalega og fjárhagslega og skólann. Viðurkenna einfaldlega að stofnanir tó­mstundageirans ættu að fá sömu stöðu og skólinn. Það fæli í sér að lög og reglugerðir myndu skýra hlutverk, ábyrgð og skyldur aðila og tryggja rétt þátttakenda til ákveðinnar þjónustu og menntandi tækifæra. Margt gæti áunnist við að fara þessa leið. Sem dæmi þá væri hægt á vettvangi tó­mstunda- og félagsstarfs að ná betur til þeirra jaðarhópa sem almennt skólastarf nær ekki til, gefa fólki á öllum aldri tækifæri til að læra eins og hugmyndin um ævinám gerir ráð fyrir og stuðla að nýsköpun í menntamá­lum í anda tillagna Leadbeater og Annika Wong (2010). Þau tala um að *læra af öfgunum* (e. learning from the extremes) og setja fram stefnumótandi leiðir um hvernig stjórnvöld geta mætt áskorunum með nýsköpun í menntun með því að nýta leiðir og hugmyndir utan skólakerfisins. Tillögur þeirra byggja á rannsóknum á félagslegum frumkvöðlum sem skapað hafa tækifæri til mennt-

unar þar sem lögð er áhersla á að (1) lokka fjölskyldur og börn til náms með því að gera það aðlaðandi, árangursríkt og viðeigandi, (2) byggja á jafningjanámi frekar en formlegri kennslu, (3) skapa rými til náms þar sem þess er þörf í stað þess að nota skóla og (4) námið byrji þar sem fólk mætir áskorunum í stað þess að vera grundvallað á námskrá. Prófraun þessa fyrirkomulags er einfaldlega hvort það veitir nýtsamlega þekkingu til þess fólks sem þarf á henni að halda. Ekki er metið út frá því hve margir ljúka prófi eða útskrifast.

Grundvallaratriði í umræðu um menntamál er að takmarka hana ekki við skólakerfið því þá missum við sjónar af öðrum og ekki síður mikilvægum leiðum til að skapa menntað samfélag og tækifæri fyrir alla til að menntast. Út frá sjónarhóli einstaklingsins varðar þessi umræða jafnan rétt fólks til náms og hvaða skyldur opinberir aðila eiga að bera.

Að lokum er vert að spyrja hvað geti stuðlað að því að draga inntak þeirrar menntunar sem á sér stað annars staðar en í skólum að kjarna almennrar og faglegrar umræðu um menntamál? Í þessum kafla hefur það verið gert með því að rýna í hugtakalegan grunn orðræðunnar um menntun í þeim tilgangi að gera hana agaðri og markvissari. Tíminn verður svo að leiða í ljós hvort að þessi greining gagnist.

Pakkir

Jón Torfi Jónasson, Ólafur Proppé, Kolbrún Pálsdóttir, Vanda Sigurgeirsdóttir og Rósa Þorsteinsdóttir lásu yfir kaflann á ýmsum stigum og komu með margar gagnlegar ábendingar. Ég færi þessum aðilum bestu þakkir fyrir góðar ábendingar, gagnrýnið og uppbyggjandi samtal. Þessi kaflar er einnig unnin í samstarfi við orðanefnd í tó­mstundafræði og nefndarmenn hennar.

Heimildir

- Árni Guðmundsson. (2014). Starfsaðferðir og fagmennska í félagsmiðstöðvum. *Uppeldi og menntun*. 23,(1). 107-111.
- Benjamín Axel Árnason og Ólafur Proppé. (2013). *Kjarni skátastarfs*. Reykjavík: Bandalag íslenskra skáta.
- Berglund, S. A. (2007). *Social Pedagogik - I goda möten skapas goda skäl*. Lund: Studentlitteratur.
- Council of Europe. (2001). *Symposium on non-formal education*, Strasbourg (EYC), 13-15 October 2000. Report. Council of Europe.
- Björk Ólafsdóttir og Sigrún Sveinbjörnsdóttir. (2015). Viðmið og vísendingar fyrir innra og ytra mat á gæðum frístundastarfs. Reykjavík: Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur. Sótt af: http://reykjavik.is/sites/default/files/skjol_thjonustulysingar/vidmid_-_mat_i_fristundastarfi_utgafa_sept2015.pdf
- Coombs, P. H., og Ahmed, M. (1974). *Attacking Rural Poverty: How Nonformal Education Can Help*. Rannsóknarskýrsla frá The World Bank gerð af The International Council for Educational Development.
- Dewey, J. (2000). *Reynsla og menntun*. (Gunnar Ragnarsson, þýð.) Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands (1. útg. 1938).
- Edwards, R. 2009. Introduction: Life as a Learning Context. Í R. Edwards, G. Biesta, og M. Thorpe (ritstjórar). *Rethinking Contexts for Learning and Teaching: Communities, Activities, and Networks*. Í. London: Routledge.
- Edwards, R., Biesta, G., og Thorpe, M. (ritstjórar). (2009). *Rethinking contexts for learning and teaching: Communities, activities and networks*. Routledge.
- Evrópa unga fólksins. (e.d.). Youthpass. Sótt af <http://www.hi.ishttp://www.euf.is/gagnabanki/youthpass>
- Fordham, P. E. (1993). *Informal, non-formal and formal education programmes* Í *YMCA George Williams College ICE301 Lifelong Learning Unit 2*, London: YMCA George Williams College.
- Gunnar E. Finnbogason (2009). Að gera hæfni sýnilega. Mat á raunfærni. Netla vef tímarit. Menntavísindasvið, Háskóli Íslands. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2009/008/>
- Hamilton, D. (1993). *Að fræðast um uppeldi og menntun* (Bjarni Bjarnason og Ólafur Proppé þýð.). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Hrefna Pálsdóttir, Jón Sigfússon, Ingibjörg Eva Þórisdóttir, Margrét Lilja Guðmundsdóttir, Álfgeir Logi Kristjánsson og Inga Dóra Sigfúsdóttir. (2014). *Ungt fólk 2014 grunnskólar. Menntun, menning, félags-, íþrótt- og tómstundastarf, heilsa, líðan og vímuefnaneysla unglunga í 8., 9. og 10. bekk á Íslandi*. Reykjavík: Rannsóknir og greining og Menntamálaráðuneytið.
- Jakob F. Þorsteinsson. (2014). Ný menntun í takt við kröfur samtímans: Tólmstunda- og félagsmálafræði við Háskóla Íslands. *Uppeldi og menntun*. 23,(1). 99-105.
- Jeffs, T. og Smith, M. K. (1999). *Informal Education. Conversation, Democracy and Learning*. (2. útg.) London: Education Now Publishing.
- Jeffs, T. og Smith, M. K. (2005) *Informal Education: Conversation, Democracy and Learning*. (3. útg.) London: Education Now Publishing.
- Jón Torfi Jónasson. (2016). Educational change, inertia and potential futures. Why is it difficult to change the content of education? *European Journal of Futures Research*, 4(1), 7.

- Kolbrún Þ. Pálsdóttir. (2016). *Hin hugsandi sjálfsvera: Formlegt og óformlegt nám skoðað í ljósi heimspeki Páls Skúlasonar*. Netla, Vefúmarit um uppeldi og menntun. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.
- Malcolm, J., Hodkinson, P., og Colley, H. (2003). The interrelationships between informal and formal learning. *Journal of workplace learning*, 15(7/8), 313-318.
- Leadbeater, C., og Wong, A. (2010). Learning from the extremes. *Cisco Systems, San Jose, CA*.
- Partnership between the Council of Europe and the European Commission in the field of Youth. (2011c). *Pathways 2.0 towards recognition of non-formal learning/education and of youth work in Europe*.
- Samfés. (2016). *Saga Samfés*. Sótt af <https://samfes.is/about-us.html>
- Sefton-Green, Julian. (2013). *Learning at not-school: a review of study, theory, and advocacy for education in non-formal settings*. The MIT Press: London.
- Stefnumótun í æskulýðsmálum 2014-2018*. (2014). Æskulýðsráð. Mennta- og menningarmálaráðuneytið.
- Stuart, K., Maynard, L. og Rouncefield, C. (2015). *Evaluation practice for projects with young people*. 55 City Road, London: SAGE Publications Ltd doi: 10.4135/9781473917811
- Tight, M. (1996) *Key Concepts in Adult Education and Training*. London: Routledge.
- Unnur Gísladóttir (2015). *Löðsi í dulargervi kennara - starfendarannsókn* (óútgefin meistararitgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Vanda Sigurgeirsdóttir og Jakob Frímánn Þorsteinsson. (2014). *Gæði og gagnsemi náms í tómstunda- og félagsmálafræði: Rannsókn meðal brautskráðra nemenda 2005–2012*. Tímarit um menntarannsóknir. 11, 89-109.
- Vanda Sigurgeirsdóttir. (2010). *Skilgreining á hugtakinu tómstundir*. Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.
- Werquin, P. (2008). Recognition of non-formal and informal learning in OECD countries: A very good idea in jeopardy. *Lifelong learning in Europe*, 3(2008), 142-149.
- Werquin, P. (2007). Terms, concepts and models for analyzing the value of recognition programmes. Í Report to RNFIL: *Third Meeting of National Representatives and International Organisations, Vienna, October*(pp. 2-3).
- Þórólfur Þórlindsson, Jón Gunnar Bernburg. (2006). *Peer groups and substance use: Examining the direct and interactive effect of leisure activity*. *Adolescence*, 41, 321-339.
- Þórólfur Þórlindsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Jón Gunnar Bernburg, Viðar Halldórsson. (1998). *Vímuefnaeysla ungs fólks: Umhverfi og aðstæður*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála.

Einelti, leiðir og lausnir

Vanda Sigurgeirsdóttir

Inngangur

Einelti er grafalvarlegt og algengt vandamál víða um heim og er Ísland engin undantekning þar á. Ótal rannsóknir sýna að einelti er í raun mannskemmandi, því það að verða fyrir einelti getur haft mjög neikvæðar afleiðingar. Þá geta afleiðingarnar einnig verið slæmar fyrir gerendur og hópinn í heild. Því er brýnt að finna leiðir til að stemma stigu við einelti, ekki bara í grunnskólum, heldur á öllum stigum samfélagsins. Þá er einnig mikilvægt að þeir aðilar sem starfa með börnum vinni saman að forvörnum og lausn eineltismála. Töluvert hefur verið fjallað um einelti í grunnskólum en ekki hefur verið skrifað mikið um einelti í frístundastafi hér á landi. Er það miður því frístundastarf er góður vettvangur til að vinna að forvörnum gegn einelti. Þá getur samstarf grunnskólakennara og frístundaleiðbeinenda bæði komið í veg fyrir einelti, sem og stuðlað að árangursríkari inngrípum í eineltismál.

Í þessum kafla verður sjónum beint að einelti almennt, sem og að hlutverki fagfólks þegar kemur að forvörnum og inngrípum í eineltismál. Efni kaflans í heild er byggt á rannsóknum og fræðilegum heimildum en einnig á áratuga langri reynslu höfundar af því að vinna að úrlausnum í eineltismálum.

Í kaflanum er orðið frístundaleiðbeinandi notað yfir alla þá sem vinna með börnum í frítímanum. Getur það verið starfsmaður í félagsmiðstöð eða frístundaheimili, skátaforingi eða íþróttapjálfari, svo nokkrir séu nefndir.

Skilgreiningar

Þrátt fyrir að sú hegðun sem liggur að baki einelti hafi fylgt samfélagi manna frá upphafi (Carrera, DePalma og Lameiras, 2011) þá var ekki farið að rannsaka einelti á kerfisbundinn hátt fyrr en á áttunda áratug síðustu aldar (Rigby, Smith og Pepler, 2004). Voru það Svíarnir Dan Olweus og Peter Poul Heinemann, ásamt Bretanum Lowenstein sem riðu á vaðið. Árið 1972 gaf Heinemann út bók þar sem hann kallaði einelti „mobbing“, sem hann lýsti sem ofbeldi sem væri beitt af hópi og beindist gegn

ákveðnum einstaklingi. Dan Olweus, sem aðallega hefur starfað í Noregi, hóf að rannsaka einelti um svipað leiti og gaf árin 1973 og 1978 út bækur þar sem hann greinir frá niðurstöðum rannsókna sinna. Þá skrifaði Lowenstein grein um einelti í tímaritið *Bulletin of the British Psychological Society* árið 1978. Orðið einelti þekktist þó mun fyrr og þegar á miðri 19. öld var gefin út bókinn „Tom Brown's school days“ um einelti í skólum á Bretlandi (Hughes, 1857). Sigurður Konráðsson prófessor í íslensku við Háskóla Íslands segir í pistli á heimasíðu verkefnisstjórnar um aðgerðir gegn einelti að fyrsta íslenska heimildin um orðið einelti sé frá árinu 1707 og orðið komi fyrir í orðabók frá árinu 1874.

Eftir 1980 óx umfjöllunin um einelti jafnt og þétt og óhætt er að segja að mikil fjölgun hafi orðið á rannsóknum á einelti frá síðustu aldamótum. Þessu til stuðnings kemur fram í yfirlitsrannsókn Stassen Berger (2007) að fjöldi birtra greina um einelti hafi 23 faldast frá árinu 1980 til ársins 2005 og í bók Swearer, Espelage og Napolitano (2009) kemur fram að 200% fjölgun hafi orðið á birtum greinum og bókum um einelti á árunum 1997 – 2007. Líklegt má telja að þessar tölur séu orðnar enn hærri í dag.

Þrátt fyrir þennan aukna áhuga á einelti og eineltisrannsóknum hafa fræðimenn ekki komið sér saman um eina skilgreiningu á einelti. Í meginatriðum er það vegna þess að hugtakið einelti er félagsleg hugsmíð sem ber með sér óhlutbundna (e. abstract) eiginleika, viðhorf eða hegðun sem getur verið erfitt að henda reiður á og skilgreina. Önnur sambærileg hugtök eru þunglyndi og kvíði (Buijs, Pedrolí og Luginbu, 2006) og oft þarf að mæla slík hugtök með mörgum spurningum og mismunandi aðferðum (Ragna B. Gardarsdóttir, e.d.; Vanda Sigurgeirsdóttir, 2011). Eitt einkenni félagslegra hugsmíða er að þau hafa gjarnan ólíka merkingu í hugum fólks. Skilgreining á þeim er þannig tengd tungumáli og menningu og getur tekið breytingum gegnum orðræðu og reynslu einstaklinga af fyrirbærinu (Vanda Sigurgeirs-

dóttir, 2011). Af þessum sökum þarf ekki að koma á óvart að til eru ótal skilgreiningar á hugtakinu einelti. Þessi skilgreiningarvandi getur haft afleiðingar, þ.á.m. á rannsóknir á tíðni eineltis en tölur um tíðni geta verið mjög mismunandi eftir því hvernig spurt er og hvaða skilgreining liggur til grundvallar. Þrátt fyrir þessa erfiðleika er mikilvægt að samkomulag náist um skilgreiningu innan eineltisfræðanna. Það hefur tekist ágætlega því flestir fræðimenn eru sammála um að einelti sé endurtekin, neikvæð hegðun sem eigi sér stað yfir tíma og hafi neikvæðar afleiðingar fyrir þá sem fyrir því verða. Í mörgum skilgreiningum er einnig minnst á valdaójafnvægi (Browne, 2013). Eitt af því sem fræðimenn virðast ekki vera sammála um er hvort alltaf sé um ásetning að ræða og er því misjafnt hvort vilji til að valda sársauka sé hluti af skilgreiningum eða ekki. Hér á landi eru margar skilgreiningar á einelti í notkun en það er ekki endilega alslæmt ef sameiginlegur skilningur ríkir um inntak þess og merkingu. Þannig að þrátt fyrir að orðalag sé misjafnt og misítarlegt þá geta flestir líklega verið sammála um að einelti sé líkamlegt, munnlegt, félagslegt og rafrænt áreiti sem hefur neikvæð áhrif og beinist endurtekið að einum eða fleiri einstaklingum. Í næstu köflum verður hugtakið skoðað nánar og þannig leitast við að gefa frekari innsýn í þetta flókna fyrirbæri sem einelti er.

Einkenni eineltis

Oft er sagt að í einelti felist árársargjörningur hegðun (Andershed, Kerr og Stattin, 2001; Leary, Kowalski, Smith og Philips, 2003). Þó er það ekki svo í öllum tilfellum og því er ekki hægt að leggja eineltishegðun og árársarhneigð að jöfnu. Dæmi um einelti sem ekki felur í sér árársarhneigð er félagsleg útilokun. Margir tala þó um að einelti sé ofbeldi (Baldry og Farrington, 1999). Einelti getur bæði verið af völdum eins eða fleiri einstaklinga. Mynd flestra af einelti er á þann veg að um sé að ræða tvo eða fleiri gerendur en raunin er sú að 35-40% tilfella eineltis gerist vegna áníðslu eins aðila á öðrum (Olweus, 2002). Aftur á móti eru nær alltaf áhorfendur til staðar þegar einelti á sér stað (Cowie, 1998; Craig og Pepler, 1995; Hazler, Carney, Green og Powell, 1997).

Eins og fram kemur í skilgreiningum þá verður að vera um endurtekningu að ræða svo hægt sé að tala um einelti og eins að það vari í ákveðinn tíma (Besag, 1989). Þó ber að nefna að umræða

hefur átt sér stað um að það geti verið einelti þó um einstakt neikvætt atferli sé að ræða (Ross, 2002). Flestir eru þó á þeirri skoðun að í einelti felist endurtekið áreiti. Eins og fram hefur komið þá kemur auk þess fram í flestum skilgreiningum að um valdaójafnvægi sé að ræða og að sá sem verður fyrir einelti standi höllum fæti gagnvart þeim sem leggja í einelti (Olweus, 2002). Fyrir fullorðna skiptir miklu máli að hafa skilning á þessu valdaójafnvægi en það er ein meginástæða þess að börn þurfa aðstoð frá fullorðnum við að leysa úr eineltismálum (Vanda Sigurgeirsdóttir, 2003).

Til umhugsunar

Gerendur geta bætt félagslega stöðu sína og bætt vald sitt gegnum einelti. Í mörgum tilfellum dáðst áhorfendur að gerendum, hlæja eða fylgjast hlutlausir með. Þar með ýta þeir undir eineltið. Að halda að börn geti leyst sjálf úr svona aðstæðum er óraunhæft. Alla jafna er mjög jákvætt að börn leysi sjálf úr ágreiningi en einelti er ekki ágreiningur meðal jafningja. Sannarlega er æskilegt að börn séu hluti af lausninni en fullorðnir mega aldrei varpa allri ábyrgðinni yfir á börnin. Þá verða fullorðnir einnig að átta sig á að aðgerðir þeirra verða að taka mið af þessu valdaójafnvægi, þeirri menningu sem ríkir í hópnum og þess hagnaðar sem gerendur telja sig fá úr úr eineltinu. Inngrip verða því að beinast að gerendum sem og öllum hópnum og vera langvarandi. Að ræða við börnin einu sinni eða tvisvar er ekki líklegt til árangurs, að breyta hegðun og menningu í hópnum tekur tíma.

Rannsóknir hafa sýnt fram á að einelti meðal barna fer oftast fram á skólatíma og er algengast að eineltið fari fram á skólalóðinni (Bullock, 2002; Guðjón Ólafsson, 1996; Sharp og Smith, 2000). Einelti á sér einnig stað á göngum, í matsal, á leið í skóla, í búningsklefum eða sturtu, svo eitthvað sé nefnt (Olweus, 1993). Þá fer einnig þó nokkur hluti eineltis fram eftir skóla, m.a. sem útilokun, stríðni og rafrænt einelti. Ekki er nein tilviljun að einelti fer fram á þessum stöðum, gerendur velja viljandi staði þar sem ákveðið frjálfsræði ríkir og eftirlit fullorðinna er lítið eða ekkert. Þá kemur þrennt til greina, að börn séu alltaf undir eftirliti fullorðinna, að áhorfendur séu þjálfaðir í að grípa inn í og að gerendur velji að leggja ekki í einelti. Að börn séu alltaf undir eftirliti fullorðinna er ill framkvæmanlegt og auk þess

ekki góð lausn því frjáls leikur barna er mikilvægur og ofverndun hefur neikvæð áhrif á þroska og framtíð barna. Hin tvö atriðin eru aftur á móti vel framkvæmanleg og hafa leiðbeinendur í frístundastarfi alla möguleika á að koma öflugir þar inn, með umræðum, hópefli, samvinnuleikjum, klípusögum og félagsfærniþjálfun, svo eitthvað sé nefnt.

Á síðustu árum hafa umræður um einelti sem hóphegðun og félagslegt fyrirbæri aukist. Þeir fræðimenn sem aðhyllast þetta sjónarhorn segja að horfa verði á allan hópinn en ekki einungis þolendur og gerendur. Að líta á einelti í því samhengi getur aukið skilning á hvað liggur að baki ákvörðun einstaklings um að leggja í einelti, hvers vegna þolendur fá ekki stuðning, hvers vegna einelti heldur oft áfram í langan tíma, svo eitthvað sé nefnt. Sú þekking sem skapast við að skoða einelti út frá hópum getur stuðlað að betri aðgerðum gegn einelti (Salmivalli, 2010). Fjallað verður nánar um þetta, ásamt öðrum einkennum eineltis í undirköflunum hér á eftir. Í þessu samhengi er vert að nefna að ýmsir fræðimenn telja að ekki eigi að nota orðin þolendur og gerendur, heldur frekar börn sem verða fyrir einelti og börn sem leggja í einelti. Er þetta hvoru tveggja til að forðast fórnarlambstimpil, sem og til að varpa ljósi á að einelti er ekki einkamál einstakra barna, heldur hópsins í heild. Margt í þessari orðræðu hljómar skynsamlega en í þessum kafla verður þó notast við þessi orð, þar sem það einfaldar umfjöllunina.

Birtingarmyndir

Einelti er flókið fyrirbæri og getur birst á marga vegu, eins og t.d. barsmíðar, útilokun, illt umtal og eyðilegging á eignum. Til einföldunar eru ýmsir sem skipta birtingarmyndunum í nokkra flokka eftir eðli þeirra. Algengast er að greint sé á milli líkamlegs, munnlegs og félagslegs eineltis (Vanda Sigurgeirsdóttir og Sif Einarsdóttir, 2004) en félagslegt einelti felur í sér höfnun, einangrun og útilokun, m.a. með því að ráðast gegn félagatengslum og orðspori einstaklinga. Þá eru einnig ýmsir sem tala um beint og óbeint einelti (Guðjón Ólafsson, 1996; Smith, 2014), þar sem beint einelti fer fram fyrir framan viðkomandi barn, eins og líkamlegt og munnlegt einelti, en óbeint þegar eineltið fer fram þar sem þolandinn sér ekki til, eins og oft þegar um félagslegt einelti er að ræða. Þegar börn eru spurð kemur í ljós að algengast er að þau verði fyrir munnlegu áreiti en undir þann

flokk fellur einnig skriflegt áreiti (Smith, 2004). Einnig þekktist að nota fleiri flokka eins og efnislegt einelti, þegar eignir eru eyðilagðar eða þeim stolið og kynferðislegt ofbeldi (Vanda Sigurgeirsdóttir og Sif Einarsdóttir, 2004).

Á síðustu árum hefur rafrænt einelti bæst við sem birtingarform eineltis. Slíkt einelti er í raun af sama meði og annað einelti og flokkast sem óbeint einelti. Olweus bendir á að 90% af þeim börnum og unglingum sem verði fyrir einelti á netinu verði einnig fyrir hinum hefðbundnu birtingarmyndum eineltis (Gegn einelti, e.d.). Mikilvægt er að hafa í huga að rafrænt einelti hefur nokkrar hliðar sem gerir það að verkum að áhrif þess geta verið sérlega slæm. Í fyrsta lagi er það nafnleyndin sem getur valdið vanlíðan og óöryggi, því ekki er vitað hver gerandinn er (Ybarra og Mitchell, 2004, 2007). Í öðru lagi segja þolendur rafræns eineltis að þeir séu hvergi öruggir, því rafræna eineltið fylgir þeim heim og rænir þá því öryggi sem heimilið veitir (Strom og Strom, 2005). Í þriðja lagi geta börn og unglingar verið mjög grimm í skjóli nafnleyndar og í fjórða og síðasta lagi er hægt að ná til mjög margra á veraldarvefnum. Ótti við dreifingu myndefnis getur sem dæmi verið mjög íþyngjandi.

Rannsóknir sýna að fullorðið fólk á erfiðara með að koma auga á óbeint félagslegt einelti meðal barna og unglunga. Þá sýna rannsóknir að kennarar grípa síður inn í einelti af óbeina taginu (Mishna, Scarcello, Pepler og Wiener, 2005). Ekki er ólíklegt að hið sama gildi um frístundaleiðbeinendur. Er það miður því stór hluti eineltis fer fram með þessum óbeina hætti. Auk þess hefur hækkandi aldur barna þau áhrif að félagslegt einelti verður algengara og það líkamlega fer minnkandi. Þannig er einelti á unglingsárum nær eingöngu félagslegt. Einnig er mikilvægt að hafa í huga að langtíma rannsóknir sýna að afleiðingar af félagslegu einelti eru verri ef eitthvað er (Baldry, 2004). Ljóst má því telja að það er miður að hinir fullorðnu grípi síður inn í óbeint félagslegt einelti og finna þarf leiðir til að breyta því.

Til umhugsunar

Einelti fer yfirleitt fram undir yfirborðinu, þar sem fullorðnir sjá ekki til. Á það enn frekar við um óbeint einelti en beint. Þess vegna er mikilvægt að leiðbeinendur í frístundastarfi láti ekki yfirborðskennda mynd af ástandi hóps vera eina mælikvarðann á stöðu hópsins. Ef það er gert er ekki ólíklegt að einelti og önnur neikvæð hegðun fari framhjá leiðbeinandanum. Alltaf er best að hugsa: Hvað er ég ekki að sjá og hvernig get ég komist að því sem raunverulega er í gangi í hópnum mínum? Myndin sem leiðbeinandinn sér má ekki vera fölsk glansmynd. Leiðir til að tryggja það eru meðal annars einstaklingsviðtöl, tengslakannanir, kannanir á líðan og óformlegt spjall við meðlimi hópsins. Sífelld þarf að vera á verði, því einelti getur skotið rötum alls staðar þar sem fólk á í langvarandi félagslegum samskiptum.

Flestir rannsakendur eru sammála um að það er erfitt að henda reiður á hugtakinu einelti sem og að mæla það (Ársæll Arnarson og Þóroddur Bjarnason, 2009; Cook, Williams, Guerra og Kim, 2009; Griffin og Cross, 2004). Til merkis um það sýna rannsóknir á tíðni eineltis tölur allt frá nokkrum prósentum og upp í tugi prósent. Líklegt má telja að hluta skýringarinnar sé að finna í mismunandi skilgreiningum á einelti, mismunandi rannsóknaraðferðum og einnig hvernig spurningar eru settar fram í spurningalistum (Farrington og Ttofi, 2009; Vanda Sigurgeirsdóttir, 2003). Þrátt fyrir þennan mun þá eru líkur á því að flest börn muni upplifa einelti, annað hvort sem þolendur, gerendur eða áhorfendur (Farrington og Ttofi, 2009; James, 2010). Sem dæmi kom í ljós í yfirlitsgrein Gini og Pozzoli (2009), þar sem 11 rannsóknir voru skoðaðar og þátttakendur voru 152 þúsund börn frá mörgum löndum, að um 20 – 30 % barna höfðu lagt í einelti eða orðið fyrir því. Ef þetta er skoðað í samhengi við að áhorfendur eru til staðar í tæplega 90% eineltistilvika (Craig og Pepler, 1992; Hawkins, Pepler og Craig, 2001) er ljóst að fá eða engin börn fara í gegnum grunnskóla án þess að upplifa einelti með einum eða öðrum hætti.

Tíðni eineltis á Íslandi

Nokkuð er til af rannsóknum um tíðni eineltis á Íslandi. Meðal þeirra er ein af fyrstu rannsóknunum á umfangi eineltis í íslenskum grunnskólum sem var framkvæmd af Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála á

árunum 1998–1999. Þátttakendur voru 2000 grunnskólabörn í 5., 7. og 9. bekk. Helstu niðurstöður voru að 13,4 % nemenda í 5. bekk sögðust hafa verið þolendur eineltis stundum eða oft, 6,9 % nemenda í 7. bekk og einungis um 3,3 % nemenda í 9. bekk (Ragnar F. Ólafsson, Ragnar P. Ólafsson og Júlíus K. Björnsson, 1999). Er þetta í samræmi við erlendar rannsóknir sem sýna að einelti minnkar eftir því sem börn eldast (Bauman og Del Rio, 2005). Í kjölfarið á þessari rannsókn fóru af stað markvissari aðgerðir gegn einelti hér á landi en áður hafði verið.

Nýlegar rannsóknir á tíðni eineltis á Íslandi sýna að ekki hafi verið nógu mikill ávinningur af þessum aðgerðum. Sem dæmi sýndi rannsókn Ragnars F. Ólafssonar frá árinu 2008 að einelti hafði aukist á tímabilinu 2005 – 2007 í þeim 35 grunnskólum sem tóku þátt í Olweusarverkefninu. Sama má segja um íslenska hluta rannsóknarinnar Heilsa og líf skjör skólanema (HBSC) sem framkvæmd er á fjögurra ára fresti í yfir 40 löndum. Niðurstöður þeirra rannsókna sýna að þolendum hafði fjölgað á árunum 2006 til 2010 (Ársæll Arnarsson og Þóroddur Bjarnason, 2012). Þó verður að teljast ánægjulegt að vísbendingar eru um að aukinn árangur sé að nást nú á allra síðustu árum, enda mikið af fagfólki á Íslandi að vinna gott starf. Einnig eru Íslendingar að standa sig vel í alþjóðlegum samanburði (Ársæll Arnarson og Þóroddur Bjarnason, 2009). Þó ber að geta þess að niðurstöður rannsóknarinnar Heilsa og líf skjör skólanema (HBSC) frá árinu 2014 benda ekki til aukins árangurs. Þeir sem svöruðu þeirri rannsókn voru nemendur í 6., 8. og 10. bekk í grunnskólum á Íslandi og hafði þeim sem svöruðu því játandi að hafa verið lagðir í einelti tvisvar til þrisvar í mánuði eða oftar fjölgað úr 4,3% árið 2006 í 5,5% árið 2014 (Vanda Sigurgeirsdóttir, 2016). Auk þess sýna niðurstöður kannana Skólalúpsins, sem grunnskólar víðs vegar á landinu taka þátt í, að 35% stelpna og 24% stráka í 6. – 10. bekk segjast verða fyrir nokkru eða miklu einelti. Um var að ræða árin 2009 til 2012 (Unicef á Íslandi, 2013). Auðvitað má spyrja hvort þetta sé ekki vegna aukinnar umræðu um einelti en ómögulegt er að vita það með vissu. Eitt er víst að samkvæmt rannsóknum verða of mörg börn fyrir einelti og mikilvægt er að finna svar við af hverju ekki gengur betur að ná tíðninni niður. Ekki eru til birtar niðurstöður íslenskra rannsókna sem svara þeirri spurningu en sem

hluti af doktorsverkefni mínu hef ég tekið fjölmörg viðtöl við þolendur og foreldra, ásamt kennurum. Niðurstöður þeirrar rannsóknar ásamt reynslu minni af ótal eineltismálum benda til að meginástæðurnar séu að ekki sé nóg unnið með gerendum, inngríp ekki nógu langvarandi, ekki nægar forvarnir og að ekki er unnið nóg með allan barnahópinn né allan foreldrahópinn. Þá segja kennarar að samstarfsvilji foreldra sé grundvallaratriði þegar kemur að lausn eineltismála.

Til umhugsunar

Frístundastarf er frábær vettvangur fyrir forvarnir gegn einelti. Félagsfærni, hópefli, samvinnuleikir og samvinnuverkefni, vináttuþjálfun, umræður, útivist og klúbbar eru aðeins hluti af því sem hægt er að grípa til. Þá er ótalinn leiðbeinandinn sjálfur, sem getur sannarlega haft áhrif. Já með markvissum vinnubrögðum geta frístundaleiðbeinendur orðið stór þáttur í að lækka tíðni eineltis á Íslandi. Ef þeir og annað fagfólk sem kemur að börnunum, ásamt foreldrum, vinna saman þá verður árangurinn enn betri.

Kyn og einelti

Margar rannsóknir sýna að strákar eru líklegri til að koma að eineltismálum en stelpur, bæði sem þolendur og gerendum (Baldry, 2004; Garandeau og Cillessen, 2006, Nansel o.fl., 2001; Pepler o.fl., 2006). Til að mynda kemur fram í íslenska hluta rannsóknarinnar Heilsa og líf skjör skólábarna (HBSC) að strákar eru um tvöfalt líklegri til að tengjast einelti en stelpur (Ársæll Arnarson og Þóroddur Bjarnason, 2009). Velta má fyrir sér hvort að þetta sé raunverulegur munur eða hvort þetta tengist því að aðferðir strákanna eru sýnilegri og þeir viðurkenni frekar aðild að einelti. Þá er einnig mikilvægt að taka það fram að samkvæmt könnunum Skólaláupsins meðal nemenda í 6. – 10. bekk á Íslandi þá segjast mun fleiri stelpur verða fyrir einelti en drengir, 35% á móti 24% (Unicef á Íslandi, 2013). Þegar kemur að birtingarmyndum þá eru stelpur líklegri til að beita óbeinu félagslegu einelti og strákar eru líklegri til að beita beinu líkamlegu einelti (Guðjón Ólafsson, 1996; Pepler, Smith og Rigby, 2004; Reid, Monsen og Rivers, 2004; Stassen Berger, 2007; Thompson, Arora og Sharp, 2002). Mikilvægt er að hafa í huga að þetta er ekki algilt. Þekkt er að stelpur verða einnig fyrir líkamlegu einelti og strákar fyrir

félagslegu. Þá virðist kynjamunurinn fara minnkandi, sérstaklega með auknum aldri, þegar einelti færirst yfir í að vera að mestu félagslegt og munnlegt.

Þegar kemur að því að bregðast við einelti hafa rannsóknir sýnt að stelpur eru líklegri til að styðja og hjálpa þolendum en strákar (Caravita, Di Blasio og Salmivalli, 2009; Gini, Albiero, Benelli og Altoe, 2007; Salmivalli, Lagerspetz, Björkqvist, Österman og Kaukiainen, 1996). Þá líður stelpum í meira mæli illa yfir einelti og fordæma það frekar en strákar (Menesini o.fl., 1997). Að lokum sýna stelpur jákvæðari viðhorf til þolenda (Rigby og Slee, 1993), eru oftast tilbúnar í að grípa inn í og bregða sér í hlutverk verndara (Cowie, 2000; Rigby og Johnson, 2006; Salmivalli o.fl. 1996). Gott er að hafa þetta í huga þegar kemur að inngrípum og forvörnum gegn einelti. Ekki er átt við að leita eigi eingöngu til stelpna, heldur frekar að hvetja þurfi strákana meira og gæta þess að leita einnig til þeirra. Í raun má segja að það liggi oft á tíðum beinast við að leita til stelpnanna en fagfólk má ekki ganga í þá gildru. Hvorki stelpur né strákar hafa gott af því að það séu alltaf stelpurnar sem eiga að passa upp á og sýna umhyggju. Að lokum er vert að minnast á að stelpur, í mun meira mæli en strákar, verða fyrir einelti af kynferðislegum toga, bæði með beinum kynferðislegum snertingum og einnig sem skilaboð gegnum tölvur og síma (Craig, 1998; Garandeau og Cillessen, 2006).

Afleiðingar eineltis, bæði fyrir stelpur og stráka, geta verið mjög alvarlegar eins og lýst verður hér á eftir.

Þolendur, gerendum og áhorfendur

Hvorki þolendur né gerendum eru einsleitir hópar en bæði meðal þolenda og gerenda má í mörgum tilfellum greina ákveðin sameiginleg einkenni er snúa að persónuleika og uppeldi. Þeir eiga það einnig sammerkt að einelti hefur afskaplega neikvæðar afleiðingar fyrir báða hópana og því lengur sem eineltið varir því neikvæðari verða afleiðingarnar. Því er nauðsynlegt að leita allra leiða til að stöðva einelti í fæðingu. Í þessum kafla verður fjallað nánar um þolendur og gerendum, ásamt því að fjalla um þann hóp barna sem bæði eru þolendur og gerendum. Markmiðið er að lesandinn átti sig betur á þessum einkennum og verði þar með frekar í stakk búinn til að grípa inn í. Í kaflanum

er einnig fjallað um áhorfendur, sem eru mikilvægur hópur, því hegðun þeirra getur hvort tveggja stuðlað að frekara einelti eða stöðvað það.

Polendur

Hægt er að lýsa meirihluta þolenda sem hlédrægum. Oft eru þeir varkárari, óöruggari, viðkvæmari, hljóðlátari og kvíðnari en önnur börn. Áhættuþættir eru höfnun frá skólafélögum, erfiðleikar í félagslegum aðstæðum og upplifaður einmanaleiki (e. perceived loneliness) (Cranham og Carrol, 2003; Crick og Grotpeter, 1995; Nansel o.fl., 2001; Schafer, Korn, Brodbeck, Wolke og Schulz, 2005; Scheithauer, Hayer, Petermann og Jugert, 2006). Þá sýna rannsóknir að sumir hlédrægir þolendur eru líklegri til að eiga ofverndandi fjölskyldur (Smith, 2004) og að hafa upplifað einelti af hendi systkina sinna (Duncan, 1999; Wolke og Samara, 2004). Hlédrægir þolendur bregðast oft við áreiti með því að vera sárir og leiðir, fara að gráta eða draga sig í hlé. Vegna þessara viðbragða er líklegt að gerendur endurtaki hegðun sína (Salmivalli, 2010; Vanda Sigurgeirsdóttir, 2003). Annar hópur þolenda eru ögrandi börn. Þau eiga oft í félagslegum erfiðleikum, kunna jafnvel ekki að lesa í félagslegar aðstæður og pirra oft hin börnin án þess að átta sig á því. Þá hefur einnig komið í ljós í rannsóknum að börn með fötlun, af erlendu bergi brotin, með námsörðugleika og þau sem þjást af offitu eru í aukinni hættu á að vera lögð í einelti (Knox og Conti-Ramsden, 2003; Mishna, 2003; Nabuzoka, 2000).

Til umhugsunar

Gerendur eru að leita eftir viðbrögðum frá þolendum og frá áhorfendum. Þeir vilja uppskera hlátur frá áhorfendum en grát, reiði eða sárindi frá þolendum. Í raun vilja gerendur sýningu (e. show). Fáir gerendur þau viðbrögð sem þeir eru að leita eftir er líklegri að þeir haldi áfram. Vegna þessa er mikilvægt að kenna öllum börnum að bregðast við áreiti með því að sýna, með rödd, líkama og orðum, að þeim sé alveg sama. Best er að þjálfva viðbrögðin. Þetta þýðir þó ekki að eina lausn fullorðna fólksins megi vera að segja við barn sem lagt er í einelti að það eigi að leiða eineltið hjá sér. Að leiða hjá sér er mikilvæg forvörn en ef sú lausn skilar ekki árangri þarf að sjálfsögðu að grípa til frekari aðgerða.

Afleiðingar eineltis á þolendur

Ótal rannsóknir sýna að langvarandi einelti getur haft margskonar neikvæð áhrif, þar á meðal valdið kvíða, þunglyndi, lystarleysi, svefnleysi og sálíkamlegum kvillum (e. psychosomatic complaints), eins og höfuðverk, magaverk og svima. Þá getur einelti haft neikvæð áhrif á sjálfstraust og sjálfmynd sem og valdið einmanaleika og óhamingju (Hugh-Jones og Smith, 1999; Klomek, Marrocco, Kleinman, Schonfeld og Gould, 2007; Nansel o.fl., 2001; Sharp og Smith, 2000; Thompson o.fl., 2002; Ttofi og Farrington, 2008). Einnig hefur einelti verið tengt við sjálfsvígshugsanir og sjálfsvígstilraunir (Kim, Leventhal, Koh og Boyce, 2009; Klomek o.fl., 2007). Eru þá ótalin neikvæð áhrif á nám og skólagöngu, eins og minnkandi einbeitingarhæfni, lélegri námsárangur (Ballard, Argus og Remley, 1999) og auknar fjarvistir (Thompson o.fl., 2002). Að lokum sýna rannsóknir að afleiðingar eineltis geta verið langvarandi og jafnvel fylgt þolendum fram á fullorðinsár, jafnvel þó að eineltið sé löngu hætt (Due o.fl., 2005; Nansel o.fl., 2001; Vanderbilt og Augustyn, 2010).

Í áðurnefndri yfirlitsrannsókn Gini og Pozzoli (2009) þar sem farið var yfir niðurstöður 11 fyrirliggjandi rannsókna frá ýmsum löndum kom í ljós að 20 - 30% barnanna höfðu orðið fyrir eða tekið þátt í að leggja í einelti og voru þau börn líklegri til að þróa með sér náms-erfiðleika og ýmsa kvilla. Einnig kom í ljós að þolendur sýndu frekar einkenni um depurð, þunglyndi, lágt sjálfsmat og kvíða. Niðurstöður í yfirlitsrannsókn Due o.fl. (2005) voru á svipuðum nótum. Skoðaðar voru rannsóknir frá 28 löndum og voru þátttakendur rúmlega 123 þúsund á aldrinum 11 – 15 ára. Í ljós kom að einelti var oft kveikjan að ýmsum sálrænum kvillum hjá börnum. Þegar afleiðingar eineltis fyrir börn sem bæði eru gerendur og þolendur eru skoðaðar hefur komið í ljós að áhrifin eru jafnvel enn verri, ekki síst vegna þess að þau börn hafa oft minni félagslegan stuðning (Griffin og Gross, 2004; Smith, 2004).

Því er ljóst að afleiðingar eineltis fyrir þolendur eru mjög slæmar og jafnvel óafturkræfar og því þarf að vinna gegn einelti með öllum ráðum. Besta ráðið er að fá gerendur til að breyta hegðun sinni því án gerenda er ekkert einelti.

Til umhugsunar

Mikið af frístundastarfi er ekki skylda og því geta börn valið sig frá því. Þeir sem vinna í félagsmiðstöðvum og öðru valfrjálsu frístundastarfi ættu alltaf að spyrja sig: Hvaða börn eru ekki að mæta? Hluti þeirra sem mæta ekki eru í góðum málum, eru einungis upptekin í öðrum frístundum en hluti þeirra eru börn sem eiga í félagslegum vanda, þar á meðal þolendur eineltis. Hver dagur sem þau eru ein heima er tapaður dagur, því ekki er hægt að vinna með sjálfstraust, líðan, félags- og vináttufærni barns sem mætir ekki. Og með hverjum deginum verða afleiðingarnar alvarlegri. Finnið þessi börn.

Gerendur

Til eru ýmsar upplýsingar um einkenni gerenda en ekki ber þeim endilega saman. Líklega er það vegna þess að gerendur eru ekki einsleitir hópur, frekar en þolendur, eins og fram hefur komið. Samkvæmt ýmsum fræðimönnum eru gerendur í eineltismálum oft árásarhneigðari en önnur börn, eru frekar hvatvísir, sýna frekar mótþróa og gengur verr í skóla (Carney og Merrell, 2001; Pepler, Jiang, Craig og Connolly, 2008; Schafer o.fl., 2005; Smith, 2004). Þá virðast einhverjir gerendur hafa lakari stjórn á tilfinningum sínum, sýna einbeitingarskort og þjást af þunglyndi (Campell, Spieker, Burchinal og Poe, 2006). Einnig eru sumir gerendur með slaka félagsfærni sem leiðir af sér erfiðleika við að koma á og viðhalda jákvæðum vinasamböndum. Aðrir gerendur hafa aftur á móti góða félagsfærni sem gerir þeim kleift að stjórna og stýra öðrum (Sutton, Smith og Swettenham, 1999; Vaillancourt, Hymel og McDougall, 2003) og nota þeir eineltið til að ná markmiðum sínum (Garandeau og Cillessen, 2006; Sutton, 2003) sem er fyrst og fremst að ná góðri stöðu og völdum í félagahópnum (Pellegrini, 2002). Slíkir gerendur mælast yfirleitt félagslega sterkir og eiga oft góð samskipti við vini sína (Ársæll Arnarsson og Þóroddur Bjarnason, 2009). Miðað við þessa lýsingu þarf ekki að koma á óvart að skiptar skoðanir eru á því hvort gerendur hafi lágt sjálfsmat eða ekki (Olweus, 1999; O'Moore, 2000; Smith, 2004). Ef fjölskylduáðstæður eru skoðaðar eru gerendur líklegri til að koma frá fjölskyldum þar sem börnum er sýnt minna aðhald og afskiptaleysi, ásamt tilviljanakenndum og harkalegum agareglum (Carney og

Merrell, 2001; Pepler o.fl., 2008). Þá eru gerendur líklegri til að sýna frekari andfélagslega hegðun og viðhorf á unglingsárum, þar á meðal kynferðislegt áreiti og ofbeldi í samböndum (Pellegrini, 2002; Pepler o.fl., 2008), eins og fram kemur í næsta kafla. Ekki þarf því að undra að það að vera gerandi í eineltismálum getur haft langvarandi, neikvæð áhrif.

Afleiðingar eineltis á gerendur

Eins og með aðrar tegundir af ofbeldi þá hefur einelti ekki aðeins áhrif á þá sem fyrir því verða heldur sýna rannsóknir að einelti getur einnig haft neikvæð áhrif á þá sem beita ofbeldinu. Má þar nefna auknar líkur á hegðunarvandamálum og slæmum viðhorfum til skóla (Gini og Pozzoli, 2009), kynferðislegt áreiti (Pellegrini, 2001; 2002), auknum líkum á áfengis- og vímuefnaneyslu og að verða sakfelldir fyrir glæpi (Nansel o.fl., 2001, Olweus, 1997; Olweus, 2011; Roberts, 2000). Þá eru vísbendingar um að gerendur haldi ofbeldishegðun sinni áfram fram á fullorðinsár og hegði sér til að mynda á árásarhneigðan hátt gegn mökum sínum, noti harkalegar uppeldisaðferðir á börnin sín og auki þar með líkur á að börn þeirra verði einnig gerendur (Carney og Merrell, 2001; Roberts, 2000; Smokowski og Kopasz, 2005). Þessu til stuðnings sýndi rannsókn Olweus frá 2011 að 55% þeirra sem voru gerendur snemma á unglingsárum höfðu á aldrinum 16 – 25 ára verið sakfelldir fyrir í það minnsta einn glæp og 36% fyrir þrjá glæpi eða meira. Samtals voru gerendur fjórum sinnum líklegri til að fá sakfellingu fyrir glæp en þeir sem ekki voru gerendur.

Þó helsti hvatinn fyrir aðgerðum gegn einelti séu þau mannréttindi allra barna að búa við öruggt umhverfi (Olweus, 1993; Olweus og Limber, 2010) þá benda ofantaldar rannsóknarniðurstöður til að aðgerðir gegn einelti séu einnig nauðsynlegar vegna gerenda. Einnig er vert að nefna að til viðbótar við hina mannlegu þjáningu sem einelti fylgir þá er það mjög dýrt fyrir samfélagið, því bæði þolendur og gerendur þurfa á ýmsum kerfum samfélagsins að halda, svo sem félagsþjónustu og heilbrigðisþjónustu (Sourander, Helstelä, Helenius og Piha, 2000). Því er augljóst að hægt er að spara mikla peninga með árangursríkum forvörnum gegn einelti (Farrington and Ttofi, 2009; Olweus, 2010; Olweus og Limber, 2010; Ttofi and Farrington, 2008). Í þessu ljósi er

engum blöðum um það að fletta að gerendur mega ekki komast upp með hegðun sína, ekki aðeins þolendanna vegna, heldur einnig vegna þeirra sjálfra og samfélagsins í heild.

Til umhugsunar

Með því að leggja í einelti fá gerendur athygli og því miður er það þannig að eineltið getur bætt stöðu þeirra í hópnum, ásamt því að þeir styrkja vald sitt. Svo finnst sumum beinlínis gaman að leggja í einelti og finna lítið til með þeim sem fyrir því verða. Gerendur eru því að nota vald á neikvæðan hátt og sjá jafnvel hag í framferði sínu. Því er afskaplega ólíklegt að það að ræða við gerendur einu sinni eða tvisvar skili nokkrum árangri. Vinna þarf mun meira með gerendur í þeim tilgangi að fá þá til að breyta hegðun sinni. Vinnan skilar mestum árangri ef allir sem koma að barninu, þ.e. skólinn, frístundastarfið og foreldrar vinna saman. Mikilvægt er að leggja ekki af stað í þessa vegferð án samþykkis foreldra. Þessi vinna getur verið fólgin í umræðum, klípusögum og hlutverkjaleikjum ásamt því að veita þeim hlutverk og ábyrgð. Stundum nægir þetta en oftast þarf að setja skýra ramma í kringum gerendur, með afleiðingum sem þeir vita fyrirfram og velja þar með sjálfir. Þá geta samskiptabækur sem skrifað er í á hverjum degi gefið góða raun. Gera þarf áætlun um þá vinnu sem setja á af stað með gerendur og ekki hætta vinnunni fyrr en það er öruggt að eineltið er hætt. Að lokum er mikilvægt að taka það fram að í einstaka tilfellum getur verið nóg að ræða við gerendur til að fá þá ofan að hegðun sinni, sérstaklega ef eineltið er á byrjunarstigi. Mikilvægt er að taka fram að samhliða þessari vinnu með gerendur þarf að vinna með allan hópinn og breyta þeirri menningu sem leyfði einelti að viðgangast.

Áhorfendur

Eins og fram kom í kaflanum um einkenni eineltis eru yfirleitt áhorfendur til staðar þegar einelti á sér stað. Í greinum Hawkins o.fl. frá 2001 og Craig og Pepler frá 1992 kemur t.d. fram að áhorfendur eru til staðar í um 85 – 88% eineltis tilfella. Flestir áhorfendur taka þó ekki virkan þátt í eineltinu heldur fylgjast aðeins með framgangi þess (Olweus, 1991). Þrátt fyrir að vera óvirkir og ekki raunverulegir þátttakendur þá ýtir nærvera áhorfenda undir einelti, því með óvirkri hegðun sinni gefa þeir leyfi á að gerend-

ur haldi ótrauðir áfram (Cowie, 1998). Þolendur eineltis segja að þessi hegðun áhorfenda auki mikið á vanlíðan þeirra því það sé sárt að upplifa að fá enga hjálp frá þeim sem horfa á (Pellegrini, Bartini og Brookes, 1999). Þannig ýtir óvirk hegðun áhorfenda undir neikvæða upplifun þolenda, þar á meðal upplifun á aukinni niðurlægingu og félagslegri einangrun (Hazler og Denham, 2002). Áhorfendur hafa því mikið vald þegar kemur að eineltismálum en því miður nota þeir það oft ekki á jákvæðan hátt (Salmivalli, 2010). Aftur á móti hefur komið í ljós að ef áhorfendur bregðast við þá er hægt að fækka eineltistilfellum (Salmivalli o.fl. 1996; Salmivalli, Voeten og Poskiparta, 2011). Ein rannsókn sýndi að þegar áhorfendum tókst að stöðva einelti þá gerðist það í rúmlega helmingi tilfella á innan við 10 sekúndum (Hawkins o.fl., 2001). Þá sýnir rannsókn Sainio, Veenstra, Huitsing og Salmivalli að ef þolendur hafa einn eða fleiri bekkjarfélaga sem verja þá gagnvart einelti þá verða áhrifin ekki eins alvarleg, t.d. minni kvíði og þunglyndi og hærra sjálfsmat (Salmivalli, 2010). Þetta sýnir svo ekki verður um villst að virkja þarf börn í að bregðast við einelti.

Ekki eru þó allir áhorfendur í sama hlutverki og hefur finnska fræðikonan Christina Salmivalli (1998; 1999) rannsakað einelti út frá þeirri kenningu að líta beri á einelti í félagslegu samhengi og að hópþróun og félagsleg staða í hópnum hafi mikil áhrif í eineltismálum. Hefur hún út frá því greint sex hlutverk sem börn eru gjarnan í þegar einelti er í gangi. Fyrst ber að nefna gerendur, sem hafa frumkvæðið að og leiða eineltið. Svo eru það hjálparhellur, sem aðstoða gerendur á virkan hátt t.d. með því að vera á verði eða styðja gerendur með annarri hegðun. Síðan eru það hvetjendur, sem hlæja og hvetja gerendur og hjálparhellur áfram án þess þó að taka beinan þátt. Þá nefnir hún þolendur, sem verða fyrir áreitinu, næst verjendur sem eru þeir sem hjálpa þolendum, styðja þá og reyna að koma í veg fyrir eineltið og loks hlutlausir áhorfendur sem taka ekki afstöðu (Salmivalli o.fl., 1996). Fleiri fræðimenn tala einnig um mismunandi hlutverk, eins og Olweus, Craig og Pepler og hefur þessi hlutverkaskipting verið notuð heilmikið í forvarnavinnu gegn einelti. Fá börn þá fræðslu um þessi mismunandi hlutverk og eru hvött til að taka að sér hlutverk verjenda.

Afleiðingar eineltis á áhorfendur

Einelti eitrar allt umhverfið og getur haft neikvæð áhrif á þá sem koma í raun lítið sem ekkert nálægt því, hvorki sem þolendur eða gerendur (Vanda Sigurgeirsdóttir, 2003; Vanderbilt og Augustyn, 2010). Sem dæmi um neikvæð áhrif á áhorfendur geta þeir upplifað óöryggi og hræðslu um að lenda sjálfir í einelti. Þá finna margir fyrir kvíða. Áhrifa gætir einnig varðandi skólagöngu en það að vera vitni að einelti getur aukið neikvæðar tilfinningar til skólans og námsárangur jafnvel versnað (Dupper, 2003; Nishina og Juvonen, 2005). Þá sýndi rannsókn Juvonen og Ho (2008) að börn sem litu á gerendur sem „töff“ (e. cool) sýndu aukna gerendahegðun. Þannig getur gerandi verið fyrirmynd sem önnur börn byrja að herma eftir.

Ljóst má því telja að áhorfendur skipta miklu máli þegar kemur að einelti. Þeir eru til staðar, geta ýtt undir einelti, geta orðið fyrir ýmsum neikvæðum áhrifum en þeir hafa það einnig í hendi sér, með stuðningi, að stöðva einelti. Til að ná árangri í baráttunni gegn einelti er því ekki nóg að vinna aðeins með þolendur og gerendur heldur þarf að vinna með umhverfið og hópinn í heild.

Til umhugsunar

Börn hræðast mörg hver að grípa inn í eineltismál – og ótti þeirra er á rökum reistur því stundum fá börn á baukinn fyrir að reyna að koma þolendum til hjálpar. Því þarf að virkja allan hópinn. Þetta getur verið það erfitt að börn þurfa á handriti að halda, ásamt þjálfun í að grípa inn í. Hægt er að nota umræður, klípusögur og hlutverkaleiki í þessum tilgangi. Fyrir unglunga getur það að grípa inn í verið sérlega erfitt, því á þeim árum er mikilvægt að passa inn í hópinn og brjóta ekki félagslegar reglur. Hópefli, fræðsla og umræður skipta hér miklu máli. Fagfólk í frístundastarfi er í sérlega góðri aðstöðu til að vinna með áhorfendur og ættu allir sem starfa með barnahópum í lengri tíma að hugsa út í að þeir hafa í raun lausnina á einelti í höndunum, sem eru börnin sjálf en þau þurfa aðstoð, fræðslu og þjálfun.

Þolendur/gerendur

Ekki er hægt að ljúka umræðu hér án þess að minnst á þann hóp sem í senn eru þolendur og gerendur, þ.e. einstaklingar sem bæði leggja í einelti og verða fyrir því. Oft koma þeir úr ögrandi hópi þolenda og eru líklegri til að hafa slaka félagsfærni og hegða sér andstætt við hegðunarreglur hópsins, eins og að vera árársargjarnir eða trufla önnur börn (Greene, 2000; Griffin og Gross, 2004). Í einhverjum tilfellum eru þeir með lágt sjálfstraust, eiga í félagslegum erfiðleikum, með athyglisvandráði og eru ekki góðir í að leysa vandamál (Andreou, 2001; Carney og Merrell, 2001; Mynard og Joseph, 1997). Samkvæmt rannsóknum er þetta sá hópur sem verst verður úti (Baldry, 2004; Ársæll Arnarson og Þóroddur Bjarnason, 2009; Nansel o.fl. 2001) því þeir eiga það á hættu að kljást við samanlagðar afleiðingar þess að vera bæði þolandi og gerandi. Þetta er hópur sem lítið er til umræðu hér á landi, kannski vegna þess að umræða um þolendur/gerendur er ekki jákvæð fyrir þolendur, þ.e. að börn sem eru lögð í einelti skuli geta lagt önnur börn í einelti. Það er alls ekki gott því þetta er sá hópur sem mest þarf á aðstoð að halda. Því til stuðnings kom í ljós í rannsókninni Heilsa og líf skjör skólalabarna, sem framkvæmd var árið 2014, að þau börn sem sögðust bæði vera lögð í einelti og leggja í einelti glímdu við mikla erfiðleika á flestum sviðum lífsins. Þau mátu heilsu sína verr, gekk verr í skóla, voru í verra sambandi við kennara sína, upplifðu frekar ýmsa sálíkamlega kvilla og fundu meira fyrir kvíða (Vanda Sigurgeirsdóttir, 2016) svo eitthvað sé nefnt. Erlendar rannsóknir sýna sömu niðurstöður (Nansel o.fl. 2001). Því er sérlega mikilvægt að koma auga á þau börn sem eru í áhættuhópi fyrir að vera bæði þolendur og gerendur. Mörg þeirra sýna erfiða eða klaufalega hegðun, sum eru jafnvel að meiða börn í kringum sig, eru skapstór, fara ekki eftir fyrirmælum og fleira í þessum dúr. Sem sagt ekki endilega óskahegðun þeirra sem vinna með þeim en ef þolendum/gerendum er ekki hjálpað og þau festast í þessu hlutverki þá er sannarlega voðinn vís. Fá börn þurfa eins mikið á fullorðnum að halda og þessi börn.

Til umhugsunar

Niðurstöður rannsókna sýna að vísbendingar um börn í áhættuhópi koma fram þegar á unga aldri. Með markvissum vinnubrögðum er hægt að nota þessar vísbendingar til að finna börn sem eru líklegri en önnur til að verða þolendur, gerendur og þolendur/gerendur. Leiðbeinendur í frístundastarfi þurfa því að greina hópinn sinn reglulega út frá þessum áhættuþáttum og gera í kjölfarið áætlanir um viðbrögð. Slík forvarnarvinna getur skipt sköpum í baráttunni gegn einelti.

Að segja frá einelti

Þar sem einelti fer oftast fram þar sem fullorðnir sjá ekki til er mikilvægt að börn láti kennara eða aðra fullorðna vita, til að þeir geti brugðist við. Erlendar rannsóknir sýna að það gerist þó ekki nema í um helmingi tilfella að börn leiti til fullorðinna aðila innan skólans (Craig, Henderson og Murphy, 2000; Fekkes, Pijpers og Verloove-Vanhorick, 2005; Whitney og Smith, 1993). Þá kom fram í rannsókn Smith og Shu (2000) að 30% þolenda eineltis segja engum frá. Ástæðurnar eru helst ótti, skortur á sjálfstrausti, tilfinningin fyrir að einelti sé þeim sjálfum að kenna, skömm og hræðsla við að eineltið verði verra ef fullorðnum er sagt frá (Rigby, 1997; Rigby og Bagshaw, 2003; Smith og Sharp, 1994). Fjöldi þeirra sem segja frá er lægri meðal drengja og eldri nemenda (Smith og Shu, 2000).

Þegar kennarar og annað fagfólk grípur inn í eineltismál getur þrennt gerst, ástandið skánar, stendur í stað eða versnar (Fekkes o.fl., 2005; Kochenderfer-Ladd og Skinner, 2002; Rigby og Bagshaw, 2003; Smith og Shu, 2000). Þetta þýðir að þó að börn segi frá einelti er ekki öruggt að það muni hætta. Ekki er ólíklegt að hér sé kominn hluti skýringarinnar á af hverju einungis um helmingur barna segja fullorðnum frá.

Þessi þáttur í eineltismálum hefur ekki verið rannsakaður á Íslandi, svo vitað sé, en mikilvægt er að börn séu hvött til að segja frá einelti og að til séu öruggar og þekktar leiðir til að láta vita og þar sem nafnleyni er virt. Slík vinnubrögð nýtast þolendum en einnig öðrum börnum sem eru í hlutverki áhorfenda en þeir eru einmitt í lykilstöðu þar sem meirihluti þeirra vita af eineltinu löngu áður en hinir fullorðnu fá vitneskju um það. Þess vegna er mikilvægt að fá

hóp hlutlausra áhorfenda til að taka afstöðu í verki gegn einelti og tilkynna fullorðnum.

Til umhugsunar

Þrátt fyrir að ákvörðun barna um að segja frá einelti sé ekki einföld og geti ráðist af ýmsum þáttum þá eru það fyrstu viðbrögð fagfólksins sem leitað er til sem virðast hafa úrslitaáhrif á hvort barn heldur áfram frásögn sinni eða hættir við að segja frá (Craig og Pepler, 1996). Því er mikilvægt að frístundaleiðbeinendur séu vel að sér og vel undirbúnir ef þeim er sagt frá einelti. Það sem skiptir mestu máli er að taka barnið alvarlega, lofa trúnaði ef um áhorfendur er að ræða, hrósa barninu fyrir hugrekki og lofa að ganga í málið. Lestur þessa kafla og annars efnis um einelti er einnig góður undirbúningur.

Aðgerðaráætlanir gegn einelti

Þrátt fyrir að einelti hafi líklega fylgt mannkyninu um aldir var það ekki fyrr en upp úr 1970, eins og fram hefur komið, sem fræðimenn fóru að rannsaka það á skipulegan máta (Olweus, 2002). Fljótlega komu í ljós alvarlegar afleiðingar eineltis og í kjölfarið voru víða um lönd búnar til aðgerðaráætlanir sem hafa það markmið að draga úr einelti (Farnington og Ttofi, 2009). Flestar aðgerðaráætlanir lýsa þeim aðgerðum sem grípa á til komi upp grunur eða tilkynning um einelti. Margar áætlanir ná einnig yfir samstarf við foreldra sem og forvarnir. Í upphafi beindust aðgerðaráætlanir fyrst og fremst að einelti í grunnskólum en á síðari árum hefur athyglin ekki síður beinst að einelti á vinnustöðum, sem og á leikskólum, í framhaldsskólum og í frístundastarfi. Einelti er því ekki einungis vandamál grunnskólans heldur meinsemd sem hægt er að finna víða í samfélaginu og sú hegðun að leggja í einelti afmarkast ekki við börn (Vanda Sigurgeirsdóttir, 2003).

Það samræmist ekki Barnasáttmálanum og ekki heldur markmiðum og gildum skóla að bregðast ekki við einelti. Hefur þetta verið undirstrikað með breytingum á grunnskólalögum með lögum nr. 91/2011 og í reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum nr. 1040/2011. Er þar lögð sú skylda á grunnskóla að hafa heildstæða stefnu um það hvernig fyrirbyggja eigi að líkamlegt, andlegt eða félagslegt ofbeldi eigi sér stað í skólustarfi. Þá skulu skólar einnig hafa áætlun, m.a. um hvernig brugðist skuli við tilvikum um einelti, annað ofbeldi og félagslega einangrun. Er þetta

vel og nú er svo komið að flestir ef ekki allir skólar á Íslandi eru með aðgerðaráætlun gegn einelti.

Ekki gilda sömu lög og reglur um frístundastarf en þó má ætla að með nýrri reglugerð um frístundaheimili ætti það sama að gilda fyrir þau og grunnskóla. Þá hafa mörg samtök, félög og stofnanir innan frístundageirans útbúið sínar eigin eineltisáætlanir. Má þar nefna Æskulýðsvettvanginn og Íþrótt- og Ólympíu-samband Íslands. Einnig má nefna að í Framkvæmd stefnumótunar Æskulýðsráðs í æskulýðsmálum (2017) er sú tillaga lögð fram að gerðar séu sameiginlegar siðareglur og aðgerðaráætlanir um einelti og ofbeldi í æskulýðsstarfi. Þar kemur einnig fram að Menntamálaráðuneyti skuli stuðla að stofnun sameiginlegra fagráða um einelti, kynferðis-ofbeldi og annað ofbeldi. Er óskandi að þessum stefnumálum verði framfylgt með aðgerðum.

Til er fjöldinn allur af aðgerðaráætlunum gegn einelti og virðast þær margar skila töluverðum árangri. Í skýrslu sem birt var á vegum The Campbell collaboration var til að mynda skýrt frá niðurstöðum 44 kannana sem gerðar höfðu verið á því hvort áætlanir gegn einelti bæru árangur. Niðurstöðurnar sýndu að með heildstæða áætlun gegn einelti í skólum minnkaði einelti um 20-23% hjá gerendum og um 17-20% hjá þolendum (Farrington og Ttofi, 2009). Þó eru einnig til rannsóknir sem sýna fram á lítinn árangur. Almennt sýna rannsóknir að heildstæðar aðgerðaráætlanir sem beinast að öllu skólasamfélaginu, að foreldrum meðtöldum, skila mestum árangri (Sampson, 2003). Þá eru viðhorf og áhugi skólastjórans lykilatriði ef árangur á að nást (Roland, 2000). Áhugi kennara skiptir einnig miklu máli (Pepler o.fl., 2004) og þurfa þeir að fá þjálfun og fræðslu um bekkjarstjórnun og viðbrögð við einelti (Nicolaidis, Toda og Smith, 2002; Sampson, 2003; Vanda Sigurgeirsdóttir og Sif Einarsdóttir, 2004). Ekki er ólíklegt að það sama gildi um frístundastarf og frístundaleiðbeinendur. Auk þess er mikilvægt að byrja að vinna gegn einelti á meðan börnin eru ung, í raun alveg niður í leikskólaaldur, þegar hlutverk og staða barna eru ekki orðin fastmótuð (Alsaker, 2004; Pepler o.fl., 2004). Í því sambandi eru margir sem nefna að ekki er nóg að beina aðgerðum eingöngu að þolendum og gerendum heldur þarf að skoða hin félagslegu samskipti hópsins í heild (O'Connell, Pepler og Craig, 1999; Pepler o.fl.,

2004; Salmivalli, 1999) eins og fjallað er um hér að ofan.

Að lokum er mikilvægt að hafa í huga að einelti er ekki eins og aðrar tegundir af ofbeldi eða ágreiningur sem upp getur komið meðal barna og því er óvíst að sömu aðgerðir virki gegn einelti og virka við að leysa úr annars konar ósætti eða ofbeldi (Limber og Nation, 1998). Að beita átakalausnum (e. conflict resolution), aðferðum þar sem börn eiga að leysa málin sín á milli (e. peer meditation strategies) eða hópmeðferð sem hefur það markmið að bæta sjálfsmat geta því skilað litlum eða engum árangri þegar einelti er annars vegar (Sampson, 2003). Er þetta fyrst og fremst vegna þess að einelti sprettur úr aðstæðum þar sem valdaójafnvægi ríkir, frekar en skorti á félagsfærni. Gerendur sýna til að mynda í mörgum tilfellum mikla félagsfærni, t.d. við að fá aðra með sér og að láta einelti halda lengi áfram án þess að fullorðnir verði varir við það. Slík stjórnun (e. manipulation) þarfnast mikillar félagslegrar færni (Coivin, Tobin, Beard, Hadan og Sprague, 1998; Limber og Nation, 1998). Sama á við um reiðistjórnun fyrir gerendur, ekki er víst að hún virki því reiði er yfirleitt ekki hvatinn (e. motivation) að baki einelti (Limber, Nation, Tracy, Melton og Flerx, 2004). Verður að taka þetta með í reikninginn þegar verið er að hanna aðgerðaráætlanir gegn einelti og ekki síður í beinum inngrípum í eineltismál.

Til umhugsunar

Aðgerðaráætlanir eru sannarlega mikilvægar og ættu allar stofnanir og félagasamtök sem vinna með börn að koma sér upp aðgerðaráætlun gegn einelti. Þó er mikilvægt að taka það fram að aðgerðaráætlun ein og sér dugar ekki til. Viðhorf og elja fullorðna fólksins í að fyrirbyggja og taka á einelti skiptir mun meira máli. Því er ekki nóg að búa til flotta eineltisáætlun í frístundastarfi en fara svo ekki eftir henni. Eineltisáætlanir eru tæki sem þurfa að vera til staðar en einlægur áhugi frístundaleiðbeinenda er það sem stoppar einelti.

Hlutverk leiðbeinenda í frístundastarfi í eineltismálum

Eins og fram hefur komið þurfa börn á fullorðnum að halda við lausn eineltismála. Þeir fullorðnu eru í flestum tilfellum kennarar, námsráðgjafar, frístundaleiðbeinendur og for-

eldrar. Þessi kafli fjallar um frístunda-leiðbeinendur en ekki er til mikið efni um hlutverk þeirra. Ein leið er að læra af því sem er til um kennara og einelti. Kennarar hafa gegnum árin glímt við ákveðna erfiðleika þegar kemur að eineltismálum. Má þar nefna að rannsóknir hafa sýnt að kennarar vanmeta tíðni eineltis og koma ekki auga á nema hluta þess eineltis sem raunverulega fer fram, þá sérstaklega félagslegt einelti. Einnig grípa þeir of sjaldan inn í og inngríp þeirra skila ekki eins góðum árangri og þeir halda sjálfir (Atlas og Pepler, 2001; Doll, Song og Siemers, 2004; Holt og Keyes, 2004; Lumsden, 2002; Skiba og Fontanini, 2000; Vanda Sigurgeirsdóttir, 2003). Því til viðbótar sýna rannsóknir að sumir kennarar álíta að óbeint félagslegt einelti sé ekki eins alvarlegt og líkamlegt (Atlas og Pepler, 2001; Boulton, 1997; Townsend-Wiggins, 2001). Þessi viðhorf geta valdið því að kennarar grípa ekki inn í eineltismál af því tagi eða gera það með árangurslitlum hætti (Hazler o.fl., 2001).

Mikilvægt er að leiðbeinendur í frístundastarfi læri af þessu og falli ekki í þessar sömu gryfjur, því ef ekki er gripið strax inn í eineltismál með markvissum aðgerðum, er líklegt að eineltishegðunin verði endurtekin (Yoon og Kerber, 2003). Besta leiðin er að allir þeir sem vinna með börnum fái þjálfun og fræðslu, með áherslu á hvernig koma megi í veg fyrir einelti með árangursríkum forvörnum og inngrípum. Fyrsta skrefið getur sannarlega verið að lesa þennan kafla og fara eftir þeim ráðum sem eru gefin en meira þarf til, því lausn eineltismála getur verið flókið ferli. Í því samhengi er vert að minnast á að í þeim rannsóknum sem gerðar hafa verið hér á landi um kennara og einelti hefur komið skýrt fram að kennarar vilja meiri fræðslu og þjálfun um einelti og viðbrögð við því í kennaranámi sínu (Ragnar F. Ólafsson og Ólöf Helga Þór, 2000; Sjöfn Kristjánsdóttir og Vanda Sigurgeirsdóttir, 2011; Vanda Sigurgeirsdóttir og Sif Einarsdóttir, 2004). Í raun töldu þeir skort á þjálfun og fræðslu vera það sem helst hindraði þá í að taka á eineltismálum með árangursríkum hætti (Vanda Sigurgeirsdóttir, 2003; 2005; Vanda Sigurgeirsdóttir og Sif Einarsdóttir, 2004) og að kennaranámið myndi ekki undirbúa þá nægjanlega undir að taka á einelti (Sjöfn Kristjánsdóttir, 2011; Sjöfn Kristjánsdóttir og Vanda Sigurgeirsdóttir, 2011). Ef þessar niðurstöður eru settar í samhengi við rannsóknarniðurstöður Sairanen og Pfeffer (2011)

um markvissa þjálfun og fræðslu kennara í eineltismálum er ljóst hvað þarf að gerast hér á landi. Í rannsókninni kom í ljós að ef kennarar eru undirbúnir undir að taka á einelti gengur þeim marktækt betur að stemma stigu við því. Það sama gildir örugglega um frístunda-leiðbeinendur. Þetta þýðir meiri þjálfun og fræðslu. Verður því að teljast jákvætt að frá og með haustinu 2017 er námskeiðið Einelti - Leiðir til lausna skyldunámskeið fyrir nemendur í tómtunda- og félagsmálafræði og valnámskeið fyrir aðra nemendur við menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Leiðbeinendur í frístundastarfi geta verið lykilaðilar í forvörnum og inngrípum í eineltismál hér á landi. Til þess þarf að fara í markvissa forvarnarvinnu á öllum frístundaheimilum, þar sem skimað er eftir áhættuþáttum í hegðun barna og þeim veitt viðeigandi aðstoð. Best er ef þessi vinna er unnin í samstarfi við starfsfólk og kennara í grunnskólum. Sama gildir um félagsmiðstöðvar og annað frístundastarf. Starfsfólk á þessum stöðum hefur allar forsendur til að vinna frábært forvarnarstarf, með því að búa til góðan anda í hópnum sínum. Anda sem einkennist af umburðarlyndi, samkennd, virðingu og vinsemd. Andrúmsloft þar sem einelti kemur ekki upp. Þá geta leiðbeinendur þróað ýmis verkfæri til að vinna með í eldri hópum, þar á meðal vináttuþjálfun fyrir börn í vinavanda. Vandræði í jafningjasamböndum spáir fyrir um fjölþættan vanda á ýmsum sviðum lífsins, afleiðingar eineltis eru beinlínis mannskemmandi þannig að vinna að forvarnar- og eineltismálum ætti að vera eitt af forgangsmálum allra þeirra sem vinna í frístundastarfi.

Lokaorð

Einelti er kerfisbundin misnotkun á valdi og er brot á grundvallar mannréttindum barna um að vera örugg innan veggja skóla og í frístundastarfi ýmiskonar. Einnig er brotið á rétti þeirra til að lifa hamingjusömu lífi laus við ofbeldi og aðra meiðandi hegðun. Það er okkar fullorðna fólksins að tryggja öllum börnum þessi sjálfsögðu réttindi.

Þetta er alls ekki vonlaus barátta, eins og margir halda fram. Bæði er hægt að beita árangursríkum forvörnum og inngrípum og auk þess er hægt að vernda börn gegn þeim neikvæðu áhrifum sem einelti hefur. Þar skiptir innri

styrkur og þrautseigja máli en einnig ytri þættir og þá helst stuðningur fjölskyldu, vinátta og þátttaka í íþrótt- og frístundastarfi. Allir þessir þættir geta dregið úr þeim neikvæðu afleiðingum sem einelti hefur. Í frístundastarfi er hægt að vinna með tvo af þessum þremur verndandi þáttum, þ.e. þáttökuna og vináttuna, sem þýðir að leiðbeinendur í frístundastarfi hafa

tækifæri á að skipta öllu máli í lífi barna. Það eru viðhorf og umhyggja sem ráða mestu um hvort þetta tekst eða ekki. Þú og þitt hjarta.

Faglegt frístundastarf er frábær forvörn gegn einelti. Þú getur haft áhrif. Þú getur bjargað börnum.

Heimildir

- Alsaker, F. D. (2004). Bernese programme against victimisation in kindergarten and elementary school. Í P. K. Smith, D. Pepler og K. Rigby (ritstjórar), *Bullying in Schools. How successful can interventions be* (bls. 289–306). Cambridge: Cambridge University Press.
- Andershed, H, Kerr, M. og Stattin, H. (2001). Bullying in schools and violence on the streets: Are the same people involved? *Journal of Scandinavian Studies in Criminology and Crime Prevention*, 21(1), 31–49.
- Andreou, E. (2001). Bully/victim problems and their association with coping behavior in conflictual peer interactions among school-age children. *Educational Psychology*, 21(1), 59–66.
- Atlas, R. S. og Pepler, D. J. (2001). Observations of bullying in the classroom. *Journal of Educational Research*, 92(2), 86–99.
- Ársæll Arnarsson og Þóroddur Bjarnason. (2009). Einelti og samskipti við fjölskyldu og vini meðal 6., 8. og 10. bekkinga. *Tímarit um menntarannsóknir*, 6, 15–26.
- Ársæll Arnarsson og Þóroddur Bjarnason. (2012, október). Einelti meðal íslenskra skólabarna 2006–2010. *Rannsóknir í félagsvísindum XIII*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Baldry, A. C. (2004). The impact of direct and indirect bullying on the mental and physical health of Italian youngsters. *Aggressive behavior*, 30(5), 343–355.
- Baldry, A. C. og Farrington, D. P. (1999). Types of bullying among Italian school children. *Journal of Adolescence*, 22(3), 423–426.
- Ballard, M., Argus, T. og Remley, T. P. (1999). Bullying and School Violence: A Proposed Prevention Program. *NASSP Bulletin*, 83(607), 38–47.
- Bauman, S. og Del Rio, A. (2005). Knowledge and beliefs about bullying in schools: Comparing pre-service teachers in the United States and the United Kingdom. *School Psychology International*, 26(4), 428–442
- Besag, V. E. (1989). *Bullies and victims in schools: A guide to understanding and management*. Philadelphia: Open University Press.
- Boulton, M. J. (1997). Teacher's views on bullying definitions, attitudes and ability to cope. *British Journal of Educational Psychology*, 67(2), 223–233.
- Browne, N. T. (2012). Weight bias, stigmatization, and bullying of obese youth. *Bariatric nursing and surgical patient care*, 7(3), 107–115.
- Buijs, A. E., Pedroli, B. og Luginbu, Y. (2006). From hiking through farmland to farming in a leisure landscape: changing social perceptions of the European landscape. *Landscape Ecology*, 21(3), 375–389.
- Bullock, J. R. (2002). Bullying among children. *Childhood Education*, 78(3), 130–133.
- Campbell, S. B., Spieker, S., Burchinal, M. og Poe, M. D. (2006). Trajectories of aggression from toddlerhood to age 9 predict academic and social functioning through age 12. *Journal of Child Psychology and Psychiatry*, 47(8), 791–800.
- Caravita, S. C. S., Di Blasio, P. og Salmivalli, C. (2009). Unique and interactive effects of empathy and social status on involvement in bullying. *Social Development*, 18(1), 140–163.
- Carney, A. G. og Merrell, K. W. (2001). Perspectives on understanding and preventing an international problem. *School Psychology International*, 22(3), 364–382.
- Carrera, M. V., DePalma, R. og Lameiras, M. (2011). Toward a more comprehensive understanding of bullying in school settings. *Educational Psychology Review*, 23(4), 479–499.

- Coivin, G., Tohin, T., Beard, K., Hadan, S. og Sprague, J. (1998). The school bully: Assessing the problem, developing interventions, and future research direction. *Journal of Behavioral Education*, 8(3), 293–319.
- Cook, C. R., Williams, K. R., Guerra, N. G. og Kim, T. E. (2009). Variability in the prevalence of bullying and victimization. A cross-national and methodological analysis. Í S. R. Jimerson, S. M. Swearer og D. L. Espelage (ritstjórar), *Handbook of Bullying in Schools: An International Perspective* (bls. 347–362). New York og London: Routledge.
- Cowie, H. (1998). Perspectives of teachers and pupils on the experience of peer support against bullying. *Educational Research and Evaluation*, 4(2), 108–125.
- Cowie, H. (2000). Bystanding or standing by: Gender issues in coping with bullying in English schools. *Aggressive Behavior*, 26(1), 85–97.
- Craig, W. M. (1998). The relationship among bullying, victimization, depression, anxiety and aggression in elementary school children. *Personality and Individual Differences*, 24(1), 123–130.
- Craig, W. M. og Pepler, D. J. (1992). *Contextual factors in bullying and victimization*. Grein kynnt á ráðstefnu kanadíska sálfæðingafélagsins í Toronto Kanada.
- Craig, W. M. og Pepler, D. J. (1995). Peer processes in bullying and victimization: an observational study. *Exceptionality Education Canada*, 5, 81–95.
- Craig, W. M. og Pepler, D. J. (1996). Understanding bullying at school: What can we do about it? Í S. Miller, J. Brodine og T. Miller (ritstjórar), *Safe by design* (bls. 247–260). Seattle, WA: Committee for Children.
- Craig, W. M., Henderson, K. og Murphy, J. G. (2000). Prospective teachers' attitudes toward bullying and victimization. *School Psychology International*, 21(1), 5–21.
- Cranham, J. og Carroll, A. (2003). Dynamics within the Bully/Victim Paradigm: a qualitative analysis. *Educational Psychology in Practice*, 19(2), 113–132.
- Crick, N. R. og Grotpeter, J. K. (1995). Relational aggression, gender, and social-psychological adjustment. *Child Development*, 66(3), 710–722.
- Doll, B., Song, S. og Siemers, E. (2004). Classroom ecologies that support or discourage bullying. Í D. L. Espelage og S. M. Swearer (ritstjórar), *Bullying in American Schools: A Social-Ecological Perspective on Prevention and Intervention* (bls. 161–183). Mahwah, NY: Erlbaum.
- Due, P., Holstein, B. E., Lynch, J., Diderrichsen, F., Gabhain, S. N., Scheidt, P. og Currie, C. (2005). Bullying and symptoms among school-aged children: International comparative cross sectional study in 28 countries. *European Journal of Public Health*, 15(2), 128–132.
- Duncan, R. D. (1999). Peer and sibling aggression: An investigation of intra- and extra-familial bullying. *Journal of Interpersonal Violence*, 14(8), 871–886.
- Dupper, D. R. (2003). *School social work, skills & interventions for effective practice*. Hoboken, New Jersey: John Wiley and Sons.
- Farnington, D. P. og Ttofi, M. M. (2009). *Effectiveness of programs to reduce school bullying*. Systematic Review for: The Campell Collaboration Crime and Justice Group. Sótt af <http://www.campbellcollaboration.org/googleSearchResults.php?cx=004862511394638544167%3A5zwwj5piuxja&cof=FORID%3A11&ie=UTF-8&action=search&q=school+based+programs+to+reduce+bullying+and+victimization#974>.
- Fekkes, M., Pijpers, F. I. M og Verloove-Vanhorick, S. P. (2005). Bullying: Who does what, when and where? Involvement of children, teachers and parents in bullying behavior. *Health Education Research: Theory and Practice*, 20(1), 81–91.
- Garandeau, C. og Cillessen, A. (2006). From indirect aggression to invisible aggression: A conceptual view on bullying and peer group manipulation. *Aggression and Violent Behavior*, 11(6), 641–654.

- Gegn einelti. (e.d.). Sótt af <http://www.olweus.is>
- Gini, G., Albiero, P., Benelli, B. og Altoe, G. (2007). Does empathy predict adolescents' bullying and defending behavior? *Aggressive Behavior*, 33(5), 467–476.
- Gini, G. og Pozzolli, T. (2009). Association between bullying and psychosomatic problems: A meta-analysis. *Pediatrics*, 123(3), 1059–1065.
- Greene, M. B. (2000). Bullying and harassment in schools. Í R. S. Moser og C. E. Franz (ritstjórar), *Shocking violence: youth perpetrators and victims – a multidisciplinary perspective* (bls. 72–101). Springfield, IL: Charles C. Thomas.
- Griffin, R. S. og Gross, A. M. (2004). Childhood bullying: current empirical findings and future directions for research. *Aggression and Violent Behavior*, 9(4), 379–400.
- Guðjón Ólafsson. (1996). *Einelti*. Reykjavík: Uppi hf, Ritróð uppeldis og menntunar.
- Hawkins, D. L., Pepler, D. og Craig, W. M. (2001). Naturalistic observations of peer interventions in bullying. *Social Development*, 10(4), 512–527.
- Hazler, R. J., Carney, J. V., Green, S. og Powell, R. (1997). Areas of expert agreement on identification of school bullies and victims. *School Psychology International*, 18(1), 5–14.
- Hazler, R. J. og Denham, S. A. (2002). Social isolation of youth at risk: Conceptualizations and practical implications. *Journal of Counseling and Development*, 80(4), 403–409.
- Heinemann, P. P. (1972). *Mobbning. Gruppvåld bland barn och vuxna*. Stokkhólmi: Natur och Kultur.
- Holt, M. K. og Keyes, M. A. (2004). Teachers Attitudes Towards Bullying. Í D. L. Espelage og S. M. Swearer (ritstjórar), *Bullying in American schools: A social-ecological perspective on prevention and intervention* (bls.121–140). Mahwah, NY: Erlbaum.
- Hughes, T. (1857). *Tom Brown's School Days*. New York: Airmont Publishing Co.
- Hugh-Jones, S. og Smith, P. K. (1999). Self-reports of short- and long-term effects of bullying on children who stammer. *British Journal of Educational Psychology*, 69(2), 141–158.
- James, A. (2010). *School bullying. Research briefing*. NSPCC samtökin. Sótt af: http://www.nspcc.org.uk/inform/research/briefings/school_bullying_pdf_wdf73502.pdf
- Juvonen, J. og Ho, A. Y. (2008). Social motives underlying antisocial behavior across middle school grades. *Journal of Youth and Adolescence*, 37(6), 747–756.
- Kim, Y. S., Leventhal, B. L., Koh, Y-J. og Boyce, W. T. (2009). Bullying increased suicide risk: prospective study of Korean adolescents. *Archives of Suicide Research*, 13(1), 15–30.
- Klomek, A. B., Marrocco, F., Kleinman, M., Schonfeld, I. S. og Gould, M. S. (2007). Bullying, depression, and suicidality in adolescents. *Journal of the American Academy of Child and Adolescent Psychiatry*, 46(1), 40–49.
- Knox, E. og Conti-Ramsden, G. (2003). Bullying risks of 11-year old children with specific language impairment (SLI): does school placement matter? *International Journal of Language and Communication Disorders*, 38(1), 1–12.
- Kochenderfer-Ladd, B. og Skinner, K. (2002). Children's coping strategies: moderators of the effects of peer victimization? *Developmental Psychology*, 38(2), 267–278.
- Leary, M. R., Kowalski, R. M., Smith, L. og Phillips, S. (2003). Teasing, rejection and violence: Case studies of the school shootings. *Aggressive Behaviour*, 29(3), 202–214.
- Limber, S. P. og Nation, M. M. (1998). Bullying among children and youth. *Juvenile Justice Bulletin*. Sótt af <http://www.ojjdp.gov/jjbulletin/9804/bullying2.html>
- Limber, S. P., Nation, M., Tracy, A. J., Melton, G. B. og Flerx, V. (2004). Implementation of the Olweus Bullying Prevention programme in the Southeastern United States. Í P. K. Smith, D. Pepler

- og K. Rigby (ritstjórar), *Bullying in Schools. How successful can interventions be* (bls. 55–80). Cambridge: Cambridge University Press.
- Lowenstein, L. F. (1978). Who is the bully? *Bulletin of the British Psychological Society*, 31, 147–149.
- Lumsden, L. (2002). *Preventing bullying*. ERIC Digest. Sótt af <http://csped.com/educator/safety/articles/preventbullying.pdf>
- Lög um grunnskóla* nr. 91/2011.
- Menecini, E., Eslea, M., Smith, P. K., Genta, M. L., Giannetti, E., Fonzi, A. og Constabile, A. (1997). Cross-national comparison of children's attitudes towards bully/victim problems in school. *Aggressive Behavior*, 23(4), 245–257.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið (2017). *Framkvæmd stefnumótunar æskulýðsráðs í æskulýðsmálum, tillögur um aðgerðir*. Reykjavík: Höfundur.
- Mishna, F. (2003). Learning disabilities and bullying: double jeopardy. *Journal of Learning Disabilities*, 36(4), 336–347.
- Mishna, F., Scarcello, I., Pepler, D. og Wiener, J. (2005). Teachers' understanding of bullying. *Canadian Journal of Education/Revue canadienne de l'éducation*, 718–738.
- Mynard, H og Joseph, S. (1997). Bully victim problems and their association with Eysenck's personality dimensions in 8 to 13 year olds. *British Journal of Educational Psychology*, 67(1), 51–54.
- Nabuzoka, D. (2000). *Children with learning difficulties: social understanding and adjustment*. Leicester: Blackwell, BPS books.
- Nansel, T. J., Overpeck, M., Pilla, R. S., Ruan, W. J., Simons-Morton, B. og Scheidt, P. (2001). Bullying behaviors among U.S. youth: prevalence and association with psychosocial adjustment. *Journal of the American Medical Association*, 285(16), 2992–3100.
- Nicoladies, S., Toda, Y. og Smith, P. K. (2002). Knowledge and attitudes about school bullying trainee teachers. *The British Journal of Educational Psychology*, 72(1), 105–118.
- Nishina, A. og Juvonen, J. (2005). Daily Reports of Witnessing and Experiencing Peer Harassment in Middle School. *Child Development*, 76(2), 435–450.
- O'Connell, P., Pepler, D. og Craig, W. (1999). Peer involvement in bullying: Issues and challenges for intervention. *Journal of Adolescence*, 22(2), 437–452.
- Olweus, D. (1973). *Hackkycklingar och översittare. Forskning om skolmobbing*. Stokkhólmi: Almqvist & Wicksell.
- Olweus, D. (1978). *Aggression in the schools: Bullies and whipping-boys*. London: Wiley/ Halsted Press.
- Olweus, D. (1991). Bully/victim problems among school children: basic facts and effects of a school based intervention program. Í K. Rabin og D. Pepler (ritstjórar), *The Development and Treatment of Childhood Aggression*. Hillsdale, NJ: Erlbaum.
- Olweus, D. (1993). *Bullying at schools: What we know and what we can do*. Cambridge MA: Blackwell Publishers.
- Olweus, D. (1997). Bully/victim problems in school: facts and intervention. *European Journal of Psychology of Education*, 12(4), 495–510.
- Olweus, D. (1999). Sweden. Í P. K. Smith, Y. Morita, J. Junger-Tas, D. Olweus, R. Catalano og P. Slee (ritstjórar), *The nature of school bullying: A cross-national perspective* (bls. 7–27). London og New York: Routledge.

- Olweus, D. (2002). *Olweusarkerfið gegn einelti. Handbók um kjarnaáætlun Olweusar gegn einelti og andfélagslegu atferli* (Þorlákur H. Helgason þýddi). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga, Kennarasamband Íslands, Heimili og skóli.
- Olweus, D. (2010). Verdien av å redusere og forebygge mobbing. Í I. E. Befring, I. Frønes og M. A. Sørli (ritstjórar), *Sårbare unge – nye perspektiver og tilnærminger* (bls. 103–117). Osló: Gyldendal Akademisk.
- Olweus, D. (2011). Bullying at school and later criminality: Findings from three Swedish community samples of males. *Criminal Behaviour and Mental Health*, 21(2), 151–156.
- Olweus, D. og Limber, S. P. (2010). The Olweus Bullying Prevention Program: Implementation and evaluation over two decades. Í S. R. Jimerson, S. M Swearer og D. L. Espelage (ritstjórar), *Handbook of Bullying in Schools: An International Perspective*, (bls. 377–401). New York: Routledge.
- O'Moore, M. (2000). Critical issues for teacher training to counter bullying and victimization in schools. *Aggressive Behavior*, 26(1), 99–111.
- Pellegrini, A. D. (2001). A longitudinal study of heterosexual relationships, aggression, and sexual harassment during the transition from primary school through middle school. *Journal of Applied Development Psychology*, 22(2), 119–133.
- Pellegrini, A. D. (2002). Bullying, victimization, and sexual harassment during the transition to middle school. *Educational Psychologist*, 37(3), 151–163.
- Pellegrini, A. D., Bartini, M. og Brooks, F. (1999). School bullies, victims, and aggressive victims: Factors relating to group affiliation and victimization in early adolescence. *Journal of Educational Psychology*, 91(2), 216–224.
- Pepler, D., Craig, W. M., Connolly, J. A., Yuile, A., McMaster, L. og Jiang, D. (2006). A Developmental Perspective on Bullying. *Aggressive Behavior*, 32(4), 376–384.
- Pepler, D., Jiang, D., Craig, W. og Connolly, J. (2008). Developmental trajectories of bullying and associated factors. *Child Development*, 79(2), 325–338.
- Pepler, D., Smith, P. K. og Rigby, K. (2004). Looking back and looking forward: implications for making interventions work effectively. Í P. K. Smith, D. Pepler og K. Rigby (ritstjórar), *Bullying in Schools. How successful can interventions be* (bls. 307–324). Cambridge: Cambridge University Press.
- Ragna B. Garðarsdóttir. (e.d.). *Þáttgreining. Factor Analysis*. Glærur úr námskeiðinu Spurningakannanir við félagsvísindadeild HÍ. Sótt af <http://www.slidefinder.net>
- Ragnar F. Ólafsson. (2008). Mat á árangri af Olweusaráætlun gegn einelti. Reykjavík: Námsmatsstofnun.
- Ragnar F. Ólafsson og Ólöf Helga Þór. (2000). *Úrræði skóla við lausn á eineltisvandamálum. Niðurstöður rannsóknar, sem unnin var af Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála fyrir Menntamálaráðuneytið í samvinnu við Kennarasamband Íslands*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála.
- Ragnar F. Ólafsson, Ragnar P. Ólafsson og Júlíus K. Björnsson. (1999). *Umfang og eðli eineltis í íslenskum grunnskólum. Niðurstöður rannsóknar sem unnin var af Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála fyrir Menntamálaráðuneytið*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála.
- Reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum nr. 1040/2011.*
- Reid, P., Mosen, J. og Rivers, I. (2004). Psychology's contribution to understanding and managing bullying within schools. *Educational Psychology in Practice*, 20(3), 241–258.
- Rigby, K. (1997). What children tell us about bullying in schools. *Children Australia*, 22(2), 28–34.
- Rigby, K. og Bagshaw, D. (2003). Prospects of adolescent students collaborating with teachers in addressing issues of bullying and conflict in schools. *Educational Psychology*, 23(5), 535–546.

- Rigby, K. og Johnson, B. (2006). Expressed readiness of Australian schoolchildren to act as bystanders in support of children who are being bullied. *Educational Psychology*, 26(3), 425–440.
- Rigby, K. og Slee, P. T. (1993). Dimensions of interpersonal relation among Australian children and implications for psychological well-being. *Journal of Social Psychology*, 133(1), 33–43.
- Rigby, K., Smith, P. K. og Pepler, D. (2004). Working to prevent school bullying: key issues. Í P. K. Smith, D. Pepler og K. Rigby (ritstjórar), *Bullying in Schools. How successful can interventions be*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Roberts, W. B. (2000). The bully as a victim. *Professional School counseling*, 4, 148–156.
- Roland, E. (2000). Bullying in School: Three national innovations in Norwegian schools in 15 years. *Aggressive Behavior* 26, 135–143.
- Ross, D. M. (2002). *Childhood bullying and teasing: what school personnel, other professionals and parents can do* (2. útgáfa). Alexandria, NA: American Counselling Association.
- Sairanen, L. og Pfeffer, K. (2011). Self-reported handling of bullying among junior high school teachers in Finland. *School Psychology International*, 32 (2). Sótt af <http://spi.sagepub.com/content/32/3/330>
- Salmivalli, C. (1998). *Not Only Bullies and Victims: Participation in Harassment in School Classes – some Social and Personality Factors*. Óbirt doktorsrannsókn við háskólann í Turku Finnlandi.
- Salmivalli, C. (1999). Participant role approach to school bullying: implications for interventions. *Journal of Adolescence*, 22(4), 453–459.
- Salmivalli, C. (2010). Bullying and the peer group: A review. *Aggression and Violent Behavior*, 15(2), 112–120.
- Salmivalli, C., Lagerspetz, K., Björkqvist, K., Österman, K. og Kaukiainen, A. (1996). Bullying as a group process: participant roles and their relations to social status within the group. *Aggressive Behavior*, 22(1), 1–15.
- Salmivalli, C., Voeten, M. og Poskiparta, E. (2011). Bystanders matter: Associations between reinforcing, defending, and the frequency of bullying behavior in classrooms. *Journal of Clinical Child and Adolescent Psychology*, 40(5), 668–676.
- Sampson, R. (2003). *Bullying in schools: Problem-oriented guides for police, problem-specific guides series—Guide #12*. Office of Community Oriented Policing Services, U.S, Department of Justice. Sótt af <http://www.cops.usdoj.gov/Publications/e07063414-guide.pdf>
- Schafer, M., Korn, S., Brodbeck, F. C., Wolke, D. og Schulz, H. (2005). Bullying roles in changing context: The stability of victim and bully roles from primary to secondary school. *International Journal of Behavioral Development*, 29(4), 323–335.
- Scheithauer, H., Hayer, T. Petermann, F. og Jugert, G. (2006). Physical, verbal and relational forms of bullying among German students: age trends, gender differences, and correlates. *Aggressive Behavior*, 32(3), 261–275.
- Sharp, S. og Smith, P. K. (ritstjórar). (2000). *Gegn einelti*. Handbók fyrir skóla. Reykjavík: Æskan.
- Sigurður Konráðsson (e.d.). Um orðið einelti. Pistill á heimasíðu verkefnisstjórnar um aðgerðir gegn einelti. Sótt af <http://www.gegneinelti.is/fraedsla/pistlar/nr/69>
- Sjöfn Kristjánsdóttir (2011). „Ég varð bara að læra það af reynslunni“: mat kennara á fræðslu og hjálfun í eineltismálum í kennaranámi. Óbirt meistaritgerð við menntavísindasvið Háskóla Íslands.
- Sjöfn Kristjánsdóttir og Vanda Sigurgeirsdóttir. (2011). Einelti meðal barna frá sjónarhóli grunnskólakennara. Kafli 4 í bókinni *Ábyrgð og aðgerðir. Niðurstöður þverfræðilegar rannsóknar á einelti meðal barna á Íslandi*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Ármanns Snævarr.
- Skiba, R. og Fontantini, A. (2000). *Fast facts: Bullying prevention*. Phi Delta Kappa International. Sótt af <http://pdkintl.org/whatsi/ff12bully.htm>.

- Smith, P. K. (2004). Bullying: Recent developments. *Child and Adolescent Mental Health*, 9(3), 98–103.
- Smith, P. K. (ritstjóri). (2014). *Emotional and behavioural difficulties associated with bullying and cyberbullying*. New York: Routledge.
- Smith, P. K. og Sharp, S. (1994). The problem of school bullying. Í P. K. Smith og S. Sharp (ritstjórar). *School bullying: Insights and perspectives* (bls. 1–19). London: Routledge.
- Smith, P. K. og Shu, S. (2000). What good schools can do about bullying: findings from a survey in English schools after a decade of research and action. *Childhood: A Global Journal of Child Research*, 7(2), 193–212.
- Smokowski, P. R og Kopasz, K. H. (2005). Bullying in school: an overview of types, effects, family characteristics, and intervention strategies. *Children and Schools*, 27(2), 101–110.
- Sourander, A., Helstelä, L., Helenius, H. og Piha, J. (2000). Persistence of bullying from childhood to adolescence – A longitudinal 8-year follow-up study. *Child Abuse and Neglect*, 24(7), 873–881.
- Stassen Berger, K. (2007). Update on bullying at school: science forgotten? *Developmental Review*, 27(1), 90–126.
- Strom, P. S. og Strom, R. D. (2005). When teens turn cyberbullies. *The Education Digest*, 71(4), 35–41.
- Sutton, J. (2003). Tom goes to school: Social cognition and social values in bullying. Í B. Repacholi og V. Slaughter (ritstjórar), *Individual differences in theory of mind* (bls. 99–120). New York og Hove: Psychology Press.
- Sutton, J., Smith, P. K. og Swettenham, J. (1999). Social cognition and bullying: social inadequacy or skilled manipulation? *British Journal of Developmental Psychology*, 17(3), 435–450.
- Swearer, S. M., Espelage, D. L. og Napolitano, S. A. (2009). *Bullying. Prevention and Intervention. Realistic Strategies for Schools*. New York og London: The Guilford Press.
- Thompson, D., Arora, T. og Sharp, S. (2002). *Bullying. Effective strategies for long-term improvement*. London: Routledge Falmer.
- Townsend-Wiggins, C. (2001). Teachers' perceptions of and interventions in episodes of bullying in schools. *Dissertation Abstracts*, 2001 – 2003/05.
- Ttofi, M. M. og Farrington, D. P. (2008). Bullying; Short-term and Long-term Effects, and the importance of Defiance Theory in Explanation and Prevention. *Victims & Offenders*, 3(2), 289–312.
- Umboðsmaður barna (e.d.). *Barnasáttmálinn*. Sótt af <http://www.barn.is>.
- Unicef á Íslandi (2013). *Réttindi barna á Íslandi: Ofbeldi og forvarnir*. Reykjavík: Höfundur.
- Vanda Sigurgeirsdóttir. (2003). *Hvernig gengur kennurum að taka á einelti? Mat kennara á eigin færni og hugmyndir þeirra að úrbótum*. Óbirt M.Ed. ritgerð. Kennaraháskóli Íslands.
- Vanda Sigurgeirsdóttir. (2005). Kennarar og einelti. Í *Ungir Íslendingar í ljósi vísindanna* (bls. 91–96). Reykjavík: Umboðsmaður barna og Háskóli Íslands.
- Vanda Sigurgeirsdóttir. (2011). Börn og náttúra: notkun ljósmynda í rannsóknum með börnum. *Netla, vef tímarit um uppeldi og menntun*.
- Vanda Sigurgeirsdóttir (2016, október). *Polendur og gerendur*. Fyrirlestur á Menntakviku, ráðstefnu menntavísindasviðs Háskóla Íslands.
- Vanda Sigurgeirsdóttir og Sif Einarsdóttir. (2004). Kennarar og einelti: Mat kennara á eigin þekkingu og færni við að taka á einelti meðal grunnskólanemenda. *Uppeldi og menntun*, 13(1), 79–96.
- Vanderbilt, D. og Augustyn, M. (2010). The effect of bullying. *Paediatrics and child health*, 20(7), 315–320.
- Waillancourt, T., Hymel, S. og McDougall, P. (2003). Bullying is power: Implications for school-based intervention strategies. *Journal of Applied School Psychology*, 19, 157–176.

- Whitney, I. og Smith, P. K. (1993). A survey of the nature and extent of bullying in junior, middle and secondary schools. *Educational Research*, 35(1), 3–25.
- Wolke, D. og Samara, M. (2004). Bullied by siblings: association with peer victimization and behavior problems in Israeli lower secondary school children. *Journal of Child Psychology and Psychiatry*, 45(5), 1015–1029.
- Ybarra, M. L. og Mitchell, K. J. (2004). Online aggressor/targets, aggressors, and targets: A comparison of associated youth characteristics. *Journal of Child Psychology and Psychiatry*, 45(7), 1308–1316.
- Ybarra, M. L. og Mitchell, K. J. (2007). Prevalence and frequency of Internet harassment instigation: Implications for adolescent health. *Journal of Adolescent Health*, 41(2), 189–185.
- Yoon, J. S. og Kerber, K. (2003). Bullying: Elementary teachers attitudes and intervention strategies. *Research in Education*, 69(1), 27–35.

Lýðheilsa og frístundir

Sigríður Kristín Hrafnkelsdóttir og Steingerður Ólafsdóttir

Inngangur

Tengsl lýðheilsu og frístunda geta verið fjölbreyttari en svo að einungis sé átt við hreyfingu í frítímanum. Eitt dæmi er aðgengi að bekkjum úti í náttúrunni til að njóta útsýnis út á vatn eða upp til fjalla og auka þannig vellíðan. Annað dæmi er að stuðla að samfelldum „vinnudegi“ barna á skólaaldri þar sem margvíslegt tómstundastarf er sjálfsgæður hluti og auka þannig líkur á nægilegri hvíld barna eða samveru fjölskyldunnar. Þessi kaflar fjallar um tengsl frístunda og lýðheilsu. Komið er inn á hvernig skipulagðar og óskipulagðar frístundir geta tengst upplifun fólks af heilbrigði og lýðheilsu almennt. Farið er yfir skilgreiningar á heilsu og áhrifaþáttum hennar og fjallað um tengsl við frístundir fólks á öllum aldri.

Lykilhugtök lýðheilsufræða

Lýðheilsa er þverfaglegt hugtak sem hefur breiða skilgreiningu eins og fram kemur í nýrri lýðheilsustefnu (Velferðarráðuneytið, 2016). Lýðheilsustarf byggist á þverfaglegu samstarfi og samvinnu í samfélaginu og felur í sér að viðhalda og bæta heilbrigði, líðan og aðstæður þjóðarinnar og þjóðfélagsþópa með heilsu-eflingu, forvörnum, rannsóknum og heilbrigðisþjónustu.

Að líða vel í vinnunni eða skólanum, heima hjá sér og annars staðar þar sem við dveljumst, er eftirsóknarvert. Frístundirnar eru ekki undanskildar þegar fjallað er um heilbriggt líf. En hvað er *heilsa*? Margar skilgreiningar eru til á heilsu og er sú þekktasta skýring Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (World Health Organization – WHO) frá fimmta áratug síðustu aldar (WHO, 1948). Þar stendur að heilsa sé ástand þar sem manneskjan upplifir líkamlega, andlega og félagslega vellíðan og er ekki einungis laus við sjúkdóma eða örorku⁹. Skilgreiningin er jákvæð að því leyti að hún víkkaði út sjónarhornið á heilsu frá því að vera einungis líkamleg heilsa og yfir í að taka með í reikninginn andlega og félagslega heilsu. Hins

vegar má segja að hún sé nokkuð óraunhæf þar sem vellíðanin á að vera algjör (e. state of complete physical, mental and social well-being) og virðist lítið svo á að heilsan sé fast ástand en ekki breytilegt. Bent hefur verið á að margt hafi breyst frá því skilgreiningin var sett fram, ekki síst hvað varðar fólk með króníska sjúkdóma þar sem margir sem hefðu ekki lifað lengi við aðstæður sem voru uppi árið 1948 lifa nú góðu lífi en teljast alls ekki heilbrigðir miðað við skilgreininguna (Huber o.fl. 2011). *Áhrifaþættir heilbrigðis* (e. determinants of health) er allt það sem ákvarðar heilsu einstaklinga og hópa. Þessir áhrifaþættir eru t.d. næring og hreyfing, en einnig félagslegir áhrifaþættir, þ.e. skilyrðin sem við fæðumst inn í, búum við í daglegu lífi, vinnum og eldumst í og mótast af menningu, stefnumótun og stjórn mála- og efnahagskerfum (WHO, e.d.).

Í þessum kafla verður notað vítt sjónarhorn á heilsu, þ.e. að heilsa sé líkamleg, andleg og félagsleg. Áhersla verður lögð á hvað eflir heilsuna, í staðinn fyrir hvað getur leitt til sjúkdóma, og hugtök eins og *vellíðan* og *lífsgeði* eru notuð í tengslum við heilsu. Þetta er í takt við *Salutogenesis* kenningu heilsufélagsfræðingsins Aaron Antonovsky um uppsprettu heilsu (Antonovsky, 1987) en samkvæmt henni byggist heilsan á tilfinningu okkar fyrir samhengi í lífinu (e. sense of coherence) og hvernig okkur tekst að skilja, höndla og sjá merkingu í því sem verður á vegi okkar dags daglega (Eriksson og Winroth, 2015). Tilfinningin fyrir samhengi í lífinu byggir á þremur þáttum: Skilningur (e. comprehension) þar sem einstaklingurinn skilur aðstæður sínar og á þar með auðveldara með að ráða við þær; viðráðanleika (e. manageability) þar sem einstaklingnum finnst hann geta tekið því sem fyrir hann kemur og nýtt sér til þess ýmis úrræði; og merkingu (e. meaningfulness) þar sem einstaklingurinn sér merkingu og tilgang í því sem að höndum ber (Eriksson,


⁹ Skilgreining WHO frá 1948: „Health is a state of complete physical, mental and social well-being and not merely the absence of disease or infirmity“

2015c). Dæmi um þetta getur verið vinnutengd streita en þar er forsenda þess að öðlast vellíðan á ný að skilja að vinnan veður streitueinkennum og að nýta þurfi úrræði til að létta á þeim ásamt því að hafa viljann til þess. Úrræðin geta til dæmis verið fólgin í frítímanum, að nýta sér áhugamál eða skipulagt tómstundastarf til að auka lífsgæðin. En Salutogenesis (uppspretta heilsu) er einnig regnhlífarhugtak fyrir þær kenningar um heilsu, vellíðan og lífsgæði sem leggja áherslu á styrkleika og úrræði (e. resources) einstaklinga, hópa og samfélaga (Eriksson, 2015a). Hægt er að líta á vellíðan sem mikilvægan hluta af góðri heilsu (Medin og Alexanderson, 2000). Að upplifa vellíðan er þá leið að – eða hluti af – góðri heilsu, en upplifun einstaklinga getur verið ólík og stundum er talað um hamingju í tengslum við upplifun af vellíðan (Dóra Guðrún Guðmundsdóttir, 2011). Lífsgæði er hugtak margra merkinga en það er nátengt heilsu, m.a. þannig að tilfinningin fyrir samhengi í lífinu geti aukið lífsgæði og þar með heilsu (Eriksson, 2015b). Einnig hafa skilgreiningar á lífsgæðum innihaldið upplifun einstaklings af stöðu sinni í lífinu þar sem við sögu koma líkamleg, andleg og félagsleg heilsa, sjálfstæði, sambönd við aðra og umhverfi (WHO, 1998).

Lýðheilsa er almennt heilsufar hópa eða þjóða og lýðheilsufræði er fræðigreinin sem fjallar um að efla heilsu með skipulegum samfélagsaðgerðum (WHO, 1998). Með samfélagi er átt við hópa, hvort sem um ræðir þjóðfélag, bæjarfélag, samfélag í skóla, vinnustað eða annars staðar þar sem hópar hittast og venjur skapast af umhverfi, einstaklingum og menningu. Við gerð svokallaðra Lýðheilsuvísa sem gefnir eru út af Embætti landlæknis eru nýtt margs konar gögn og mælingar eins og heilbrigðisskrár Landlæknis, reglubundnar kannanir eins og Heilsa og líðan Íslendinga, Ungt fólk, Heilsa og lífskjör skólanema, svo og gögn frá Hagstofu Íslands og Sjúkratryggingum Íslands. Lýðheilsuvísunum er m.a. ætlað að auðvelda sveitarfélögum og heilbrigðisþjónustu að greina þarfir íbúanna og auðvelda samfélögum að takast á við ójöfnuð svo dæmi séu

tekin (Embætti Landlæknis, 2016a). Niðurstöður faraldsfræðilegra rannsókna um heilsu landsmanna eru þá nýttar til að teikna upp mynd af þróun heilsufars Íslendinga miðað við þá þætti sem hafa áhrif á heilsu og líðan, þ.m.t. hamingju, hreyfingu, streitu og einelti. Lýðheilsuvísar segja sögu heilsufars íbúa eftir landssvæðum og gefa tækifæri til að lesa í hvað bæjarfélög geta hugsanlega gert betur þegar kemur til heilsuefninga og forvarna.

Heilsuefning (e. health promotion) er hugtak sem notað er yfir það að skapa félags-, menningar- og efnahagslegar aðstæður til að gera fólki kleift að auka stjórn á og bæta heilsu sína (WHO, 1986; ETC-PHHP Team, 2016). Í Ottawa yfirlýsingunni um heilsuefningu (WHO, 1986) kemur fram að heilsa verði til í hversdagslífinu (e. settings of everyday life) og sé úrræði í daglegu lífi (e. resource for everyday life). Hversdagslífið samanstendur af heimilislífi, vinnu, skóla, frístundum o.fl. Með heilsuefningu í daglegu lífi er átt við hvers kyns starf til að efla heilsu og gera umhverfi styðjandi fyrir heilsu (Bauer, 2017). Heilsuefning er þannig hugtak sem kemur á undan hugtakinu forvarnir. Hugtakið forvarnir er mikið notað í tengslum við sjúkdóma, áfengisneyslu og vímuefnanotkun þar sem markmiðið er að fyrirbyggja sjúkleika en hugtakið heilsuefning vísar til þess að styrkja hið heilbrigða (Medin og Alexanderson, 2000) og er sífellt meira notað á síðari árum. Því má segja að á meðan forvarnir miðast við að koma í veg fyrir sjúkdóma, miðar heilsuefning að bættri heilsu til framtíðar þrátt fyrir að viðkomandi eigi ekki við heilsuleysi að stríða. Á skýringarmynd 1, Heilsa í straumi lífsins, eru hugtök sett í myndlíkingu við fljót lífsins. Þar má sjá að heilsuefning (e. promotion) er fyrst allra aðgerða, þá kemur heilbrigðisfræðsla (e. health education), næst forvarnir (e. preventive), heilsuvernd (e. protective) sem felst í eftirliti eða verndandi aðgerðum, lækning (e. curative) þar sem sjúkdómseinkenni eru meðhöndluð, en að lokum dauðsföll eða sjúkdómar (e. death, disease).



Mynd 1. Heilsa í straumi lífsins (Health in the River of Life) (Eriksson og Lindström, 2008)

Frístundir geta verið margs konar, s.s. hreyfing, útivist, spjall, handavinna, lestur, skjátími, garðyrkja eða leikir og nær hugtakið til allra aldurshópa. Hvernig einstaklingur upplifir heilsu sína er mikilvægt þegar horft er til lýðheilsu en hlutverk hins opinbera við stefnumótun er ekki síður mikilvægt þar sem margvíslegar aðgerðir hafa áhrif á heilsu fólks, ýmist á jákvæðan eða neikvæðan máta. Stefnumótun getur þannig auðveldað fólki að stunda áhugamál sín á mismunandi vettvangi í frítíma sínum. Hér á eftir verður farið yfir dæmi um hvernig frístundir og félagslegir áhrifaþættir heilbrigðis tengjast, t.d. í gegnum skipulagsmál, skipulagt félagsstarf og annað sem hið opinbera stendur fyrir til að auka lífsgæði íbúanna.

Stuðlað að aukinni vellíðan

Veruleg þróun hefur átt sér stað síðustu 30 ár víða um heim varðandi heilsueflingu, þ.e. að gera fólki kleift að hafa aukin áhrif á heilsu sína. Dæmi um þessa þróun eru verkefni eins og *Healthy cities* sem er fyrirmynd verkefnisins *Heilsueflandi samfélags* sem er hýst af Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni og hefur náð nokkurri útbreiðslu hér á landi undir stjórn Embættis landlæknis. *Heilsa í allar stefnur* (e. Health in all policies) er annað verkefni þar sem mælst er til að litið sé til heilsu í allri

stefnumótun (Félags- og heilbrigðisráðuneyti Finnlands, 2013) og þannig sé hægt að vinna á fátækt og ójöfnuði. Mörg Evrópulönd hafa unnið að því að gera verkferla þannig að heilsu sé gætt í öllum stefnum og á Íslandi hefur hugmyndafræðin verið kynnt af Embætti landlæknis, en verkefnið Heilsueflandi samfélag er hluti af hugmyndafræðinni um heilsu í allar stefnur.

Í október 2016 undirritaði sérstök ráðherra nefnd samþykki um lýðheilsustefnu ásamt aðgerðar-áætlun sem á m.a. að stuðla að heilsueflandi samfélagi. Sveitarfélög geta haldið utan um það sem viðkemur heilsueflingu íbúanna með því að gerast heilsueflandi samfélag. Sveitarfélög gera samning við embættið um verkefnið þess efnis að þau gangist inn á það að huga að heilsueflingu í stefnumótun og almennum aðgerðum sem unnið er að á vegum sveitarfélaganna. Verkefninu er ætlað að stuðla að aukinni vellíðan íbúa en stór hluti verkefnisins snýr að frítíma og tómsundum. Bæjarfélög hafa óhjákvæmilega áhrif á líðan íbúa með því að bjóða upp á ýmis konar þjónustu og frítími og tómsundir verða þá samofin heilsueflingu (Embætti landlæknis, 2016b). Heilsueflandi samfélag er verkefni sem æskilegt er að vinna með stjórnendum sveitarfélaga og starfandi sviðum vegna þess

hve margir þættir í lífi fólks spila saman þegar kemur að heilsufari þess samkvæmt skilgreiningum um áhrifaþætti heilbrigðis. Taka skal tillit til heilsueflingar íbúa samfélagsins við ákvarðanatöku, frá skipulagi byggða til bæjarhátíða og allt þar á milli. Þannig er stefnumótun og innleiðing stefnu þverfagleg á öll svið sveitarfélagsins enda kemur heilsa íbúa jafnt við á menntasviðum þeirra og umhverfis- og skipulagssviðum. Á Íslandi var Mosfellsbær fyrsta bæjarfélagið til að innleiða verkefnið Heilsueflandi samfélag og var samkomulag við Embætti landlæknis undirritað í október 2013 (Mosfellsbær, 2013) og hafa allmörg önnur sveitarfélög fylgt í kjölfarið. Sem dæmi um aðgerð sem Mosfellsbær hefur ráðist í er samningur við Ferðafélag Íslands um gönguverkefni á fell bæjarins. Þar var íbúum boðið reglulega til þátttöku þeim að kostnaðarlausu fyrir alla aldurshópa.

Áður nefnda lýðheilsuvísan má nýta sem mælitæki fyrir og eftir innleiðingu stefnumótunar í verkefnum eins og Heilsueflandi samfélagi til að meta árangur. Það liggur vel við verkefnum Heilsueflandi samfélags að byrja á því að greina þjónustu þegar kemur að frítíma og tómstundum. Stefnumótun sem kemur í kjölfarið getur falið í sér inngríp í þá þætti sem hægt er að bæta og þarf ekki endilega að vera kostnaðarsamt. Stundum dugir að leggja meiri áherslu á ákveðinn þátt eða breyta ferlum í þjónustu. Eins og áður segir er upplifun einstaklingsins mikilvæg þegar kemur að því að skilgreina og meta heilsu einstaklinga og hópa, þar er þó um huglægt mat að ræða en ekki hlutlæga mælingu. Bæði huglægt og hlutlægt mat á heilsu fyrirfinnst þó í lýðheilsuvísunum en dæmi um huglægt mat eru svör við spurningum um hamingju en dæmi um hlutlægt mat eru upplýsingar um lyfjanotkun við sykursýki úr lyfjagagnagrunni (Embætti landlæknis, 2016c).

Skipulagsmál og aðgengi hafa áhrif

Skipulagsmál eru nátengd lýðheilsu. Frumkvöðull á Íslandi var læknirinn Guðmundur Hannesson, höfundur ritsins *Um skipulag bæja* sem gefið var út árið 1915. Þar fjallaði hann m.a. um samspil heilsu fólks og umhverfis þess og lagði áherslu á aðgang að hollum mat, hreinlæti og gott loft (Jón Ólafur Ísberg, 2014). Margt af því sem Guðmundur skrifaði fyrir

heilli öld á enn við s.s. sú áhersla sem lögð er á opin svæði innan bæjarfélaga ásamt stígakerfi (göngu- og hjólastígar). Stígakerfi hafa áhrif á ferðamáta íbúa og því mikil tækifæri sem felast í að hafa öflugt og öruggt stígakerfi þar sem sífellt fleiri kjósa að ferðast á sjálfbæran máta. Stígakerfi sem eiga að efla og auðvelda aðgengi að útivist fyrir íbúa sveitarfélaga innan höfuðborgarsvæðisins eru *Blábráðurinn* og *Græni trefillinn* (Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, 2015). Þeir eru annars vegar staðsettir við strandlengjuna og hins vegar í ofanverðu landi. Við gerð þeirra er heilsuefling íbúa höfð að leiðarljósi og eiga þeir að stuðla að vistvænum samgöngum. Hjólreiðar eru bæði samgöngumál og heilsuefling í stórfelldri sókn héraendis og unnið er víða á landinu að eflingu hjólastíga. Bæði félagasamtök og opinberir aðilar geta unnið að fjölbreyttum verkefnum sem geta haft áhrif á lýðheilsu í gegnum frítíma og tómstundaiðkun fólks. Í þeim borgum og bæjum sem eru skipulagðir þannig að það hvetji til hreyfingar íbúanna, hreyfa íbúarnir sig einmitt meira, samkvæmt niðurstöðum nýlegra rannsókna (Sallis o.fl., 2016; Maass, Lillefjell og Espnes, 2017). Í þessu samhengi skipta máli atriði eins og opnir almenningsgarðar í göngufjarlægð frá húsnæði (undir hálfum kílómetra), fleiri stoppistöðvar strætisvagna, ferju og lesta miðað við íbúafjölda og fleiri gatnamót sem eru aðgengileg gangandi vegfarendum. Samkvæmt rannsókn Sallis og féлага (2016) var munurinn á tíma í hreyfingu af miðlungs ákefð á milli íbúa svæða sem voru minnst hvetjandi við hreyfingu íbúanna og þeirra sem voru mest hvetjandi, 68-89 mínútur á viku, þ.e. 45-59% af ráðlagðri hreyfingu af þessu tagi af hálfu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Þessar ráðleggingar miðast við 60 mínútur daglega hjá börnum og ungmennum og 30 mínútur daglega hjá fullorðnum (Lýðheilsustöð, 2008).

Borgirnar sem rannsókn Sallis o.fl. (2016) tók til voru ekki endilega skipulagðar með heilsu íbúanna í huga til að byrja með en lýðheilsuáhrifin eru þó skýr. Breiðar gangstéttir, hjólastígar, græn svæði, almenningsgarðar, aðstaða til íþróttaiðkunar o.s.frv. var á sínum tíma sett inn í borgarskipulag í þágu íbúanna og til þess að það væri gott að búa í viðkomandi borg (Goenka og Anderson, 2016). Slík lífsgæði hafa heilsuáhrif í sjálfu sér en síðar hafa enn mælanlegri heilsu- og umhverfisáhrif uppgötvast, t.d. í formi aukinnar hreyfingar sem hefur

góð líkamleg og andleg áhrif. Hægt er að setja fram hliðstæðu við heilsusamlegt matarumhverfi þar sem það þarf að vera í forgangi að hollur matur sé auðfenginn (e. accessible) og aðgengilegur (e. available) (Story, Kaphingst, Robinson-O'Brien og Glanz, 2008). Eins er mikilvægt að fólk hafi auðvelt aðgengi að skipulögðum svæðum og húsnæði til að sinna tómstundum. Hér er vísað til útivistarsvæða, almenningsgarða, svæða til íþróttaiðkunar o.fl. sem stefnumótun í skipulagsmálum tekur til.

Auðveld útivist

Jákvæð heilsuáhrif útivistar eru aðallega tvenns konar, þ.e. hreyfingin úti við og almenn áhrif af því að vera úti í náttúrunni (t.d. hreint loft og að njóta náttúrufegurðar). Skandinavíska hugtakið friluftsliv hefur verið þýtt sem útilíf eða útivist og skilgreint sem „dvöl og líkamleg virkni utandyra í frítímanum með það að markmiði að komast í nýtt umhverfi og upplifa náttúruna“ (Miljöverndepartementet 2001 í Ævar Aðalsteinsson og Jakob F. Þorsteinsson, 2015). Ævar og Jakob (2015) gera grein fyrir uppeldislegu gildi útivistarsvæða og benda á að betur þurfi að huga að vaxandi straumi fólks á útivistarsvæðin og mæta betur fjölpættum þörfum samtímans. Fólk nýtir útivistarsvæðin í fjölbreyttum tilgangi; að komast í frið og ró, slaka á og hvílast, æfa, ganga eða hitta fólk. Allt þetta hefur jákvæð áhrif á líkamlega, andlega og félagslega heilsu fólks og má því telja að útivistarsvæði geti haft heilsueflandi áhrif. Yfirlitsrannsókn á lífeðlisfræðilegum áhrifum þess að vera úti í náttúrunni (Haluzá, Schönbauer og Cervinka, 2014) bendir til þess að þau geti verið jákvæð, sérstaklega á streituviðbrögð líkamans. Nú síðast hafa einnig komið fram rannsóknir Gunnþóru Ólafsdóttur o.fl. sem sýna fram á jákvæð heilsufarsleg áhrif af hreyfingu úti við miðað við hreyfingu innandyra (Ólafsdóttir o.fl., 2016).

Sveitarfélög hafa umsjón með því sem getur auðveldað almenningi útivist, í flestum tilfellum hérlendis er um að ræða íþrótt- og frístundasvið sveitarfélaga eða sambærileg svið. Þar er þá haldið utan um starfsemi eins og sundlaugar, íþróttamiðstöðvar, hjólabretta- og gervigrasvelli, sparkvelli, skíðasvæði o.fl. Aðgengileg útivistarsvæði geta stuðlað að aukinni vellíðan almennings og þar með betri lýðheilsu. Mikilvægt er að stuðla að því að vaxandi hópar eldra fólks geti nýtt sér þau tækifæri sem gefast til útiveru á náttúrusvæðum

sveitarfélaga. Stígakerfi, almenningsgarðar og útivistarsvæði víða um land bæta slíkt aðgengi til hreyfingar og náttúrudvalar. Aukinn áhugi hefur til að mynda verið á ræktun matjurta á Íslandi síðustu áratugi en borgarbúskapur er samnefnari yfir ræktun innan bæja og borga (Guðrún Hulda Pálsdóttir, 2014). Mörg bæjarfélög hafa rekið skólagarða og fjölskyldugarða þar sem hægt er að leigja reiti yfir sumartímann og rækta sitt eigið grænmeti. Í sumum sveitarfélögum eru reknir samfélagslegir matjurtargarðar með þátttöku íbúa í nágrenninu. Þar sem aukinn áhugi er á ferskum og næringarríkum mat má gera ráð fyrir að aukin eftirspurn verði eftir slíkum lausnum í bæjum og borgum þar sem ræktun og garðyrkja er heilsueflandi tómstund. Til dæmis benda niðurstöður yfirlitsrannsókna til tengsla á milli aukinnar vellíðan og þátttöku í skólagörðum (Ohly o.fl., 2016) og rannsóknir við landbúnaðarháskólann í Alnarp í Svíþjóð hafa m.a. snúist um svokallaða græðandi garða (e. healing gardens) þar sem bæði garðurinn sjálfur og garðyrkjan eru talin hafa jákvæð áhrif á þá sem þar dvelja (sjá t.d. Stigsdotter og Grahn, 2002).

Hér á landi er nokkuð um möguleika á náttúruböðum en fyrirferðarmeiri eru sundlaugarnar og ótvírætt er að hvort tveggja eru heilsulindir í einhverjum skilningi hvort sem um er að ræða afþreyingu, samskipti við fólk í heita pottinum eða líkamsrækt með sundi. Samkvæmt bandarískri rannsókn telja þeir sem nota útisundlaugar að það hafi jákvæð líkamleg, félagsleg og tilfinningaleg áhrif (Middlestadt, Anderson og Ramos, 2015). Líkamlegu áhrifin eru sjálfsgöð, þ.e. í formi hreyfingar og þjálfunar. Þátttakendurnir nefndu einnig félagsleg áhrif eins og að vera með vinum og fjölskyldu í sundi, sem og að kynnast öðrum sundgestum. Tilfinningalegu áhrifin fengust m.a. við að upplifa sólarupprás eða sólsetur, að sjá himininn á sundi, og við róandi áhrif þess að vera í vatni (Middlestadt o.fl., 2015). Í tengslum við það má nefna að svokölluð blá svæði (e. blue space), þ.e. svæði þar sem vatn er hluti af landslaginu, geta haft margvísleg heilsueflandi áhrif samkvæmt upplifunum notendanna. Yfirlitsrannsókn (Völker og Kistemann, 2011) leiddi í ljós að blá svæði eru eftirsótt af fólki sem er afslappað og líður vel en líka þeim sem þjást af streitu og virðist nálægð við vatn geta haft góð áhrif á upplifun og vellíðan beggja hópa. Meðal heilsutengdra þátta sem skipta máli í sambandi við möguleg áhrif af nálægð við vatn

eru skynjun, tilfinningaleg áhrif og möguleikinn á útivist og endurnæringu (Völker og Kistemann, 2011). Heilsutengdu áhrifin byggjast þá á vellíðan af því að njóta fegurðar, einhvers konar tilfinningalegum áhrifum eins og að finna fyrir því að vera hluti af heild þegar dvalið er úti í náttúrunni, og vellíðan af því að vera úti og hreyfa sig í náttúrunni.

Göngutúr í fallettri náttúru nærir sál og líkama, það finna þeir sem reyna. Svokölluð græn endurhæfing hefur nýst vel, t.d. í verkefni í Gautaborg þar sem starfsmenn Salhgrenska sjúkrahússins sem greinst hafa með kulnun í starfi hafa getað sótt um að komast í meðferð í Grasagarðinum þar í borg. Sálgreinir, garðyrkjumeistari, sjúkrapjálfari, iðjupjálfi og líffræðingur mynda teymið sem annast endurhæfinguna sem fer fram í garðinum og litlu húsi í útjaðri hans. Á dagskránni eru gönguferðir og garðyrkja auk slökunar og samtala. Þátttakendur vinna í matjurtagarði, raka lauf, flétta grindverk, reyta arfa o.fl. Einnig er farið í sameiginlegar gönguferðir og náttúran skoðuð til að þátttakendur upplifi samhengi manns og náttúru (Steingerður Ólafsdóttir, 2007). Samfélagslegur stuðningur við útivist og náttúruskoðun almennings getur falist í óheftum aðgangi að grænum og bláum svæðum sem ætti þá ekki að takmarkast af einkaeignarrétti. Uppbygging á slíkum svæðum er einnig mikilvæg þar sem markmiðið er að létta undir með almenningi og auka aðgengi að gördum, útivist, hreyfingu og félagslegum samskiptum, t.d. með göngustígagerð og að koma upp bekkjum og æfingataekjum.

Frístundir frá vöggu til grafar

Allir aldurshópar eiga sér frístundir. Frá barnsaldri og út ævina nýtum við frístundir okkar á margvíslegan máta en þátt tómskundamenntunar (e. leisure education) hefur stundum vantað í umræðuna. Tómskundamenntun felst í að kenna börnum að nýta frístundir á uppbyggilegan hátt og ýtir undir að börn þrói jákvætt viðhorf til tómsunda sem leggur grunninn að innihaldsríku tómsundastarfi síðar á ævinni. Þegar börn upplifa nærumhverfi sitt sem þriðja staðinn (á eftir heimili og skóla), þ.e. sem stað til að hitta aðra og finnast maður vera á heimavelli, eykst félagsleg vellíðan (Hooper, Chisholm Ivory og Fougere, 2015). Börn þróa þá með sér hæfni sem fylgir þeim til fullorðinsára og geta nýtt sér

það til að efla félagslega heilsu sína á öðrum æviskeiðum.

Íþróttastarf er stutt af sveitarfélögum með mannvirkjum og styrkjum. Íþróttastarf ungmenna á Íslandi er með því mesta sem þekktist í Evrópu og mikil og jákvæð þróun hefur átt sér stað á síðustu áratugum þegar lítið er til iðkunar sem hefur jákvæð áhrif á líf barna og ungmenna til frambúðar. Félagsleg tengsl sem myndast í gegnum starfið eru afar sterk og ná ekki bara til barnanna heldur einnig fjölskyldna. Rannsóknir hafa sýnt að félagslegur hluti íþróttar er stór ástæða fyrir þátttöku iðkenda (Berg, Warner og Das, 2015). Rannsóknir á Íslandi hafa sýnt fram á að skipulagt íþróttastarf er jákvætt á þann hátt að þau börn og ungmenni sem stunda skipulagt íþróttastarf drekka síður áfengi og neyta síður vímuefna (Hrefna Pálsdóttir o.fl., 2014). Lögð er áhersla á að íþróttastarfið sé skipulagt og leitt af ábyrgum, fullorðnum einstaklingum. Niðurstöður óbirts meistaraverkefnis benda einnig til tengsla á milli þátttöku unglunga í skipulögðum hópíþróttum og minni tíðni kvíða- og þunglyndiseinkenna (Sjöfn Þórarinsdóttir, 2016). Einnig virðist skipulögð útivist geta ýtt undir seiglu og vellíðan unglunga (Mutz og Müller, 2016). Það ber að leggja áherslu á að ekki þarf að vera um orsakasamband að ræða þótt tengsl hafi fundist í rannsóknunum sem vísað er til. Þannig má gera ráð fyrir að börn og unglingar sem finna fyrir kvíða- og þunglyndis-áhrifum eða neyta áfengis og vímuefna hætti frekar íþróttaiðkun en aðrir hópar barna og unglunga, þ.e. að ekki er hægt að fullyrða að ákveðin líðan eða áfengisneysla ákvarðist af því hvort viðkomandi stundi íþróttir eða ekki.

Bandarísk rannsókn á frístundastarfi fullorðinna leiddi í ljós að hvetja ætti fólk til að stunda frístundastarf af öllu tagi alla ævi til að viðhalda og auka vellíðan (Paggi, Jobb og Hertzog, 2015). Hvíld aldraðra úti við samanborið við innandyra virtist hafa góð áhrif á einbeitingu þeirra skv. rannsókn Ottosson og Grahn (2007). Rannsókn Janusar Guðlaugssonar o.fl. (Guðlaugsson o.fl., 2012) á hreyfingu aldraðra leiddi einnig í ljós að markviss þol- og styrktarþjálfun geti aukið líkur á því að aldraðir haldi í sjálfstæði sitt. Styðjandi aðgerðir hins opinbera geta verið á sviði skipulagsmála þar sem góð aðstaða og aukið aðgengi að æfingataekjum utandyra gæti ýtt undir þjálfun aldraðra og þar með sjálfstæði þeirra og lífsgæði. Einnig gætu komið til efnahagslegar

aðgerðir sem tækju til lífeyriskerfis og aðgengis að heilbrigðisþjónustu (Marmot, Allen, Bell, Bloomer og Goldblatt, 2012). Hluti af heilsuefandi aðgerðum sveitarfélaga hlýtur því að verða að auka fjölbreytni og aðgengi að hreyfingu fyrir aldraða og kanna áhrif þeirra aðgerða í kjölfarið.

Jöfn tækifæri til frístunda og heilsu

Talað er um *heilsujöfnuð* (e. health equity) þegar allir hafa jöfn tækifæri til að bæta heilsu sína (WHO, 1998). Demarest o.fl. (2013) rannsökuðu samband á milli menntunarstigs og hreyfingarleysis í frítíma hjá fólki víðs vegar að úr Evrópu. Í ljós kom að fólk með minnstu menntunina var líklegra til að hreyfa sig minna í frítímanum en fólk með mestu menntunina. Marmot o.fl. (2012) mæla með aðgerðum á ýmsum sviðum til að auka heilsujöfnuð, m.a. meðal eldri aldurshópa. Þar ætti að beina sjónum að því að auka vellíðan eldra fólks óháð búsetu, efnahag og menntun með því að rjúfa félagslega einangrun, huga að búsetuskilyrðum, lífeyri, tækifærum til hreyfingar og aðgangi að heilbrigðis- og félagsþjónustu (Marmot o.fl., 2012).

Svipað gæti átt við þegar kemur að öðrum aldurshópum. Frístundakort eða tómstundastyrkur bæjarfélaga sem er fjárhagslegur styrkur til barna til að stunda íþróttar- og/eða tómstundastarf hefur víða gefist vel. Þar er komið til móts við efnaminni fjölskyldur með auðveldum hætti til að börn og ungmenni geti stundað tómstundastarf óháð fjárhag og eykur þessi styrkur á jöfnuð innan samfélaga. Misjafnar útfærslur eru á styrknum á milli bæjarfélaga en til að aðgerðin geti talist vel heppnuð þarf hún að vera aðgengileg og vera réttlát með tilliti til áhugasviða barna á tímstundum. Sem dæmi má nefna að réttlætlanlegt er að allar tímstundir og íþróttir séu í boði en ekki einungis valdar leiðir. Þá getur verra aðgengi að því að fá styrkinn, þ.e. ef mikið af gögnum þarf að liggja fyrir til að sækja um og umsókn er í mörgum skrefum, virkað letjandi á marga foreldra svo ekki sé minnst á tungumálaerfiðleika innflytjenda.

Að vissu leyti virðist því vera hægt að hafa áhrif á heilsu fólks í gegnum frístundastarf þess með því að jafna rétt fólks til frístundastarfs óháð efnahag, menntun og búsetu. Þá mætti horfa til annarra aldurshópa en barna þegar kemur til tímstundastyrkja.

Lokaorð

Hér hefur verið stiklað á stóru hvað varðar frítíma, tímstundir og hvernig þessir þættir tengjast lýðheilsu. Sýnt hefur verið fram á mikilvægi hins opinbera í að huga að *Heilsu í allar stefnur* og farið yfir þróun verkefnisins *Heilsuefandi samfélags* hjá Embætti landlæknis sem er í fullum gangi hjá ýmsum sveitarfélögum og skoðað hvernig það verkefni tengist skilgreiningum um heilsuefingu sem ferli.

Rannsóknir sýna að aðgengi að tímstundaiðju hefur áhrif á hvernig íbúar verja tíma sínum. Þannig má segja að yfirvöld hafi með stefnumótun og ákvarðanatöku bein og óbein áhrif á heilsu innan samfélaga. Mikil tækifæri eru fyrirbyggjandi fyrir sveitarfélög hvað varðar skipulag þegar kemur til heilsuefingar, þannig að hugsað sé til þess hvaða aðgengi íbúar hafa að heilsuefingu í frítímanum. Stjórnendur sveitarfélaga þurfa einnig að huga að jöfnuði þegar kemur að heilsuefingu og aðgengi að tímstundum, en dæmi um það er tímstundastyrkur sveitarfélaga. Góð heilsa er því ekki bara á ábyrgð einstaklingsins því styðjandi þættir í umhverfinu hafa mikið að segja. Hvort sem það er félagslegur stuðningur frá fjölskyldu og vinum með samverustundum í frístundum eða stefnumótun stjórnvalda hvað varðar aðgengi og aðstöðu.

Í kaflanum hefur áhersla verið lögð á tímstundir í formi útivistar og hreyfingar. Heilandi áhrif náttúrunnar þekkja margir, hvort sem um er að ræða blá eða græn svæði eða hvort tveggja. Frekari rannsókna á áþreifanlegum kostum og jafnvel ávinningi fyrir samfélög er þörf. Uppbygging aðstöðu til útivistar og náttúru-skoðunar getur þó alltaf talist af hinu góða. Tímstundir í formi félagslegra samskipta, lesturs eða annarra áhugamála eru þó einnig mikilvægar í sambandi lýðheilsu og frístunda. Talað hefur verið um að ógn 21. aldarinnar sé streita þar sem manneskjan býr við meira krefjandi umhverfi. Nú beinist því umræðan í meira mæli að andlegri vellíðan og heilsuefingu. Þá þarf að horfa til allra áhrifaþátta heilbrigðis. Mikilvægt er að fólk geti sinnt áhugamálum sem stuðla að vellíðan og þó að áhersla hafi hér verið lögð á útivist og hreyfingu eru fjölmargar aðrar leiðir til að efla heilsu. Lykilatriði er því að ólíkar leiðir til heilsuefingar séu aðgengilegar og að stuðningur samfélagsins sé til staðar.

Heimildir

- Antonovsky, A. (1987). *Unraveling the mystery of health: How people manage stress and stay well*. San Francisco: Jossey-Bass.
- Bauer, G. F. (2017). The Application of Salutogenesis in Everyday Settings. In M. B. Mittelmark, S. Sazy, M. Eriksson, G. F. Bauer, J. M. Pelikan, B. Lindström, & G. Arild Espnes (Eds.), *The Handbook of Salutogenesis* (pp. 153-158): Springer.
- Berg, B., Warner, S., og Das, B. (2015). What about sport? A public health perspective on leisure-time physical activity. *Sport Management Review*, 18, 20-31.
- Demarest, S., Van Oyen, H., Roskam, A.-J., Cox, B., Regidor, E., Mackenbach, J. P., og Kunst, A. E. (2013). Educational inequalities in leisure-time physical activity in 15 European countries. *European Journal of Public Health*, 24(2), 199-204.
- Dóra Guðrún Guðmundsdóttir (2011). Positive Psychology and Public Health, í R. Biswas-Diener (ritstj.) *Positive Psychology as Social Change*. Springer Science+Business Media.
- Embætti landlæknis (2016a). *Lýðheilsuvisar eftir heilbrigðisumdæmum*. Sótt af: <http://www.landlaeknir.is/tolfraedi-og-rannsoknir/tolfraedi/lydheilsuvisar/>
- Embætti landlæknis (2016b). *Heilsueflandi samfélag*. Sótt af: <http://www.landlaeknir.is/heilsa-og-lidan/verkefni/item28551/Heilsueflandi-samfelag>
- Embætti landlæknis (2016c). *Höfuðborgarsvæðið. Lýðheilsuvisar*. Sótt af: http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item29663/Lydheilsuvisar_2016_HOFUDBORGARSVAEDID.pdf
- ETC-PHHP Team (2016). The ETC 'Healthy Learning' Process: European Training Consortium in Public Health and Health Promotion (ETC-PHHP) and the Wageningen University, Health and Society Group.
- Eriksson, M. (2015a). Kritik av den salutogena teorin. Í M. Eriksson (ritstj.), *Salutogenes - om hälsans ursprung. Från forskning till praktisk tillämpning*. Stockholm: Liber.
- Eriksson, M. (2015b). Samband mellan SOC och hälsa – en kunskapsinventering. Í M. Eriksson (ritstj.), *Salutogenes - om hälsans ursprung. Från forskning till praktisk tillämpning*. Stockholm: Liber.
- Eriksson, M. og Winroth, J. (2015). Hälsa och hälsofrämjande. Í M. Eriksson (ritstj.), *Salutogenes - om hälsans ursprung. Från forskning till praktisk tillämpning*. Stockholm: Liber.
- Félags- og heilbrigðisráðuneyti Finnlands (Ministry of Social Affairs and Health). (2013). *Health in All Policies. Seizing opportunities, implementing policies*. Ritstjórar: Leppo, K., Ollila, E., Pena, S., Wismar, M., og Cook, S.
- Goenka, S., og Andersen, L. B. (2016). Our health is a function of where we live. *Lancet*. Published online April 1. Doi: [http://dx.doi.org/10.1016/S0140-6736\(16\)00348-2](http://dx.doi.org/10.1016/S0140-6736(16)00348-2)
- Gudlaugsson, J., Gudnason, V., Aspelund, T., Siggeirsdóttir, K., Olafsdóttir, A. S., Jonsson, P. V., Arngrimsson, S. A., Harris, T.B., og Johannsson, E. (2012). Effects of a 6-month multimodal training intervention on retention of functional fitness in older adults: A randomized-controlled cross-over design. *International Journal of Behavioral Nutrition and Physical Activity*, 9(107), 1-11.
- Guðrún Hulda Pálsdóttir (2014). *Matjurtabændur í borg*. Sótt af: <http://www.natturan.is/samfelagid/efni/13147/>

- Haluzá, D., Schönbauer, R., og Cervinka, R. (2014). Green Perspectives for Public Health: A Narrative Review on the Physiological Effects of Experiencing Outdoor Nature. *International Journal of Environmental Research and Public Health*, 11(5), 5445-5461.
- Hooper, C. M., Chisholm Ivory, V., og Fougere, G. (2015). Childhood neighbourhoods as third places: Developing durable skills and preferences that enhance wellbeing in adulthood. *Health & Place*, 34, 34-45.
- Hrefna Pálsdóttir, Jón Sigfússon, Ingibjörg Eva Þórisdóttir, Margrét Lilja Guðmundsdóttir, Álfgeir Logi Kristjánsson og Inga Dóra Sigfúsdóttir (2014). Ungt fólk 2014. *Grunnskólar. Menntun, menning, félags- íþróttá- og tómstundastarf, heilsa, líðan og vímuefnaneysla unglínga í 8., 9. og 10. bekk á Íslandi*. Rannsóknir og greining.
- Huber, M., Knottnerus, J., Green, L., van der Horst, H., Leonard, B., Lorig, K., Loureiro, M.I., van der Meer, J.W.M., Schnabel, P., Smith, R., van Weel, C., og Smid, H. (2011). How should we define health? *BMJ*, 343(d4163).
- Jón Ólafur Ísberg (2014). Læknablaðið 100 ára. Guðmundur Hannesson. *Læknablaðið*, 100(12).
- Lýðheilsustöð (2008). *Ráðleggingar um hreyfingu*. Sótt af: http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item11179/NM30399_hreyfiradleggingar_baeklingur_lores_net.pdf
- Maass, R., Lillefjell, M., og Arild Espnes, G. (2017). The Application of Salutogenesis in Cities and Towns. Í M. B. Mittelmark, S. Sagy, M. Eriksson, G. F. Bauer, J. M. Pelikan, B. Lindström, og G. Arild Espnes (Eds.), *The Handbook of Salutogenesis* (pp. 171-179): Springer
- Marmot, M., Allen, J., Bell, R., Bloomer, E., & Goldblatt, P. on behalf of the Consortium for the European Review of Social Determinants of Health and the Health Divide (2012). WHO European review of social determinants of health and the health divide. *Lancet*, 380, 1011-1029.
- Medin, J., og Alexanderson, K. (2000). *Begreppen Hälsa och hälsofrämjande - en litteraturstudie*. Lund: Studentlitteratur.
- Middlestadt, S. E., Anderson, A., og Ramos, W. D. (2015). Beliefs about using an outdoor pool: Understanding perceptions of place in the context of a recreational environment to improve health. *Health & Place*, 34, 1-8.
- Mosfellsbær (2013). *Heilsueflandi samfélag í Mosfellsbæ*. Sótt af: <http://www.mosfellsbaer.is/forsida/frettir/frett/2013/10/02/Heilsueflandi-samfelag-i-Mosfellsbae/>
- Mutz, M. og Müller, J. (2016). Mental health benefits of outdoor adventures: Results from two pilot studies. *Journal of Adolescence*, 49, 105-114.
- Ohly, H., Gentry, S., Wigglesworth, R., Bethel, A., Lovell, R., og Garside, R. (2016). A systematic review of the health and well-being impacts of school gardening: synthesis of quantitative and qualitative evidence. *BMC Public Health*, 16:286.
- Ólafsdóttir, G., Cloke, P., Epel, E., Lin, J., van Dyck, Z., Thorleifsdóttir, B., Eysteinnsson, T., Guðjónsdóttir, M. og Vögele, C. (2016). *Green exercise is associated with better cell ageing profiles*. Paper presented at the 9th European Public Health Conference.
- Ottosson, J., og Grahn, P. (2007). A Comparison of Leisure Time Spent in a Garden with Leisure Time Spent Indoors: On Measures of Restoration in Residents in Geriatric Care. *Landscape Research*, 30(1).
- Paggi, M. E., Jopp, D., og Hertzog, C. (2016). The Importance of Leisure Activities in the Relationship between Physical Health and Well-Being in a Life Span Sample. *Gerontology*. doi:10.1159/000444415
- Sallis, J.F., Cerin, E., Conway, T.L., Adams, M.A., Frank, L.D., Pratt, M., Salvo, D., Schipperijn, J., Smith, G., Cain, K.L., Davey, R., Kerr, J., Lai, P-C., Mitas, J., Reis, R., Sarmiento, O.L., Schofield, G., Troelsen, J., Van Dyck, D., De Bourdeaudhuij, I., og Owen, N. (2016). Physical activity in

- relation to urban environments in 14 cities worldwide: a cross-sectional study. *Lancet*. Published online April 1. Doi: [http://dx.doi.org/10.1016/S0140-6736\(15\)01284-2](http://dx.doi.org/10.1016/S0140-6736(15)01284-2)
- Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (2015). Höfuðborgarsvæðið 2040. Náttúra og útivist. *Fylgirit með svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2015-2040*.
- Sjöfn Þórarinsdóttir (2016). *Tengsl, líðan og hegðun unglunga í mismunandi tómstundastörfum*. Óbirt lokaverkefni til M.Ed.-prófs í tómstunda- og félagsmálafræði. Háskóli Íslands, Menntavísindasvið.
- Steingerður Ólafsdóttir (2007, 21. nóvember). Græn endurhæfing í grasagarði. *Morgunblaðið*.
- Stigsdóttir, U., og Grahn, P. (2002). What makes a garden a healing garden? *Journal of Therapeutic Horticulture*, 13, 60-69.
- Story, M., Kaphingst, K. M., Robinson-O'Brien, R., og Glanz, K. (2008). Creating Healthy Food and Eating Environments: Policy and Environmental Approaches. *Annu. Rev. Public Health*, 29, 253-272.
- Velferðarráðuneytið (2016). *Lýðheilsustefna og aðgerðir sem stuðla að heilsueflandi samfélagi – með sérstakri áherslu á börn og ungmenni að 18 ára aldri*. Sótt af: https://www.velferdarraduneyti.is/media/skyrslur2016/Lydheilsustefna_og_adgerdaaetlun_30102016.pdf
- Völker, S., og Kistemann, T. (2011). The impact of blue space on human health and well-being - Salutogenetic health effects of inland surface waters: A review. *International Journal of Hygiene and Environmental Health*, 214, 449-460.
- WHO (World Health Organization) (1948). *WHO definition of Health*. Sótt af: <http://www.who.int/about/definition/en/print.html>
- WHO (World Health Organization) (e.d.). *Social determinants of health*. Sótt af: http://www.who.int/social_determinants/en/
- WHO (World Health Organization) (1986). *Ottawa charter for Health Promotion*. Sótt af: <http://www.who.int/healthpromotion/conferences/previous/ottawa/en/>
- WHO (World Health Organization) (e.d) *EPHO5: Disease prevention, including early detection of illness*. Sótt af: <http://www.euro.who.int/en/health-topics/Health-systems/public-health-services/policy/the-10-essential-public-health-operations/epho5-disease-prevention,-including-early-detection-of-illness2>
- WHO (World Health Organization) (1998). *Health Promotion glossary*. Genf: Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin.
- Ævar Aðalsteinsson og Jakob Frímann Þorsteinsson (2015). Útivist í þéttbýli. Saga, gildi og tækifæri. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun. Sérít 2015 – Um útinám*.

Frístundastarf sveitarfélaga

Frístundaheimili – Vettvangur barnanna

Steingerður Kristjánsdóttir og Kolbrún Þ. Pálsdóttir

Inngangur

Frístundaheimili fyrir 6-9 ára gömul börn starfa í flestum sveitarfélögum landsins og bjóða upp á skipulagt tómstundastarf að loknum skóla. Sú þjónusta hefur verið nefnd ýmsum nöfnum hér á landi, m.a. skóladagvist, lengd viðvera og dægradvöl. Hér verður hugtakið „frístundaheimili“ notað sem regnhlífarhugtak yfir þá starfsemi sem rekin er á vegum sveitarfélaga að loknum skóladegi fyrir börn úr yngstu bekkjum grunnskóla. Frístundaheimili voru lengstum starfrækt á grunni grunnskólalaga þar sem sagði að skólar „geti boðið grunnskólanemendum lengda viðveru utan daglegs kennslutíma“ (Lög um grunnskóla, 2011). Árið 2016 var samþykkt breyting á grunnskólalögum sem fól í sér nýja 33. grein um frístundaheimili, sem er svohljóðandi:

Frístundaheimili

Öllum börnum í yngri árgöngum grunnskóla skal gefinn kostur á þjónustu frístundaheimila. Frístundaheimili er frístundavettvangur barna með áherslu á val barna, frjálsan leik og fjölbreytileika í viðfangsefnum og umhverfi. Við skipulag þjónustu frístundaheimila skal tekið mið af þörfum, þroska og áhuga hvers og eins.

Sveitarfélög fara með faglegt forræði frístundaheimila, ákveða skipulag starfsemi þeirra og rekstrarform með samþættingu skóla- og frístundastarfs og þarfir barna að leiðarljósi.

Á frístundaheimilum gilda almenn ákvæði laganna og reglugerða settra samkvæmt þeim um öryggi og velferð barna, réttindi og skyldur, tilkynningarskyldu og ráðningarbann á grundvelli sakavottorðs.

Ráðuneytið gefur út, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, viðmið um gæði frístundastarfs, þ.m.t. um hlutverk og markmið, skipulag og starfsaðstæður, starfshætti, margbreytileika, stjórnun og menntun starfsfólks.

Sveitarfélög geta ákveðið að reka ekki frístundaheimili ef gildar ástæður eru fyrir hendi, t.d. staðbundnar aðstæður.

Sveitarfélögum er heimilt að taka gjald fyrir vistun barna á frístundaheimili samkvæmt gjaldskrá sem þau setja og birta opinberlega. Gjaldskrárákvarðanir samkvæmt þessari grein eru kærnanlegar samkvæmt fyrir mælum 47. gr.

(Þingskjal 1466, 145. Lögjafarþing)

Tilkoma þessarar lagagreinar er mikilvægur áfangi í fagþróun frístundaheimila því hér setur lögjafinn í fyrsta sinn fram skýrar kröfur til sveitarfélaga um að faglega skuli staðið að rekstri frístundaheimila. Menntamálaráðuneytið hefur sett fram markmið og gæðaviðmið vegna starfs frístundaheimila fyrir 6- 9 ára börn sem enn á eftir að samþykkja endanlega þegar þetta er ritað (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2017). Spennandi verður að sjá hvernig innleiðing nýrrar stefnu um frístundaheimili mun farnast innan sveitarfélaga landsins. Þá er erfitt að segja nákvæmlega til um umfang starfseminnar því miðlægum upplýsingum er ekki safnað saman, til að mynda um fjölda og aldur skráðra barna, hlutfall starfsfólks og barna né upplýsingar um menntun starfsfólks. Tvær kannanir hafa verið gerðar á landsvísu til að varpa ljósi á rekstur og fyrirkomulag frístundaheimila og lengdrar viðveru. Niðurstöður benda til að hátt í 60% af 6-9 ára börnum séu skráð á frístundaheimili. Jafnframt kom í ljós að árið 2013 stóðu 92% sveitarfélaga að rekstri frístundaheimila í stað 75% sveitarfélaga árið 2009 (Kolbrún Þ. Pálsdóttir, 2014b). Þátttaka barna er almennt séð mun meiri í fyrsta og öðrum bekk og minnkar verulega þegar börn hefja nám í þriðja og fjórða bekk. Gjaldskrá er nokkuð breytileg milli sveitarfélaga og er ýmist innheimt gjald fyrir hvern mánuð, hvern dag eða hverja klukkustund sem barnið er skráð.

Í þessum kafla er fjallað um sögu frístundaheimila, stjórnun og rekstur, hugmyndafræði og

daglegt skipulag, frístundastarf án aðgreiningar og stöðu frístundaheimila og áskoranir. Í lok kaflans eru hugleiðingar um framtíðarsýn um starfsemi frístundaheimila.

Saga frístundaheimila

Vaxandi þörf skapaðist fyrir þjónustu frístundaheimila á síðari hluta 20. aldar með aukinni atvinnuþátttöku foreldra, ekki síst mæðra. Á Vesturlöndum hefur starfsemi frístundaheimila og skóladaqvista ýmiss konar orðið sífellt umfangsmeiri vegna breyttra samfélagshátta og aukinnar eftirspurnar eftir lengdri viðveru yngstu skólabarnanna. Starfsemi frístundaheimila hefur lítið sem ekkert verið rannsökuð á landsvísu en ljóst er að í stærstu bæjarfélögunum urðu til dagvistunarúrræði ýmiss konar fyrir ung börn á skólaaldri. Áhugavert er að líta til sögu frístundaheimila í Reykjavík en þar var fyrsta skóladaqheimilið stofnað 1971 og ætlað börnum einstæðra foreldra og börnum sem bjuggu við erfiðar félagslegar aðstæður. Á næstu árum voru stofnuð 14 skóladaqheimili sem rekin voru af Dagvist barna og ætluð fámennum hópi barna. Umfangsmiklar breytingar urðu árið 1993 þegar borgarráð Reykjavíkur ákvað að allir grunnskólar borgarinnar skyldu reka heilsdags-skóla þar sem boðið skyldi upp á fjölbreytilegt tómqstundastarf (Kolbrún Þ. Pálsdóttir, 2009). Þá var horft til norrænnar fyrirmyndar, en í Danmörku og Svíþjóð höfðu verið rekin um árabíl frístundaheimili fyrir ung skólabörn og á þessum tíma var sú þjónusta að færast að miklu leyti inn í skólana. Að ýmsu leyti voru skóla-dagvistirnar hornreka innan skólastarfsins enda ekki lögbundin starfsemi og umdeilt var á meðal kennara og skólastjórnenda hvort slík tómqstundastarfsemi ætti yfirhöfuð heima innan veggja skólans. Næsta viðamikla breyting varð á starfseminni í kjölfar þess að borgarráð samþykkti árið 2002 að ábyrgð á rekstri skóladaqvista skyldi færð yfir til Íþrótt- og tómqstundaráðs Reykjavíkurborgar (ÍTR). Jafnframt var ákveðið að hugtakið frístundaheimili (d. fritidshjem) skyldi notað að norrænni fyrirmynd sem heiti yfir starfsemina. Markmiðið var að veita faglega þjónustu á grunni hugmyndafræði frístundastarfs fremur en skólastarfs og bent var á að innan ÍTR var viðamikil reynsla og þekking á slíku starfi. Næstu árin var mótuð stefna frístundaheimila sem birtist meðal annars í starfsmannahandbók,

foreldrahandbók og starfsskrá ÍTR (Reykjavíkurborg, 2006, 2007 og 2010).

Í dag hafa fá sveitarfélög mótað stefnu um rekstur frístundaheimila, en á heimasíðum flestra sveitarfélaga má finna reglur um ytri ramma, s.s. gjaldskrá og dvalartíma. Í slíkum reglum er ennþá að finna ólík hugtök um starfsemina, til að mynda er talað um skóla-vistun (Árborg, e.d.), dægradvöl (Ísafjarðarbær, e.d.), frístundasel (Mosfellsbær, 2016) og frístund (Akureyri, 2017). Í nýju lagagreininni er talað um frístundaheimili í stað lengdrar viðveru áður og því stigið skref í þá átt að samræma hugtakanotkun og hvetja sveitarfélög til að nota hugtakið frístundaheimili.

Stjórnun og rekstur

Kannanir sem gerðar hafa verið á landsvísu benda til þess að hjá flestum sveitarfélögum sé ráðinn yfirmaður sem sinni daglegri stjórnun og skipulagningu frístundaheimilis en sá aðili gegnir þó ólíkum starfsheitum, s.s. verkefnisstjóri, forstöðumaður, deildarstjóri eða umsjónarmaður (Kolbrún Þ. Pálsdóttir, 2013). Hér verður hugtakið forstöðumaður notað um þann aðila sem stýrir daglegu starfi. Ennfremur er ljóst að starfshlutfall og umfang starfsins er ólíkt milli sveitarfélaga þar sem yfirmenn bera mismikla ábyrgð á starfseminni, allt frá því að bera ábyrgð á starfsmannahaldi, innkaupum, skipulagningu og fjárhagslegum rekstri til þess að bera fyrst og fremst ábyrgð á daglegum viðfangsefnum.

Þar sem forstöðumaðurinn ber víðtæka ábyrgð á starfinu er mikilvægt að hafa í huga umfang starfsins og barnafjölda á hverjum stað. Til dæmis má nefna að í Reykjavík tekur starfshlutfall forstöðumanns meðal annars mið af fjölda barna og fari barnafjöldinn yfir 100 börn þá er ennfremur ráðinn inn aðstoðarforstöðumaður (Hulda Valdís Valdimarsdóttir, munnleg heimild, 10. október 2016). Misbrestur er á því að sveitarfélög setji viðmið um barnafjölda á starfsmenn en þau 60% sveitarfélaga sem hafa slík viðmið miða flest við 12-15 börn á starfsmann (Kolbrún Þ. Pálsdóttir, 2013).

Þá er rétt að benda á mikilvægi þess að kostnaður við rekstur frístundaheimila sé bókfærður rétt, en nokkur misbrestur hefur verið á því hjá sumum sveitarfélögunum (Kolbrún Þ. Pálsdóttir og Valgerður Freyja Ágústsdóttir, 2011). Þannig hefur reynst erfitt

að áætla heildarkostnað við rekstur frístundaheimila og óljóst hvaða fjármunir eru að fara til starfsins. Sveitarfélög þurfa að móta heildstæða stefnu um starfsemi frístundaheimila og treysta innviði starfseminnar, s.s. að húsnæði og aðstaða henti starfinu, starfsfólk búi yfir faglegri þekkingu og reynslu og að tryggðir séu fjármunir til fagþróunar starfsins, fræðslu og endurnýjun búnaðar.

Hugmyndafræði og daglegt starf

Sú hugmyndafræði sem mótað hefur frístundaheimili á Norðurlöndum einkennist af barnhverfri uppeldisfræði þar sem leikurinn, óformlegt nám, val og sjálfræði barna er í hávegum haft. Slík uppeldisfræðileg sýn miðar að því að efla alhliða þroska barna og að barnið sjálft og þarfir þess sé kjarninn í öllu skipulagi daglegs starfs. Litið er á barnið og líf þess með heildstæðum hætti, áhersla á gagnkvæm samskipti, skapandi athafnir, samvinnu og viðurkenningu á réttindum barna (Moss og Petrie, 2002). Eitt af helstu verkefnum forstöðumanna frístundaheimila er skipulagning daglegs starfs. Sú skipulagning ætti að byggjast á hugmyndafræði starfsins en einnig þarf að taka mið af aðstæðum á hverjum stað fyrir sig, s.s. húsnæði og öðru umhverfi. Þá skilar það jafnan meiri árangri að dagskrá frístundaheimilanna sé mótuð í samstarfi við starfsfólkið og ekki síður börnin sjálf. Hér er fjallað um þá hugmyndafræði sem starf frístundaheimila byggir á og hvernig hún getur birst í skipulagi daglegs starfs.

Leikurinn

Það er óumdeilt að frjáls leikur er uppspretta sköpunar hjá börnum á öllum aldri. Sjálfsprottinn leikur er börnum edlislægur þar sem þau eru að endurtaka og æfa raunverulega hluti. Frjáls leikur er vettvangur til að gefa ímyndunarafli og sköpun lausan tauminn og reyna sig og þroska samskipti við önnur börn. Í frjálsum leik styrkja börn sýn sína á raunveruleikann og takast á við eigin mörk og annarra. Í frjálsum leik styrkist sjálfmynd barna, þau læra að sýna samhygð og æfa samskipti sín á milli (Lillemyr, 2009). Hlutverk starfsfólks er að sjá til þess að umhverfið styðji við leikinn með því að hafa húsnæði sem hæfir leiknum sem og útsvæði. Mikilvægt er að opinn efniviður sé til staðar sem börnin geta nýtt í frjálsum leik, s.s. trékubbar, teppi, púðar, borð og stólar. Mikilvægt er að starfsfólk sé meðvitað um leikinn og framvindu hans til að geta gripið

inn í ef þörf krefur og stutt við jákvæð samskipti og úrlausn deilumála. Gefa þarf börnum svigrúm til að ganga sátt frá leiknum.

Skipulagður leikur lítur ákveðnum reglum eins og ýmsir hópleikir og spilaleikir. Slíkir leikir hafa margvíslegt menntunargildi og ekki síst að læra að það er ekki alltaf hægt að vera sigurvegari. Skipulagðir hópleikir geta stutt við félags-, hreyfi- og málþroska barna sé vel að verki staðið. Hlutverk starfsfólks í skipulögðum leikjum er að skýra út reglur leiksins, stýra leiknum á meðan börnin eru að læra reglurnar og taka þátt með þeim. Hópleiki er upplagt að framkvæma utandyra eða í íþróttahúsum. Á frístundaheimilum ætti einnig að vera aðgengi að fjölbreyttum borð- og spilaleikjum sem hæfa aldri og þroska barnanna og sem börnin geta nýtt sér bæði með og án þátttöku starfsfólks.

Óformlegt nám

Á frístundaheimilum gefst kostur á að efla alhliða þroska barna í gegnum óformlegar námsleiðir sem byggjast á áhuga og þátttöku barna fremur en á stjórn leiðbeinanda (sjá nánar í kaflanum Tómstundir og menntun). Því er mikilvægt að mótuð sé stefna um hver séu uppeldisleg markmið frístundaheimila og hvaða leiðir séu notaðar. Börn nota fjölbreyttar aðferðir til náms og þroska, meðal annars leikinn sem hér er fjallað um. Á frístundaheimilum gefst tækifæri til að stuðla að grunnþáttum menntunar sem skilgreindir eru í Aðalnámskrá grunnskóla (2011): Læsi, jafnrétti, sköpun, lýðræði og mannréttindi og heilbrigði og velferð. Að auki er mikilvægt að börn læri að sinna áhugamálum sínum og vera virkir þátttakendur í tómsundastarfi þar sem rannsóknir sýna mikilvægi þess að stunda heilbrigðar tómsundir allt lífið (Leitner og Leitner, 2012). Því má segja að innan frístundaheimila geti farið fram óformleg tómsundamenntun sem felst í því að börn læri að nýta frítíma sinn á jákvæðan og uppbyggilegan hátt (Vanda Sigurgeirsdóttir, 2014).

Mikilvægt er að horfa til þess að tómsundastarf styður við nám og þroska barna á annan hátt en formlegt skólastarf.

Samþætting skóla og frístundastarfs

Greina má aukna áherslu á samþættingu skóla – og frístundastarfs hér á landi á þeim stöðum þar sem frístundaheimilin eru rekin af skóla. Rannsóknir erlendis frá sýna að tilhneiging er til þess að formlegar kennsluáðferðir taki yfir-

höndina þegar að frístundaheimili færast inn í skólana (Kolbrún Þ. Pálsdóttir, 2014a). Formlegar kennsluáðferðir byggja á því að skilgreina fyrirfram námsmarkmið og kennsluleiðir; óformlegar kennsluáðferðir lúta öðrum lögmálum með áherslu á að námsferlið sé samvinna einstaklings og leiðbeinanda. Því ber að varast að skylda börn til þátttöku í tilteknum verkefnum á frístundaheimilum og miða fremur að því að börn geti valið úr fjölbreyttum viðfangsefnum. Jafnframt þarf að huga vel að hlutverki starfsfólks og hvernig það getur sem best stutt við óformlegt nám barna.

Áhugavert er að skoða grunnþætti menntunar sem eru skilgreindir í Aðalnámskrá grunnskóla (2011). Þessum grunnþáttum er meðal annars ætlað að endurspeglu almenna menntun sem samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla fer fram miklu víðar en í skólakerfinu.

Sé litið til ofangreindra grunnþátta er ljóst að starf og hugmyndafræði frístundaheimila er vel til þess fallið að styðja við bæði formlegt sem óformlegt nám með þeim fjölbreyttu leiðum og viðfangsefnum sem þar er boðið upp á. Í könnun sem framkvæmd var af starfshópi um gerð leiðbeinandi viðmiða um gæði frístundastarfs á frístundaheimilum (Menntamálaráðuneytið, 2017) kom fram hjá svarendum að heilbrigði og velferð væri sá grunnþáttur menntunar sem mikilvægast væri að endurspeglar í viðmiðum fyrir frístundaheimili. Þar á eftir kom sköpun, jafnrétti, lýðræði, læsi og í síðasta sæti var sjálfbærni.

Val og sjálfræði barna

Í anda barnalýðræðis og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna skiptir máli að börn hafi val um viðfangsefni á frístundaheimilum. Það er hægt að gera með margvíslegum hætti eins og að setja upp myndrænt og skilvirkt valkerfi þar sem börnin velja sjálf. Á sumum frístundaheimilum eru haldnir valfundir í upphafi dags þar sem farið er yfir dagskrá og hægt að taka fyrir málefni sem efst eru á baugi hverju sinni. Hlutverk starfsfólks er að halda utan um valið og gæta að jafnræði meðal barna. Á ýmsum frístundaheimilum hefur verið komið fyrir stórum veggjöflum (gjarnan segultöflur) þar sem viðfangsefni hvers dags eru listuð upp með myndrænum hætti og börnin setja sjálf nöfn sín eða myndir af sér á viðeigandi valsvæði. Á þennan hátt má hafa góða yfirsýn yfir hvar börnin eru hverju sinni og börnin geta einnig valið um leið og þau mæta á frístundaheimilið.

Kosturinn við valtöflu er að börnin þurfa ekki að bíða með að velja þar til allur hópurinn er mættur á frístundaheimilið, heldur geta valið um leið og þau mæta. Gallinn er sá að hætta er á að þar sem takmörkun er á fjölda barna á sum valsvæði, séu ávallt sömu börnin sem mæta snemma sem ná að velja fyrst. Þetta mætti leysa með því að hafa sérstakt valblað fyrir vinsæl tilboð þannig að öll börn hafi jafna möguleika á að skrá sig á lista og vera sett í þann hóp á tilteknum degi.

Mikilvægt er að gefa svigrúm til að börnin geti á einhverjum tímapunkti skipt um viðfangsefni og séu ekki bundin af vali sínu það sem eftir lifir dagsins. Þá skiptir líka máli að börnin hafi eitthvað að segja um hvað er í boði. Til að kanna hug barna til viðfangsefna má halda barnafundi, setja á fót barnaráð, nota hugmyndakassa og eiga regluleg samtöl við börnin. Það er mikilvægt að börnin fái tækifæri til að æfa sig í að taka ábyrgð á viðfangsefnum sínum sem og að hafa áhrif á það umhverfi sem þau dvelja í.

Starfsmenn þurfa að tryggja umgjörð utan um barnafundi og barnalýðræði, kynna sér viðhorf og skoðanir barna og hlusta á börnin. Á mörgum frístundaheimilum hafa barnaráð verið sett á laggirnar sem tekur þátt í að ákveða viðfangsefni í vali og hvers konar klúbbar verða starfræktir. Á fundum barnaráða gefst starfsfólki einnig tækifæri til að spyrja börnin um hvað þeim finnst mega breyta í starfinu og láta þau finna að þau geti haft áhrif. Barnalýðræði bætir og þróar starfið og eflir þroska barna og samfélagslega ábyrgð þeirra.

Vinátta og samskipti

Á frístundaheimili gefst börnum kostur á að vera með vinum sínum og leika við þá. Margt bendir til þess að frístundaheimili komi nú í stað heimila og útileiksvæða þar sem börn hittust og léku saman að loknum skóladegi. Börnin sjálf lýsa því hve miklu máli skipti fyrir þau að geta verið með vinum sínum á frístundaheimilinu, því í skólanum geta þau iðulega ekki valið hjá hverjum þau sitja eða hvað þau gera saman (Kolbrún Þ. Pálsdóttir, 2012). Það er stórt skref fyrir börn að flytjast frá leikskóla yfir í grunnskóla og skiptir miklu máli að hvert barn nái að eignast nýja vini og félag. Frístundaheimilin gegna því mikilvæga hlutverki að vera sá staður þar sem 6-9 ára börn geta eignast vini og ræktað vinasambönd.

Greina má fjögur megineinkenni vináttusambanda:

- a) Þau byggja á vilja
- b) Í þeim felst gagnkvæmni
- c) Tilfinningabönd eru til staðar
- d) Þau myndast oftast á milli einstaklinga á svipuðu þroskastigi.

(Bagwell og Schmidt, 2011)

Vísbendingar eru um að það að geta eignast vini og ræktað vináttu í barnæsku leggi undirstöðu undir þau sambönd sem einstaklingar mynda síðar á æviferlinu. Það er því mikilvægt að vel takist til og að fullorðnir séu meðvitaður um að styðja við þau börn sem gengur illa að eignast vini. Á hverju frístundaheimili ættu að vera samskiptareglur sem styðja við jákvæð og uppbyggileg samskipti sem gilda fyrir bæði börn og fullorðna. Gott er að vinna slíkar reglur með börnunum, ræða um mikilvægi góðra samskipta og hvers vegna skipti máli að koma vel fram við aðra. Það getur skilað árangri að hafa reglurnar myndrænar og vel sýnilegar. Ekkert hefur þó jafnmikið gildi og að starfsfólkið sjálft séu góðar fyrirmyndir, sé vinalegt við öll börn og sýni þeim umhyggju í orði og verki.

Klúbbastarf

Á frístundaheimilum er algengt að boðið sé upp á klúbba þar sem starfsfólk og börn einbeita sér að tilteknu viðfangsefni yfir ákveðið tímabil. Hver klúbbur gæti verið starfræktur einu sinni til þrisvar sinnum í viku eftir því hvað hentar. Hlutverk starfsfólks er mismunandi eftir því hvert viðfangsefni klúbbsins er og getur sveiflast á milli þess að vera mjög stýrandi yfir í að vera fyrst og fremst til staðar. Gagnlegt getur verið að starfsfólk skrásetji markmið og skipulag hvers klúbbs og haldi dagbók um starfsemi klúbbsins til að geta lagt mat á hvað gekk vel og/eða illa. Oftast eru klúbbarnir þess eðlis að börnin skrá sig í þá eftir áhuga en þó mætti sjá fyrir sér að sértækt klúbbastarf væri sett af stað með þarfir tiltekins hóps í huga.

Mikilvægt er að klúbbastarf taki mið af óskum barnanna og áhuga þeirra hverju sinni. Börn úr 3. og 4. bekk hafa þörf fyrir að finna til aukins aldurs og þroska með því að fá ný og spennandi viðfangsefni til að fást við á frístundaheimilinu. Eigi starfið að koma til móts við væntingar þeirra og áhuga er æskilegt að þau hafi meiri áhrif á dagskrána og skipulag starfsins. Einnig gæti gefist vel að tryggja eldri börnunum sérstaka aðstöðu innan frístundaheimilisins þar sem þau fá tækifæri til að móta umhverfið og efla vinatengsl innan hópsins. Eðlilegt er að

klúbbastarf frístundaheimila taki breytingum frá ári til árs og mótist af áhuga barnahópsins hverju sinni. Sem dæmi um klúbbastarf má nefna ævintýrasklúbba, fönðurklúbba, leiklistar-klúbba, matreiðsluklúbba, smíðaklúbba og tölvuklúbba.

Síðdegishressing

Mikilvægt er að boðið sé upp á staðgóða og holla síðdegishressingu á frístundaheimilum. Í könnun sem Landlæknisembættið lét framkvæma árið 2009 kom fram að frístundaheimilin gátu gert bragarbót á því fæðuvali sem er í boði. Mikilvægt er að hafa manneldis-markmið Landlæknisembættisins að leiðarljósi og hefur Lýðheilsustöð gefið út leiðbeiningar sem finna má á heimasíðu Landlæknisembættis (Lýðheilsustöð, 2008).

Að ýmsu er að huga við skipulag síðdegishressingar. Æskilegt er að börnin hafi val um hvenær þau neyta hressingar og hafi val um meðlæti hverju sinni, þar sem því verður við komið. Ávextir og grænmeti ætti til dæmis ávallt að vera í boði. Það skapar heimilislegan og notalegan blæ ef börnin fá sjálf að skammta sér, smyrja og framreiða eins og hægt er. Síðdegishressingin er tilvalinn staður til að taka samræður um landsins gagn og nauðsynjar og efla tengsl á milli barna sem og barna og starfsfólks. Hlutverk starfsfólks er ekki síst að eiga í samræðum við börnin í síðdegishressingunni, gæta að hreinlæti og aðstoða börnin eftir þörfum.

Til að gera börnum kleift að velja hvenær þau neyta hressingar eru dæmi um að eitt af svæðum frístundaheimilisins hafi verið skipulagt sem kaffihús og börnin geta því komið og farið af vild.

Mikilvægt er að foreldrar fái upplýsingar um það sem stendur börnum þeirra til boða í síðdegishressingu.

Samstarf

Forstöðumenn frístundaheimila ættu að vera í góðu samstarfi við foreldra, skólastjórnendur og kennara um málefni sem varða hag og velferð barnanna. Þá getur gott samstarf við íþróttafélög og aðra æskulýðsstarfsemi innan hverfa skipt sköpum og gert börnum kleift að sækja annað skipulagt tómsundastarf á starfstíma frístundaheimilis.

Gefist hefur vel að halda kynningarfundir fyrir foreldra nýrra barna og einnig að gefa foreldrum reglulega kost á því að koma í heimsókn og kynna starfinu. Dæmi eru um að haldin séu opin hús á frístundaheimilum þar sem starfsemin er kynnt og tækifæri gefið fyrir samveru foreldra, barna og starfsfólks. Í lagagrein um rekstur frístundaheimila kemur fram að hafa skuli „samþætta þjónustu” skóla- og frístundastarfs að leiðarljósi (Lög um breytingu á grunnskólalögum nr. 91/2011, nr. 76/2016). Óljóst er hvað átt er við með því orðalagi, en ætla má að talið sé æskilegt að skólastjórnendur og forstöðumenn frístundastarfs hafi samráð um starfsemi skóla- og frístundastarfsins. Könnun á starfsemi frístundaheimila árið 2013 sýndi að töluverð tengsl eru milli skóla- og frístundastarfs innan flestra sveitarfélaga. Frístundaheimilin eru oftast starfrækt í húsnaði grunnskóla, starfsfólk frístundaheimila er ósjaldan jafnframt starfsfólk skóla og ýmis samvinna höfð um skipulag daglegs starfs (Kolbrún Þ. Pálsdóttir, 2014a). Miklu skiptir að samráð sé haft um stuðning við börn sem eiga á brattan að sækja, s.s. vegna fötlunar eða félagslegrar stöðu. Frístundastarfsfólk hefur sýn og reynslu af börnum í öðru umhverfi en hinu skipulagða skólastarfi og geta oft bent á nýjar leiðir til að efla styrkleika barna. Þá er gagnlegt að koma á reglulegu samráði milli leikskóla og frístundaheimilis, enda geta frístundaheimilin verið ákveðin brú milli skólastiga og stutt við farsæla aðlögun yngstu skólubarnanna. Til að mynda hefur sum staðar verið komið á samstarfi sem felst í reglubundnum heimsóknnum elstu leikskólubarnanna á frístundaheimilið sem styður við farsæla aðlögun. Ennfremur er mikilvægt að forstöðumaður frístundaheimilis sitji skilafundi leikskóla ásamt deildarstjórum grunnskóla þar sem upplýsingar um hagi og þroska barna er miðlað með samþykki forráðamanna.

Frístundastarf án aðgreiningar

Í tómsundastarfi gefast spennandi tækifæri til að vinna með margbreytileika og virkja öll börn til þátttöku óháð kyni, aldri, fötlun og þjóðerni. Á Íslandi hefur undanfarin ár verið mótuð sú stefna að skólastarf skuli rekið án aðgreiningar. Í því felst að öllum börnum á að standa til boða að sækja sinn hverfissskóla og að börn með sértækar þarfir fái viðeigandi stuðning í skólastarfi. Í lagagrein um rekstur frístundaheimila í grunnskólalögum kemur fram að við

„...skipulag þjónustu frístundaheimila skal tekið mið af þörfum, þroska og áhuga hvers og eins” (Lög um grunnskóla, nr. 91/2008). Því miður er víða pottur brotinn í því að tryggja öllum börnum jafnt aðgengi að þjónustu frístundaheimila að loknum skóladegi. Hér er vísað til þess að samkvæmt niðurstöðum könnunar á starfsemi frístundaheimila á landsvísu gilda víða engar sérstakar reglur um stuðning við börn í frístundastarfi (Kolbrún Þ. Pálsdóttir, 2013). Samkvæmt upplýsingum frá Reykjavíkurborg geta forstöðumenn frístundaheimila sótt um stuðning fyrir börn með sértækar þarfir (Reykjavíkurborg, 2014). Þá rekur Reykjavíkurborg þrjár sértækar félagsmiðstöðvar fyrir fötluð börn úr 5.-10. bekk grunnskóla og eina við Klettaskóla sem er sérskóli. Hér er mælt með því að fleiri sveitarfélög móti verklagsreglur um stuðning fyrir börn í frístundastarfi. Einnig getur reynst gagnlegt að útbúa einstaklingsáætlun í samráði við barnið sjálft og forráðamenn um hvernig úthlutaður stuðningur skuli nýttur til að barnið geti tekið fullan þátt í því starfi sem fram fer á hverjum stað fyrir sig. Áherslan í einstaklingsáætlun er alltaf á styrkleika og áhugasvið viðkomandi einstaklings þar sem að það er í gegnum þá þætti sem brúin er byggð til að barnið nái inn í barnahópin og sé þátttakandi í starfinu.

Mestu skiptir þó að unnið sé með barnahópin sem heild og að ávallt sé litið á börn sem margbreytilegan hóp einstaklinga sem öll eiga rétt á að njóta sín. Þegar kemur að því að þróa tómsundastarf fyrir margbreytilega barnahópa þá er samvinna lykilhugtak (Ruth Rauterberg Jörgensdóttir og Kolbrún Þ. Pálsdóttir, 2015). Hér er átt við að til að móta sameiginlega menningu þar sem virðing fyrir margbreytileikanum ríkir þarf að skapa rými og tilgang fyrir samveru allra barna. Til að virkja öll börn til þátttöku og kanna áhuga þeirra er gagnlegt að nota fjölbreyttar leiðir, s.s. klúbbastarf, samvinnuverkefni og leikræna og myndræna tjáningu.

Staða frístundaheimila og áskoranir

Í þessum kafla er horft til stöðu frístundaheimila og helstu áskoranir sem takast þarf á við á næstu árum. Frístundaheimilin hafa fest sig í sessi sem grunnþjónusta. Samkvæmt 33. gr. grunnskólalaga skal börnum standa til boða þjónusta frístundaheimila, þó jafnframt komi fram að á

grundvelli staðbundinna ástæðna geti sveitarfélög ákveðið að reka ekki frístundaheimili.

Skiptar skoðanir hafa verið á því hvort grunnskólar eða frístundasvið sveitarfélaganna eigi að fara með faglega ábyrgð á rekstrinum. Hver sá sem stjórnar starfinu þarf að búa yfir þekkingu á gildi frístundastarfs barna og mikilvægi þess í námi og þroska þeirra. Starfsemi frístundaheimila hefur aukist umtalsvert á undanförunum áratugum; fleiri sveitarfélög bjóða upp á slíka þjónustu og greina má aukna þátttöku barna. Á sama tíma verður sífellt mikilvægara að staðið sé vel að rekstri þeirra. Ný lagagrein um frístundaheimili í grunnskólalögum setur frekari kröfur á sveitarfélög að tryggja að starfið komi til móts við þarfir og þroska allra barna. Einnig má búast við að gæðaviðmið um starfsemi frístundaheimila, sem mennta- og menningarmálaráðuneyti hyggst setja, muni hafa jákvæð áhrif á fagþróun starfsins. Í framtíðinni má gera ráð fyrir að öll sveitarfélög sjái hag í því að framkvæma innra og ytra mat á starfsemi frístundaheimila til að geta kortlagt á einum tíma til annars hvernig þróunin er, og ekki síður til að greina hvar megi gera betur og hvar megi læra af vel unnu verki. Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar gaf út árið 2015 Viðmið og vísbendingar fyrir innra og ytra mat á gæðum frístundastarfs (Reykjavíkurborg, 2015) og er þar horft til fimm meginsviða: Stjórnun, frístundastarf, mannauður, staðarbragur og innra mat. Fram kemur að í viðmiðunum er „... lýst frístundastarfi sem er í góðu samræmi við skyldur og tilmæli laga [...] og getur því talist gæðastarf“ (Reykjavíkurborg, 2015, bls. 8). Hér er því um ákveðið frumkvöðlaverkefni að ræða og mikilvægt að á allra næstu árum verði til gæðaviðmið sem öll sveitarfélög geti stuðst við.

Ein af stærstu áskorunum sem við blasa er að auka hlut fagmenntaðs starfsfólks á frístundaheimilum. Í dag er hægt að sækja háskólanám í tómstunda- og félagsmálafræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Áætla má að sá möguleiki hafi styrkt stöðir fagstarfsins á frístundaheimilum og muni styrkja það enn frekar í náinni framtíð. Skýra þarf hvaða menntun og hæfni starfsmenn sem vinna við frístundaheimili ættu að hafa.

Í annan stað þarf að efla fræðslu og faglegan stuðningi við starfsfólk og stjórnendur frístundaheimila. Nauðsynlegt er að sú fræðsla sé miðuð að því að efla skilning og þekkingu á uppeldislegu gildi frítímans og þjálfu starfsfólks

í skipulagi og framkvæmd slíks starfs. Þar sem mikið er um ófaglært starfsfólk þurfa sveitarfélög að tryggja þjálfun og viðeigandi fræðslu sem styður við fagleg vinnubrögð og þekkingu á verkferlum í frístundastarfi.

Þriðja áskorunin snýr að því að auka þarf vitund og þekkingu á gildi óformlegs náms og því menntunarhlutverki sem frístundaheimilin geta gegnt. Mikil sóknarfæri felast í því að styðja við alhliða þroska og nám barna á forsendum óformlegs náms. Standa þarf vörð um innra starf frístundaheimila, ekki síst í ljósi aukinnar áherslu á samþættingu skóla og frístundastarfs. Innan tómstunda- og félagsmálafræða býr mikil þekking á því að vinna með hópa, samskipti, vináttutengsl og vellíðan. Tómstundafræðingar hafa hlotið þjálfun í því að greina og grípa inn í einelti og stuðla að jákvæðum samskiptum í barnahópum. Því þarf að skoða tómstundir barna með markvissum hætti og einnig hvernig formlegt og óformlegt nám fléttast saman í lífi þeirra og myndar þá reynslu sem nýtist til aukins þroska og farsældar.

Framtíðarsýn

Frístundaheimili eru orðin einn af grunnþáttum í þjónustu sveitarfélaga og eru sannarlega komin til að vera. Innan þeirra fer fram þýðingarmikið starf sem getur átt þátt í því að börn nýti frítíma sinn á jákvæðan máta og að þau eflist sem virkir og sjálfstæðir einstaklingar. Frístundaheimilin brúa bilið á milli skóla og heimilis, og skapa möguleika fyrir innihaldsríkt tómstundastarf í félagahópi. Líkt og kemur fram í nýju löggjöfinni ætti áhersla innra starfs að vera á val, frjálsan leik og fjölbreytileg viðfangsefni. Í framtíðinni mætti sjá fyrir sér að hver starfsstaður setji sér markmið og hafi skýra uppeldislega sýn sem endurspeglast í daglegu starfi. Ítarlegar upplýsingar, s.s um umfang þjónustunnar, starfsáætlun, skipulag innra starfs, verkferla og fleira, ættu að vera sýnilegar á heimasíðum frístundaheimila og sveitarfélaga. Til að tryggja eðlilega fagþróun þarf að huga að starfsaðstæðum, menntun og þjálfun starfsfólks. Með tilkomu menntunar í tómstunda- og félagsmálafræði hefur orðið til nýr faghópur hér á landi sem styður við uppeldi og velferð barna á forsendum óformlegs náms. Með aukinni þekkingu og fagmennsku í starfi frístundaheimila og samstarfi ólíkra fagstétta munu fjölbreyttir möguleikar barna til náms, þroska og farsældar aukast.

Heimildir

- Akureyri (2017). *Frístund*. Sótt af <http://www.akureyri.is/skoladeild/fristund>
- Árborg (e.d.). *Skólavistun*. Sótt af <http://www.arborg.is/skolar/skolavistun/>
- Bagwell, C. L. og Schmidt, M.E. (2011). *Friendships in childhood and adolescence*. New York: The Guilford Press.
- Ísafjarðarbær (e.d.). Dægradvöl – heilsdagsskóli. Sótt af http://isafjordur.is/fjolskyldan/daeegradvol_-_heilsdagsskoli/
- Kolbrún Þ. Pálsdóttir. (2014a). Viðhorf til náms. Um samþættingu skóla- og frístundastarfs. *Uppeldi og menntun*, 23 (1): 81-89.
- Kolbrún Þ. Pálsdóttir. (2014b). The professional identity of recreation personnel. *Barn*, 32(3), 75-89.
- Kolbrún Þ. Pálsdóttir. (2013). *Könnun á starfsemi frístundaheimila*. Mennta- og menningarmálaráðuneyti: Reykjavík. Sótt af https://www.menntamalaraduneyti.is/media/forsidumyndir/SKYRSLA_Konnun_Lengd-vidvera_2013.pdf
- Kolbrún Þ. Pálsdóttir. (2012). Care, learning and leisure: *The organisational identity of after-school centres for six- to nine-year old children in Reykjavik*. Doktorsritgerð frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/16754>
- Kolbrún Þ. Pálsdóttir og Valgerður Freyja Ágústsdóttir. (2011). Gæði eða geymsla? Um frístundaheimili og skóladagvistun fyrir 6–9 ára börn á Íslandi. Í *Netla, vef tímarit um uppeldi*. Sótt af <http://netla.hi.is/gaedi-eda-geymsla-um-fristundaheimili-og-skoladagvistun-fyrir-6-9-ara-born-aisland>
- Kolbrún Þ. Pálsdóttir. (2009). Frístundaheimili fyrir 6–9 ára börn í reykvísku skólasterfi. *Uppeldi og menntun* 18(1), 37–59.
- Leitner, M.J og Leitner, S.F. (2012). *Leisure enhancement* (4. Útgáfa). Urbana: Sagamore Publishing.
- Lyllemyr, Ole Fredrik. (2009). Taking play seriously: *Children and play in early childhood education – An exciting challenge*. Charlotte, NC: Information Age Publishing, Inc.
- Lýðheilsustöð. (2008). *Síðdegishressing í heilsdagsskólum, frístunda- og tómstundaheimilum – ráðleggingar fyrir starfsfólk*. Sótt af http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item11573/siddegishressing_fristund_2008.pdf
- Lög um grunnskóla nr. 91/2011.*
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2017). *Könnun á viðhorfum og væntingum til gerðar leiðbeinandi viðmiða um gæði frístundastarfs á frístundaheimilum fyrir börn í yngri árgöngum grunnskóla*. Óbirt kynning. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2013). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011: Greinasvið 2013*. Reykjavík: Höfundur. Sótt af: <https://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing-efni/namskrar/adalnamskra-grunnskola/>
- Moss, P. og Petrie, P. (2002). *From children's services to children's spaces. Public policy, children and childhood*. London: RoutledgeFalmer.
- Reykjavíkurborg (2014). *Frístundapjónusta SFS fyrir börn og unglunga með fötlun*. Skýrsla starfshóps. Sótt af http://reykjavik.is/sites/default/files/yomis_skjol/skjol_utgefing_efni/fristundathjonusta_sfs_fyrir_born_og_unglinga_med_fotlun_lokaskjal_april2014.pdf.

Reykjavíkurborg (2015). *Viðmið og vísbendingar um innra og ytra mat á gæðum frístundastarfs*. Sótt af http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/vidmid_-_mat_i_fristundastarfi_0.pdf

Ruth Rauterberg Jörgensdóttir og Kolbrún Þ. Pálsdóttir. (2015). Þátttökurannsókn á tómstundastarfi fyrir 10 til 12 ára börn. Leiðir til að skapa samvinnu- og námsferli í margbreytilegum barnahópi. Í *Netla, veftímarit um uppeldi*. Sótt af http://netla.hi.is/serrit/2015/hlutverk_og_menntun_throskathjalfa/005.pdf

Þingskjal 1466, 145. löggjafarþing 675. Mál. *Lög um breytingu á grunnskólalögum nr. 91/2011, nr. 76/2016*.

Félagsmiðstöðvar barna og unglunga

Eygló Rúnarsdóttir og Hulda Valdís Valdimarsdóttir

Inngangur

Hugtakið félagsmiðstöð tengja margir við unglunga og þeirra viðfangsefnum í frítíma sínum. Hugtakið hefur þó á síðustu áratugum smátt og smátt fengið víðari skírskotun í útgefnu efni og félagsmiðstöðvar eldri borgara, félagsmiðstöðvar á vegum félagasamtaka og ólíkra hópa hafa einnig litið dagsins ljós. Í þessum kafla verður hugtakið félagsmiðstöð notað yfir félagsmiðstöðvar fyrir börn og unglunga sem starfræktar eru sem hluti af æskulýðsstarfsemi sveitarfélaga á Íslandi en umfjöllin á þó víðar við, einkum í öðru æskulýðsstarfi. Starf félagsmiðstöðva hefur alla jafna verið ætlað unglungum en í einhverjum tilvikum er einnig starf fyrir 10-12 ára börn undir merkjum félagsmiðstöðva auk annarra verkefna. Markmið þessarar umfjöllunar er að gefa innsýn í starfsemi félagsmiðstöðva fyrir börn og unglunga á Íslandi. Þróun starfsins á Íslandi verður gerð skil og rýnt í hugmyndafræði þess og stöðu í dag ásamt helstu starfsaðferðum. Í lokin er horft til framtíðar félagsmiðstöðvastarfs auk þess sem fjallað verður um helstu áskoranir sem starfið stendur frammi fyrir.

Upphafið

Félagsmiðstöð er hugtak sem flestir þekkja og sífellt fleiri þekkja jafnframt til inntaks starfsins og starfshátta. Félagsmiðstöðin er staður þeirra sem þangað sækja, staður barna og unglunga þar sem þarfir þeirra, hæfileikar og menning er í forgangi og metin að verðleikum (Eygló Rúnarsdóttir, 2011; Hulda Valdís Valdimarsdóttir, 2010; Jacobsen, 2000; Robertson, 2000). Félagsmiðstöðvar og starfsemi þeirra má rekja til iðnbyltingarinnar í Englandi og breyttra aðstæðna í borgarsamfélaginu. Fyrirmyndin eru svokallaðar hverfamistöðvar (e. settlements) í Englandi sem komu fram á seinni hluta nítjándu aldar og þau miklu áhrif sem starfsemi þeirra hafði á sviði félagslegra umbóta. Starfsemi félagsmiðstöðva var svar samfélagsins við sífældri þróun æskunnar sem enginn vissi hvert stefndi og þeim áskorunum sem æskan glímdi við hverju sinni (Árni Guðmundsson, 2007).

Í kjölfar iðnbyltingarinnar breyttist hlutverk barna í samfélaginu og unglingar urðu til sem sérstakur þjóðfélagshópur. Um miðja tuttugustu öldina kemur hugtakið æskumenning (e. youth culture) fyrst fram um menningarheim ungs fólks og vísar til jafningjahópsins sem áhrifamikils félagsmótunaraflds hjá unglungum. Áhersla var á aukna menntun barna og unglunga og minna vinnuálag. Þessum áherslubreytingum fylgdi aukinn frítími sem varið var á eigin vegum, fjarri þeim fullorðnu (Árni Guðmundsson, 2007; Eygló Rúnarsdóttir, 2011; Gestur Guðmundsson, 2008).

Fyrsta félagsmiðstöð fyrir unglunga á Norðurlöndunum var opnuð árið 1933 í Gautaborg en sú félagsmiðstöð var einungis opin í eitt ár. Árið 1936 hóf svo félagsmiðstöðin Gamelstadens ungdomsgård í Gautaborg starfsemi sína og í kjölfarið breiddist starfsemin út í Svíþjóð, í fyrstu hægt en örur um og eftir 1940 (Árni Guðmundsson, 2007). Í Kaupmannahöfn höfðu svokölluð frístundaheimili (d. fritidshjem) fram að þessu einungis verið fyrir yngri börn eftir að hefðbundnum skóladegi var lokið en voru árið 1941 einnig opnuð á kvöldin fyrir unglunga. Nokkrum árum síðar voru um 30 frístundaheimili opin á kvöldin í þeim tilgangi að halda ungmennum í Kaupmannahöfn á beinu brautinni. Fyrsta félagsmiðstöðin fyrir unglunga hóf starfsemi 1944 sem hluti af hverfismiðstöðinni Ungdomsgården í Husum en þar var einnig að finna leikskóla og frístundaheimili. Árið 1969 voru félagsmiðstöðvar í Danmörku orðnar 182 talsins og þeim hefur fjölgað síðan þá (Enoksen o.fl., 2003; Holm-Petersen, 2012). Fyrsta félagsmiðstöðin í Noregi, Hammersborg fritidsklubb, hóf starfsemi sína árið 1953. Um miðjan áttunda áratug síðustu aldar voru rúmlega hundrað sveitarfélög í Noregi með starfandi félagsmiðstöðvar og um 1980 voru félagsmiðstöðvarnar þar orðnar þrjú hundruð talsins (Hammerø, 2009; Jacobsen, 2000).

Starfsemi félagsmiðstöðva á Íslandi þróast í kjölfar sambærilegrar starfsemi á Norður-

löndunum og eftir töluverðar umræður í stjórn-sýslu og borgarstjórn opnaði æskulýðsheimili á Lindargötu í Reykjavík árið 1957. Árið 1962 stofnuðu Siglfirðingar æskulýðsheimili og árið 1969 hóf æskulýðsheimili í Hafnarfirði starfsemi. Árið 1972 stofnuðu Akureyringar félagsmiðstöðina Dynheima, í Reykjavík hóf Fellahellir starfsemi 1974 og 1975 hófst starfsemi félagsmiðstöðvar á Selfossi. Í framhaldinu spruttu félagsmiðstöðvar síðan upp hver á fætur annari, t.d. í Keflavík, Garðabæ, Vestmannaeyjum og á Sauðárkróki (Árni Guðmundsson, 2007; SAMFÉS, e.d.-a).

Samtök félagsmiðstöðva á Íslandi (SAMFÉS) voru stofnuð í Reykjavík þann 9. desember árið 1985. Ellefu félagsmiðstöðvar á höfuðborgarsvæðinu og í nágrenni Reykjavíkur voru stofnaðilar. Á þessum stofnfundi voru lög samtakanna samþykkt og markmið sem m.a. fólust í því að auka samskipti og samvinnu félagsmiðstöðva, stuðla að eflingu fagmenntunar starfsfólks, koma á framfæri upplýsingum um starfsemi félagsmiðstöðva og undirstrika vægi þeirra og hafa áhrif á umræðu og löggjöf um æskulýðsmál á Íslandi (Samfés, e.d.-a).

Þegar fyrstu félagsmiðstöðvarnar hófu starfsemi sína á Íslandi var í *Lögum um æskulýðsmál* (1970) hvergi minnst á félagsmiðstöðvar en tilgreint að Samband íslenskra sveitarfélaga gæti í samráði við sveitar- og bæjarstjórnir og borgarstjórn Reykjavíkur samið reglur um stuðning þessara aðila við æskulýðsstarf. Þó skyldi menntamálaráðherra staðfesta reglurnar. Í þessum sömu lögum var kveðið á um að stofna skyldi Æskulýðsráð ríkisins og að hlutverk þess skyldi m.a. vera að skipuleggja og samræma opinberan stuðning við æskulýðsstarf, samræma æskulýðsstarfsemi félaga, skóla og sveitarfélaga og stuðla að samvinnu þeirra sem vinna að æskulýðsmálum. Hlutverk laganna og æskulýðsráðs má því segja að hafi verið nokkuð óljóst hvað varðar félagsmiðstöðvar og starfsemi þeirra og að ábyrgðin hafi verið lögð í hendur sveitarfélaganna. Það má þó velta fyrir sér hvort starfsemi félagsmiðstöðva hafi á þessum tíma talist vera hluti af æskulýðsstarfinu og því ekki þótt þörf á að fjalla sérstaklega um félagsmiðstöðvar í lögum.

Árið 1994, þegar rúm tuttugu ár voru frá því að fyrsta félagsmiðstöðin á Íslandi hóf starfsemi sína, hafði aðsókn unglinga að félagsmiðstöðvum í Reykjavík farið úr 13% árið 1984 og upp í 70% á einungis 10 árum en aðsóknin var

ennþá meiri víðast hvar utan höfuðborgarsvæðisins. Var ástæðan talin fjölbreyttari möguleikar í tómsundastarfi á höfuðborgarsvæðinu (Jóhanna Ingvarsdóttir, 1994). Starfsemi félagsmiðstöðva og þátttaka í henni hefur því farið rólega af stað, enda félagsmiðstöðvar ekki margar á landinu til að byrja með. Þeim fjölgaði svo jafnt og þétt og sjálfsagðara þótti að unglingar tækju þátt í slíku starfi eftir því sem leið á tíunda áratug síðustu aldar.

Hugmyndafræði félagsmiðstöðvastarfs

Félagsmiðstöðvar sækja hugmyndafræði sína í helstu fræðigreinar sem snúa að hinu mannlega og félagslega. Sálrarfræði, félagsfræði, uppeldisfræði og menntunarfræði eru þar ráðandi auk þess sem önnur fræðasvið eins og tómsundastarfræði og leiðtogafræði hafa á seinni árum orðið áberandi kenningagrunnur félagsmiðstöðvastarfs. Í bókinni *Saga félagsmiðstöðva í Reykjavík 1942-1992* (Árni Guðmundsson, 2007) kemur fram að grunnhugmyndafræði félagsmiðstöðvastarfs sé byggð á kenningum um félagsmótun, þar sem félagsleg samskipti móta einstakling, þroska hans, viðmið og gildi. Þar koma til sögunnar helstu kennismiðir félagsfræðinnar. George Herbert Mead setti fram kenningu um þroska einstaklings sem félagslegt ferli í gegnum samskipti við aðra og mótun sjálfmyndar í samspili við umhverfið (Gestur Guðmundsson, 2008; Gillespie, 2005). John Dewey tók í sama streng og lagði jafnfram áherslu á mikilvægi þess að einstaklingar prófi sig áfram á þroskabrautinni, geri mistök og læri af þeim (Dewey, 1998). Émile Durkheim lagði svo áherslu á mikilvægi uppeldisaðilanna sem fyrirmynda um siðareglur og samfélag (Durkheim, 2005; Gestur Guðmundsson, 2008).

Unglingar eiga sinn eigin menningarkima þar sem unglíngamenning fær að blómstra. Unglíngamenning einkennist af því sem efst er á baugi í samfélagi ungs fólks á hverjum tíma (Gestur Guðmundsson, 2008) og segja má að hjartslátt unglíngamenningarinnar sé að finna í félagsmiðstöðvum. Þar er því auðvelt að greina stöðu unglíngahóps og meginstrauma í menningu og lífi ungs fólks (Árni Guðmundsson, 2007).

Félagsmiðstöðvum er ætlað að mæta þeirri mikilvægu þörf ungs fólks að eiga samastað (e. place) þar sem menning ungs fólks er í forgrunni og jafningjahópurinn (e. peer-group)


er félagsmótunarafl. Áhrif jafningjahópsins geta verið góð eða slæm sé miðað við ríkjandi gildi samfélagsins á hverjum tíma og Arne Sjölund (Árni Guðmundsson, 2007) setti fram róttækar kenningar um styrk hóps og áhrif hans á einstaklinga árið 1976. Í félagsmiðstöðvum er einn af mikilvægum þáttum starfsins vinna með einstaklinga á grundvelli hóps eða sem hluta af hópi þar sem hópþrýstingur, hópamyndun, formgerð hópa, staða einstaklinga innan hóps og leiðtogar innan hópa eru til stöðugar skoðunar. Newman og Newman (2001) fjalla einnig um mikilvægi jafningjahópsins og félagslega stöðu einstaklings innan hans enda er að þeirra mati mikilvægur þáttur í lífi hvers unglings að skilja jafningjahópinn og átta sig á eigin stöðu innan hans eða gagnvart honum. Félagsmiðstöðvum hefur frá upphafi verið ætlað að vera forvarnarstarf og að mæta þörf unglunga fyrir samkomustað og samveru með jafnöldrum í óformlegu umhverfi en á sama tíma að styðja við þroska þeirra og velferð. Starfsaðferðir og skilningur á hlutverki félagsmiðstöðva, einkum m.t.t. túlkunar á því hvað felst í forvarnarstarfi, hefur svo breyst í takt við aukna þekkingu á lífi og umhverfi unglunga.

Það hefur einnig verið helsti áhersluþáttur í starfi félagsmiðstöðva, á Íslandi sem og Norðurlöndunum og víðar í Evrópu, að starfsemi mæti ófélagsbundnu ungu fólki. Þeim hópi tilheyrja þeir sem ekki eru í öðru tómstunda- eða félagsstarfi í sínum frítíma og það unga fólk sem stendur á einhvern hátt á jaðri samfélagsins og þarf frekari stuðning en gengur og gerist með unglunga (Jacobsen, 2000; Árni Guðmundsson, 2007). Þessar áherslur í starfi eiga rætur að rekja til hverfamiðstöðvanna á Englandi og einnig spiluðu áhyggjur fullorðinna af viðfangsefnum ungs fólks í frítíma þess stórt hlutverk. Eftir því sem starfsemi félagsmiðstöðva hefur fest sig í sessi hefur þróunin þó orðið sú að þessi sjónarmið hafa mætt tortryggni og áhersla á afþreyingu og skemmtun hefur víða orðið ofan á. Það eru því tvö megin sjónarmið sem grundvalla ólíkar áherslur í starfi félagsmiðstöðva síðustu áratugina, áherslan á félagslegan stuðning annars vegar en hins vegar á afþreyingar- og skemmtanagildi starfsins (Jacobsen, 2000; Kofod og Nielsen, 2005).

Að sumu leyti verður að skoða áherslumun í starfi félagsmiðstöðva út frá samfélagslegum og efnahagslegum forsendum því ólík nálgun krefst ólíkra úrræða. Þar sem megináhersla er á

afþreyingu er reksturinn ódýrari, starfsmannahald umfangsminna og síður gerðar kröfur um fjölbreytni og fagmennsku. Hlutverk starfsfólks felst þar einkum í að tryggja að starfsemi fari friðsamlega fram. Í þeim félagsmiðstöðvum þar sem áhersla er lögð á jaðarhópin eru gerðar meiri kröfur um starfsfólk og til starfsfólks, menntunar og hæfni, og þá um leið gerðar kröfur um aukið fjármagn (Jacobsen, 2000). Þessa þróun má jafnframt sjá í félagsmiðstöðvastarfi á Íslandi í dag og þeir sem starfa á vettvangi eru ekki allir sammála um áherslur.

Félagsmiðstöðvastarf telst til æskulýðsstarfs sem er gamalgróið hugtak í íslenskri tungu. Jeffs og Smith (2010) segja fimm meginþæði vera forsendur þess að einhvers konar starfsemi fyrir ungt fólk geti talist til æskulýðsstarfs (e. youth work). Séu þættirnir allir til staðar er um æskulýðsstarf að ræða en annars ekki (mynd 1).



Mynd 1 - Grunnþættir æskulýðsstarfs (byggð á hugmyndum Jeffs og Smith, 2010:1-4).

Allir þessir þættir eiga við þegar kemur að félagsmiðstöðvastarfi á Íslandi. Í starfsskrám og stefnumótun fyrir félagsmiðstöðvastarf má finna tilvísanir í öll þessi atriði með einum eða öðrum hætti. Áhersla er lögð á að um opinn vettvang sé að ræða þar sem leitast er við að fá börn og unglunga til að taka virkan þátt í starfinu og hafa raunveruleg áhrif í gegnum lýðræðisleg vinnubrögð. Börnum og unglungum er mætt á

þeirra eigin forsendum með gagnkvæma virðingu að leiðarljósi. Vísað er í rétt barna til þátttöku og til að koma skoðunum sínum á framfæri og talað er gegn mismunun af öllu tagi. Reynslunám er nefnt sem leið til að byggja upp þekkingu, öðlast færni og breyta gildismati. Sú lykilmæni sem unnið er með er meðal annars efling sjálfsmyndar, umhyggja, félagsfærni og virkni og þátttaka. Forvarnarstarf í víðum skilningin þess orðs er víða rauður þráður í starfinu og litið svo á að í gegnum virkni og þátttöku í fjölbreyttum og uppbyggilegum verkefnum sé forvörnum best sinnt auk þess sem hvatt er til heilbrigðs lífsstíls (Akureyri, e.d.-b; Fjarðabyggð, e.d.-a; Hafnarfjörður, e.d.-b, Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, 2015-a).

Orðræða í íslensku samfélagi hefur stundum snúist um það hvort félagsmiðstöðvastarf sé skipulagt tómtundastarf. Umræðan hefur alla jafna átt sér stað í tengslum við niðurstöður rannsókna um að þátttaka barna og unglunga í skipulögðu tómtundastarfi hafi forvarnargildi, einkum gegn áhættu hegðun eins og vímuefnaneyslu. Kofod og Nielsen (2005) hafa bent á að félagsmiðstöðvar hafi ávallt fastan opnunartíma, uppeldisleg gildi og skýr markmið í starfi sínu og að þær séu starfræktar af ábyrgu fólki sem setji starfinu mörk og viðmið. Niðurstaða þeirra er að á þann hátt sé félagsmiðstöðvastarf sannarlega skipulagt tómtundastarf því starfsemin setji ramma um þátttöku unglunganna í starfinu. En um leið gerir hugmyndafræði félagsmiðstöðvastarfsins ráð fyrir því að viðfangsefni séu breytileg og megináherslan sé á samveru og afþreyingu og því séu það félagsleg tengsl en ekki félagsaðild sem er hin eiginlega skuldbinding unglunga við þátttöku í starfinu. Félagsmiðstöðvastarf má því ef til vill frekar kalla sveigjanlegt tómtundastarf en skipulagt.

Kiilakoski og Kivijärvi (2015) fjalla um félagsmiðstöðina sem rými (e. space) og gera greinarmun á rými og stað (e. place). Félagsmiðstöðin sem staður vísar til húsnæðisins og aðstöðunnar en félagsmiðstöðin sem rými vísar til þess sem þar fer fram, atferlis fólks, upplifunar og staðarbrags. Þar er sérstaklega hugað að félagslegu rými og möguleikum til uppbyggjandi reynslu. Eðli félagsmiðstöðvastarfsins er sveigjanleiki og þær eru í raun eini vettvangur fólks sem starfar með ungu fólki á vegum hins opinbera til að skapa kjöraðstæður byggðar á eigin

hugmyndafræði starfsins og þar geta frístundaráðgjafar (e. youth workers) unnið fyrst og fremst á forsendum unglunganna.

Í umfjöllun um félagsmiðstöðvar virðist þannig vera nokkur samhljómur um eðli og inntak starfsins. Félagsmiðstöð er fyrst og fremst staður fyrir unglunga til að hitta aðra unglunga í frítíma sínum og taka þátt í fjölbreyttum viðfangsefnum (Svenneke og Havström, 2007). Megináhersla er á opinn vettvang þar sem unglungarnir velja sjálfir að koma á eigin forsendum, hvort þeir aðhafast eitthvað og þá hvað þegar þeir dvelja í félagsmiðstöðinni og engar kröfur eru um lágmarksvirkni eða þátttöku. Að því leyti eru félagsmiðstöðvar aðgreindar frá öðrum stofnunum eða aðilum sem koma á einhvern hátt að uppeldi og þroska unglunga sem flestar gera ráð fyrir einhvers konar lágmarksvirkni, þátttöku eða hlutdeild í formi skráningar (Eva Tverskov, 2005). Áherslan er fyrst og fremst á að þjálfa félagslega hæfni og samkennd. Hlutverk félagsmiðstöðvarinnar er að byggja upp sjálfsmynd unglunga, virkja þá til þátttöku í starfinu sjálfu sem og samfélaginu, stuðningur við þroska auk þess að koma til móts við þarfir þeirra og áhugasvið en jafnframt að bera kennsl á þá sem þurfa á einhvers konar stuðningi að halda (Svenneke og Havström, 2007; Eva Tverskov, 2005).

Fyrirkomulag starfsins í dag

Þátttaka í félagsmiðstöðvastarfi þykir í dag sjálf sögð og flest sveitarfélög leggja metnað í að halda úti slíku starfi. Í Æskulýðslögum (2007) er hvergi minnst á félagsmiðstöðvar en lögin gilda þó um starfsemi þeirra líkt og annarra aðila sem standa fyrir skipulögðu frístundastarfi fyrir börn og unglunga. Þar kemur fram að þeir sem standa fyrir slíku starfi þurfi að hafa „í huga félags-, forvarna-, uppeldis- og menntunarlegt gildi þess sem miðar að því að auka mannkosti og lýðræðisvitund þátttakenda“.

Í Lögum um félagslega þjónustu sveitarfélaga (1991) kemur fram að í sveitarfélögum skuli „vera skipulagt forvarnarstarf í unglungamálum sem miðar að því að beina athafnaþrá æskufólks á heillvænlegar brautir“ og að heimilt sé að fela félagsmálanefndum umsjón með æskulýðs- og íþróttamálum og þar með talið rekstur félagsmiðstöðva (Félag fagfólks í frítímaþjónustu, 2010).

Í Stefnumótun í æskulýðsmálum 2014-2018 sem unnin var og lögð fram af Æskulýðsráði eru skilgreind sjö meginmarkmið sem stefna ber að í æskulýðsmálum. Þar kemur m.a. fram að endurskoða þurfi æskulýðslög og að skilgreina beri gæðaviðmið fyrir opinbera aðila sem starfa að æskulýðsmálum, s.s. starfsemi félagsmiðstöðva fyrir unglinga (Mennta- og menningarmálaráðuneytið – Æskulýðsráð, 2014). Reykjavíkurborg hefur sett fram slík gæðaviðmið og er þar meðal annars að finna sérstakan kafla um starfsemi félagsmiðstöðva (Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur, 2015).

Lítið er fjallað efnislega um starfsemi félagsmiðstöðva í lögum og óljóst lagaumhverfi getur haft kosti og galla. Gallarnir eru þeir helstir að starfsemi félagsmiðstöðva er valkvætt verkefni sveitarfélaga og þar tilheyrir starfsemin mismunandi málaflokkum eftir sveitarfélögum sem getur staðið faglegru framþróun fyrir þrifum.

Kostirnir eru þeir helstir að þau markmið sem sett eru með starfinu á hverjum tíma og þær leiðir sem farnar eru í starfi eru afrakstur fagvitundar, umræðu og áhuga þeirra sem starfa á vettvangi og því mögulegt að þróa starfið í takt við samfélagslegar þarfir hverju sinni.

Þrátt fyrir skort á lagaumhverfi er ábyrgð og skyldur þeirra sem starfa í félagsmiðstöðvum miklar. Starfsfólk er ekki einungis mikilvægur fyrirmyndir heldur ber það einnig ábyrgð samkvæmt lögum hverju sinni. Sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins hefur nú verið lögfestur af Íslands hálfu og ákvæði hans því ígildi laga (Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, 2013). Eitt meginákvæði sáttmálans er að hagsmunir barna eða það sem er barninu fyrir bestu hafi forgang, umfram aðra hagsmuni.

Staðsetning félagsmiðstöðvastarfs í stjórnkerfi sveitarfélaga er breytileg og hefur breyst víða undanfarin ár þar sem félagsmiðstöðvar hafa verið fluttar á milli sviða og/eða deilda í nokkrum sveitarfélögum. Uppbygging stjórnsýslu hjá sveitarfélögunum er einnig afar mismunandi og skipting niður í svið og/eða deildir er með mjög ólíkum hætti sem gerir allan samanburð erfiðan. Í töflu 1 hér til hliðar má sjá nokkur dæmi um hvernig fyrirkomulagið er samkvæmt því sem fram kemur á heimasíðum sveitarfélaganna í september 2016 og hver helstu verkefni viðkomandi sviðs eða deildar

eru. Orðalag er af heimasíðum viðkomandi sveitarfélaga.

Árið 2015 voru 118 aðildarfélagar í SAMFÉS og hafði fjölgað ört eða um tæplega 90 aðildarfélagar frá árinu 1990. Þær félagsmiðstöðvar sem tilheyra samtökunum eru nokkuð breytilegar að stærð og gerð og eru jafnvel með ólíkar áherslur í starfi eftir aðstæðum á hverjum stað. Að meðaltali eru félagsmiðstöðvar opnar um 15 klst. á viku. Einhverjar eru þó einungis opnar tvö kvöld í mánuði og aðrar allt að 49 klukkustundir á viku þannig að breiddin í opnunartíma er mikil. Algengasta fyrirkomulag opnunartíma í félagsmiðstöðvum eru 2-3 kvöld í viku. Aðstaða félagsmiðstöðva er einnig ólík. Tæplega helmingur félagsmiðstöðva var árið 2015 í húsnæði grunnskóla í viðkomandi sveitarfélagi og meirihluti forsvarsmanna félagsmiðstöðva var ánægður með aðstöðu sinnar félagsmiðstöðvar. Þeir sem voru í sérhúsnæði voru ánægðari með aðstöðu og húsnæði en þeir sem samnýttu húsnæði með grunnskóla eða öðrum aðilum. Starfsemi félagsmiðstöðva er alla jafna ætluð unglingum í 8. – 10. bekk en sums staðar þó einnig börnum í 5. – 7. bekk og ungu fólki eldra en 16 ára. Hversu mikla þjónustu hver aldurshópur fær er þó mismunandi og útfærsla er ólík milli félagsmiðstöðva (Andri Ómarsson o.fl., 2015; Samfés, e.d.-b).

Í félagsmiðstöðvum starfar fjölbreyttur hópur starfsfólks við ólíkar aðstæður. Síðasta áratug eða svo hefur lítill hluti starfsfólks í félagsmiðstöðvum á Íslandi verið í fullu starfi. Stærstur hluti starfsfólks er í hlutastarfi og undir þrítugu og ekki með langan starfsaldur. Fjöldi starfsfólks er einnig mjög breytilegur og sums staðar er einungis einn í starfi en alla jafna eru tveir til fjórir á vakt hverju sinni og kynjahlutfall virðist nokkuð jafnt (Andri Ómarsson o.fl., 2015; Eygló Rúnarsdóttir o.fl., 2008; Hulda Valdís Valdimarsdóttir, 2010). Starfsheiti eru mjög breytileg á milli sveitarfélaga.

Tafla 1 - Staðsetning félagsmiðstöðva í stjórnkerfinu skv. heimasíðum sveitarfélaga í september 2016.

Sveitarfélag	Svið/deild	Helstu verkefni sviðs/deildar
Akureyrarbær	Samfélags- og mannréttindadeild	Æskulýðs- og forvarnarmál, tómstundir, íþróttamál, félagsmiðstöðvar, menntasmiðjur, fjölskyldustefna, jafnréttismál og önnur mannréttindamál.
Árborg	Menningar- og frístundasvið	Heldur utan um þá málaflokka sem tengjast íþróttá-, æskulýðs-, forvarna-, tómstunda-, safna- og menningarmálum.
Fjallabyggð	Fræðslu-, frístunda- og menningarmáladeild	Fræðslumál (skólamál), menningarmál, safnamál, íþróttá- og tómstundamál, íþróttamannvirki, Vinnuskóli, ungmennamál, frístundastarf og forvarnir, atvinnumál, kynningar- og markaðsmál, tjaldsvæði heyrar undir deildina.
Fjarðarbyggð	Fjölskyldusvið	Fjölskyldusvið fer með málefni grunnskóla, leikskóla og tónlistarskóla, æskulýðs- og íþróttamál og frístundamál barna og ungmenna.
Hafnarfjarðarbær	Fræðslu- og frístundaþjónusta	Umsjón og eftirlit með menntun, fræðslu og æskulýðs- og íþróttamálum ásamt því að standa fyrir sérfræðiþjónustu fyrir börn í leik- og grunnskólum.
Ísafjarðarbær	Skóla- og tómstundasvið	Umsjón með fræðslumálum og íþróttá- og tómstundamálum.
Kópavogsbær	Menntasvið – frístunda- og forvarnadeild	Hlutverk Frístunda – og forvarnadeildar er að fylgja eftir þróun í frístunda – og forvarnamálum í umboði bæjaryfirvalda og samkvæmt stefnu þeirra.
Reykjavíkurborg	Skóla- og frístundasvið	Hlutverk sviðsins er að veita börnum og ungmönnum bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið og að vera framsækið forystuafli í skóla- og frístundastarfi.

Dæmi um starfsheiti þeirra sem starfa í félagsmiðstöðvum:

Íþróttá- og æskulýðsfulltrúi	Forvarna- og félagsmálaráðgjafi	Frístundaleiðbeinandi með umsjón	Hlutastarfsmaður
Frístundaleiðbeinandi	Tómstundafulltrúi	Tómstundafræðingur	Verkefnisstjóri
Forstöðumaður	Yfirþroskaþjálfari	Frístundafulltrúi	Leiðbeinandi
Aðstoðarforstöðumaður	Deildarstjóri	Tímavinnustarfsmaður	Félagsmálaráðgjafi

(Andri Ómarsson o.fl., 2015)

Það virðist því ekki vera mikið samræmi í starfsemi félagsmiðstöðva á landinu og því má velta vöngum um hvort jafnræðis sé gætt hvað varðar þjónustu við börn og unglunga eftir því hvar þau búa. Ef litið er til breiddar í opnunartíma, aðstöðu, stöðugilda og fjármagns er ljóst að þjónustustigið er ólíkt á milli sveitarfélaga, sem aftur er í samræmi við það frelsi sem sveitarfélögin hafa varðandi umgjörð og áherslur í starfsemi.

Árið 2000 sótti um helmingur unglunga í 9. og 10. bekk félagsmiðstöð einu sinni í mánuði eða oftari og um fjórðungur vikulega eða oftari (Þórólfrur Þórlindsson o.fl., 2000). Auðvelt er að skoða þátttöku unglunga í 8. – 10. bekk undanfarin ár í félagsmiðstöðvastarfi með því að rýna í niðurstöður könnunar þar sem unglingar eru spurðir með sambærilegum hætti um þátttöku í félagsmiðstöðvastarfi á tveggja ára fresti (Rannsóknir & Greining, 2012; 2014; 2016).

Tafla 2: Þátttaka í félagsmiðstöðvastarfi (nokkrum sinnum í mánuði eða oftari)	2012	2014	2016
Hópa- eða klúbbastarf	27%	29%	21%
Opið hús	43%	45%	42%
Annað starf	25%	25%	21%

(Rannsóknir & Greining, 2012; 2014; 2016)

Starfsemi félagsmiðstöðva

Ábyrgð þeirra sem starfa í félagsmiðstöðvum er töluverð og starfsfólk er alla jafna meðvitað um ábyrgð sína og uppeldishlutverk. Jeffs og Smith (2005) segja grundvallargildi í æskulýðsstarfi vera „virðingu fyrir manneskjum, efling velferðar, sannleikur, lýðræði, sanngirni og jafngildi“ en þessi gildi þurfi að vera til staðar í félagsmiðstöðvastarfi sé ætlunin að styðja við menntun. Vanti eitthvað af þessum gildum grafi það undan möguleikum starfsins til að skapa vettvang fyrir menntandi reynslu og þroska. Sigrún Aðalbjarnardóttir (2007) leggur áherslu á mikilvægi þess að þeir sem starfi með börnum og unglungum spyrji sig reglulega að því hvernig sé hægt að efla og styrkja virðingu og umhyggju unglunga fyrir sjálfum sér og öðrum, tilfinningu þeirra fyrir eigin rétti í samfélaginu samhliða ábyrgð sinni og skyldum. Það er afar mikilvægt að starfsfólk líti í eigin barn og ígrundi reglulega hlutverk sitt og starf með börnum og unglungum.

Í bókinni 9 þrep æskulýðsstarfs (Guðmundur Ari Sigurjónsson, 2015) kemur fram að meginástæður þess að æskulýðsstarfsfólk hagar störfum sínum með ákveðnum hætti séu að það trúin því að allir eigi rétt á því að blómstra, að allir búi yfir hæfileikum sem hægt sé að rækta og trúin á sjálfseflingu og eigin ákvarðanatöku ungs fólks. Þessar ástæður snúi að hvatanum í starfinu og þeim gildum og markmiðum sem liggja því til grundvallar. Það er síðan mikilvægt að það liggi fyrir hvaða leiðir á að fara og hvaða aðferðum á að beita til að ná þessu fram.

Í æskulýðsstarfi er nærvera fullorðinna leiðbeinenda lykilatriði (Watts og Caldwell, 2008). Það sem einkennir gott æskulýðsstarf er að ungt fólk er stutt í að velja viðfangsefni, ná árangri í að leiða verkefni og sýna frumkvæði en starfsfólk heldur á sama tíma eigin leiðtogahlutverki á bak við tjöldin. Slíkir starfshættir styðja við sjálfstæði og frumkvæði meðal unglunga og um leið miðlar starfsfólk væntingum og endurgjöf um hegðun í gegnum starfið.

Í rannsókn meðal unglunga í félagsmiðstöðvum í Reykjavík (Eygló Rúnarsdóttir, 2011) kemur fram að sýn unglunga á starfsfólk félagsmiðstöðva er jákvæð. Starfsfólk er að mati unglunganna einn af kostum félagsmiðstöðvarinnar vegna fagmennsku þess, stuðnings og nálgunar á jafnréttisgrundvelli. Rannsókn Lindström (2010) meðal unglunga sem sækja félagsmiðstöðvar í Svíþjóð sýnir að sjálfseflandi vinnulag (e. empowering processes) er viðhaft í félagsmiðstöðvum, s.s. að skapa vettvang fyrir umræður, gefur þátttakendum færi á að hafa áhrif á það sem fram fer sem og aðbúnað og húsnaði.

Í félagsmiðstöðvum hafa unglingar aðgang að fullorðnu fólki öðrum en foreldrum (e. very important nonparental adults) en sambönd unglunga við mikilvæga fullorðna eru eðlilegur þáttur í þroska unglunga (Beam o.fl., 2002) og getur verið þýðingarmikill þáttur í lífi þeirra. Hinir mikilvægu fullorðnu virðast ná að sameina jákvæða eiginleika þess fullorðna og jafningja í stuðningi sínum við unglunga. Rannsóknir á seiglu (e. resilience), þ.e. getu barna og unglunga til að þroskast á farsælan hátt þrátt fyrir erfiðleika, hafa einnig sýnt að traust og umhyggjusöm tengsl við einhvern fullorðinn í nærumhverfinu er einn af mikilvægum styðjandi þáttum í lífi unglunga (Benard, 2004; Werner og Smith, 2001).

Í félagsmiðstöðvum starfar fullorðið fólk sem vill vinna í þágu unglunga og með unglungum og setja þarfir unglunga framur öðrum þáttum (McLaughlin o.fl., 2004) Flestir velja að starfa þar vegna áhuga á vinnu með unglungum (Eygla Rúnarsdóttir og Hulda V. Valdimarsdóttir, 2008). Í rannsókn á sýn starfsfólks í félagsmiðstöðvum á eigið starf (Hulda Valdís Valdimarsdóttir, 2010) kemur fram að starfsfólk ber mikla umhyggju og virðingu fyrir unglungunum sem sækja félagsmiðstöðina og að það telur samskiptahæfni vera mikilvægan þátt í fari starfsfólks. Styðjandi samband (e. supportive relationship) er einn af meginþáttunum í árangursríku starfi fyrir börn og unglunga og samskipti og samband fullorðinna og unglunga skiptir sköpum um hvernig til tekst í starfinu (Eccles og Gootman, 2002).

Í starfi félagsmiðstöðva eru tvær megin nálganir eða starfsþættir. Annars vegar er það sem kallast opið starf og hins vegar hópa- eða klúbbastarf. Opið starf er ætlað öllum unglungum í viðkomandi hverfi eða sveitarfélagi og gerir ráð fyrir aðstöðu, tíma og viðfangsefnum sem er einungis að hluta til undirbúið af starfsfólki. Meginhugmynd með opnu starfi er að félagsmiðstöðin sé fyrst og fremst vettvangur unglunga og taki mið af menningu þeirra, áhuga og lífi. Opið starf á að tryggja öllum aðgang og tækifæri til áhrifa á dagskrá og viðfangsefni. Á Íslandi hefur meginfarvegur fyrir aðkomu unglunga að mótun opna starfsins verið í gegnum svokölluð unglungaráð sem starfa með ólíkum hætti eftir félagsmiðstöðvum og ýmsar leiðir, s.s. hugmyndakassi, opnir fundir, opin dagskrárgerð og fleira verið nýtt til þess að tryggja að allir sem vilja koma að mótun dagskrár geti gert það. Þátttaka er svo einnig öllum opin sem er grundvöllur opna starfsins.

Hópastarf eða klúbbastarf er svo sértækari nálgun í starfi félagsmiðstöðvanna. Undir merkjum hópastarfs starfa bæði áhugasviðs-klúbbar og sértækir hópar. Unnið er að sameiginlegum viðfangsefnum og markmiðum þar sem áhersla er lögð á samstarf og samkennd. Markmið geta verið af einstaklings-, samskipta eða verkefnatengdum toga. Í sértæku hópastarfi er oftast unnið að félagslegri styrkingu og eflingu sjálfsmýndar og í áhugasviðsklúbbum er oft unnið út frá ákveðnu þema s.s. tónlist, kvikmyndum, jafnrétti, fjölmenningu, hlutverkaspilum eða myndlist. Í hópa- og klúbbastarfi gefst unglungum færi á annars

konar og nánari samskiptum og tengslum en í opna starfinu. Starfsfólki gefst tækifæri á persónulegri nálgun og auðveldara er að vinna markvisst með virka þátttöku allra sem að hópa- og klúbbastarfinu koma (Akureyrarbær, e.d.-b; Skóla- og frístundastarf Reykjavíkurborgar, 2015-a)

Í félagsmiðstöðvastarfi eru því möguleikar á fjölbreyttri reynslu og þroskataækifærum fyrir unglunga í gegnum samskipti við jafningja og starfsfólk sem og í gegnum viðfangsefni í opnu starfi og hópastarfi. Aðbúnaður og aðstaða skiptir máli, einkum til að geta mætt ólíkum þörfum unglunga en megin vinnutæki starfsfólks er og verður það sjálft. Nálgun þess í starfi og meðvitund um mikilvægi sitt og áhrif í lífi unga fólksins er lykilatriði í starfi félagsmiðstöðva.

Framtíð félagsmiðstöðva og helstu áskoranir

Starfsemi félagsmiðstöðva hefur þróast í gegnum áratugina í takt við samfélagsþróun og menningu unglunga á hverjum tíma. Það mun alltaf vera þörf fyrir rými og stað fyrir unglunga, samkomustað þar sem unglingar mæta jafnöldrum sínum á jafnréttisgrundvelli, fást við þroskaverkefni unglingasáranna og áhugaverð viðfangsefni í styðjandi og öruggu umhverfi með metnaðarfullt og hæft starfsfólk sér til halds og trausts. Félagsmiðstöðvar mæta þessari þörf og því ómögulegt að gera ráð fyrir öðru en að þær standi áfram fyrir starfi ætlað unglungum og jafnvel börnum og ungmennum líka. Í nútíð og framtíð stendur starfsemi félagsmiðstöðva þó frammi fyrir áskorunum sem sumar hverjar hafa blasað við í þó nokkurn tíma.

Framtíð félagsmiðstöðvanna og þróun starfseminnar er háð því að grunnþættir starfseminnar haldi velli og vaxtarmöguleikar og nýsköpun taki mið af grunnildum starfsins. Eitt helsta áhyggjuefni meðal starfsfólks í félagsmiðstöðvum eru kröfur um aukna þjónustu við aðra aldurshópa, s.s. 10-12 ára börn og 16-18 ára ungmenni, og samstarfsverkefni ýmiskonar. Starfsfólkið telur að þessar auknu kröfur séu nú þegar farnar að ganga nærri kjarna starfsins þar sem fjármagn til reksturs og starfsmannahalds haldist ekki í hendur við þessar breyttu áherslur (Eygla Rúnarsdóttir og Hulda V. Valdimarsdóttir, 2016).

Fjölbreytni í aldurshópum og aukin samstarfsverkefni má segja að séu um leið sóknarfæri í

átt til nýsköpunar og þróunar í starfinu. En það eru jafnframt önnur viðfangsefni sem þróast óháð innviðum félagsmiðstöðvarinnar á hverjum tíma. Tækniþróun og hið alltum lykandi internet hafa breytt menningarheimi og umhverfi unglunga til frambúðar. Samfélagsmiðlar eru órjúfanlegur hluti af daglegu lífi unglunga og snjallsímar eru jafnsjálfsagður fylgihlutur unglunga í dag og skófatnaður. Félagsmiðstöðvar hafa þar ekkert val heldur einungis það hlutverk að skilgreina stöðu sína í vinnu með og í gegnum samfélagsmiðla með gildi starfsins sem kjölfestu.

Með auknum kröfum er jafnframt mikilvæg áskorun að skilgreina vel á hverjum tíma hver meginmarkhópur starfseminnar er. Á meginþungi starfseminnar að lúta að hinu almenna opna starfi eða á meginþunginn að liggja í að virkja til leiks ófélagsbundna og óvirka unglunga? Tölvuleikir og samfélagsmiðlar eru stór samkeppnisaðili við félagsmiðstöðvastarf og annað æskulýðsstarf þegar kemur að síðari hópnum og áskorun félagsmiðstöðvanna felst í að finna leiðir til að ná til þessa unga fólks. Það er jafnframt stór áskorun að tryggja að starfsemi félagsmiðstöðvanna sé aðgengileg þeim unglungum sem standa frammi fyrir einhvers konar hindrunum fyrir þátttöku í starfinu, lifa við skerðingar eða tilheyra jaðarhópum í samfélaginu. Félagsmiðstöðin þarf að mæta fötluðum unglungum, unglungum í kynáttunarvanda og unglungum sem búa á einhvern hátt við erfiða félags- og efnahagslega stöðu á jafningjagrundvelli og með sama metnaði og öðrum unglungum. Það hefur í gegnum tíðina verið ein helsta áskorun í starfi félagsmiðstöðva að skapa aðstæður sem mæta ólíkum einstaklingum og þótt aðstæður og viðfangsefni unglunga breytist eru verkefni þau sömu. Þar mæðir á skapandi hugsun og lausnaleynd reyns og fagmenntaðs starfsfólks.

Í félagsmiðstöðvastarfi hefur á undanförunum árum verið lögð aukin áhersla á að þar starfi fólk með menntun á sviði tólstunda- og félagsmálafræða sem hefur sterka uppeldis- og menntunarsýn. Á sama tíma hefur framboð á störfum þar sem félagsmiðstöðvastarfi er sinnt í fullu starfi ekki aukist og í raun eru einungis fáar stöður í boði um land allt þar sem sérmenntað fólk sem hefur áhuga, vilja og þekkingu getur gert félagsmiðstöð að starfsvettvangi á heilsársgrunni og til framtíðar. Flest starfsfólk er í hlutastörfum og yfir veturinn eingöngu, gjarnan samhliða námi, og hverfur til

annarra starfa að námi loknu þar sem ekki eru störf í boði í félagsmiðstöðvum. Það gerir jafnframt stjórnendum í starfinu erfitt fyrir að byggja upp til framtíðar þar sem starfsmanna-velta er töluverð ár hvert. Ein helsta áskorun sem félagsmiðstöðvastarfið stendur frammi fyrir snýr að því að halda í fagfólk sem hefur menntað sig til starfa í félagsmiðstöðvum og tryggja um leið að nýbreytni og þróun starfsins byggji fyrst og fremst á faglegum grunni. Með aukinni fagmennsku, öflugra foreldrasamstarfi og markvissara samstarfi félagsmiðstöðvarinnar við aðra faghópa og félagasamtök í hverju sveitarfélagi á síðustu árum hefur þekking á starfsemi félagsmiðstöðva í samfélaginu orðið meiri. Jafnframt hefur mikilvægi þeirra sem ein af grunnstöðum í þjónustu sveitarfélaga við unglunga orðið fleirum ljós.

Hvort starfsemi félagsmiðstöðva sé betur sett með eða án sérstakrar löggjafar hefur um árabil verið eitt umfangsmesta umræðuefnið innan faghópsins í félagsmiðstöðvum. Þeir sem aðhyllast löggjöf um starfsemi félagsmiðstöðva horfa til þess að hún tryggi starfsgrundvöll þeirra til framtíðar og dragi um leið úr þeim harmonikkúáhrifum sem önnur lögbundin þjónusta hefur á aðstöðu og möguleika félagsmiðstöðvastarfs innan sveitarfélaganna. Þar er vísað til þess að margar félagsmiðstöðvar búa við ófullnægjandi húsakost og aðstöðu, gjarnan afgangshúsnæði innan skóla eða annarra stofnana sveitarfélaga sem með litlum fyrirvara geta gert félagsmiðstöðvastarfinu að flytja ef á þarf að halda. Eða þá að húsnæði félagsmiðstöðvar er ekki talið boðlegt annarri starfsemi og stenst jafnvel ekki lágmarkskröfur vinnueftirlits eða heilbrigðisyrivalda á hverjum stað (Eygló Rúnarsdóttir og Hulda V. Valdimarsdóttir, 2016). Hvað fjármagn varðar þá virðist sú mikla þensla sem var á árunum fyrir efnahagshrunið 2008 ekki hafa skilað miklu til starfsemi félagsmiðstöðva en aftur á móti hefur slæm staða margra sveitarfélaga eftir hrun leitt til öflugs niðurskurðar í starfi félagsmiðstöðva eða tilfærslu á verkefnum.

Þeir sem eru fráhverfir löggjöf telja að öflug starfsemi félagsmiðstöðva muni á hverjum tíma sanna gildi sitt. Löggjöf muni einungis setja starfseminni skorður sem vinni gegn hugmyndafræði félagsmiðstöðvastarfs, að menning og umhverfi unglunga á hverjum tíma sé útgangspunktur, og löggjöf hamli því að hægt verði að bregðast skjótt við og sveigja

starfseminna eftir því sem best er talið henta þróun í heimi unglunga á hverjum tíma.

Eflaust hafa báðir aðilar eitthvað til síns máls. Það hlýtur að teljast mikilvægt að tryggja einhvers konar grundvöll fyrir starfsemi félagsmiðstöðva innan sveitarfélaga en um leið smíða inn í slíka löggjöf rými fyrir nauðsynlegan sveigjanleika. Þriðja leiðin sem einnig hefur verið í umræðunni er samþykkt sveitarfélags í tengslum við starfsemi félagsmiðstöðva en það myndi þýða að áherslur í starfinu yrðu áfram með ólíkum hætti á milli sveitarfélaga. Umræða um viðmið sem tryggja lágmarksgæði í starfi félagsmiðstöðva hefur einnig verið töluverð á undanförunum árum. Hún tengist að hluta til umræðu um löggjöf en snýr jafnframt að því hver sé grunnur félagsmiðstöðvastarfs. Getur hvaða starfsemi sem er, óháð innihaldi og umgjörð, gert tilkall til þess að kalla starfsemi sína félagsmiðstöð fyrir unglunga? Í dag gera hvorki SAMFÉS, Æskulýðslög né sveitarfélög alla jafna nokkra kröfu um lágmarksinnihald eða umgjörð.

Reykjavíkurborg hefur þó sett niður gæðaviðmið fyrir félagsmiðstöðvastarf sem flest lúta að innihaldi og stjórnun starfseminnar (Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, 2015-b) og fleiri sveitarfélög hafa einnig horft til slíkra viðmiða (Eygló Rúnarsdóttir og Hulda V. Valdimarsdóttir, 2016).

Þrátt fyrir áskoranir og ótrygga framtíð stendur hugmyndafræði félagsmiðstöðvastarfs á nokkuð traustum grunni. Félagsmiðstöðvar munu áfram verða hluti af því æskulýðsstarfi sem stendur ungu fólki til boða á Íslandi og hluti af daglegu lífi stórs hluta þeirra. Hvernig þær munu starfa, undir hvaða formerkjum og hvort þær áskoranir sem hér hafa verið settar fram verða áfram áskoranir eða hvort þróun starfsins verður með þeim hætti að þeir þættir teljist sjálfsagðir innan einhverra ára er vandi að spá um. En unglingar munu áfram um ókomna framtíð hafa þörf fyrir stað og rými og starfsfólk sem leggur sig fram um að skapa námstækifæri og styðja við þroska unglingsáranna.

Heimildir

- Akureyrarbær. (e.d.-a). *Samfélags- og mannréttindadeild*. Sótt 16. september 2016 af <http://www.akureyri.is/is/stjornkerfid/deildir-og-yfirstjorn/samgelags-og-mannrettindadeild>
- Akureyrarbær. (e.d.-b). *Starfsskrá samfélags- og mannréttindadeildar*. Sótt 16. september 2016 af <http://www.akureyri.is/static/files/Rosenborg/Felagsmidstodvar/starfsskra.pdf>
- Andri Ómarsson og Victor Berg Guðmundsson. (2015). *Staðan á vettvangi – þróun í frístunda- og æskulýðsmálum á Íslandi*. Fyrirlestur á ráðstefnunni Fritíminn er okkar fag 16. október 2015. Sótt 3. september af <http://www.samband.is/um-okkur/fundir-og-radstefnur/fritiminn-er-okkar-fag/>
- Árni Guðmundsson. (2014). Starfsaðferðir og fagmennska í félagsmiðstöðvum. *Uppeldi og menntun* 23(1):107-111.
- Árni Guðmundsson. (2007). *Saga félagsmiðstöðva í Reykjavík 1942-1992*. Hafnarfjörður: Höfundur.
- Beam, M. R., Chen, C. og Greenberger, E. (2002). The nature of adolescents' relationships with their "very important" nonparental adults. *American Journal of Community Psychology*, 30 (2), 305–325.
- Benard, B. (2004). *Reciliency: What we have learned*. San Fransisco: WestEd.
- Dewey, J. (1998). *Experience and education: The 60th anniversary edition* (2. útgáfa). Indiana: Kappa Delta Pi.
- Durkheim, E. (2005). The dualism of human nature and its social conditions. *Durkheimian Studies*, 11, 35-45.
- Eccles, J. og Gootman, J. (ritstjórar). (2002). *Community programs to promote youth development*. Washington, DC: National academy press
- Enoksen, I. , Hagemann, S., Pedersen, M.B., Jensen, V.B. og Mathiasen, S.F. (2003). En pædagogisk historie. *Børn og unge*, 51, 7-26. Sótt 5. september 2016 af [http://www.bupl.dk/iwfile/BALG-8RQDV8/\\$file/EnPaedagogiskHistorie.pdf](http://www.bupl.dk/iwfile/BALG-8RQDV8/$file/EnPaedagogiskHistorie.pdf)
- Eva Tverskov. (2005). *Klubbernes potentiale*. Kaupmannahöfn: BUBL og Ungdomsringen. Sótt 1. september 2016 af [http://www.bupl.dk/iwfile/BALG-86MDHK/\\$file/klubbernespotentiale\].pdf](http://www.bupl.dk/iwfile/BALG-86MDHK/$file/klubbernespotentiale].pdf)
- Eygló Rúnarsdóttir. (2011). *Maður lærir líka að vera góður: Sýn unglinga á félagsmiðstöðvar og eigin þátttöku í starfinu*. Reykjavík: Háskólaprent.
- Eygló Rúnarsdóttir og Hulda Valdís Valdimarsdóttir. (2016). *Staða félagsmiðstöðva og áskoranir í framtíðinni*. Óbirtar niðurstöður rýnihópa frá starfsdögum Samfés 16. september 2016.
- Eygló Rúnarsdóttir og Hulda Valdís Valdimarsdóttir. (2008). *Starfsfólk í félagsmiðstöðvum. Viðhorf starfsfólks til starfsemi félagsmiðstöðva og eigin starfa eftir kyni, aldri, starfsaldri og menntun*. Óbirt rannsóknarskýrsla: Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild.
- Félag fagfólks í frítímaþjónustu. (2010, janúar). Inngangur – hádegisverðarfundur 20. nóv. sl. *Vefritið*, 9, 1. Sótt 3. janúar 2017 af <http://fagfelag.is/wp-content/uploads/2017/01/veffritid9tbl.pdf>
- Fjallabyggð. (e.d.). *Fræðslu-, frístunda- og menningarmáladeild*. Sótt 16. september 2016 af <http://www.fjallabyggd.is/is/stjornsysla/stjornskipulag/fraedslu-fristunda-og-meningarmaladeild>
- Fjarðabyggð. (e.d.-a). *Félagsmiðstöðvar*. Sótt 16. september 2016 af <http://www.fjardabyggd.is/thjonusta/menntun-og-born/felagsmidstovar>
- Fjarðabyggð. (e.d.-b). *Fjölskyldusvið*. Sótt 16. september 2016 af <http://www.fjardabyggd.is/stjornsysla/svid-og-stofnanir/fjolskyldusvid>

- Gillespie, A. (2005). G. H. Mead: Theorist of the social act. *Journal for the Theory of Social Behaviour*, 35(1), 19-39.
- Guðmundur Ari Sigurjónsson. (2015). *9 þrep æskulýðsstarfs*. Reykjavík: Fritíminn.
- Hafnarfjörður. (e.d.-a). *Fræðslu- og frístundaþjónusta*. Sótt 16. september 2016 af <http://www.hafnarfjordur.is/stjornsysla/stjornsyslan/stjornkerfid/>
- Hafnarfjörður. (e.d.-b). *Starfsmarkmið félagsmiðstöðva*. Sótt 16. september 2016 af <http://www.tomstund.is/media/skoli/Starfsmarkmid-felagsmidstodva-2014.pdf>
- Hammerø, A. (2008). *Fakta om klubb: Klubbundersøkelsen 2008*. Osló: Ungdom & Fritid. Sótt 18. júlí 2016 af http://www.ungogfri.no/filestore/skjemaer_og_andre_pdfer/Faktaomklubb_ungdomomfritid_web.pdf
- Holm-Petersen, K. (2012). *Da Danmark fik sin ungdom: Relationer, fællesskaper og engagement gennem 70 år*. Odense: Undomsringen. <http://www.unghistorie.dk/images/pdf/Da-Danmark-fik-sin-ungdom-2012.pdf>
- Hulda Valdís Valdimarsdóttir. (2010). *Þetta er svo miklu dýpra en bara að sitja með þeim og hanga: Starfsfólk í félagsmiðstöðvum ÍTR*. Reykjavík: Háskólaprent.
- Ísafjarðarbær. (e.d.). *Skóla- og frístundasvið*. Sótt 16. september 2016 af <http://www.isafjordur.is/stjornkerfid/skola-og-tomstundasvid/>
- Jacobsen, H. (2000). *Ungdomsarbeideren – om kultur og metode i fritidsklubber*. Osló: Kommuneforlaget.
- Jeffs, T. og Smith, M.K. (2010). Introducing youth work. Í T. Jeffs og M.K. Smith (Ritstj.), *Youth work practice* (bls. 1-14). Hampshire: Palgrave Macmillian.
- Jeffs, T. og Smith, M. K. (2005). *Informal education: Conversation, democracy and learning*. (Endurskoðuð útgáfa). Nottingham: Educational Heretics Press.
- Jóhanna Ingvarsdóttir. (1994, 14. janúar). *Aðsókn að félagsmiðstöðvum í Reykjavík hefur vaxið úr 13% í 70% á 10 árum*. Morgunblaðið - Daglegt líf (blaðauki). Sótt 9. september 2016 af <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/121312/>
- Kiilakoski, T. og Kivijärvi, A. (2015). Youth clubs as space of non-formal learning: professional idealism meets the spatiality experienced by young people in Finland. *Studies in Continuing Education* 37(1):47-61. Sótt 1. september 2016 af <http://www.tandfonline.com/doi/abs/10.1080/0158037X.2014.967345>
- Kofod, A. og Nielsen, J.C. (2005). *Det normale ungdomsliv. Hverdagsliv, fællesskab, trivsel og fremtid*. København: Center for ungdomsforskning.
- Kópavogsbær. (e.d.). *Frístunda- og forvarnardeild*. Sótt 16. september 2016 af <http://www.kopavogur.is/stjornsyslan/svid-og-deildir/mentasvid/fristunda--og-forvarnardeild/>
- Lindström, L. (2010). Citizenship and Empowering Processes: a study of youth experience of participation in leisure activities. *Citizenship, Social and Economics Education* 9(3):193-208. Sótt 15. ágúst 2016 á <http://cse.sagepub.com/content/9/3/193>
- Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga* nr. 40/1991.
- Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins* nr. 19/2013.
- Lög um æskulýðsmál* nr. 24/1970.
- McLaughlin, M., Irby, M. A. og Langman, J. (1994). *Urban sanctuaries: Neighborhood organizations in the lives and futures of inner-city youth*. San Francisco: Jossey-Bass.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Æskulýðsráð. (2014). *Stefnumótun í æskulýðsmálum 2014-2018*. Reykjavík: Höfundur.

- Newman, B. M. og Newman, P. R. (2001). Group identity and alienation: Giving the we its due. *Journal of Youth and Adolescence*, 30(5), 515- 538.
- Rannsóknir & Greining. (2012). *Ungt fólk 2012 – lýðheilsa ungs fólks í Reykjavík: Niðurstöður rannsóknar meðal nemenda í 8., 9. og 10. bekk árið 2012*. Reykjavík: Höfundur.
- Rannsóknir & Greining. (2014). *Ungt fólk 2014 – lýðheilsa ungs fólks í Reykjavík: Niðurstöður rannsóknar meðal nemenda í 8., 9. og 10. bekk árið 2014*. Reykjavík: Höfundur.
- Rannsóknir & Greining. (2016). *Ungt fólk 2016 – lýðheilsa ungs fólks í Reykjavík: Niðurstöður rannsóknar meðal nemenda í 8., 9. og 10. bekk árið 2016*. Reykjavík: Höfundur.
- Reykjavíkurborg. (e.d.-a). *Mat á frístundastarfi*. Sótt 17. september 2016 af <http://reykjavik.is/mat-fristundastarfi>
- Reykjavíkurborg. (e.d.-b). *Skóla- og frístundasvið*. Sótt 16. september 2016 af <http://reykjavik.is/SFS>
- Robertson, S. (2000/2001) A warm safe place: an argument for youth clubs. *Youth and Policy*, 70, 71-75. Sótt 10. september 20016 af http://www.infed.org/archives/e-texts/robertson_clubs.htm
- Samfés (Samtök félagsmiðstöðva á Íslandi). (e.d.-a). *Saga Samfés*. Sótt 3. sept. 2016 af <http://samfes.is/samfes/saga-samfes.html>
- Samfés (Samtök félagsmiðstöðva á Íslandi). (e.d.-b). *Staðreyndir um Samfés*. Sótt 3. sept. 2016 af <http://samfes.is/>
- Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2007). *Virðing og umhyggja – Ákall 21. aldar*. Reykjavík: Heimskringla.
- Sjölund, A. (1976). *Gruppopsykologi*. Osló: Fabritius Forlag.
- Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. (2015-a). *Starfsskrá frístundamiðstöðva*. Reykjavík: Höfundur.
- Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. (2015-b). *Viðmið og vísbendingar fyrir innra og ytra mat á gæðum frístundastarfs*. Reykjavík: Höfundur.
- Sveitarfélagið Árborg. (e.d.). *Menningar- og frístundasvið*. Sótt 16. september 2016 af <http://www.arborg.is/stjornsysla/svid-og-deildir/menningar-og-fristundasvid-nytt/>
- Svenneke, D. P. og Havström, M. (2007). *Fritidsledares tysta kunskap*. Stokkhólmur: Fritidsforum.
- Watts, C. E. og Caldwell, L. L. (2008). Self – determination and free time activity participation as predictors of initiative. *Journal of Leisure Research*, 40(1), 156–181.
- Werner, E. E. og Smith, R. S. (2001). *Journeys from childhood to midlife: Risk, resilience, and recovery*. New York: Cornell University Press
- Þórólfur Þórlindsson, Kjartan Ólafsson, Viðar Halldórsson og Inga Dóra Sigfúsdóttir. (2000). *Félagsstarf og frístundir íslenskra unglunga*. Reykjavík: Æskan.
- Æskulýðslög nr. 70/2007*.

Ungmennahús

Guðmundur Ari Sigurjónsson

Inngangur

Ungmennahús er hugtak sem nær yfir mjög fjölbreyttar stofnanir og starfsemi. Himinn og haf getur verið á milli eðli og starfsemi ungmennahúsa í sama sveitarfélaginu og hvað þá á milli sveitarfélaga og landa. Ungmennahús eiga það þó öll sameiginlegt að vera stofnun eða starfsemi þar sem fram fer skipulagt tómtundastarf fyrir ungmenni. Starfsemi ungmennahúsa getur verið af frumkvæði unga fólksins, ungmennaráða eða æskulýðsstarfsfólks. Ungmennahús hér á landi eiga það sameiginlegt að starfa fyrir aldurshópin 16 ára og eldri en mjög mismunandi er hver efri aldursmörk markhópsins eru, sum miða við 16-18 ára, önnur 16-25 ára á meðan sum hús skilgreina sig þannig að þar sé unnið með ungmennum sem eru 16 ára og eldri. Erfitt að segja til um hversu mörg ungmennahús eru á Íslandi en í Samfés, samtökum félagsmiðstöðva á Íslandi eru 16 ungmennahús með aðild (Samfés, 2017).

Ungmennahús hafa verið í mikilli sókn síðastliðin ár þar sem sveitarfélög hafa litið til þess að framlengja það öfluga starf sem á sér stað í félagsmiðstöðvum fyrir unglunga á grunnskólaaldri og þeim árangri sem náðst hefur í forvarnarstarfi til 16 ára aldurs. Starfsemi ungmennahúsa á Íslandi byggir að miklu leiti á hugmyndafræði félagsmiðstöðva en er þó ólík að því leyti að markhópur ungmennahúsa er eldri og áhugamál og þarfir aðrar. Í ungmennahúsum byggja þátttakendur oft á reynslu sinni úr félagsmiðstöðinni, geta axlað meiri ábyrgð og haft enn meira frumkvæði að verkefnum. Ungmennahús eru auk þess ekki rekin af sömu aðilum og standa fyrir skólastarfi aldurshópsins sem sækir starfið og samstarf ungmennahúsa og framhaldsskóla er mun minna en samstarf félagsmiðstöðva og grunnskóla. Ekki er eins sterk hefð fyrir þátttöku ungs fólks í ungmennahúsum hér á landi og í starfi félagsmiðstöðva. Flestir framhaldsskólar halda úti virku félagslífi sem í bland við skólastarf, þátttöku ungmenna í öðru félagsstarfi sem og vinnu, gerir dagskrá ungmenna ansi þétta.

Menning ungs fólks á aldrinum 16-20 ára er einnig mjög ólík menningu 13-16 ára unglunga að því leyti að mun hærra hlutfall af 16-20 ára ungmennum neytir áfengis og annarra vímugjafa í frítíma sínum. Samkvæmt könnun Rannsóknna og greiningar frá árinu 2013 höfðu 45% allra framhaldsskólanema verið ölvaðir einu sinni eða oftar 30 dögum áður en að þeir svöruðu spurningalistum. Niðurstöður könnunarinnar sýndu einnig að 31% 16-17 ára ungmenna í framhaldsskólum höfðu orðið ölvað síðastliðna 30 daga. Aðeins 5% nemenda í 10. bekk höfðu orðið ölvað á sama tímabili. Þessi mikla breyting á milli eins árgangs má hugsanlega skýra með því að áfengisneysla hefur í gegnum árin verið samofin félagslífi framhaldsskólanna og ekki er unnið jafn markvisst að forvörnum í félagsstarfi þeirra eins og gert er í félagsmiðstöðvum grunnskólanna. Í könnuninni kemur þó einnig fram mjög skýr jákvæð þróun um að drykkja ungmenna sé að minnka en árið 2000 höfðu 64% framhaldsskólanema orðið ölvað síðastliðna 30 daga, 62% árið 2007, 55% árið 2010 og svo 45% árið 2013 (Rannsóknir og greining, 2014).

Hugmyndafræði ungmennahúsa byggir að miklu leyti á virkri þátttöku, reynslunámi og valdeflingu (e. empowerment) ungs fólks. Húsin hafa líkt og annað skipulagt tómtundastarf þrjúþætt uppeldisgildi, það er forvarnargildi, menntunargildi og afþreyingargildi (Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, 2015). Í þessum kafla munum við skoða sögu ungmennahúsa hér á landi og stöðu þeirra í dag. Kafað verður í grunnhugmyndafræði ungmennahúsa, hvaða áskoranir eru í starfinu sem og hvernig þróun þeirra gæti orðið á næstu árum.

Upphaf og þróun

Rætur ungmennahúsa hér á landi má rekja til sambærilegra húsa í Svíþjóð en á fyrri hluta tuttugustu aldarinnar hófu Svíar að líta á ungmenni sem meira en ólátabelgi og fóru að setja fjármagn í og leggja áherslu á að efla

ungmenni til að verða virkir þátttakendur í samfélaginu. Á sjötta áratugnum byrjuðu sveitarfélögin að setja á laggirnar ungmennahús sem höfðu það hlutverk að ná utan um ungmenni sem ekki voru virk í skipulögðum félagasamtökum með það að markmiði að skapa öruggan vettvang fyrir ungt fólk til að taka þátt í uppbyggilegu starfi án áfengis og annarra vímuefna. Með þessari breytingu jókst meðvitund Svía um mikilvægi fagmenntaðra æskulýðsstarfsmanna og sett var á laggirnar námsbraut fyrir „fritidsledare“ í sænskum lýðháskólum. Þessir fagmenntuðu æskulýðsstarfsmenn höfðu síðar frumkvæðið að því að þróa ungmennahús úr því að vera eingöngu heimilislega staði fyrir ungt fólk til að verja frítíma sínum án vímuefna yfir í að vera vettvangur ungs fólks til að þroskast og verða virkir borgarar í samfélaginu. Á níunda áratugnum fór sænska ríkisstjórnin að styrkja verkefni sem ýttu undir lýðræðislega þátttöku ungs fólks. Ungt fólk fór þá að læra um lýðræðisleg gildi í gegnum þátttöku á lýðræðislegum umræðuvettvangi, með aðkomu að ákvarðanatöku ásamt því að skipuleggja og framkvæma verkefni sjálf (Lindström, 2012). Saga ungmennahúsa á Íslandi nær ekki jafn langt aftur en hún byggir að miklu leyti á sögu sænsku ungmennahúsanna þar sem fyrsta ungmennahúsið hér á landi var sett á laggirnar að sænskri fyrirmynd.

Á tuttugustu öldinni voru starfræktir hér á landi ýmsir unglingskemmistastaðir þar sem fram fóru böll og tónleikar fyrir unglinga. Segja má að unglingskemmistastaðurinn Glymur sem hóf starfsemi sína 1. nóvember 1987 í Mjóddinni hafi verið fyrsti vísirinn af Hinu húsinu sem er elsta ungmennahús landsins. Þegar borgin afhenti íþrótt- og tómstundaráði Reykjavíkur húsnæði Glyms var hugmyndin að nota aðstöðuna til að ná til eldri unglinga úr Breiðholts- og Seljahverfi. Húsnæðið var mikið leigt út fyrir stærri viðburði en menntaskólar, fyrirtæki, trúfélög, stofnanir, dansskólar o.fl. leigðu aðstöðuna fyrir starfsemi sína (Árni Guðmundsson, 2007). Glym var lokað árið 1990 en ákveðið var á borgarráðsfundi 10. júlí 1990 að selja húsnæðið og fram koma í bókunum af fundinum hugmyndir um að fjármunir af sölunni yrðu „...nýttir í þágu ungs fólks í borginni.“ Minnihluti borgarráðs bar upp tillögu svohljóðandi:

Borgarráð samþykkir að Reykjavíkurborg festi kaup á húsnæði í miðbænum sem nýtt verði í

þágu unglinga. Starfsemi húsnæðisins verði skipulögð og rekin af íþrótt- og tómstundaráði og fulltrúum úr hópi unglinga.

(Borgarráð, 1990)

Í bókuninni kemur einnig fram að söluandvirði Álfabakka 8, Glyms, yrði notað til þess að kosta verkefnið. Ekki var tekið efnislega á tillögunni en henni síðar vísað inn í fjárhagsáætlanagerð fyrir árið 1991 (Borgarráð, 1990). Borgin festi kaup á Brautarholti 20 sem áður hýsti Þórskaffi en í því húsi opnaði Hitt Húsið 15. nóvember 1991 en það er fyrsta formlega ungmennahúsið hér á landi (Árni Guðmundsson, 2007).

Hitt Húsið

Í fyrstu var Hitt Húsið að mestu rekið sem dansstaður fyrir ungt fólk en þróaðist fljótt eftir metnaðarfullum markmiðum forstöðumannsins Loga Sigurfinnssonar, „fritidsledare“ frá Svíþjóð, sem hafði kynnst starfsemi ungmennahúsa og hverfamiðstöðva á Norðurlöndunum. Hugmyndafræði Hins Hússins byggðist að miklu leyti á starfsemi Fryzhuset í Stokkhólmi sem og Ungdomshuset í Kaupmannahöfn um að vera vettvangur fyrir ungt fólk til að framkvæma verkefni af eigin frumkvæði. Starfið byggðist á virki þátttöku ungs fólks þar sem megin áherslan var á að unga fólkið myndi sjálft sjá um að búa til og halda uppi dagskránni í húsinu en að starfsfólkið væri þeim aðeins til halds og trausts (Logi Sigurfinnsson munnleg heimild, 15. júlí 2016). Í skýrslu frá árinu 1996 fer Logi Sigurfinnsson þáverandi forstöðumaður yfir markmið og hugmyndafræði Hins Hússins á árunum 1991-1996. Hann segir að skipta megi markmiðum hússins í þrennt:

1. Að stuðla að því að veita ungu fólki aðstöðu og aðstoð við að hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd.
2. Að stuðla að upplýsinga- og fræðslustarfi til markhópsins ýmist ein og sér eða í samstarfi við fagaðila.
3. Að vera miðstöð úrræða Reykjavíkurborgar í atvinnumálum ungs fólks.

(Logi Sigurfinnsson, 1996)

Hitt Húsið hóf samstarf við Félag íslenskra hljómlistamanna vegna reksturs æfingahúsnæðis. Hljómsveitirnar tróðu upp á tónleikum og skemmtunum sem þær skipulögðu sjálfar og skapaði hljómsveitaraðstaðan öflugt tónlistar-

og menningarlíf í húsinu (Logi Sigurfinnsson munnleg heimild, 15. júlí 2016). Farið var í samstarf við Félag framhaldsskólanema um dansleikjahald og aðra starfsemi á þeirra vegum. Einnig var farið í samstarf við félagsamtök fatlaðra um félagsstarf sem og fjölmörg önnur félög og samtök ungs fólks tengd áhugamálum þess, s.s. leiklist, myndlist og fleira. Árið 1993 var farið af stað með vísi að námskeiðum fyrir ungt atvinnulaust fólk og Hitt Húsið tók yfir rekstur verkefnisins Ungt fólk í Evrópu í umboði Menntamálaráðuneytisins. Hitt Húsið fluttist í nýtt húsnæði, í gamla Geysishúsið við Aðalstræti árið 1995, en við það gjörbreyttist starfið og fest var í sessi sú stefna að Hitt Húsið ætti að verða Upplýsinga- og menningarmiðstöð en ekki skemmtistaður (Logi Sigurfinnsson, 1996). Starfið byggir í dag að miklu leyti á sömu markmiðum og það gerði í upphafi þó það hafi þróast og breyst í gegnum tímans rás. Hluti af þeim breytingum voru þær að árið 2007 varð Ungt fólk í Evrópu að Evrópu unga fólksins og flutti til Ungmennafélags Íslands og Hitt Húsið flutti starfsemi sína úr Geysishúsinu og yfir í núverandi húsnæði við Pósthússtræti 3-5 árið 2002. Starf með ungmennum með fötlun hefur einnig stórkæmt og opnaði Hitt Húsið útibú fyrir starfsemi sína í Elliðarárdalnum árið 2015 en þar fer fram heilmikið starf með ungmennum með fötlun.

Hitt Húsið sinnir í dag ungu fólki á aldrinum 16-25 ára og er vettvangur menningar og upplýsingagjafar fyrir ungt fólk. Starfsemi Hins Hússins skiptist í fjórar deildir, menning og listir, ráðgjafar- og stuðningsdeild, atvinnudeild og upplýsingamiðstöð (Hitt húsið, e.d.; Hreiðar Már Árnason munnleg heimild, 25. febrúar 2017). Meginmarkmið Hins Hússins eru:

- Að veita ungu fólki aðstöðu og aðstoð við að koma hugmyndum sínum í framkvæmd
- Að endurspeglar menningu ungs fólks.
- Að veita upplýsingar og leiðbeina ungu fólki, í samstarfi við aðra fagaðila og samtök.
- Að vera miðstöð ungs fólks í leit að sumarstarfi.
- Að vera vettvangur fyrir félagsleg úrræði og ráðgjöf fyrir ungt fólk.

(Hitt Húsið, 2017)

Hlutverk upplýsingamiðstöðvarinnar er að veita ungu fólki vettvang til að hittast og framkvæma verkefni á eigin forsendum. Starfsfólk upplýsingarmiðstöðvarinnar er andlit Hins

Hússins þar sem það tekur á móti öllum gestum sem mæta í húsið og þau sjá um að halda utan um hópa og skipuleggja verkefni og viðburði sem fara fram í upplýsingamiðstöðinni. Hóparnir sem mæta í Hitt Húsið eru allt frá því að vera einstaklingar sem vilja kíkja í kaffisþjall yfir í að vera nemendafélög framhaldsskólana sem vilja nýta aðstöðuna til að undirbúa skólaleikrit, ræðukeppnir og fleira. Hóparnir eru flest allir sjálfsprottinnir, lifa á meðan áhugi er til staðar eða verkefni er í gangi og hverfa svo þegar áhuginn minnkar eða verkefnið klárast (Hreiðar Már Árnason munnleg heimild, 25. febrúar 2017).

Menningardeild Hins Hússins stendur fyrir öflugum menningarstarfi fyrir ungt fólk en í Hinu húsinu er tónleikastaður og Gallerí Tukt sem eru eynamerkt rými fyrir unga listamenn til að setja upp sýningar og tónleika (Hreiðar Már Árnason munnleg heimild, 25. febrúar 2017). Menningardeild Hins Hússins stendur einnig fyrir stórum verkefnum eins og Músíktílaunum sem er risastór hljómsveitakeppni og UNGLIST sem er listahátíð ungs fólks. Á sumrin heldur menningardeildin utan um götuleikhús og listahópa Hins Hússins sem eru sumarstörf fyrir unga listamenn (Hitt Húsið, e.d.).

Ráðgjafar og stuðningsdeild Hins Hússins heldur úti frístundastarfi fyrir ungt fólk með fötlun alla virka daga ásamt því að bjóða upp á kvöldopnanir fyrir ungt fólk með fötlun (Hitt Húsið, án dags.). Einnig heldur deildin utan um atvinnutengd úrræði og tómstundir fyrir ungmenni með fötlun á aldrinum 16-20 ára. Ráðgjafadeildin heldur utan um jafningjafraeðsluna sem er fræðslustarf unnið af ungu fólki fyrir annað ungt fólk. Deildin sér svo einnig um Tótal ráðgjöf í samstarfi við Áttavítann og Vinfús verkefnið sem er lokað hópastarf fyrir félagslega einangruð ungmenni sem hittast vikulega og gera skemmtilega hluti saman (Hitt Húsið, e.d.).

Atvinnudeildin sér svo um atvinnuráðgjöf fyrir ungt fólk, stendur fyrir vítamín verkefninu og vinnustaðarnámi. Vítamín er námskeið fyrir ungmenni í atvinnuleit þar sem markmiðið er að styrkja og virkja þátttakendur og auka atvinnuöguleika þeirra (Hitt Húsið, e.d.).

Gamla bókasafnið / Húsið í Hafnarfirði

Árið 2002 skilaði nefnd um stofnun samfélagshúss í Hafnarfirði skýrslu þar sem lagt var til að stofnað yrði menningar-, kaffi- og tómsundahús fyrir ungt fólk í Hafnarfirði (Andri Ólafsson, Guðni Kjartansson, Leifur S. Garðarsson, Raket Björg Guðmundsdóttir og Sigmundur Friðbjósson, 2002). Nefndin fékk til liðs við sig nema við Háskóla Íslands til að framkvæma könnun og þarfagreiningu vegna stofnunar menningarhúss fyrir ungt fólk. Könnunin var lögð fyrir einstaklinga á aldrinum 16-25 ára í Hafnarfirði og svöruðu 411 einstaklingar könnuninni. Helstu niðurstöður voru að 38,7% unga fólksins taldi mjög eða frekar líklegt að það myndi sækja tómsunda- og menningarhús í frístundum sínum, 28,7% taldi það mjög eða frekar ólíklegt og 32,6% voru ekki viss.

Á grundvelli niðurstaðna könnunarinnar var ákveðið að opna ungmennahús í Hafnarfirði og 23. október 2003 opnaði Gamla bókasafnið, kaffi- og menningarhús fyrir ungt fólk í Hafnarfirði. Húsið var byggt upp í megindráttum eftir þeim hugmyndum sem fram komu í skýrslu nefndarinnar um stofnun samfélags-húss í Hafnarfirði. Hugmyndafræði hússins var að bjóða upp á aðstöðu fyrir ungt fólk, skipulagða hópa og samtök til að halda úti jákvæðu tómsundastarfi án áfengis eða annarra vímuefna. Starfið átti að byggjast á frumkvæði, hugmyndum og áhuga unga fólksins. Starfsfólk var svo til staðar til að veita ráðgjöf og vera til taks til að aðstoða unga fólk við framkvæmd á verkefnum. Opið var í Gamla bókasafninu fjórum sinnum í viku bæði á virkum dögum og um helgar seinni part dags og fram á kvöld. Í húsinu var netkaffi þar sem voru nettengdar tölvur sem frítt var að nota til að fara á netið og í myndvinnslu. Stofnað var sérstakt kaffihús sem seldi kaffi og bakkelsi á lágu verði. Fjárfest var í öflugu hljóðkerfi og skjávarpa svo hægt var að halda tónleika og bíókvöld í húsinu. Innra starfið í húsinu byggðist upp á opnu starfi þar sem unga fólk gat komið og nýtt sér aðstöðuna, hópastarfi þar sem nemendafélög, Regnbogabörn (Samtök áhugafólks um eineltismál), ungir jafnaðarmenn og LAN hópur (hópur sem mætti með tölvurnar sínar og spilaði tölvuleiki) fengu að nýta húsnæðið og svo námskeið og hópastarf sem var á vegum Gamla bókasafnsins (Geir Bjarnason, 2004).

Í upphafi var tónlistar- og menningarstarfið lang öflugast. Haldnir voru fjölmargir tónleikar og viðburðir í húsinu og góð mæting var í opna starfið, sérstaklega hjá þeim sem ekki voru virkir í öðru tómsundastarfi og höfðu engan annan stað til að vera á. Mikill vöxtur var í starfinu fyrstu árin og mæting góð. (Geir Bjarnason munnleg heimild, 13. júlí 2016).

Stofnað var húsráð og reynt var að vinna að því að virkja unga fólk til þátttöku og ákvarðanatöku en það gekk ekki nægilega vel og má hugsanlega rekja það til skorts á þekkingu starfsfólks og vilja til að láta valdið raunverulega í hendurnar á unga fólkinu. Í kjölfar kreppunnar 2008 fór reksturinn að harðna og leitað var að fleiri verkefnum inn í húsið til að styrkja starfið og rekstrargrundvöll þess. Ungmennahús var vinsælt verkefni hjá stjórnáráðgjöfnum á fyrstu árum hússins en það breyttist þegar rekstur sveitarfélagsins fór að þyngjast. Brugðið var á það ráð að taka inn lengda viðveru fyrir ungmenni með fatlanir á framhaldsskólaaldri ásamt því að standa fyrir námskeiðum fyrir atvinnulaus ungmenni að fyrirmynd Vítamíns verkefnisins sem hafði verið unnið í Hinu húsinu í fjölda mörg ár). Þessi verkefni styrktu reksturinn og varð starfið fyrir ungmenni með fatlanir hægt og rólega mjög ríkjandi í starfseminni. Viðhorf unga fólksins breyttist í kjölfarið og fóru að heyrast raddir um að það væri ekki lengur hægt að nýta aðstöðuna því hún væri bara fyrir fötluð ungmenni og einstaklinga með félagsleg vandamál. Gamla bókasafnið breytti um nafn og heitir í dag Húsið – Ungmennahús í Hafnarfirði. Starfsemin flutti svo úr gamla bókasafninu og yfir í nýja aðstöðu þar sem aðgengi var ófullnægjandi í Gamla bókasafninu. Í nýja húsnæðinu fer aðallega fram starf fyrir fötluð ungmenni en þar er engin kaffihúsaadstaða og ekki er hægt að halda tónleika (Geir Bjarnason munnleg heimild, 13. júlí 2016).

Molinn í Kópavogi

Ungmennahúsið Molinn í Kópavogi hóf formlega starfsemi sína í maí 2008 eftir margra ára umræðu meðal starfsfólks félagsmiðstöðva um mikilvægi þess að opna ungmennahús í sveitarfélaginu (Andri Þór Lefever munnleg heimild, 10. janúar 2017). Á fundi bæjarstjórnar 11. maí 2005 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs að reisa hús fyrir menningar- og tómsundastarf

ungs fólks í tilefni 50 ára afmælis Kópavogsbæjar (Bæjarstjórn Kópavogs, 2005). Ungmennahúsið var skilgreint fyrir 16 ára og eldri og átti það „...að vera framhald af því öflugra starfi sem fer fram í félagsmiðstöðvum fyrir 13-16 ára unglunga í Kópavogi. Starfsemi ungmennahússins verður byggð á krafti og sköpunargleði ungs fólks í Kópavogi þar sem ungmennalýðræði verður hreyfiaflið í starfinu“ eins og segir í bókun bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á bæjarstjórnarfundi 11. maí 2005. Farið var í að reisa hús sem átti að hýsa ungmennahúsið sem og aðra starfsemi sveitarfélagsins á miðsvæði Kópavogsbæjar með frábært sjávarútsýni. Molinn var allur innréttaður af arkitekt hússins og keyptar voru inn hljómflytningargræjur og skjávarpi svo hægt væri að halda viðburði og tónleika í húsinu. Aðstaðan var mjög glæsileg þó það hefði mátt hafa meira samráð við unga fólkið sem átti að nýta sér aðstöðuna en allt innandyrna var svart, hvítt eða grátt á litinn, ekkert svið var á staðnum og arkitektinn bannaði að veggir yrðu málaðir eða hengdar yrðu upp myndir (Andri Þór Lefever munnleg heimild, 10. janúar 2017).

Markmið Molans voru skýr:

- Að vera vettvangur fyrir menningarlega viðburði og grósku þar sem ungt fólk getur bæði nýtt aðstöðuna til listsköpunar og komið sér á framfæri, hvort sem um ræðir sjónlist, tónlist eða ritlist.
- Að bjóða ungu fólki upp á jákvætt félagslegt umhverfi. Í húsinu er þráðlaus netaðgangur og geta gestir fengið afnot af tölum. Hægt er að kaupa kaffi og með‘ði á kaffihúsinu Molakaffi gegn vægu verði, fletta blöðum og spila pool, horfa á sjónvarpið eða tralla á gítar í góðra vina hópi.
- Að vera ungu fólki innan handar með hvað varðar þeirra málefni, atvinnu og réttindi, bjóða upp á fjölbreytt námskeið og félagsstarf.

(Kópavogsbær, 2017)

Fyrsta árið í starfinu fór að mestu leyti í að móta starfið og ná til unga fólksins. Rauði krossinn bauðst til að útvega starfsmann í ungmennahúsið og halda úti vissri starfsemi í húsinu en ákveðið var að þiggja ekki það boð og mörkuð var skýr stefna um að Molinn ætti að vera sjálfstæð stofnun fyrir öll ungmenni í Kópavogi svo að ekki væri hægt að eyrnamerkja Molann með stimplum um að Molinn væri aðeins fyrir ákveðinn hóp. Þessi stefna var höfð að

leiðarljósi þegar samstarf við Menntaskólann í Kópavogi var skipulagt, þá var gætt að því að Molinn yrði ekki útibú fyrir MK heldur sjálfstæð stofnun í samstarfi við nemendur skólans. Þessi hugmyndafræði hefur líka litað ákvarðanir varðandi samstarf við aðra hópa og verkefni eins og starfsemi fyrir ungmenni með fatlanir en farin var sú leið að bjóða ungmennum með fatlanir frekar að mæta á opnunartíma Molans með starfsfólki af félagssviði sem stuðning frekar heldur en að Molinn stæði beint fyrir opnunum sem væru bara fyrir þennan hóp ungmenna. Molinn heldur úti öflugum samstarfi við Menntaskólann í Kópavogi og aðra framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu, ýmis félagasamtök og félagsþjónustu Kópavogsbæjar (Andri Þór Lefever munnleg heimild, 10. janúar 2017).

Molinn er að miklu leyti rekin eins og félagsmiðstöð en er þó fyrir ungmenni í Kópavogi 16 ára og eldri. Starfsemin hefur mikið þróast í gegnum tíðina en á sama tíma byggir hún alltaf á því markmiði að skapa vettvang fyrir ungmenni í Kópavogi til að hrinda sínum hugmyndum í framkvæmd ásamt því að starfsfólk Molans skipuleggur reglulega viðburði og opin kvöld í húsinu. Fyrsta árið þegar Molinn opnaði og ungmenni sveitarfélagsins vissu lítið um starfsemina var lítil þátttaka. Starfsfólk Molans upplifði þetta oft sem erfiðan tíma og byrjaði að draga úr viðburðum og verkefnum. Það var því vendipunktur í starfinu þegar starfsfólk ræddi þessa stöðu og viðurkenndu að leiðin til að láta starfið vaxa væri að halda úti viðburðum og verkefnum þó þátttaka vær dræm. Það að halda jákvæð verkefni og skemmtileg kvöld myndi smá saman skapa hefðir og vinda upp á sig en þannig myndi spyrjast út í ungmennahópinn hvað Molinn stæði fyrir (Andri Þór Lefever munnleg heimild, 10. janúar 2017).

Með þetta í farteskinu hefur starfsemi Molans vaxið og þróast. Molinn hefur lagt mikla áherslu á skapandi starf, haldið tónleika, námskeið og verið með skapandi smiðjur fyrir ungmenni ásamt því að halda utan um skapandi sumarstörf hjá Kópavogsbæ. Búið er að loka kaffihúsinu sem var í Molanum í upphafi, húsgögnin eru orðin talsvert heimilislegrí og búið að hengja upp málverk og mála veggi. Mæting er breytileg eftir árum en það er alltaf viss kjarni sem mætir reglulega í hverri viku, vissir hópar sem mæta í afmörkuð verkefni og svo töluverð mæting á

viðburði eða samstarfsskvöld með MK (Andri Þór Lefever munnleg heimild, 10. janúar 2017).

Hugmyndafræði ungmennahúsa

Líkt og fram hefur komið þá getur starfsemi í ungmennahúsum verið með ólíkum hætti. Sum ungmennahús vinna mikið að félagslegum úrræðum, önnur vinna mikið með fötluðum ungmönnum á meðan það þriðja byggir starfsemi sína að miklu leyti á starfi félagsmiðstöðva þar sem starfsfólk er virkt í að skipuleggja viðburði og verkefni til að ná til ungs fólks. Það sem öll húsin eiga þó sameiginlegt er að þau eiga að vera öruggur vettvangur fyrir ungmenni 16 ára og eldri til að stunda tómstundastarf án áfengis eða annarra vímuefna. Á öllum stöðum er markvisst unnið að því að ungmennin séu virkir þátttakendur í starfinu og að starfið sé að mestu leyti byggt á frumkvæði unga fólksins og að starfsmenn séu aðeins til halds og trausts. Í ungmennahúsunum fer fram reynslunám þar sem unga fólk er eykt við hæfni sína á sínum eigin forsendum í gegnum verkefni og hópa-starf. Í starfi ungmennahúsa er litið á unga fólk sem hæfa og sjálfstæða einstaklinga sem eiga rétt á að fá vettvang til að koma saman og skipuleggja verkefni með lýðræðislegum vinnubrögðum (Lindström, 2012).

Tómstundastarf

Í ungmennahúsum fer fram annarsvegar skipulagt og hins vegar sjálfssprottið tómstundastarf fyrir ungmenni á aldrinum 16-25 ára. Samkvæmt skilgreiningu Vöndu Sigurgeirsdóttur (2010) er tómstundastarf athöfn, hegðun eða starfsemi sem fer fram í frítíma einstaklinga að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Þau skilyrði eru að einstaklingurinn líti sjálfur á að um tómstundir sé að ræða. Að athöfnin, hegðunin eða starfsemin sé frjálst val einstaklingsins og að hún hafi í för með sér ánægju og jákvæð áhrif á þátttakendur (Vanda Sigurgeirsdóttir, 2010).

Samkvæmt Æskulýðslögum (2007) er miðað við að skipulagt tómstundastarf fyrir börn og ungmenni á aldrinum 6-25 ára sé skilgreint sem æskulýðsstarf (e. youth work). Æskulýðsstarf er skilgreint sem:

Skipulögð félags- og tómstundastarfsemi þar sem börn og ungmenni starfa saman í frístundum sínum að hugsjónum, mark-

miðum og áhugamálum sem þau sjálf meta að verðleikum. Í skipulögðu æskulýðsstarfi skal hafa í huga félags-, forvarna-, uppeldis- og menntunarlegt gildi þess sem miðar að því að auka mannkosti og lýðræðisvitund þátttakenda. Í öllu starfi með börnum og ungmönnum skal velferð þeirra höfð að leiðarljósi og þau hvött til frumkvæðis og virkrar þátttöku.

(Æskulýðslög nr. 70/2007)

Þessi skilgreining rímar ágætlega við þær lýsingar sem starfsmenn ungmennahúsa hafa notað til að lýsa starfsemi ungmennahúsa hér á landi sem og þeim markmiðum sem þau starfa eftir.

Í ungmennahúsum sem og öðru æskulýðsstarfi tekur ungt fólk þátt í fjölbreyttum verkefnum sem hver hafa sín markmið en í sinni einföldustu mynd eru ungmennahús gríðastaður fyrir ungt fólk til að komast í burtu frá áreiti skólans, fjölskyldunnar og í sumum tilfellum götulífs (Ingram og Harris, 2010). Starfsemin er visst form af jákvæðri afþreyingu þar sem ungt fólk fær að vera með jafningjum sínum í sátt við umhverfi sitt (Jeffs og Smith, 2010; Menntamálaráðuneytið, 2003). Í gegnum starfið tekur einstaklingurinn út persónulegan og félagslegan þroska, myndar tengsl og verður hluti af samfélagi (Ingram og Harris, 2010; Jeffs og Smith, 2010). Í úttekt menntamálaráðuneytisins á stöðu félags- og tómstundamála ungs fólks á Íslandi frá árinu 2003 er þátttöku ungs fólks í æskulýðsstarfi lýst sem:

...hornsteinum uppbyggilegrar þátttöku þeirra í samfélaginu. Fyrst má nefna uppeldislegt gildi félags- og tómstundastarfs en þátttaka í starfi af þessu tagi kennir ungu fólk að vinna saman og taka ákvarðanir í samstarfi við aðra. Í félags- og tómstundastarfsemi fer jafnframt fram þjálfun í framkomu á fjöldavettvangi og í tjáningu skoðana sem er einstaklingnum gott veganesti í lífi og starfi.... Skipulagt félagsstarf eykur mannauð ungs fólks og virðist einu gilda um hvað starfið snýst.

(Menntamálaráðuneytið, 2003)

Virki þátttaka ungs fólks

Eins og fram hefur komið þá byggist starfsemi ungmennahúsa upp á virkri þátttöku ungs fólks.

Þátttaka er margþætt hugtak sem getur náð yfir allt frá því að mæta á tónleika í ungmennahúsi sem gestur og yfir í það að skipuleggja margra mánaða tónleikaröð í ungmennahúsinu.

Roger Hart setti fram kenninguna um 8 þrepa þáttökustigann í bók sinni *Children's Participation: The Theory and Practice of Involving Young Citizens in Community Development and Environmental Care* (Hart, 2002). Samkvæmt Roger Hart flokkast efstu þrjú þrep þáttökustigans undir virka þátttöku (e. active participation) en það sem greinir þau í sundur er hvaðan frumkvæði verkefna kemur og hvort fullorðið fólk tekur þátt í þeim verkefnum eða ekki. Lykilatriðið í virkri þátttöku ungs fólks er að það sitji við sama borð og þeir fullorðnu og að allir hafi jafna rödd við skipulagningu og þróun verkefna.

Á fjórða og fimmta þrepi þáttökustigans er ungt fólk þátttakendur í verkefninu en ákvarðanatöku er hjá fullorðna fólkinu. Ungu fólkið fær afmarkað hlutverk sem ráðgjafar eða þátttakendur með umsjón með ákveðnum hluta verkefnisins (Hart, 2002). Dæmi um þetta er þegar leitað er álits hjá ungu fólki um hugmyndir sem sveitastjórnir eru að vinna að en unga fólkið er meðvitað um það að það hefur ekki raunverulegt ákvarðanavald þó það geti haft áhrif á ákvarðanir fullorðna fólksins með skoðunum sínum.

Á þremur neðstu þrepum þáttökustigans fer fram það sem Hart skilgreinir sem neikvæða þátttöku þar sem samkvæmt Hart væri betra að ungt fólk tæki ekki þátt í verkefninu heldur en að taka þátt með þeim hætti sem neðstu þrepin lýsa. Neðstu þrepin fjalla um þátttöku þar sem ungu fólki er gerð upp þátttaka í verkefni eða hlutur þeirra í verkefnum er ýktur til að láta verkefnið líta betur út, ungt fólk er notað til skrauts eða aðeins til þess að fullorðna fólkið geti sagt að ungt fólk hafi tekið þátt án þess að færa unga fólkinu raunveruleg völd til að hafa áhrif á verkefnið (Hart, 2002). Það er mikilvægt að starfsfólk ungmennahúsa sé meðvitað um eðli neikvæðrar þátttöku til að koma í veg fyrir að það beiti henni sjálf og ekki síður til að þjálfa unga fólkið til að koma auga á neikvæða þátttöku í samstarfi við fullorðið fólk utan ungmennahússins.

Mynd 1: Þáttökustigi Harts



ÞÁTTÖKUSTIGI HARTS

Raunveruleg þátttaka

8. Frumkvæði ungs fólks, sameiginleg ákvarðanatöku.
7. Frumkvæði og framkvæmd ungs fólks
6. Fullorðins frumkvæði er sameiginleg ákvarðanatöku

5. Upplýstir ráðgjafar
4. Úthlutun en upplýst þátttaka

Neikvæð þátttaka

3. Aðeins að nafninu til
2. Til skrauts
1. Spilað með þátttakendur

Dæmi um neikvæða þátttöku:

- Þegar ungt fólk fær sæti í stjórnnum eða nefndum án þess að hlustað sé á rödd þess.
- Ungt fólk í stjórnnum eða nefndum fær ekki send fundargögnin sem fullorðna fólkið fær sent og hefur þar með ekki forsendur til að taka ákvarðanir til jafns við hina fundarmennina.
- Þegar ungt fólk er haft með í stjórnnum og ráðum án þess að fá að hafa raunveruleg áhrif, unga fólkið er aðeins með af nafninu til, til að uppfylla einhverja skyldu eða vegna þess að það lítur vel út.
- Þegar æskulýðsstarfsfólk skipuleggur og framkvæmir viðburði með lítilli þátttöku ungs fólks en æskulýðsstarfsfólkið sendir svo þau skilaboð út að unga fólkið hafi séð um verkefnið, skipulagt og framkvæmt í stað þess að hrósa þeim þáttum verkefnisins sem unga fólkið tók raunverulega þátt í. Hart heldur því fram að í slíkum verkefnum er ekki aðeins komið óheiðarlega fram við unga fólkið og þeim send röng skilaboð heldur gætu aðrir æskulýðsstarfsmenn ofmetið getu sinna eigin ungmenna eða gert lítið úr henni (Hart, 2002).

(Guðmundur Ari Sigurjónsson, 2015)

Í gegnum virka þátttöku ungmenna í ungmennahúsum tekur ungt fólk þátt í umræðum, fær aðgang að ákvarðanatökum og skipuleggur og framkvæmir verkefni. Í slíkum aðstæðum þar sem ungmennin fá vettvang til að framkvæma verkefni og prófa sig áfram á sér stað mikið reynslunám.

Reynslunám í ungmennahúsum

Í starfsskrá frístundamiðstöðva skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar er talað um þríþætt uppeldisgildi frístundastarfs en með því er átt við forvarnar-, afþreyingar- og menntunargildi frístundastarfs. Heimfæra má þessi gildi yfir á starfsemi ungmennahúsa en starfsskráin fjallar um að „þátttaka í skipulögðu frístundastarfi í umsjá fagfólks í öruggu umhverfi hefur mikið forvarnargildi... Með því að bjóða börnum og ungu fólki upp á jákvæð viðfangsefni í frítímanum með sterkum fyrirmyndum aukast líkur á því að þau kjósi heilbrigðan lífstíl og forðist áhættuhegðun” (Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, 2015:10). Einnig er talað um að „í frítímanum fást börn og ungmenni við fjölbreytt og skapandi verkefni þar sem lögð er áhersla á virkni, frumkvæði og sköpun. Þátttaka í slíkum verkefnum færir unga fólkinu reynslu og þekkingu sem það getur yfirfært á samfélagið. Hér er ekki um formlegt nám að ræða heldur er áhersla lögð á reynslunám og óformlegt nám.“(Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, 2015:10).

Bandaríski heimspekingurinn John Dewey lýsti reynslunámi sem námi þar sem einstaklingurinn er virkur þátttakandi í námi sínu en er ekki þiggjandi eins og nemandi sem situr og hlýðir á fyrirlestur. Við slíkar aðstæður fær einstaklingurinn að prófa sig áfram og þjálfu færni sína í að takast á við hin ýmsu verkefni. Samkvæmt Dewey er þó ekki nóg að upplifa hluti til þess að læra af þeim en hann taldi mikilvægt að vinna úr upplifuninni svo úr henni skapist þekking/reynsla (Jóhanna Einarsdóttir og Ólafur Páll Jónsson, 2010). Ígrundun (e. reflection) er það ferli sem á sér stað þegar við leggjum mat á upplifun og drögum af henni ályktanir. Það er með ígrundun sem unnið er úr upplifun og ný þekking skapast. Oft á ígrundun sér stað í huganum um leið og upplifun á sér stað en stundum þarf að staldra við og gefa tíma til að ígrunda upplifun. Til eru margar leiðir til þess að ígrunda. Hægt er að ígrunda í hóp í gegnum samræður, með því að hugsa einn með

sjálfum sér sem og að teikna, halda úti dagbók og svona mætti lengi telja (Williams, 2010). Ígrundun er því eitt af mikilvægustu tólum starfsfólks ungmennahúsa sem og annarra æskulýðsstarfsmanna til að stuðla að námi hjá ungu fólki. Það er því nauðsynlegt að æskulýðsstarfsfólk taki frá tíma og skapi vettvang í starfi húsanna fyrir ungt fólk til að ígrunda þær upplifanir sem eiga sér stað í æskulýðsstarfinu.

Áskoranir í starfi ungmennahúsa

Það má í raun segja að ungmennahús hér á landi séu enn að slíta barnskónum þrátt fyrir að fyrsta ungmennahúsið hafi opnað hér á landi árið 1991. Hitt Húsið er að mörgu leyti einstakt að því að það byggir starfsemi sína í kringum föst verkefni og er einskonar miðstöð fyrir öll ungmenni höfuðborgarsvæðisins án þess þó að þjóna beint einum markhóp eða einu hverfi. Reykjavíkurborg hefur sett á laggirnar þó nokkur tilraunarverkefni með tómsundastarf fyrir 16 ára og eldri í hverfum borgarinnar en þau verkefni hafa verið rekin á tímabundnum styrkjum frá ÍTR og rekstrargrundvöllur þannig ekki tryggur til lengri tíma (Hulda V. Valdimarsdóttir munnleg heimild, 2. mars 2017). Þessi verkefni hafa þurft að sanna sig á einni önn eða einu ári og algjör óvissa hefur ríkt um hvort verkefni verði haldið áfram þegar styrkir klárast. Þessi verkefni hafa sum gengið mjög vel í vissan tíma og svo fallið niður. Ekki hefur verið nægjanlegur vilji hjá Reykjavíkurborg til að skuldbinda sig í að setja á laggirnar sérstök ungmennahús í öllum hverfum og tryggja rekstrargrundvöll þeirra til nokkurra ára líkt og gert er með Hitt húsið. Ein helsta áskorunin í starfi ungmennahúsa víða er því ótryggt rekstrarumhverfi sem stendur þróun starfsins fyrir þrifum. Mikilvægt er að starfsfólk fái svigrúm til að móta og þróa starf og hlutverk ungmennahúsanna þrátt fyrir mismikla aðsókn. Líkt og fram kom í umfjölluninni um Molann þá var það vendipunktur í starfinu þegar starfsfólkið viðurkenndi að það væri eðlilegt að lítil mæting væri í ungmennahúsið fyrsta starfsárið. Molinn hélt áfram úti miklum opnunartíma, fjölbreyttum verkefnum og byggði starfsemina upp hægt og rólega (Andri Þór Lefever munnleg heimild, 10. janúar 2017).

Líkt og fram hefur komið þá eru ungmennahús hugsuð sem starfsemi fyrir ungmenni 16 ára og

eldri, vettvangur fyrir ungmenni til að sinna sínum áhugamálum í jákvæðu og uppbyggilegu umhverfi. Starfið byggir því á því að unga fólkið nýti sér starfsemina og fylli húsin af lífi. Ein helsta áskorun ungmennahúsa er því að fá unga fólkið til að mæta á staðinn sem getur oft reynst þrautin þyngri. Í tilviki Gamla bókasafnsins í Hafnarfirði mættust þessar áskoranir um tryggt rekstrarumhverfi og að fá unga fólkið til að mæta þar sem pressa kom frá stjórnámálamönnum í sveitarfélaginu um að nýta þyrfti húsnæðið betur þegar það fór að kreppa að hjá sveitarfélaginu. Brugðið var á það ráð að auka sérhæfð verkefni sem sneru að ungmennum með fatlanir en eftir það dróst mæting í opna starf ungmennahússins enn meira saman á meðan starfið með ungmennum með fatlanir blómstraði og fókusinn á starfinu breyttist. Geir Bjarnason (munnleg heimild, 13. júlí 2016), forvarnarfulltrúi Hafnarfjarðabæjar, sem var fyrsti forstöðumaður Gamla bókasafnsins telur að það versta við þróunina á starfseminni í ungmennahúsinu sé sú að það sé enginn sem kvartar. Svo virðist sem unga fólkið hafi misst alla tengingu við starfsemina og líti ekki svo á að það sé þörf fyrir hana. Helstu sóknartækifærin fyrir Húsið telur Geir að séu „að vera áfram til staðar og taka vel í öll verkefni sem ungt fólk í sveitarfélaginu hefur frumkvæði að en að efla verkefni sem vinna með ungu fólki í áhættuhóp vegna félagslegrar einangrunar, atvinnuleysis eða vanlíðanar” (Geir Bjarnason munnleg heimild, 13. júlí 2016). Geir sér þannig hlutverk ungmennahúsa þróast í átt að því að verða meira félagslegt úrræði með sérhæfð verkefni fyrir ungmenni í viðkvæmri stöðu frekar en að bjóða upp á opið starf fyrir öll ungmenni sveitarfélagsins líkt og félagsmiðstöðvar sem starfa með 13-16 ára unglingum gera. Slíkar hugmyndir eru þó í vissri þversögn við grunnmarkmið ungmennahúsa um að vera vettvangur fyrir sjálfstæða og hæfa einstaklinga sem eiga rétt á að fá vettvang til að koma saman og skipuleggja verkefni með lýðræðislegum vinnubrögðum á eigin forsendum (Lindström, 2012).

Umræður og framtíðarsýn ungmennahúsa

Eins og fram hefur komið þá eru tvær helstu áskoranir ungmennahúsa annars vegar rekstrarlegs eðlis þar sem fjármögnun starfseminnar er oft ekki tryggð og starfsfólk fær þá ekki tækifæri til að einbeita sér að starfi ungmenna-

húsanna. Hins vegar er áskorun um að virkja ungt fólk til að taka þátt í starfinu þar sem unga fólkinu skortir flest ekki verkefni eða afþreyingu. Þessar áskoranir haldast svo í hendur þar sem að þegar starfsemi ungmennahúsa er aðeins fjármögnuð ef eftirspurn er eftir henni þá fær starfsfólk aldrei svigrúm eða aðstöðu til að byggja upp þær hefðir og menningu hjá ungu fólkinu að það fari að nýta sér starfsemina. Við sjáum það í þeim dæmum þar sem ungmennahús hafa fengið fjármagn, starfsfólk og svigrúm að þar hefur starfið blómstrað en á þeim stöðum þar sem dregið hefur verið úr starfinu, það lagt niður eða vinnustundir starfsfólk settar í önnur verkefni þegar mæting minnkar að þar endar starfið á því að koðna niður og hverfa.

Það er því spurning hvort eftirspurn sé rétta mælieiningin á það hvort halda eigi út starfinu? Ætti lykilsurningin fyrir íslenskt samfélag, ríki og sveitarfélög, ekki að vera hvort það sé mikilvægt að halda úti starfi ungmennahúsa? Og ef svo er að gefa þeim nægilegt fjármagn og svigrúm til þess að ná fótfestu.

Til að svara því getur verið gott að skoða töluleg gögn um þá þætti hjá ungu fólki sem starfsemi ungmennahúsa vinnur með:

- Þátttaka í skipulögðu félags- og tómstundastarfi: 58,6% framhaldsskólanema stunda nær aldrei skipulagt tómstundastarf og 16,8% gerir það aðeins einu sinni í viku (Rannsóknir og greining, 2014).
- Þátttaka í skipulögðu félagsstarfi framhaldsskólana að undanskildum skólaböllum: 61,4% stunda nær aldrei félagsstarfið og 23,2% stundar það nokkrum sinnum á ári (Rannsóknir og greining, 2014).
- Forvarnargildi: 45% framhaldsskólanema á aldrinum 16-20 ára hafa neytt áfengis áður en þau hafa aldur til samkvæmt lögum og 20% framhaldsskólanema hafa notað marjúána (Rannsóknir og greining, 2014).
- Borgaraleg þátttaka: 67,7% af ungu fólki á aldrinum 18-19 ára tóku þátt í Alþingiskosningunum 2016 sem þýðir að 32,3% ungs fólks mætti ekki kjörstað (Hagstofa Íslands, 2017b).
- Líðan ungmenna í framhaldsskólum: 28,5% nemenda í framhaldsskólum telja andlega líðan sína vera sæmilega eða lélega (Rannsóknir og greining, 2014).

- Brottfall úr skólum: 27,6% brottfall var hjá framhaldsskólanemum árið 2008 fjórum árum eftir innritun (Hagstofa Íslands, 2017a).

Þegar við skoðum þessi gögn má sjá að lítil þátttaka er í skipulögðu félags- og tómstundastarfi hjá framhaldsskólanemum hvort sem það er innan framhaldsskólana eða annarsstaðar, hátt hlutfall ungmenna drekkur áfengi þrátt fyrir að hafa ekki aldur til þess, lítil kosningaþátttaka er meðal aldurshópsins, stór hópur telur sig ekki búa við góða andlega heilsu og hátt brottfall er úr framhaldsskólum. Þetta er ekki falleg mynd sem hér er dregin upp og hana á alls ekki að nota til að stimpla þennan aldurshóp sem einhverja vandræðagemsa. Þvert á móti ætti samfélagið að hugsa að því að hér séu hæfir einstaklingar sem eru ekki að ná að blómstra á eigin forsendum og að það sé umhverfið og aðstæður unga fólksins sem þarf að þróa.

Ungmennahús munu auðvitað ekki leysa öll vandamál ungs fólks en þau hafa þann kost að byggja á starfi félagsmiðstöðvanna og ungmennahúsa erlendis sem hafa löngu sannað mikilvægi sitt þegar að kemur að forvarnarmálum og því að styðja við ungt fólk. Ungmennahús hafa líka þann kost að vera opin vettvangur sem býður upp á tómstundastarf fyrir öll ungmenni sem hafa náð 16 ára aldri óháð því hvort þau séu í skóla eða á atvinnumarkaðnum. Í ungmennahúsum fá ungmenni tækifæri til að hittast á eigin forsendum og framkvæma þau verkefni sem þau hafa áhuga á og að eignast jákvæðar fullorðnar fyrirmyndir í starfsfólki ungmennahúsanna. Ungmennahúsin eru ekki með náms- eða starfsskrá og eru því sveigjanlegir staðir sem þróast og breytast með tíðarandanum hjá ungu fólki hverju sinni.

Áskorunin er hins vegar sú að það þarf kjarkaða stjórnámamenn með öflugri framtíðarsýn til þess að taka þá ákvörðun að forgangsraða fjármunum í starf ungmennahúsa á þeim stöðum þar sem lítil eftirspurn er til staðar og árangurinn oft ekki sýnilegur fyrir en nokkrum árum eftir að farið er af stað með verkefnið. Auðveldi kosturinn fyrir þá sem sjá um ákvarðanatöku er annað hvort að afskrifa þörfina fyrir ungmennahúsi eða að opna ungmennahús en leggja ekki nægilega fjármuni í rekstur þess. Ef starfið tekur svo ekki við sér er húsunum jafnvel lokað á þeim forsendum að unga fólkið var ekki að nýta aðstöðuna.

Ágætt er að hugsa um ungmennahús með myndlífkingunni um að rækta plöntu nema hvað ungmennahús eru ekki plantan heldur blómátturinn þar sem plantan vex. Plantan sjálf er tómstundastarfið með unga fólkinu og henni þarf að sinna. Það þarf að skapa henni réttar aðstæður, gefa henni rétta næringu og aðhlyningu en á sama tíma gefa henni svigrúm til að blómstra á eigin forsendum. Það skiptir engu máli hversu flottan blómáttur þú átt eða hversu mikið þú reynir að draga plöntuna upp úr moldinni, plantan þarf alltaf sinn tíma til þess að vaxa. Þá er einnig mikilvægt að hafa í huga að halda þarf áfram að sinna starfinu, vökva það og jafnvel umpotta þegar það vex og dafnar, því að allar plöntur, sama hversu sterkar og fallegar þær verða, deyja, ef við skiljum þær eftir afskiptalausar.

Allir flottir.

Heimildir

- Andri Ólafsson, Guðni, Kjartansson, Leifur S. Garðarsson, Raket Björg Guðmundsdóttir og Sigmundur Friðbjólfsson. (2002). *Stofnun samfélags húss. Menningar- kaffi- og tómstundahús fyrir ungt fólk í Hafnarfirði*. Hafnarfjörður: Hafnarfjarðarbær.
- Árni Guðmundsson. (2007). *Saga félagsmiðstöðva í Reykjavík*. Hafnarfjörður: Kennaraháskóli Íslands.
- Borgarráð. (10. júlí 1990). Fundargerð Borgarráðs. Reykjavík: Reykjavíkurborg.
- Bæjarstjórn Kópavogs. (11. maí 2005). Fundargerð bæjarstjórnar. Kópavogur: Kópavogsbær.
- Geir Bjarnason. (2004). *Ársskýrsla Gamla bókasafnsins 2003-2004*. Hafnarfjörður: Hafnarfjarðarbær.
- Guðmundur Ari Sigurjónsson. (2015). *9 þrep æskulýðsstarfs*. Seltjarnarnes: Allir flottir slf.
- Hagstofa Íslands. (20. febrúar 2017a). *Brautskráningarlutfall og brottfall af framhaldsskólastigi eftir uppruna 1995-2011*. Sótt frá Hagstofa Íslands: http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag_skolamal_3_framhaldsskolastig_0_fsNemendur/SKO03124.px/table/tableViewLayout1/?rxid=c0a6cb18-899a-4ca0-93e7-b0f85aec4caa
- Hagstofa Íslands. (15. febrúar 2017b). *Kosningaþátttaka eftir kyni, aldri og kjördæmi í alþingiskosningum 2016*. Sótt frá Hagstofa Íslands: http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar_kosningar_althingi_althkjoesendur/KOS02101a.px/table/tableViewLayout1/?rxid=ebdf5158-2db0-4620-babf-9970a1c1e153
- Hart, R. (2002). *Children's Participation - The theory and practice of involving young citizens in community development and environmental care*. New York: Unicef.
- Hitt Húsið. (15. febrúar 2017). *Forsíða*. Sótt frá Hitt Húsið: www.hitthusid.is
- Hitt húsið. (e.d.). *Kynningarbæklingur um Hitt Húsið*. Reykjavík: Reykjavíkurborg.
- Ingram, G., og Wise, C. (2010). Defining good youth work. Í R. Harrison, & C. Wise, *Working with Young People* (bls. 11-15). London: Sage publications ltd.
- Jeffs, T., og Smith, M. (2010). Introducing Youth Work. Í T. Jeffs, & M. Smith, *Youth Work Practice* (bls. 1-14). New York: Palgrave Macmillan.
- Jóhanna Einarsdóttir og Ólafur Páll Jónsson. (2010). *John Dewey í hugsun og verki. Menntun, reynsla og lýðræði*. Reykjavík: Heimsspekistofnun Háskóla Íslands.
- Kópavogsbær. (10. janúar 2017). *Molinn ungmennahús*. Sótt frá Heimasíða Kópavogsbæjar: <http://www.kopavogur.is/is/moya/page/molinn-ungmennahus>
- Lindström, L. (2012). The Story of the Youth Club. *International Journal of Humanities and Social Science*, 32-39.
- Logi Sigurfinnsson. (1996). *Starfsemi Hins Hússins 1991-1996 - Markmið og hugmyndafræði starfsins*. Reykjavík: Hitt Húsið.
- Menntamálaráðuneytið. (2003). *Úttekt á stöðu félags- og tómstundamála ungs fólks á Íslandi*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Rannsóknir og greining. (2014). *Ungt fólk 2013 framhaldsskólar*. Reykjavík: Rannsóknir og greining.
- Samfés. (20. febrúar 2017). *Aðildarfélagar Samfés*. Sótt frá Samtök félagsmiðstöðva á Íslandi: <https://samfes.is/samfes/adildarfelagar.html>
- Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. (2015). *Starfsskrá frístundamiðstöðva*. Reykjavík: Skóla- og frístundasvið.

Vanda Sigurgeirsdóttir. (2010). Skilgreining á hugtakinu tómstundir. *Ráðstefnurit Netlu - Menntakvika*.

Williams, F. (2010). Reflection and enquiry. Í I. Buchroth, C. Parkin, F. Williams, & R. Bowler, *Using Theory in Youth and Community Work Practice* (bls. 113-134). London: Learning Matters.

Æskulýðslög nr.70/2007

Félagsstarf og félagsmiðstöðvar eldri borgara

Árni Guðmundsson

Inngangur

Í þessum kafla er fjallað um félagsstarf og félagsmiðstöðvar eldri borgara í stuttu sögulegu ljósi, þ.e. hvernig starfsemin hefur þróast síðustu árin, hvernig henni er háttað í dag og á hvern veg telja má að hún þróist á næstu árum. Fræðileg umfjöllun um starf og starfsaðferðir byggir m.a. á kenningum Leitner og Leitner í bókinni *Leisure in later life* (Leitner og Leitner, 2012) og bókinni *Geotranscendence* eftir Lars Tornstam (Tornstam, 2005).

Grunnhugmyndafræði

Á síðustu árum hafa tómsunda- og félagsmálafræðingar í sífellt meira mæli beint sjónum sínum að málefnum eldra fólks. Örar samfélagsbreytingar, hækkandi lífaldur og almennt betri heilsa eldri borgara gerir það að verkum að þarfir hvað varðar þjónustu fyrir þennan margbreytilega hóp hafa breyst verulega, ekki síst á vettvangi virkni og tómsunda. Breytingar af þessum toga skapa þörf fyrir breytta nálgun, nýtt vinnulag og ekki síst aukna og sérhæfðari þekkingu í félagsmiðstöðvastarfi eldri borgara/félagsstarfi eldri borgara. Grundvallarþættir eins og heilsugæsla og umönnun eldri borgara eru og verða mikilvægir þættir en ekki eins ríkjandi og verið hefur. Efri árin sem æviskeið er margslungið og aldraðir eru fjarri því einsleitur hópur og þarfir því mismunandi.

Nálgun tómsunda- og félagsmálafræðinnar hvað varðar hið svokallaða þriðja æviskeið sem hefst upp úr fimmtugu, er skeið sem snýst um virkni, þátttöku og sjálfseflingu. Það á reyndar við í starfsemi með öllum hópum og einstaklingum óháð aldri. Í seinni tíma sögulegu ljósi, þ.e. eftir iðnbyltinguna, hefur ævikvöldið verið viðfangefni heilbrigðisstéttarinnar. Það er

eðli málsins samkvæmt, þar sem atvinnuhættir, aðbúnaður og lífskjör voru með þeim hætti að eldra fólk varð gamalt fyrir aldur fram. Slitið af líkamlegu striti og erfiðum aðbúnaði. Við slíkar aðstæður varð skeið ellinnar viðfangsefni heilbrigðisstétta, þ.e. að sjá fyrst og fremst um góðan aðbúnað, að hlúa að og hjúkra. Hinn óvirki þjóðfélagsþegn eldri borgarinn átti rétt á góðri umönnun sökum ríkulegs framlags síns til samfélagsins með mikilli vinnu undangenginna áratuga. Í seinni tíð hafa viðhorf breyst sem rekja má til aukinnar hagsældar, aukins frítíma og framfara á flestum sviðum mannlífsins. Tækniframfarir gera það að verkum að fólk lifir lengur og heldur góðri heilsu mun lengur en fyrri kynslóðir. Sú þróun hefur verið hæg og sigandi. Þessar breytingar hafa margt í för með sér því þó svo að heilbrigðiskerfið og samskipti við það sé hluti af ævikvöldinu þá eru þau samskipti ekki það sem tilvera eldri borgara grundvallast á, fremur en á öðrum æviskeiðum.

Í þessu ljósi þá breytast aðstæður verulega hvað varðar vinnu með eldri borgurum og það liggur í hlutarins eðli að heilbrigðisstéttir fara að hugsa á öðrum nótum. Það varð raunin með öldrunarlækninn William H. Thomas sem árið 1996 sett fram hugmyndir sínar um aðra nálgun í starfi með eldra fólk en hina læknisfræðilegu, nálgun sem þekkt er undir nafninu Eden hugmyndafræðin (Thomas, 1996). Segja má að grunnstef Eden hugmyndafræðinnar sé ríkjandi nálgun í dag en með ýmsum afbrigðum sem þá fyrst og fremst felast í mismunandi áherslum hinna mismunandi grunnþátta. Eitt dæmi um slíkt er Lev og bo stefnan sem gengur enn lengra en Eden stefnan í því að „afstofnanavæða“ starfsemina¹⁰. Hinar tíu meginreglur Eden hugmyndafræðinnar falla allar undir virkni,

¹⁰ Lev og bo er dönsk hugmyndafræði. Mikil áhersla er lögð á sjálfstæði, sjálfsákvörðunarrétt og þátttöku íbúa. Starfsmenn taka það besta frá sjálfstæðri búsetu og sameina það öryggi hjúkrunarheimila. Starfsfólk og íbúar vinna saman að því að skapa heimilislegt, hlýlegt og virkt samfélag. Hugmyndafræði Lev og bo kemur einnig fram í mörgum þáttum í hönnun húsnæðisins. Hún birtist m.a. í því að stoðþjónusta heimilanna, s.s. starfsmannaaðstaða, aðstaða fyrir félagsstarf, dagvistun, iðjuþjálfun og endurhæfingu ásamt ýmsu fleiru í starfseminni er ekki staðsett á sjálfum heimilunum

þátttöku og sjálfsefningu í einni eða annari mynd og að búa öldruðum ævikvöld fjarri því umhverfi sem heilbrigðistofnanir byggja á. Ef þeirra væri hins vegar þörf væru þær eins fjarri hinum hefð-bundnu sjúkrastofnunum og frekast er kostur. Eden hugmyndafræðin hefur því sterka skírskotun til vinnu og vinnulags tómsunda- og félagsmálafræðings. Efnislega snýst Eden hugmyndafræðin um eftirtalin atriði:

1. Skilningur á að einmanaleiki, hjálparleysi og leiði eru aðalástæður fyrir þjáningum meðal eldri borgara sem dvelja á hefðbundnum hjúkrunarheimilum.
2. Hafnar hefðbundinni stofnanastefnu en tileinkar sér mannlegt umhverfi þar sem lífið nýst um nálægð og samband við börn, plöntur og dýr. Þessi nálægð og samskipti skapa það líf sem er þess virði að lifa.
3. Veitir aukið aðgengi að samverustundum með því að stuðla að nánu og stöðugu sambandi milli manlegs umhverfis og heimilismanna.
4. Býður upp á samfélag sem skapar tækifæri fyrir heimilismenn til að vera gefendur, alveg eins og að þiggjendur, sem mótvægi við hjálparleysi.
5. Samfélag þar sem óvæntir óundirbúnir atburðir gerast.
6. Áhersla er lögð á það sem þykir þýðingarmikið og ómissandi fyrir heilsuna.
7. Læknismeðferð er þjónusta við einstaklinginn en er ekki aðalatriði.
8. Leggur ekki áherslu á stjórnunarstíl þar sem tilskipun kemur ofan frá og niður. Ákvörðunartaka er færð eins mikið og hægt er í hendur fólksins sjálfs eða þeirra sem standa þeim næst.
9. Að skilja það að Eden hugmyndafræðin er endalaus ferill en ekki staðlað kerfi og umhverfið mótast af aðstæðum sem hjálpar heimilisfólkinu að blómstra.
10. Stjórn hjúkrunarheimilisins leggi alla áherslu á að auka lífsgæði heimilismanna.

(Thomas, 1996)

Helstu kenningar

Kenningar Erik H. Erikson um hin átta skeið lífsins eru að mörgu leyti leiðarljós í öllu starfi tómsunda- og félagsmálafræðingsins í margvíslegri starfsemi. Kenningar Erikson ná yfir lífið í heild sinni og skilgreina verkefni og viðfang hvers æviskeiðs fyrir sig. Dæmi um slíkt er iðjusemi fjórða skeiðsins sem fjallar um

þörf barna fyrir hreyfingu og það hlutverk að reyna að takast á við umhverfi sitt. Vanmáttarkennd vikur fyrir áræðni og iðjusemi, verkefni og viðfangsefni starfseminnar miða öll að því og mótar starfið fyrir þennan aldurshóp barna á aldursbilinu 6 – 12 ára. Sama má segja um unglingsárin, fimmta skeiðið, krísu unglingsáranna sem er ein sú flóknasta í þroskaferli einstaklinga þar sem mótun „sjálfsins ” er í öndvegi. Vandkvæði á þessu skeiði byggjast á því að koma saman í eina heild hugsunum, viðhorfum, skoðunum, gerðum og ástæðum. Því betur sem það takist því skýrari verði sjálfsmýnd viðkomandi. Vandamál unglingsáranna felast m.a. í því að viðkomandi unglingi takist ekki að koma viðunandi reiðu á þessa heild. Það er því þroskavænlegt að takast á við óreiðuna og með slíku skýrist sjálfsmynd viðkomandi sífellt. „Sjálfið” og sjálfsímyndin hafa áhrif hvort á annað og eru auk þess í stöðugu samspili við menninguna, samfélagið og samferðafólkið. Starf félagsmiðstöðva, viðfangsefni og verkefni snúa að þessu. Verkfærin eru allt sem umhverfið og /eða rýmið kann að bjóða upp á, verkefnið er að gefa ungu fólki tækifæri til að „mennskast” í víðasta skilning þess orðs og sem felst ekki síst í skýrri sjálfsmýnd (Sigurjón Björnsson, 1974).

Á nákvæmlega sama hátt má skipuleggja starfsemi fyrir eldri borgara út frá þroskakeningum Erikson. Viðfangsefni sjöunda skeiðsins þar sem tekist er á um að vera skapandi eða að staðna er undirbúningur undir ævikvöldið. Mikilvægt atriði í þeim efnunum er að koma sér upp virkum frítíma með tómsundum og áhugamálum, þ.e.a.s. innihaldi sem tekur við af annasömu starfi eða breytingum á starfsvettvangi. Stundum er sagt að sjálfsmýnd Íslendinga byggist á því hvað þeir gera þ.e.a.s. við hvað þeir starfi fremur en hverjir þeir eru. Í þeim tilfellum er mikilvægt að koma sér upp tómsundum og sinna áhugamálum þannig að sjálfsmýndin haldist við starfslok og að viðkomandi byggi sjálfsmýnd sína á öðrum þáttum en þeim ytri sem viðkomandi hefur ekki eða getur ekki haft nein áhrif á, eins og t.d. á starfi. Áttunda skeiðið fjallar um að vera sáttur við lífið og lífshlaupið eða ósáttur t.d. í formi örvæntingar (Sigurjón Björnsson, 1974). Jón Björnsson sálfræðingur orðar þetta meistaralega þegar að hann skrifar um viðfang og vanda áttunda skeiðsins:

... sem felst í að velja milli fullgerningar lífsins annars vegar og angistarinnar hins vegar. Þeir einir fá að reyna sig við þessa þraut sem hafa leitt allar hinar farsællega til lykta. Þeim sem örvæntir finnst lífið hafa svikið sig og hlunnfarið og hann deyr frá lífinu óloknu, eins og skáld frá hálfortu kvæði. Sá sem fullgerir líf sitt sér heild í ævi sinni, merkingu sem lokar henni, tilgang sem réttlætir hana hvernig sem hún var. Honum einum getur fundist dauðinn tímabær, réttlátur og velkominn nær hann vill.

(Jón Björnsson, 1996:159).

Fræðimaðurinn R. Peck hefur byggt sín skrif á kenningum Eirkson og fjallað um framlengingu af áttunda skeiðinu. Peck telur mikilvægt framhald vera þrennskonar. Í fyrsta lagi að finna ný áhugamál, viðfangsefni eða vera fangin af starfi eða starfsframa gagnvart atökum um verklok. Í öðru lagi að bindast hrörnuninni eða hefja sig yfir hana gagnvart atökunum um afturförina og í þriðja lagi að bindast eigin sjálfi eða hafa sig yfir það – gagnvart atökunum um endanleikann (Peck, 1968).

Hlédrægnikenningin (e. disengagement theory) sem sett var fram af Cumming og Henry árið 1961 fjallar um að með hækkandi aldri hafi fólk náttúrulega tilhneigingu til að draga sig í hlé bæði félagslega og sálfélagslega. Samkvæmt kenningunni hafa aldraðir tilhneigingu til að slíta tengsl við ytra umhverfi og minnka tengsl sín við annað fólk. Aldraðir draga sig í hlé og snúa sér frekar að hugsunum sínum og tilfinningum. Þessi tilhneiging fríar aldraða frá streitu sem verður til við hinar ýmsu athafnir tengdar fjölskyldutengslum og samfélagslegri ábyrgð. Einnig skapast aukinn tími og tækifæri til að sinna þeim athöfnum, gildum og hugmyndum sem aldraðir álíta mikilvæg í lífi sínu (Cumming og Henry, 1961).

Athafnakenningin (e. activity theory) sem Havighurst setti fram 1961 fjallar um áframhald á virkum lífsstíl á efri árum sem hafi jákvæð áhrif á vellíðan og ánægju aldraðra. Þessi persónulega ánægja veltur á jákvæðri sjálfsmynd sem er viðhaldið með áframhaldandi þátttöku í fyrri hlutverkum. Þegar fyrri hlutverkum er lokið verða önnur að koma í staðinn til að forðast tilfinningar eins og tilgangsleysi (Havighurst, 1961).

Lífið er samfella – daglegar venjur, siðir, viðmót og félagsnet fólks þróast út allt lífið samkvæmt samfellukenningunni sem Neugarten setti fram árið 1968. Hver manneskja er einstök og þróar með sér sína ákveðnu skaphöfn. Ánægja í ellinni er ekki sjálfgefin fremur en á öðrum æviskeiðum lífsins. Markmiðið er að halda sem lengst þeim lífstíl sem viðkomandi hefur þróað með sér í gegnum lífið. Samfellukenningin er því hvorki í ætt við hlédrægni- eða athafnakenninguna. Góð og fjölbreytt þjónusta er lykilatriði þannig að fólki sé gert kleift að halda sérkennileika sínum og einkennum sem allra lengst (Neugarten, 1968).

Hlutverkakenningin (e. role theory) sem Cottrell setur fram gengur út frá að manneskjur hafi mismunandi væntingar til aldraðra. Samfélagið er hópaskipt, ungir/miðaldra/gamlir og af þeim sökum geta hlutverk verið ný, breytt eða óbreytt (Cottrell, 1942).

Phillipson setti fram kenningar um félagslega endurreisn (e. social reconstruction theory) í lok tíunda áratug síðustu aldar Samkvæmt kenningum um félagslega endurreisn eru þrjár leiðir til að komast út úr félagslegu niðurbroti öldrunar. Fyrsta atriðið er breytt viðhorf en breyta þarf því viðhorfi að vinnan sé aðal iðjan. Annað atriðið er aukin þjónusta en sú leið stuðlar að því að bæta þjónustu við aldraða með því að auka heilbrigðisþjónustu. Þriðja og síðasta atriðið er valdefling. Með þeirri leið er öldruðum gefið meira vald og þeir hvattir til að taka ákvarðanir sem snerta félagslíf sitt. Með þessum leiðum geta aldraðir þróað meira sjálfstæði og fundið fyrir því að þeir séu mikilvægir þátttakendur í samfélaginu (Phillipson, 1998).

Sænski fræðimaðurinn Lars Tornstam hefur rannsakað lífsskeið efri ára ítarlega. Hugtakið Gerotranscendens, sem hann fjallar nokkuð um, er samsett orð úr latínu, Gero stendur fyrir gamall og transcendens þýðir að komast yfir, að ná og í þessu tilfelli það sem á íslensku hefur verið þýtt sem öldrunarinnisæi. Um er að ræða ákveðið þroskaferli sem hefst og fólk verður fyrst vart við upp úr miðjum aldri. Viðhorf og afstaða til lífsins og tilverunnar í heild og manns sjálfs breytist hægt og sígandi. Um er að ræða lið í þroskaferli sem þó er ekki hægt að binda ákveðnum tölulegum aldursmörkum (Tornstam, 2005).

Er öldrun tóm t vesen má spyrja? Svo er ekki segir Tornstam (Tornstam, 2010). Samkvæmt fjölmörgum viðtölum hans við aldraða kemur fram að aldur hefur í för með sér jákvæðar breytingar sem m.a. felast í því að viðkomandi finnur til aukins innra öryggis, aukinnar visku og velferðar. Tímaskyn og samhengi tímans breytist. Tilfinningin af því að vera barn, unglingur, fullorðin, miðaldra og gamall verður heildræn. Einstaklingurinn sér lífið og einstaka atburði í lífinu í stærra samhengi, með augum reynslunnar sem eykur skilning á atburðum sem erfitt var að skilja í rauntíma. Einstaklingurinn býr að dýpri tilfinningum og aukinni getu til að samsama sig fyrri og komandi kynslóðum. Aldraðir sjá sig sem hluta í keðju kynslóðanna og keðjan verður jafn mikilvæg og einstakir hlekkir. Eldri borgarar upplifa minni ótta við dauðann og sjá dauðann sem hluta af lífsferlinu. Það verður auðveldara að sætta sig við að maður getur ekki leyst allar lífsins gátur og þá staðreynd að manneskjan skilur ekki allt. Fólki finnur meira virði og gleði í því smáa og hversdagslega. Tónlist, myndlist, list ýmiskonar og umhverfi gefur ríkari upplifun en áður fyrir (Tornstam, 2010).

Eldri borgarar uppgötva oft nýjar hliðar hjá sér, bæði jákvæðar og neikvæðar. Viðkomandi upplifa sig sem hluta af heild og flestir verða minna uppteknir af sjálfum sér, minna sjálfmiðaðir með árunum, sérstaklega þeir sem á fyrri æviskeiðum hafa verið sjálfmiðaðir og margir telja sig ekki eins nauðsynlega og fyrrum. Þeir sem hafa haft lágt sjálfsmat á fyrri æviskeiðum finna ekki fyrir því í sama mæli og áður. Fólki upplifir minni óróleika varðandi veikindi og sjúkdóma. Flestir hugsa vel um líkamann en verða ekki eins uppteknir af honum og fyrrum. Þúslíð raðast upp. Ef lífshlaupið hefur reynst erfitt og illskiljanlegt þá skynjar fólk sífellt meira samhengi og heild. Samskipti verða dýpri og samskipti við vini og fjölskyldu verða mikilvægari en áður auk þess sem fólk finnur aukna þörf fyrir það að vera út af fyrir sig, sem mætti kalla „jákvæða einveru“. Með árunum verður fólk meira „spontant“. Fólki hætta að nýta ónauðsynlegar félagslegar reglur. Gáski og hvatvísi eykst samfara skynsemi og reynslu þess sem eldri er. Gamlar venjur og grunnildi verða ekki eins mikilvæg og áður. Eldri borgarar leggja til hliðar fyrri hlutverk og verða meira þeir sjálfir. Þeir skilja tilgang hinna fyrri hlutverka. Eldri borgarar hafa þörf fyrir færri veraldlega hluti. Að eiga of mikið af

hlutum verður byrði. Viska og umburðarlyndi eykst. Fólk þarf ekki og hefur ekki lengur þörf fyrir að segja hvað sé rétt eða hvað sé rangt sem og minni þörf fyrir að ráðleggja eða dæma (Tornstam, 2010). Þetta er nokkuð á skjön við þær staðal hugmyndir sem yngri kynslóðin hefur um „erfiðleika“ efri árána eins og Tornstam sýndi fyrst fram á þegar árið 1973 í bók sinni Att áldras – socialgerontologiska perspektiv (Tornstam, 1973).

Hér að framan hefur verið fjallað um helstu kenningar sem tómstunda- og félagsmálafræðingar þurfa að kunna skil á. Þær eru allar mikilvægar á sinn hátt, sumar komnar til ára sinna en klassísk þekking og nauðsynleg sem slík. Fræðileg þekking á því viðfangi sem ævikvöldið er hverjum einstaklingi er forsenda fyrir faglegu starfi tómstunda- og félagsmálafræðings á þessum mikilvæga vettvangi.

Starfsaðferðir

Hjónin Leitner og Leitner hafa fjallað nokkuð um tómstundir á efri árum. Í bók þeirra Leisure in later life (2012) fjalla þau ítarlega um tómstundir eldri borgara. Þau fjalla m.a. um Landsamband félagsmiðstöðva eldri borgara í Bandaríkjunum (National Institute of Senior Centers - NISC) sem skilgreinir starfsemi og starfsþætti sína með eftirfarandi hætti:

- Tómstundir / Afþreying
- Heilsuefling
- Veitingar – máltíðir
- Menntun / námskeið
- Listviðburðir
- Ferðir og ferðalög
- Ferðapjónusta
- Sjálfboðaliðar í starfinu
- Samfélagsleg aðstoð
- Aðstoð/ ráðgjöf við starfsmenn
- Fjármálaráðgjöf
- Upplýsingaveita, ráðgjöf og tilvísanir
- Félags og samfélagsleg virkni
- Dagskrá óháð kynslóðum (inter-generational) og í þágu samfélagsins

(Leitner og Leitner, 2012)

Afþreying og tómstundastarf er grundvallaratriði í starfseminni sem byggir á getu og heilsu hvers og eins. Af þeim sökum er skipulag starfsins vandasamt, bæði í starfsemi félagsmiðstöðvanna og á vettvangi heilbrigðiskerfisins þar sem sérstaklega þarf að taka tilliti til heilsu.

Í skipulagi tómsundastarfs þarf að taka tillit til þess. Í þeim tilfellum þarf að horfa sérstaklega á getu viðkomandi einstaklings. Tómsunda- og félagsmálafræðingurinn þarf að vera meðvitaður um styrk- og veikleika viðkomandi. Hann þarf að kynna sér „tómsundasögu“ viðkomandi og freista þess að endurvekja (e. remotivation) fyrri áhugamál og aðlaga þau að getu viðkomandi. Veikindi eru margvísleg og þeir sjúkdómar sem þar eru til meðferðar sem og sú endurhæfing sem þar fer fram er mikilvæg. Í þessu ferli er tómsunda- og félagsmálafræðingurinn mikilvægur hlekkur í öllu sem lýtur að félagslegri endurreisn viðkomandi sjúklinga (Leitner og Leitner, 2012).

Félags- og tómsundamiðstöðvar eldri borgara

Samkvæmt Leitner & Leitner er áætlað að um 10-20% af eldri borgurum í Bandaríkjunum sækja starfsemi félagsmiðstöðva fyrir sinn aldurshóp einu sinni á ári eða oftar. Rekstrarform þarlendis eru mismunandi. Rekstaráðilar geta verið ýmsir aðilar s.s. félagssamtök (nonprofit), opinberir aðilar s.s. sveitarfélög og ríki, góðgerðarsamtök á landsvísu, sjálfboðafélög og trúarsamtök. Félagsmiðstöðvar eldri borgara og/eða aðgengi að félagstarfi eldri borgara eru að forminu til tvennskonar, annars vegar félagsmiðstöðvar eldri borgara (e. Senior Center) og starfsemi sérstaklega miðuð við eldri borgara og hins vegar frístundamiðstöðvar (e. Recreation Center) sem eru öllum ætlaðar, þ.m.t. eldri borgurum. Starfsemin er í meginatriðum eins og byggir á tómsundastarfi og afþreyingu í báðum tilfellum en í félagsmiðstöðvum eldri borgara er sérstök ráðgjöf starfrækt sem byggir á þörfum viðkomandi hóps (Leitner og Leitner, 2012).

Ef litið er til Íslands þá eru 63% aðspurðra félagsmenn í Félagi eldri borgara en einungis 28% sækja félagsstarfið en 80% af þeim sem það sækja eru frekar eða mjög ánægð með félagsstarfið (Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 2016). Fyrirkomulag hérlendis er því ekki ósvipað því sem Leitner og Leitner fjalla um í sínum skrifum. Í samhengi við skrif Leitner & Leitner eru þær blanda af félagsmiðstöðvum eldri borgara og frístundamiðstöðvum fyrir almenning. Almennit orðað er markmið félagsstarfsins hérlendis, hvort sem það er rekið af hinu opinbera eða af félags-samtökum, að fyrirbyggja og draga úr félags-

legri einangrun eldri borgara með því að bjóða upp á opið félags- og tómsundastarf og námskeið. Félagsstarfið er því vettvangur samfunda, mannlegra samskipta og skapandi athafna. Leitast er við að virkja frumkvæði og hæfileika hvers og eins.

Þekking tómsunda- og félagsmálafræðingsins á þessum vettvangi byggir á að skilja grundvallaratriði í hópastarfi með eldri borgurum m.a. út frá skilgreiningum Erikson um áttunda skeiðið. Hann þarf að vera skipulagður og hafa getu til að viðhalda hópastarfi. Hann þarf að hafa viðtæka tjáningar- og samskiptahæfileika. Hann þarf að veita þátttakendum í starfinu möguleika til aukins félagsþroska og stuðla að því að starfsemin og verkefnið miði við þarfir sem flestra hópa. Það er mikilvægt að virkja eldri borgara í starfinu og til þess þarf að nota fjölbættar aðferðir til að vekja áhuga á starfinu og starfseminni. Hann þarf að spjalla við fólkið og kynna viðfangefnin hverju sinni. Viðkomandi þarf að styðja og stuðla að jákvæðri sjálfsmynd og hann þarf að endurvekja neistann (e. remotivation) og hvetja þátttakendurnar til dáða. Tómsunda- og félagsmálafræðingurinn þarf að koma hlutum í framkvæmd. Hann þarf að hjálpa til, verða virkur í daglegum viðfangefnum og sýna virkni í stjórnun, kennslu og leiðsögn (Leitner og Leitner, 2012).

Grunnatriði í skipulagningu starfsins er að greina og skilja þarfir, getu og áhuga þátttakendanna, nýta þá þekkingu sem fyrir er í hópnum sem getur eflt starfsemina og skipuleggja dagskrá við hæfi þátttakenda. Þekking tómsunda- og félagsmálafræðingsins byggir ekki síður á því hvernig meta á starfsemina. Mat er alltaf nauðsynlegt og ekki síst þegar um nýlegt fagsvið er að ræða. Með tíðu og markvissu mati má efla gott starf enn frekar. Það er gert með margvíslegum hætti s.s. að kanna atriði eins og fjöldi gesta, viðfangsefni, gegnumstreymi og tímamælingar á verkefnum. Skriflegir spurningalistar eru gagnlegir sem og viðtöl við gesti. Atferlisgreiningar þar sem óháður aðili skráir og túlkar eru gagnlegar og lýsandi. Dæmi um slíka greiningu er svokölluð IP-aðferð (e. importance – performance) sem byggir á mati á væntingum gesta gagnvart framkvæmd og innihaldi. Fjölbætt mat er liður í að þróa og bæta starfið (Leitner og Leitner, 2012).

Tómstundaráðgjöf

Tómstundaráðgjöf er mikilvægur þáttur í starfi tómstunda- og félagsmálafræðingsins á vettvangi eldri borgara. Til þess að hún virki þarf viðkomandi að hafa víðtæka þekkingu á málefnum eldri borgara. Ráðgjöfin snýst um að leiða viðkomandi fyrir sjónir mikilvægi tómstunda og virkni í lífi viðkomandi, að viðkomandi skilji áhrif öldrunar og félagslegra breytinga á tómstundir og ekki síst að aðstoða viðkomandi við að skilja breytt viðhorf sín og mynda ný gildi, nýja nálgun þannig að viðkomandi njóti tómstunda í samræmi við breyttar forsendur. Ferli tómstundaráðgjafar er byggt upp með þeim hætti að fyrst er undirbúningsviðtal þar sem rætt eru um fyrri áhugamál og tómstundir, mikilvægi þeirra og afþreyingar og skilin þar á milli. Að því loknu þarf að meta þarfir og skilgreina markmið fyrir viðkomandi. Í þeim efnum er ljóst að geta einstaklinga er mismunandi og jafnvel breytileg. Hindranir geta því verið margvíslegar. Því verður hverju sinni að meta möguleika viðkomandi til tiltekinna tómstunda með raunhæfum hætti. Mat viðkomandi eldri borgara á eigin getu er stundum byggt á óskhyggju fremur er raunmati og því mikilvægt að tómstunda- og félagsmálafræðingurinn setji aðstæður í samhengi. Tómstunda- og félagsmálafræðingurinn þarf einnig að veita og miðla upplýsingum. Þegar að einstaklingurinn hefur þátttöku er nauðsynlegt að fylgjast með. Fylgjast þarf með viðkomandi og leggja mat á hvernig til tekst. Eftir nokkur skipti er hist að nýju og farið yfir hvernig gengur. Ef allt gengur vel þá er ferlinu lokið, ef ekki þá er gripið til eftirfylgni og/eða þeirra breytinga sem þarf að gera til þess að þátttaka verði með þeim hætti að henti viðkomandi (Leitner og Leitner, 2012).

Aldur og eldri borgarar

Í upphafi þessarar umfjöllunar var minnst á kenningar Erikson og dæmi tekið um á hvern hátt hvert þroskaskeið lýtur ákveðnum sérkennileika og hvernig tómstunda- og félagsmálafræðingurinn tekst á við slíkt með aðferðum er lýtur að þörfum hvers skeiðs fyrir sig (Erikson, 1963). En er það svo að áttunda skeið Erikson nái yfir þann fjölpætta aldurshóp sem eldri borgarar eru? Ekki endilega hvað varðar hin formlegu stjórnsýsluskil öldrunar við 67 eða 70 ára aldur eða í skilningi þess sem ýmis samtök á þessum vettvangi nýta hvað aldursviðmið áhrærir. Í þeim ranni eru eldri borgar oft aldurshópurinn 55 ára og eldri og

jafnvel eru dæmi um aldursmörk allt niður í 50 ár. Aðgangur eða innganga í hið svokallaða þriðja skeið hefst hægt og sígandi, skeiðið er langt og hópar ólíkir. Aldurshópurinn 55-90 ára á ekki endilega mikið sameiginlegt nema samheitið eldri borgarar. Hvað varðar félagstarf og tómstundir og skiplag þess er um að ræða nokkra hópa sem hver og einn byggir á þörfum sem ekki henta öllum í þessu stóra mengi sem málefni aldraðra er. Líkamleg áreynsla, ferðalög o.fl. í þeim dúr hentar ekki elsta hópnum á sama hátt og margvísleg iðja sem miðuð er við þarfir elsta hópsins hentar ekki þeim sem yngri eru. Í grófum dráttum þarf því að flokka þarfir og getu þessa breiða hóps og skipuleggja starfsemina samkvæmt því. Í þeim efnum er mögulegt að flokka í þrjá megin hópa bæði eftir aldri og getu. Skil gætu hugsanlega verið eftirfarandi „ungur gamall“ aldurskeiðið u.þ.b. 55 – 70 ára og „gamall gamall“ aldurskeiðið 70 –80 ára og að lokum aldurskeiðið 80+ ára „eldri gamall“. Yngsti hópurinn þarf enga sérstaka eða sértæka aðstoð, er sjálfráður að öllu því er lýtur að daglegu lífi. Mið hópurinn er að einhverju leyti háður utan að komandi aðstoð og sá elsti hugsanlega að allnokkru leyti. Þarfnar eru hinar sömu hvað varðar tómstundir og félagslega virkni en skipulag og verklag þarf að taka mið af þessum mismunandi þáttum. Ef horft er til fagmennsku og þekkingar tómstunda- og félagsmálafræðingsins varðandi starf með hópa á þessu aldursbili er ljóst að kenningar Eriksson um hin átta skeið lífsins, þekking Tornstam og rannsóknir um öldrunarinnisæi og hin hagnýta (prakmatíska) nálgun Leitner hjónanna hvað varðar vinnulagi í starfi og starfsemi með eldri borgurum er nauðsynlegur grunnur að góðu og markvissu starfi á þessum mikilvæga vettvangi. Í þessu ljósi má velta fyrir sér í hve miklu mæli þessi þekking er nýtt í starfi með eldri borgurum hérlandis. Sennilega er þessi þekking nýtt að mestu leyti í starfsemi fyrir þá hópa sem best eru stæðir en í síauknu mæli hvað aðra eldri borgara áhrærir sem er í takt við þá fagvæðingu sem á sér stað á þessum vettvangi um þessar mundir.

Í óbirtri rannsókn Árna Guðmundssonar sem byggir á 37 tómstundaævisögum koma fram sterkar vísbendingar um samhengi á milli virkni á sviði tómstunda og/eða áhugamála og lífshamingju og gleði (Árni Guðmundsson, 2016). Gott áhugamál í bernsku verður að grunni til eins eða svipað, þróast með árunum, breytist en gefur ávallt lífsfyllingu. Í rannsókn-

inni komu einnig fram vísbendingar um samhengi tómsunda, áhugamála og félagslegra aðstæðna, þá helst bundnum efnahag. Mikil vinna gaf færi á minni tíma til að sinna tómsundum og það spilaði ekki síður inn í að kostnaður við tómsundir og áhugamál var mismunandi. Þeir hópar samfélagsins sem hafa meira á milli handanna geta leyft sér öðruvísi tómsundir en þeir sem eru efnaminni. Tómsundahindranir stafa aðallega af veikindum, félagslegum aðstæðum, áhugaleysi og andlegri líðan. Tómsunda- og félagsmálafræðingar hafa verk að vinna hvað þessa hópa varðar (Árni Guðmundsson, 2016).

Upphaf og þróun

Það er ekkert sérstaklega langt síðan að stofnanir sem nefndust elliheimili hófu starfsemi sína hér á landi eða í upphafi þriðja áratugar síðustu aldar. Árið 1946 voru samþykkt lög um almannatryggingar sem innihéldu ákvæði um almennan rétt til ellilífeyris. Fyrsta könnun á högum aldraðra hérlendis var framkvæmd af Styrktarfélagi aldraðra í Hafnarfirði 1969. Öldrunarfræðifélag Íslands var stofnað árið 1973 og fyrstu heildstæðu lög um þjónustu við aldraða voru sett árið 1981. Það sama ár var Öldrunaráð Íslands stofnað. Árið 1989 var lögum um málefni aldraðra breytt, sama ár og félag Íslenskra öldrunarlækna var stofnað (Hörður Þorgilsson og Jakob Smári, 1996). Það er ekki fyrir en í núgildandi lögum um málefni aldraðra (Lög um málefni aldraðra nr. 125/1999) sem minnst er á tómsundir en þar segir í 13. grein: „Þjónustumiðstöðvar aldraðra sem eru starfræktar af sveitarfélögum til að tryggja eldri borgurum félagsskap, næringu, hreyfingu, tómsundaiðju, skemmtun og heilsufarslegt eftirlit. Þjónustumiðstöðvar geta starfað sjálfstætt eða í tengslum við aðra þjónustu sem aldraðir njóta“.

Á þessari lagagrein byggir félagsstarf og rekstur félagsmiðstöðva fyrir eldri borgara víða um land. Fyrirkomulagið er þriþætt. Í fyrsta lagi þá reka sveitarfélög félagsmiðstöðvar fyrir eldri borgara á eigin vegum, í öðrum lagi reka sveitarfélög í samvinnu við samtök eldri borgara á viðkomandi stað félagsstarf/félagsmiðstöð og í þriðja lagi reka samtök eldri borgara í einhverjum tilfellum sjálf félagsmiðstöðvar.

Á landinu starfa nú 55 félög eldri borgara sem mynda Landsamband eldri borgara en þau samtök voru stofnuð 1989 af níu félögum eldri borgara. Markmið sambandsins er að vinna að hagsmuna-, velferðar- og áhugamálum aldraðra (LEB, 2017).

Félagsstarf og/eða starfsemi er byggist á félagslegri virkni eykst sífellt á hjúkrunar- og dvalarheimilum. Af þeim sökum hafa tómsunda- og félagsmálafræðingar í auknu mæli verið fengnir til starfa á þeim vettvangi. Fag- og fræðileg þekking tómsunda- og félagsmálafræðingsins er góð og nauðsynleg viðbót við hefðbundið fagumhverfi umönnunar.

Staðan í dag og áskoranir fram tíðarinnar

Örar samfélagsbreytingar kalla á nýjar skilgreiningar. Þriðja skeiðið er tiltölulega nýtt hugtak sem skýrir þær breytingar sem eiga sér stað hvað varðar breytta vegferð einstaklinga á lífsins leið. Þriðja skeiðið er tímabil sem hefst í aðdraganda og/eða við starfslok, eldra fólki mun fjölga og fólk mun verða við betri heilsu lengur. Þriðja skeiðið verður því tímabil virkni og af þeim sökum verður aukin þörf fyrir fagmennsku og í þeim efnum er ljóst að tómsunda- og félagsmálafræðin verður í auknu mæli sú þekking og kunnátta sem sóst verður eftir. Ef litið er yfir víðfeðmt svið tómsunda- og félagsstarfs eldra borgara þá er ljóst að mörg handtök eru óunnin. Hvað varðar félagslega þáttinn minnir ástandið að mörgu leyti á stöðu æskulýðsmála fyrir 50 árum, þ.e fagumhverfi í frummótun. Linnulaus hagsmunabarátta samtaka eldri borgara fyrir bættum hag, kjörum og sjálfsögðum réttindum sýna veika stöðu málflokksins. Málefni eldri borgara eru því í heild umhverfi þar sem rými til framfara er verulegt. Framlag tómsunda- og félagsmálafræðinga á þessum vettvangi felst í meginatriðum í þrennu. Í fyrsta lagi er framlagið fólgið í því að stuðla að enn betri fræði- og fagþekkingu tómsunda- og félagsmálafræðinga sem lið í menntun þeirra og styrkja þar með vettvanginn. Í öðru lagi þarf að auka rannsóknir á sviði tómsunda- og félagsmálafræða hvað eldri borgara varðar og í þriðja lagi er þörf á að fleiri gerist málsvarar eldri borgara, þessa sífellt stækkandi hóps samfélagsins sem býr við fyrirkomulag og aðstæður sem í mörgu er ábótavant og er hópur sem hefur allt of veika rödd.

Heimildir

- Árni Guðmundsson. (2016). *37 tómsundaævisögur*. Óbirt handrit: Menntakvika 2016 - MVS - Háskóli Íslands.
- Cottrell, L.S., Jr. (1942). The Adjustment of the Individual to his Age and Sex Roles. *American Sociological Review*, 7(5): 617-620.
- Cumming, E. og Henry, W. E. (1961). *Growing old: The process of disengagement*. New York: Basic Books.
- Erikson, E. H. (1963). *Childhood and society*. London: Vintage.
- Havighurst, R. J. (1961). Successful aging. *Gerontologist*, 1(1):8-13.
- Hörður Þorgilsson og Jakob Smári (ritstj.). (1996). *Árin eftir sextugt*. Reykjavík: Forlagið.
- Jón Björnsson. (1996). Persónuleikinn á efri árum. Í Jakob Smári og Hörður Þorgilsson (ritstj.), *Árin eftir sextugt*. Reykjavík: Forlagið.
- LEB. (2017). *LEB*. Landsamband eldri borgara.
- Leitner, M. J. og Leitner, S. F. (2012). *Leisure in later life* (4 útgáfa). Illinois: Sagamore Publishing.
- Lög um málefni aldraðra nr. 125/1999.
- Neugarten, B. L. (1968). *Middle age and aging: a reader in social psychology*. Chicago: University of Chicago Press.
- Phillipson, C. (1998). *Reconstructing Old Age: New Agendas in Social Theory and Practice*. California: SAGE Publications Inc.
- Sigurjón Björnsson. (1974). *Unglingsárin: nokkrir minnisþingar um sálfræði unglingsáranna*. Reykjavík: Bóksala Stúdenta.
- Thomas, W. (1996). *Life worth living*. St. Louis, Mo: Vander Wyk & Burnham.
- Tornstam, L. (2010). *Áldrandets socialpsykologi*. Uppsala: Norstedts.
- Tornstam, L. (2005). *Gerotranscendence. A Developmental Theory of Positive Aging*. New York: Springer.
- Tornstam, L. (1973). *Att áldras - Socialgerontologiska prespektiv*. Uppsala: Lars Tornstam.